

GÖGN OG SAMÞYKKTIR

Gögn aðalskipulagsins

Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2007-2027 samanstendur af eftirtöldum gögnum:

- Skipulagsgreinargerð þessari með umhverfisskýrslu (viðauki 3).
- Skipulagsuppdrætti (sveitarfélagsuppdrætti) fyrir Fjarðabyggð í mkv. 1:50.000 (blaðstærð A0), dags. 10. desember 2008 (breytt 10.7.09).
- Skipulagsuppdrætti (þéttbýlisuppdrætti) fyrir Norðfjörð í mkv. 1:10.000 (blaðstærð A2), dags. 10. desember 2008 (breytt 10.7.09).
- Skipulagsuppdrætti (þéttbýlisuppdrætti) fyrir Eskifjörð í mkv. 1:10.000 (blaðstærð A2), dags. 10. desember 2008 (breytt 10.7.09).
- Skipulagsuppdrætti (þéttbýlisuppdrætti) fyrir Reyðarfjörð í mkv. 1:10.000 (blaðstærð A2), dags. 10. desember 2008 (breytt 10.7.09).
- Skipulagsuppdrætti (þéttbýlisuppdrætti) fyrir Fáskrúðsfjörð í mkv. 1:10.000 (blaðstærð A2), dags. 10. desember 2008 (breytt 10.7.09).
- Skipulagsuppdrætti (þéttbýlisuppdrætti) fyrir Stöðvarfjörð í mkv. 1:10.000 (blaðstærð A3), dags. 10. desember 2008 (breytt 10.7.09).
- Skipulagsuppdrætti (þéttbýlisuppdrætti) fyrir iðnaðar- og hafnarsvæðið við Mjóeyrarhöfn og Hraun við Reyðarfjörð í mkv. 1:10.000 (blaðstærð A3), dags. 10. júlí 2009.

Samþykkt og staðfesting aðalskipulagsins

Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2007-2027 sem fengið hefur meðferð skv. 17.-18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. var samþykkt af bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann

.....

Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2007-2027 var afgreitt af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra sbr. 19. gr. skipulags- og byggingarlaga þann

Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2007-2027 var staðfest af umhverfisráðherra sbr. 19. gr. skipulags- og byggingarlaga þann

GÓÐUR STAÐUR TIL FRAMTÍÐAR

Það er mér ánægjuefni að fylgja úr hlaði fyrsta aðalskipulagi þeirrar Fjarðabyggðar sem til varð í júní 2006 að loknum sameiningarkosningum. Skipulag þjónar þeim tilgangi að þróun byggðar og landnotkunar verði í samræmi við skipulagsáætlanir sem hafa efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir íbúa, heilbrigði þeirra og öryggi að leiðarljósi. Jafnframt er skipulaginu ætlað að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Þá er það einnig mikilvægt markmið að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulags- og byggingarmála þannig að réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borinn þótt hagur heildarinnar sé hafður að leiðarljósi. Að síðustu er hlutverkið að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með því að kröfum um öryggi, endingu, útlit og hagkvæmni bygginga og annarra mannvirkja sé fullnægt.

Ofangreind markmið skipulags eru sett fram í skipulags- og byggingarlögum og að baki liggur skýr sýn á áhrifamátt vel unnins skipulags. Aðalskipulag er mikilvægt stjórnæki og fá verkefni sveitarfélaga eru jafnkrefjandi og skipulagsvinnan. Hún markar ekki aðeins rammann um hið manngerða umhverfi – hún hvetur líka til nýhugsunar og skoðunar á möguleikum til lengri og skemmri tíma. Því betur sem skipulag er undirbúið þeim mun meiri eru líkurnar á að það þjóni þeim tilgangi sem að er

stefnt. Í vinnu Fjarðabyggðar hefur verið kallað eftir sjónarmiðum íbúa á íbúafundum og kjörinna fulltrúa sérstaklega á hugarflugsfundum. Upplýsingar um framvinduna hafa verið á heimasíðunni og reglubundnir fundir starfsmanna og aðalskipulagsráðgjafa hafa treyst greiðar upplýsingar þeirra í milli. Einstök mál hafa fengið sérstaka athugun eins og efnistaka, framtíðaraðstaða golfíþróttarinnar, aðstaða og möguleikar í höfnum Fjarðabyggðar o.fl.

Í aðalskipulaginu er sett er fram heildstæð stefna fyrir öll svið og alla málaflokka sem sveitarfélagið starfar á. Það er nýmæli að lýðheilsu markmið eru fléttuð inn í stefnuna og stefna sveitarfélagsins um sjálfbæra þróun, þ.e. Staðardagskrá 21, er tekin upp í aðalskipulaginu og útfærð nánar. Þá er stefna íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun lögð til grundvallar umhverfismati skipulagstillögunnar.

Vinnsla og frágangur aðalskipulagsins tekur um tvö ár. Það er skemmri tími en almennt þekkist í sveitarfélögum. Það er ekki síst athygli vert fyrir þá sök að þetta er í senn aðalskipulag og sameiningarskipulag. Vinnan síðustu misserin hefur gefið færi á að hugsa heildstætt um þetta víðfeðma sveitarfélag og gæta þess að áætlanir í einum kjarnanum stangi ekki á við áform og þarfir í öðrum. Horft er á hvern byggðakjarna frá Stöðvarfirði til Mjóafjarðar, og leitast við að hlúa að styrkleikum og vaxtarbroddum en jafnframt leggja rækt við þann styrk sem felst í sameiningunni og stærra sveitarfélagi. Með aðalskipulagið í farteskinu hafa bæjaryfirvöld veganesti við að styðjast inn í framtíðina. Mín von og trú er sú að þetta aðalskipulag muni standast tímans tönn vel, verða

grundvöllur til langrar framtíðar og varða farsælar ákvarðanir í uppbyggingu og framkvæmdum.

Mörgum ber að þakka fyrir vel unnin störf. Það á við umhverfis- og skipulagsnefnd, starfsfólk umhverfissviðsins og margt annað starfsfólk bæjarins. Framlag aðalskipulagsráðgjafans, Alta, hefur borið vitni fagmennsku og víðtækri þekkingu. Fyrir þátttöku íbúa skal einnig þakkað og þeirri von lýst að aðalskipulagið nýtist vel sem stjórnæki í þeirra þágu.

Helga Jónsdóttir, bæjarstýra

EFNISYFIRLIT

Gögn og samþykktir	2	4.6 Heilsa og öryggi	27	8.2 Byggðamynstur og bæjarmynd í þéttbýli....	58
Gögn aðalskipulagsins.....	2	5 Atvinna	28	9 Landnotkun	61
Samþykkt og staðfesting aðalskipulagsins.....	2	5.1 Sjávarútvegur	29	9.1 Sveitarfélagsuppdráttur.....	61
Góður staður til framtíðar	3	5.2 Iðnaður	30	9.2 Þéttbýlisuppdráttur fyrir Norðfjörð.....	84
Efnisyfirlit.....	4	5.3 Flutningar	31	9.3 Þéttbýlisuppdráttur fyrir Eskifjörð.....	97
1 Inngangur.....	5	5.4 Landbúnaður	32	9.4 Þéttbýlisuppdráttur fyrir Reyðarfjörð.....	112
1.1 Almennt	5	5.5 Efnistaka og vinnsla.....	33	9.5 Þéttbýlisuppdráttur fyrir Fáskúðsfjörð.....	125
1.2 Fjarðabyggð – helstu einkenni lands og byggðar.....	6	5.6 Verslun og þjónusta.....	35	9.6 Þéttbýlisuppdráttur fyrir Stöðvarfjörð	136
1.3 Hvað er aðalskipulag?.....	7	5.7 Atvinnuhúsnaði	37	9.7 Þéttbýlisuppdráttur fyrir iðnaðar- og hafnarsv, v. Mjóeyrarhöfn og Hraun v. Reyðarfjörð	145
1.4 Aðilar að gerð aðalskipulagsins.....	7	6 Grunnkerfi.....	38	Heimildir.....	147
1.5 Uppbygging aðalskipulagsins.....	8	6.1 Vegakerfi og vegasamgöngur	38	Viðauki 1 Skipulagsuppdrættir	150
1.6 Staða skipulags í Fjarðabyggð	9	6.2 Flugvellir og flugsamgöngur	41	Viðauki 2 Breytingar frá fyrra aðalskipulagi	157
1.7 Aðalskipulagsferlið.....	11	6.3 Stígakerfi og umferð gangandi, hjólandi og hestamanna.....	42	Viðauki 3 Umhverfismat Aðalskipulagsins.....	160
2 Fjarðabyggð – góður staður til framtíðar.....	12	6.4 Almenningsamgöngur.....	43	1. Inngangur.....	160
2.1 Framtíðarsýn aðalskipulagsins	12	6.5 Hafnarmannvirki og umferð á sjó.....	43	2. Umhverfisþættir og umhverfisverndarmarkmið	161
3 Náttúra.....	13	6.6 Boðveita/fjarskipti	44	3. Umhverfismat stefnu í meginmálaflokkum	163
3.1 Veðurfar	13	6.7 Fráveita.....	45	4. Umhverfismat skipulagsákvæða í dreifbýli og iðnaðar- og hafnarsvæði við Mjóeyrarhöfn og Hraun.....	169
3.2 Landslag og náttúrufar	14	6.8 Hitaveita.....	45	5. Umhverfismat skipulagsákvæða í þéttbýli.	170
3.3 Náttúruvá.....	17	6.9 Rafveita.....	45	6. Umhverfismat aðalsk. m.t.t. annarra kosta	171
4 Samfélag	19	6.10 Sorpförgun og förgun annars úrgangs.....	46	7. Mótvægisáðgerðir og vöktun	172
4.1 Nám og menntun	19	6.11 Vatnsveita	46	8. Vinnsla umhverfismatsins	172
4.2 Íþróttir og útivist.....	21	7 Búseta	47	9. Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda	173
4.3 Stjórnslá.....	23	7.1 Íbúáþróun	47	Viðauki 4 Fornleifaskrár	174
4.4 Menning.....	24	7.2 Íbúðarhúsnaði	53	Viðauki 5 Umsagnir og athugasemdir	180
4.5 Menningar- og búsetuminjar	25	8 Byggðamynstur	56		
		8.1 Byggðamynstur og búsetulandslag í dreifbýli	56		

1 INNGANGUR

1.1 Almenn

Hér er sett fram aðalskipulag fyrir Fjarðabyggð sem hefur að geyma stefnu bæjaryfirvalda um þróun sveitarfélagsins hvað varðar byggðapróun, byggðamynstur, landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál til næstu 20 ára.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar ákvað í byrjun kjörtímabilsins 2006-2010 að hefja gerð aðalskipulags fyrir hið nýja sameinaða sveitarfélag, en sumarið 2006 sameinuðust Fjarðabyggð eldri (þ.e. Norðfjörður, Eskifjörður og Reyðarfjörður), Austurbyggð (fyrrum Búðahreppur og Stöðvarfjarðahreppur), Fáskrúðsfjarðahreppur og Mjóafjarðahreppur undir merkjum Fjarðabyggðar.

Í aðalskipulaginu er lögð áhersla á samræmda framtíðarsýn og stefnumótun í skipulags- og umhverfismálum fyrir Fjarðabyggð í heild, þar sem áherslum fyrir Staðardagskrá 21 og Lýðheilsustefnu er fléttað inn í skipulagsstefnu sveitarfélagsins. Jafnframt er unnið með staðbundnar áherslur í hverjum byggðarkjarna sveitarfélagsins. Þá hefur verið lögð sérstök áhersla á víðtækt samráð við íbúa Fjarðabyggðar og aðra hagsmunaaðila við stefnumótun aðalskipulagsins.



1. mynd. Í aðalskipulaginu er lögð áhersla á samræmda framtíðarsýn, staðbundnar áherslur og víðtækt samráð.

1.2 Fjarðabyggð – helstu einkenni lands og byggðar


Fjarðabyggð liggur miðsvæðis á Austfjörðum, en tekur jafnframt yfir austasta hluta landsins, þ.e. landsvæðið frá Mjóafirði í norðri til Stöðvarfjarðar í suðri. Sveitarfélagið er um 1.170 km² og hefur stjórnýslumörk að Seyðisfjarðarkaupstað, Fljótshéraði og Breiðdalshreppi, talið frá norðri til suðurs.

Í sveitarfélaginu eru 6 firðir í byggð, en innan þess eru einnig nokkrir eyðifirðir og -víkur. Fjallgarðar sem aðskilja firðina eru flestir um 800 til 1.200 metra háir og víða brattir í sjó fram. Undirlendi, sem ekki er mikið, er að mestu orðið til vegna ár- og jökulframburðar í botnum fjarða og í víkum. Ströndin er vogskorin, sjávardýpi er víða mikið inn á fjörðunum og lítið um sker og grynningar. Fengsæl fiskimið eru skammt undan landi.

Í Fjarðabyggð búa um 5.100 manns¹ og er Fjarðabyggð því fjölmennasta sveitarfélag Austurlands og jafnframt í hópi 10 fjölmennustu sveitarfélaga landsins. Byggðin er að mestu leyti bundin við þéttbýlisstaði sveitarfélagsins - Neskaupstað, Eskifjörð, Reyðarfjörð, Fáskrúðsfjörð og Stöðvarfjörð.

Í Fjarðabyggð mætast leiðir ofan af Héraði og af sunnanverðum Austfjörðum og þar er að byggjast upp stærsta höfn Austurlands, Mjóeyrarhöfn í Reyðarfirði.

Atvinnulíf í Fjarðabyggð er fjölbreytt. Þar er öflugur sjávarútvegur, vaxandi iðnaðar- og flutningastarfsemi, auk verslunarstarfsemi og opinberrar þjónustu s.s. sjúkrahúss og framhaldsskóla.



2. mynd. Fjarðabyggð.

¹ 1.12.2007, Hagstofa Íslands.

1.3 Hvað er aðalskipulag?

Skipulags- og byggingarlög og skipulagsreglugerð mæla fyrir um hvernig standa skuli að gerð og framsetningu aðalskipulags. Jafnframt skal fylgja ákvæðum laga um umhverfismat áætlana.

Sveitarfélögum ber að vinna aðalskipulag, sem er skipulagsáætlun sem tekur til alls lands sveitarfélags og hefur að geyma stefnu og ákvarðanir sveitarstjórnar um landnotkun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í sveitarfélaginu til minnst 12 ára. Sveitarstjórn og skipulagsnefnd sveitarfélags bera ábyrgð á gerð aðalskipulags.

Aðalskipulag er sett fram í skipulagsgreinargerð og á skipulagsuppdráttum sem skiptast í sveitarfélagsuppdrátt og þéttbýlisuppdrátt/uppdrætti.

Í aðalskipulagi er lagður grundvöllur fyrir deiliskipulagsgerð einstakra svæða í sveitarfélaginu og leyfisveitingar til einstakra framkvæmda.

Við gerð aðalskipulags skal sveitarstjórn hafa samráð við íbúa sveitarfélagsins og aðra hagsmunaaðila. Einnig skal leggja mat á umhverfisáhrif aðalskipulagstillögunnar.

Aðalskipulag tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af sveitarstjórn og staðfest af umhverfisráðherra, að undangenginni auglýsingu á tillögu að aðalskipulagi.

Framfylgd aðalskipulags er í höndum sveitarstjórnar. Að afloknum hverjum sveitarstjórnarkosningum skal sveitarstjórn meta hvort ástæða sé til að endurskoða gildandi aðalskipulag.

1.4 Aðilar að gerð aðalskipulagsins

Umhverfis- og skipulagsnefnd Fjarðabyggðar (áður umhverfismálaráð) fer með skipulagsmál í Fjarðabyggð og hefur borið ábyrgð á vinnslu aðalskipulagsins ásamt bæjarstjórn Fjarðabyggðar, bæjarstýru, umhverfisstjóra og skipulagsfulltrúa.

Ráðgjafarfyritækið Alta ehf hefur unnið að aðalskipulaginu í samráði við framangreinda aðila.

*Landshluti,
svæði sem nær til tveggja
eða fleiri sveitarfélaga*

Sveitarfélag

*Hverfi,
hverfishluti*

*Lóð,
tiltekin framkvæmd*

SVÆÐISSKIPULAG
(skipulagsáætlun tveggja eða fleiri sveitarfélaga um sameiginleg hagsmunamál)

AÐALSKIPULAG
(skipulagsáætlun sveitarfélags)

AÐALSKIPULAG

DEILISKIPULAG
(ákvörðun sveitarstjórnar um skipulag lóða og gatna á afmörkuðu svæði)

DEILISKIPULAG

BYGGINGARLEYFI
(leyfi sveitarstjórnar til húsbýgginga)

FRAMKVÆMDALEYFI
(leyfi sveitarstjórnar til framkvæmda á borð við vegagerð og efnistöku)

3. mynd. Samband skipulagsáætlana og leyfisveitinga skv. skipulags- og byggingarlögum.

1.5 Uppbygging aðalskipulagsins

Í **1. kafla, Inngangur**, er aðalskipulagið kynnt, greint frá stöðu skipulagsmála í Fjarðabyggð og fjallað um aðalskipulagsferlið.

Í **2. kafla**, er framtíðarsýn aðalskipulagsins sett fram, undir yfirskriftinni **Fjarðabyggð – góður staður til framtíðar**.

Í **3.-8. kafla** er að finna stefnu aðalskipulagsins í einstökum málaflokkum. Málaflokkarnir eru: **Náttúra, Samfélag, Atvinna, Grunnkerfi, Búseta** og loks **Byggðamynstur**. Um hvern málaflokk er fyrst fjallað um forsendur stefnumörkunar aðalskipulagsins, s.s. um núverandi ástand, fyrirbyggjandi stefnu stjórnvalda sem taka þarf tillit til og jafnframt skilaboð íbúðinga og

annars samráðs sem haft hefur verið við íbúa og aðra hagsmunaaðila í aðalskipulagsferlinu. Þá er stefna aðalskipulagsins varðandi hvern málaflokk sett fram og henni síðan fylgt eftir með umfjöllun um framfylgd stefnunnar og umhverfisáhrif.

Í **9. kafla, Landnotkun**, eru sett fram skipulagsákvæði og skýringar við skipulagsupprætti aðalskipulagsins, en á þeim er landnotkun fyrir einstök svæði í sveitarfélaginu ákveðin.



Greinargerðinni fylgja **7 skipulagsupprættir** (sveitarfélagsupprættur og þéttbýlisupprættir), sem eru jafnframt birtir smækkaðir í viðauka greinargerðarinnar (**viðauki 1**).

Í **viðauka 2, Helstu breytingar frá eldra skipulagi**, eru tilgreindar helstu breytingar sem Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2007-2027 felur í sér frá eldra aðalskipulagi.

Þá er **umhverfisskýrsla í viðauka 3**, þar sem sett er fram umhverfismat aðalskipulagsins, en niðurstöður umhverfismats um stefnu í einstökum málaflokkum er einnig sett fram í 3.-8. kafla.

Í **viðauka 4, Fornleifaskrár**, eru upplýsingar um þær fornleifar sem skráðar hafa verið í Fjarðabyggð.

Í **viðauka 5, Umsagnir og athugasemdir**, er gerð grein fyrir afgreiðslu Fjarðabyggðar á umsögnum og athugasemdum sem borist hafa við kynningu aðalskipulagstillögunnar.



1.6 Staða skipulags í Fjarðabyggð

1.6.1 Svæðisskipulag

Ekki hefur verið unnið svæðisskipulag fyrir það svæði sem Fjarðabyggð tekur til, að því undanskildu að unnið var sérstakt svæðisskipulag vegna byggingar Fljótsdalslína 3 og 4.

Í aðliggjandi sveitarfélögum er eingöngu fyrirbyggjandi svæðisskipulag á Fljótsdalshéraði, en þar er í gildi Svæðisskipulag Héraðssvæðis 1998-2010.

1.6.2 Aðalskipulag

Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2007-2027 felur í sér endurskoðun á því aðalskipulagi sem fyrir er í gildi í sveitarfélaginu, en gildandi aðalskipulag tekur fyrst og fremst til þéttbýlisstaða. Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2007-2027 er því fyrsta skipulagsáætlunin sem markar stefnu um landnotkun í stórum hluta Fjarðabyggðar.

Aðalskipulag sem fellur úr gildi við staðfestingu Aðalskipulags Fjarðabyggðar 2007-2027 er:


- Aðalskipulag Neskaupstaðar 1979-1999, staðfest 9.1.1981, m.s.br.
- Aðalskipulag Eskifjarðar 1988-2008, staðfest 21.5.1990, m.s.br.
- Aðalskipulag Reyðarfjarðar 1990-2010, staðfest 27.5.1992, m.s.br.
- Aðalskipulag Búðahrepps 2002-2022 sem var staðfest 4.7.2003, m.s.br.
- Aðalskipulag Stöðvarfjarðar 1983-2003, staðfest 13.4.1984, m.s.br.

Í viðauka 2 eru tilgreindar helstu breytingar sem nýtt aðalskipulag fyrir Fjarðabyggð felur í sér frá framangreindum aðalskipulögum.

Í aðliggjandi sveitarfélögum eru í gildi:

- Á Fljótsdalshéraði:
Aðalskipulag Austur-Héraðs 2002-2017 og Aðalskipulag Fellahrepps 2000-2012, bæði staðfest 2002 auk síðari breytinga.
- Í Seyðisfjarðarkaupstað:
Aðalskipulag Seyðisfjarðar 1977-1997, staðfest 1978 auk síðari breytinga.
- Í Breiðdalshreppi:
Aðalskipulag Breiðdalsvíkur 1983-2003, staðfest 1985 auk síðari breytinga.

Unnið er að endurskoðun aðalskipulags í aðliggjandi sveitarfélögum og hefur verið höfð hliðsjón af þeirri vinnu við gerð aðalskipulags í Fjarðabyggð.



5. mynd. Svæði sem eldri aðalskipulög ná yfir. Nýtt aðalskipulag tekur yfir allt land Fjarðabyggðar.

1.6.3 Deiliskipulag

Deiliskipulag hefur verið samþykkt fyrir fjölda svæða í Fjarðabyggð. Sérstaklega á það við um þau hverfi sem byggst hafa upp á seinni árum.

Nýtt aðalskipulag getur eftir atvikum haft í för með sér að endurskoða þurfi deiliskipulag einstakra svæða.

1.6.4 Aðrar áætlanir

Við gerð aðalskipulags Fjarðabyggðar hefur einnig verið höfð hliðsjón af öðrum fyrirbyggjandi áætlunum stjórnvalda, s.s. byggðaáætlun, samgönguáætlun og Vaxtarsamningi fyrir Austurland, auk þess sem tekið er tillit til þeirra laga og reglugerða sem í hlut eiga.



6. mynd. Ýmsar áætlanir stjórnvalda sem höfð hefur verið hliðsjón af, við gerð aðalskipulags Fjarðabyggðar.

1.7 Aðalskipulagsferlið

Hér er gerð grein fyrir framvindu vinnu við aðalskipulagið, frá því ákveðið var að hefja gerð aðalskipulags árið 2006.

2006, maí: Ákveðið að hefja skuli vinnu við nýtt aðalskipulag í meirihlutasamningi bæjarstjórnarflokka að afloknum sveitarstjórnarkosningum.

2006, október: Fjarðabyggð semur við Alta ehf um skipulagsráðgjöf við gerð nýs aðalskipulags.

2006, desember: Upphafsfundur bæjarstjórnar, umhverfismálaráðs, embættismanna Fjarðabyggðar og skipulagsráðgjafa.

2007, janúar: Hugarflugsfundur bæjarstjórnar, umhverfismálaráðs, embættismanna Fjarðabyggðar og skipulagsráðgjafa um viðfangsefni aðalskipulags og framtíðarsýn. Íbúáþing með heimskaffisniði haldin í öllum byggðum Fjarðabyggðar.

2007, febrúar: „Samantekt frá hugarflugsfundi 8. janúar“ birt á vef Fjarðabyggðar.

2007, mars: Samantekt frá íbúáþingum og þátttökuáætlun vegna aðalskipulagsvinnunnar birt á vef Fjarðabyggðar.

2007, jan.-maí: Vinna skipulagsráðgjafa að forsendugreiningu og gagnaöflun. Samráð við bæjarstarfsmenn og fulltrúa fyrirtækja, samtaka og stofnana.

2007, maí: „Aðalskipulag Fjarðabyggðar – hvert viljum við stefna?“. Samráðsfundur skipulagsráðgjafa með bæjarstjórn, umhverfismálaráði og öðrum ráðum Fjarðabyggðar og embættismönnum. Tillaga skipulagsráðgjafa að framtíðarsýn og megináherslum aðalskipulags kynnt og rædd.

2007, júní-ágúst: Vinna skipulagsráðgjafa að greinargerð um forsendur, framtíðarsýn og meginstefnu auk matslýsingar vegna umhverfismats aðalskipulagsins.

2007, sept.: Tillaga skipulagsráðgjafa að framtíðarsýn og meginstefnu auk matslýsingar til umfjöllunar í umhverfismálaráði Fjarðabyggðar.

2007, nóv.: Bæjarráð samþykkir að drög að greinargerð aðalskipulags um forsendur, framtíðarsýn, meginstefnu og matslýsingu fari til almennrar kynningar.

2007, sept.-des.: Vinna skipulagsráðgjafa að stefnu um landnotkun.

2007, des.-2008, jan.: Drög að greinargerð aðalskipulags um forsendur, framtíðarsýn, meginstefnu og matslýsingu kynnt á vef Fjarðabyggðar, auk umfjöllunar í nefndum og ráðum Fjarðabyggðar og kynningar fyrir nágrennasveitarfélögum og opinberum stofnunum. Leitað eftir upplýsingum og tillögum hjá landeigendum í dreifbýli.

2008, jan.-feb.: Íbúafundur í öllum þéttbýliskjörnum Fjarðabyggðar um stefnu aðalskipulags um landnotkun innan þéttbýlis. Drög að þéttbýlisuppráttum kynnt á vef Fjarðabyggðar.

2008, jan.-apr.: Vinna skipulagsráðgjafa að endanlegri aðalskipulagstillögu í kjölfar íbúafunda og annars samráðs og greiningar. Samráð við ýmsar stofnanir.

2008, apríl-maí: Umfjöllun og afgreiðsla umhverfis- og skipulagsnefndar um drög að aðalskipulagi.

2008, maí: Opið hús, íbúum kynnt endanleg drög að aðalskipulagi.

2008, júní-sept.: Lokadrög að aðalskipulagi kynnt nágrennasveitarfélögum og stofnunum og á vef Fjarðabyggðar.

2008, okt.-nóv.: Endanleg aðalskipulagstillaga formlega auglýst. Sjá viðauka 5 um umsagnir og athugasemdir sem bárust á kynningartíma og breytingar gerðar við lokaafgreiðslu aðalskipulagsins.

2008, des.- 2009, júlí: Lokaafgreiðsla aðalskipulagsins.



7. mynd. Frá íbúáþingi á Eskifirði jan. 2007.



8. mynd. Frá íbúáþingi á Stöðvarfirði, jan. 2007.



9. mynd. Frá samráðsfundi kjörinna fulltrúa og embættismanna Fjarðabyggðar maí 2007.

2 FJARÐABYGGÐ – GÓÐUR STAÐUR TIL FRAMTÍÐAR

2.1 Framtíðarsýn aðalskipulagsins

Framtíðarsýn aðalskipulags Fjarðabyggðar er sett fram í eftirtöldum þremur stoðum sem saman styðja yfirskrift aðalskipulagsins:

FJARÐABYGGÐ – GÓÐUR STAÐUR TIL FRAMTÍÐAR

Fjarðabyggð – leiðandi afl

Til framtíðar er Fjarðabyggð leiðandi afl sem ásamt öðrum sveitarfélögum á svæðinu myndar sterkan kjarna á Mið-Austurlandi.

Fjarðabyggð – öflug heild

Til framtíðar er Fjarðabyggð öflug búsetu-, þjónustu- og vinnusóknarsvæði sem myndað er af byggðarkjörnum sveitarfélagsins, hverjum með sína sérstöðu, sem saman mynda heildstæða einingu.

Fjarðabyggð – góður staður

Til framtíðar er Fjarðabyggð sterkt samfélag þar sem íbúar njóta góðs af traustum búsetugæðum sem felast í náttúru og umhverfi svæðisins, góðri velferðar- og samfélagsþjónustu, öflugu menningarlífi og fjölbreyttu atvinnulífi.

Stefnu aðalskipulagsins í einstökum málaflokkum eins og hún er kynnt í köflum 3-8 og útfærsla hennar í landnotkunarákvæðum sem fram koma í 9. kafla og á skipulagsuppráttum er ætlað að vinna að því byggðapróun í Fjarðabyggð á næstu árum og áratugum geti orðið með þeim hætti sem framtíðarsýn aðalskipulagsins lýsir.




10. mynd. Framtíðarsýn aðalskipulagsins, þrjár víddir sjálfbærrar þróunar (umhverfi, samfélag, efnahagur) og nokkrir mælikvarðar af hugarflugsfundum á árangur í átt að framtíðarsýn.

3 NÁTTÚRA

Í þessum kafla er fjallað stuttlega um náttúrufer, landslag, náttúruminjar og náttúruvá í Fjarðabyggð og hvernig náttúra svæðisins setur landnotkun og byggðapróun Fjarðabyggðar ákveðnar skorður, um leið og í henni felast mikil búsetugæði og tækifæri fyrir t.d. náttúrutengda ferðarþjónustu.

Fjallað er um náttúru Fjarðabyggðar í eftirfarandi undirköflum: **Veðurfar, Landslag og náttúrufer** og **Náttúruvá** og sett fram stefna aðalskipulagsins um viðkomandi efni.



11. mynd. Náttúra – stefna um veðurfar, landslag og náttúrufer og náttúruvá.

3.1 Veðurfar

3.1.1 Stefna - veðurfar

Við skipulag byggðar skal taka tillit til veðurfars, svo sem með því að huga að afstöðu sólar og skapa skjól fyrir ríkjandi vindáttum.

Leitast skal við að nýta tækifæri sem felast í veðráttu svæðisins, svo sem varðandi aðstöðu fyrir vetraríþróttir og útivist og ferðarþjónustu á sjó.

3.1.2 Framfylgd stefnunnar

Stefna um skipulag með tilliti til veðurfars tengist stefnu í 4., 5. og 8. kafla og er útfærð í einstökum landnotkunarákvæðum í 9. kafla.


3.1.3 Umhverfismat

Stefna um veðurfar hefur ekki áhrif á þá umhverfisþætti sem lagt er mat á í umhverfismati aðalskipulagsins. Sjá nánar í viðauka 3.


3.1.4 Forsendur

Veðráttu svæðis mótar landslag þess, gróðurfar, byggð og atvinnulíf.

Veðráttu í Fjarðabyggð einkennist af tiltölulega lágum sumarhita, auk þess sem úrkoma er talsverð fyrirhluta vetrar, en vindafar er misjafnt eftir stöðum innan Fjarðabyggðar. Austfjarðarþokan er vel þekkt fyrirbæri á þessum slóðum og setur mark sitt á veðráttu svæðisins, sérstaklega yfir sumarmánuðina.




12. mynd. Meðalhiti á Dalatanga og Kollaleiru 1990-2006.




13. mynd. Meðalúrkoma á Dalatanga og Kollaleiru 1990-2006.

Lítill hætta er á hafis (rekis) meðfram Austfjörðum, en lagnaðarís getur myndast á fjörðunum við viss veðurskilyrði.




14. mynd. Vindrós á Kollaleiru (vetur), 2001-2006.




15. mynd. Vindrós á Kollaleiru (sumar), 2001-2006.

Eins og sést af vindrósum fyrir Kollaleiru (14. og 15. mynd) eru tíðustu vindáttir inni í fjörðunum vestan- og austanáttir, sem helgast af legu þeirra. Utar eru norðan- og sunnanáttir ríkjandi, eins og sést á vindrósum fyrir Dalatanga (16. og 17. mynd).



16. mynd. Vindrós á Dalatanga (vetur), 1995-2006.



17. mynd. Vindrós á Dalatanga (sumar) 1995-2006.

Meðalvindhraði eftir mánuðum er almennt hærri á Dalatanga en Kollaleiru, þar sem er tiltölulega lyngt árið um kring, eða meðalvindhraði á bilinu 2,8-4,6 m/s (veðurfar eftir mánuðum 1990-2006).

3.2 Landslag og náttúruvarnarmál

3.2.1 Stefna - landslag og náttúruvarnarmál

Náttúrulegum fjölbreytileika lífríkis og landslags í Fjarðabyggð verði haldið við og ekki gengið á náttúrulegar auðlindir hraðar en þær endurnýjast.

Svæði á náttúruminjaskrá skulu hverfisvernduð og skulu hverfisverndarákvæði endurspegla náttúruverndargildi þeirra. Þar sem ástæða þykir til, vegna verndar landslagsheilda eða búsetulandslags, skal hverfisverndin taka til stærri svæða en náttúruminjaskrá nær yfir.

Nýting strandsvæða í og nærri þéttbýli skal taka mið af því að ósnortnum fjörum og leirum sé hlíf eins og kostur er í því skyni að viðhalda ásýnd, náttúruferi og fuglalífi svæðanna og tryggja aðgengi íbúa að þeim.

Öll þróun byggðar og landnýting, í og utan þéttbýlis, skal taka mið af landslagi og náttúrulegri ásýnd einstakra svæða. Sérstaklega skal gæta að svæðum sem njóta verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd (mýrar, flóar, fossar og leirur) við deiliskipulagsgerð og undirbúning framkvæmda utan þéttbýlis. Jafnframt skal miðað að endurheimt votlendis, þar sem því verður við komið.

Landnotkun og byggðapróun á jaðri þéttbýlisstaða og í dreifbýli skal miðað að viðhaldi birkiskóga og berjalanda, eftir því sem kostur er. Þess skal gætt að skógrækt skerði ekki óhóflega útsýni og tengsl milli fjalls og fjöru og spilli ekki sérstökum búsvæðum plantna og dýra.

3.2.2 Framfylgd stefnunnar

Stefna um landslag og náttúruvarnarmál tengist stefnu í 4., 5. og 8. kafla og er útfærð í einstökum landnotkunarákvæðum í 9. kafla, sérstaklega í ákvæðum um hverfisverndarsvæði.

Einnig er gert ráð fyrir að stefnu aðalskipulagsins um landslag og náttúrufar sé fylgt eftir í framkvæmdaáætlunum Fjarðabyggðar um umhverfismál.

3.2.3 Umhverfismat

Í umhverfismati aðalskipulagsins er lagt mat á það hvort stefna aðalskipulagsins styðji eða gangi gegn stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun.

Stefna aðalskipulagsins um landslag og náttúrufar fellur vel að markmiðum sem sett eru um verndun íslenskrar náttúru stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun, en varðar óverulega önnur stefnumið hennar. Sjá nánar í viðauka 3.

3.2.4 Forsendur

Einkenni landslags og náttúrufars

Landslag skapar umgjörð byggðar og mannlífs á hverjum stað og mótar að hluta þá ímynd sem hver staður hefur í hugum íbúa og gesta. Í skipulagi er unnt að vinna með sérkenni landslags, bæði við ákvarðanir um þróun og yfirbragð byggðar, en einnig við þróun hugmynda um verndun, útivist og atvinnumál.

Aðaleinkenni landslags í Fjarðabyggð er líkt og nafn sveitarfélagsins gefur til kynna, vogskorin strönd þar sem firðir, víkur, dalir og háir fjallgarðar skiptast á. Firðir og dalir eru margir hverjir djúpir og þröngir og ganga langt inn í landið. Fjöllin eru brött og svipmikil og gefa umhverfinu sterkan svip.

Allir byggðir firðir liggja frá austri til vesturs og hefur byggð í þeim aðallega þróast norðanmegin, þar sem sólar nýtur

best. Landslag svæðisins hefur sett sitt mark á samgöngur milli byggðarkjarna, sem hafa verið um erfiða fjallvegi og vegi sem þrætt hafa skriður og brattlendi fyrir nes og tanga.

Berggrunnur svæðisins tilheyrir elstu jarðmyndun á Íslandi. Jarðmyndanir á svæðinu eru annars vegar basalt með uppruna í hraun- eða flæðigosum og hins vegar gosmyndanir frá megineldstöðvum (basalt, andesít og líparít). Svæðið einkennist af landmótun veðrunar og jökla. Þá er áberandi að jarðlögum hallar almennt til vesturs (inn til landsins). Bergtegundir eru mjög fjölbreytilegar á svæðinu og setja sérstæðan svip á landslagið. Berggrunnur í sveitarfélaginu er yfirleitt þéttur og grunnvatnsrennsli óverulegt. Grunnvatnsrennsli er helst í lausum jarðlögum, svo sem í áreyrum, skriðum og sandi.

Jarðvegur í Fjarðabyggð er víðast hvar þunnur en gróður þekur þó flesta dali og undirlendi. Þegar ofar dregur í fjallshlíðar minnkar gróðurþekjan.

Votlendi er nokkuð inni í dölunum, en lítið er um náttúruleg skóglendi og þá helst víðir og lágvaxið birki. Ofan þéttbýliskjarnanna hefur verið stunduð skógrækt, en lítið er um nytjaskógrækt á bújörðum. Beitylmg, bláberjalyng, fléttur og mosi eru áberandi í fjallendi Fjarðabyggðar.

Dýralíf á svæðinu er í meðallagi fjölbreytilegt miðað við landið allt. Þó hefur svæðið nokkra sérstöðu þar sem hreindýr ganga um fjallendið og á Gerpissvæðinu. Oft má einnig sjá þau niður við byggð að vetrarlagi og á vorin.

Auðugasta fuglalífið í Fjarðabyggð er við sjóinn. Þar lifa ýmsir sjófuglar, s.s. mávur, æðarfugl og svartfugl. Aðrar



algengar fuglategundir í Fjarðabyggð eru ýmsir mó- og vaðfuglar. Nokkuð berst af flækingsfuglum á svæðið flest ár. Smyrlar og fálkar eru staðfuglar í fjallendi Fjarðabyggðar.

Firðirnir eru uppeldisstaðir fyrir ungfisk af ýmsum tegundum, einkum þorsk- og flatfiska. Selir voru algengir á svæðinu fyrr á öldum og selalátur nokkuð víða. Í dag sjást selir fyrst og fremst við útnes, yst á svæðinu, þar sem mannaferðir eru minni.

Hvalagöngur voru nokkuð algengar fyrrum inni á Reyðarfirði. Í dag sjást hnísur og smáhveli í vaxandi mæli á svæðinu.

Skordýralíf er talið í meðallagi fjölbreytilegt í Fjarðabyggð. Í ám, lækjum og öðru ferskvatni er talsvert líf.

Nálægðin við hafið og vogskorin ströndin gerir sveitarfélagið að sannkallaðri sjávarbyggð. Nokkuð hefur verið gengið á náttúrulegar fjörur í og við þéttbýlisstaðina með hafnargerð, landfyllingum og sjóvörnum.

Ár og lækir setja mikinn svip á landslag Fjarðabyggðar, bæði innan og utan þéttbýlisstaðanna. Þannig eru ár, árgil og fossar algeng í dalbotnum. Lækir í byggð, sérstaklega á Fáskrúðsfirði og Eskifirði, gefa byggðinni einnig sérstakan og skemmtilegan svip.

Lítið er um stöðuvötn og tjarnir í Fjarðabyggð, helst lón við árósa, svo sem Lón í Vöðlavík.

Friðlýst svæði og aðrar náttúruminjar

Í lögum um náttúruvernd eru náttúruminjar og náttúruverndarsvæði skilgreind, en það eru friðlýst svæði (þjóðgarðar, friðlönd, fólkvangar og náttúruvætti) og önnur svæði eða lífverur sem tilgreind eru á náttúruminjaskrá eða vernduð eru samkvæmt öðrum lögum. Einnig njóta tilteknar tegundir jarðmyndana og vistgerða sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd (37. gr.), en það á m.a. við mýrar, flóa, stöðuvötn, fossa og leirur. Þá hefur Alþingi samþykkt náttúruverndaráætlun 2004-2008.

Í Fjarðabyggð hafa fjögur svæði verið friðlýst á grundvelli náttúruverndarlaga (sjá 19. mynd og nánar um hvert svæði í kafla 9.1.15):

- **Fólkvangur Neskaupstaðar**, vinsælt útivistarsvæði í útjaðri byggðar í Neskaupstað. Friðlýst sem fólkvangur (300 ha).
- **Helgustaðanáma**, silfurbergsnáma (kalsít) í Reyðarfirði. Friðlýst sem náttúruvætti (1 ha).
- **Hólmanes**, vinsælt útivistarsvæði á mótum Eskifjarðar og Reyðarfjarðar. Friðlýst sem fólkvangur og friðland (260 ha).

- **Skrúður**, klettaeyja úti fyrir Fáskrúðsfirði með miklu fuglalífi. Friðlýst sem náttúruvætti (92 ha).


Jafnframt eru fjögur svæði í sveitarfélaginu á náttúruminjaskrá:

- **Fjarðardalur** í Mjóafirði. Dalurinn liggur inn af Fjarðarbýlum í botni Mjóafjarðar norður að vatnaskilum á Mjóafjarðarheiði og Eggjum. Gróðursæll dalbotn með fjölgresi, birkikjarr í norðurhlíðum. Hrikaleg blágrýtisfjöll á báðar hliðar. Fagrir fossar, t.d. Klifbrekkufossar í Fjarðará.
- **Kirkjubólsteigur, Hólar og Tandрастаðir norðan** Norðfjarðarár í Norðfirði, frá Ytri-Máriánslæk (Maríulæk) inn að Fannardalsá og til Fjallseggja. Kjarrvaxnar hlíðar og mikið framhlaup, Hólahólar, með lífríkum smátjörnum. Gott land til útivistar.
- **Gerpissvæðið**, milli Norðfjarðar og Reyðarfjarðar. Svæðið tekur til austasta hluta landsins og nær yfir Barðsnes og Gerpi og eyðibýggðirnar Hellisfjörð, Viðfjörð, Suðurbæi, Sandvík, Vaðlavík og Karlskála. Afar fagurt og fjölbreytilegt fjallendi með líparítinnskotum og fögur strandlengja. Unnið er að friðlýsingu þessa svæðis.
- **Sandfell** í Fáskrúðsfirði. Afar sérstæður líparíteitill, hluti af hinni fornu Reyðarfjarðareldstöð.

Ekkert svæði í Fjarðabyggð er tilgreint í náttúruverndaráætlun 2004-2008.

Ekki hafa verið kortlögð þau svæði í Fjarðabyggð sem falla undir sérstaka vernd tiltekinna jarðmyndana og vistkerfa skv. 37. gr. laga um náttúruvernd, að öðru leyti en gerð er

grein fyrir í kafla 9.1.18. Þær jarðmyndanir og vistkerfi sem falla undir 37. gr. náttúruverndarlaga og helst má vænta í Fjarðabyggð eru mýrar og flóar sem eru 3 hektarar að stærð eða stærri, fossar og leirur.



19. mynd. Friðlýst svæði og svæði á náttúruminjaskrá í Fjarðabyggð.

3.3 Náttúruvá

3.3.1 Stefna - náttúruvá

Skipulag byggðar skal taka mið af þekktri hættu á ofanflóðum.

Við deiliskipulagsgerð og undirbúning framkvæmda utan þéttbýlis skal gætt að því hvort hættu er á ofanflóðum.

Skipulag lágsvæða skal taka mið af þörf á sjónörnum og tillit til hættu á hækkun sjávarborðs vegna hnattrænna loftslagsbreytinga.

3.3.2 Framfylgd stefnunnar

Stefna um náttúruvá er útfærð í einstökum landnotkunarákvæðum í 9. kafla, sérstaklega í ákvæðum 9. kafla um þéttbýli og náttúruvársvæði.

Jafnframt er framfylgd stefnu aðalskipulagsins um náttúruvá háð framkvæmdum á vegum ofanflóðasjóðs og gerð framkvæmdaáætlana á vegum Fjarðabyggðar.

3.3.3 Umhverfismat

Í umhverfismati aðalskipulagsins er lagt mat á það hvort stefna aðalskipulagsins styðji eða gangi gegn stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun.

Stefna aðalskipulagsins um náttúruvá fellur vel að markmiðum sem sett eru um öruggt umhverfi í stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun, en varðar óverulega önnur stefnumið hennar. Sjá nánar í viðauka 3.

3.3.4 Forsendur

Ofanflóð

Fjöll eru víða brött í Fjarðabyggð og nokkuð um staði þar sem ofanflóð geta fallið.

Fyrir liggur staðfest ofanflóðahættumat fyrir þéttbýlisstaðina á Norðfirði, Eskifirði og Fáskrúðsfirði, en það eru þeir þéttbýlisstaðir í Fjarðabyggð þar sem hættu er á ofanflóðum. Ekki liggur fyrir formlegt mat á ofanflóðahættu utan þéttbýlis, en til eru heimildir um einstök ofanflóð í sveitum Fjarðabyggðar (sjá vef Veðurstofu Íslands og ritið Skriðuföll og snjóflóð).

Samkvæmt ofanflóðahættumati telst stór hluti þéttbýlis á Norðfirði vera á hættusvæði. Í íbúðarbyggð var hættan talin mest neðan Tröllagilja og Drangaskarðs. Reist hafa verið mannvirki til varnar snjóflóðum við Drangagil og unnið er að undirbúningi framkvæmda við snjóflóðavarnir við Tröllagil. Frekari snjóflóðavarnir ofan byggðar á Norðfirði eru á áætlunum ofanflóðasjóðs.

Á Eskifirði er hættu vegna stórra snjóflóða talin tiltölulega lítil, en þó hafa verið byggð hús sem teljast vera á snjóflóðahættusvæðum. Stór hluti ofanflóðahættu á Eskifirði stafar af aur-, krapa- og vatnsflóðum, en auðveldara er að bregðast við slíkri hættu en snjóflóðum, s.s. með dýpkun farvega og bættum frágangi ræsa og brúa.

Ekki er talin hættu á snjóflóðum á Fáskrúðsfirði og hættu vegna aurskríða og grjóthruns talin óveruleg. Krapaflóð eru möguleg úr lækjarfarvegum sem ganga í gegnum

bæinn, en þar sem þessir farvegir eru víða illa afmarkaðir er talið óvíst að slík flóð haldi sig við farvegina.

Vinna þarf áætlanir um aðgerðir gagnvart hættu á aurskríðum á Eskifirði og Fáskrúðsfirði.

Þá eru einnig þekkt svæði í Fjarðabyggð þar sem snjóflóð hafa fallið yfir þjóðvegi utan þéttbýlis. Uppbygging snjóflóðavarnarmannvirkja við veginn undir Grænafeili í Reyðarfirði er á samgönguáætlun 2007-2010.

Eldvirkni og jarðskjálftar

Fjarðabyggð liggur langt utan eldvirkra svæða og hættu á eldgosum því lítil sem engin.

Ekki er heldur talin hættu á stórum jarðskjálftum í Fjarðabyggð, en upptakasvæði jarðskjálfta eru talin vera á gosbeltinu í minnst 100 km fjarlægð.

Samkvæmt gildandi reglum um mannvirkjagerð m.t.t. jarðskjálftahættu² er Fjarðabyggð á hönnunarhraðasvæðinu 0,10.

Sjávarflóð og landbrot

Í Fjarðabyggð stafar byggð lítil hættu af ágangi sjávar, en þó er þörf á vörnum gegn sjávarflóðum og landbroti á nokkrum stöðum í Norðfirði og Eskifirði.

Í skipulagi sem markar stefnu til langs tíma þarf að taka tillit til hækkunar sjávarborðs vegna hnattrænna loftslagsbreytinga.

² Forstaðallinn EC-8 (ENV 1998), Design provisions for earthquake resistance of structures, ásamt þjóðarskjali FS ENV 1998-1-1:1994.



20. mynd. Hættumat vegna ofanflóða á Norðfirði, staðfest af umhverfisráðherra 2002. Sjá nánari umfjöllun í kafla 9.2.14.



21. mynd. Hættumat vegna ofanflóða á Eskifirði, staðfest af umhverfisráðherra 2002. Sjá nánari umfjöllun í kafla 9.3.14.



22. mynd. Hættumat vegna ofanflóða á Fáskrúðsfirði, staðfest af umhverfisráðherra 2006. Sjá nánari umfjöllun í kafla 9.5.14.

4 SAMFÉLAG

Stefna - samfélag

Í Fjarðabyggð verði fjölskylduvænt samfélag – gott, traust og öruggt - sem byggir á sterkri hefð í hverjum firði og ferskum krafti nýs sveitarfélags sem nýttur er til að auka framboð á ýmis konar samfélagsþjónustu.

Íbúar Fjarðabyggðar búi við fjölbreytta möguleika til félagslífs og fyrirmyndarþjónustu á sviði menntunar og heilbrigðis- og velferðarmála.

Lögð verði áhersla á nærþjónustu í öllum byggðarkjörnum, en á uppbyggingu sérhæfðari þjónustu þar sem aðstæður er hagstæðar og aðgengi gott.

Lögð verði sérstök áhersla á að efla samgöngur innan Fjarðabyggðar þannig að allir íbúar sveitarfélagsins hafi gott aðgengi að samfélagsþjónustu og aðstöðu til íþróttar og útivistar.

Hlúð verði að fjölmenningu í sveitarfélaginu, þannig að siðir og venjur nýrra íbúa falli sem best inn í núverandi litróf menningar í Fjarðabyggð.


Fjarðabyggð er ungt sveitarfélag, myndað á grunni sveitarfélaga sem sameinast hafa á undangengnum árum og áratugum. Sameining sveitarfélaga gefur kost á hagræðingu í rekstri og stjórnun, en um leið þarf að gæta þess að skapa góðar aðstæður fyrir íbúa til menntunar, starfa og frístunda. Byggja þarf á sérstöðu gömlu samfélaganna en jafnframt að skapa aðstæður þannig að samstaða myndist í nýju samfélagi.

Stærra sveitarfélag er betur í stakk búið til að veita íbúum sínum góða þjónustu. Tiltekna þjónustubætti má sameina

á einn stað til að bæta rekstrargrundvöll, en um leið þarf að huga að því að ýmis grunnþjónusta á borð við leik- og grunnskóla þarf að vera staðsett nærri íbúum. Staðsetningu þjónustustofnana þarf að velja af gaumgæfni og tryggja góðar samgöngur, þannig að aðgengi íbúa að þjónustu sé sem jafnast.

Auk sameiningar sveitarfélaga hafa breytingar í atvinnulífi einnig áhrif á samfélagið í Fjarðabyggð. Efling atvinnulífs á svæðinu hefur leitt til aukins fjölda aðkomufólks, bæði innlands og erlends. Mikilvægt er að gera nýjum íbúum kleift að samlagast nýjum heimkynnum, en halda jafnframt í uppruna sinn og sérkenni.

Fjallað er um samfélagsmál í Fjarðabyggð í eftirfarandi undirköflum: **Nám og menntun, Íþróttir og útivist, Stjórnsýsla, Menning, Menningar- og búsetuminjar og Heilsa og öryggi** og sett fram stefna aðalskipulagsins um viðkomandi efni.



23. mynd. Samfélag – stefna um nám og menntun, íþróttir og útivist, stjórnsýsla, menningu, menningar- og búsetuminjar og heilsu og öryggi.

4.1 Nám og menntun

4.1.1 Stefna – nám og menntun

Í Fjarðabyggð verði úrvals tækifærit til menntunar, bæði grunn- og framhaldsmenntunar.

Áfram starfi leikskólar og grunnskólar í öllum byggðum Fjarðabyggðar. Jafnframt verði aðgengi barna og unglinga að tónlistarnámi gott.

Verkmenntaskólinn á Norðfirði verði eflur sem ein af stöðum framhalds- og verkmenntunar á Mið-Austurlandi.

Aðstaða til starfsmenntunar og símenntunar á framhalds- og háskólastigi verði efla og skoðaðir möguleikar á stofnun símenntunarmiðstöðvar í verk- og tæknigreinum.

4.1.2 Framfylgd stefnunnar

Stefna um nám og menntun er útfærð í einstökum landnotkunarákvæðum 9. kafla um stofnanasvæði, auk þess sem hún er útfærð í annarri stefnumörkun og áætlanagerð Fjarðabyggðar á hverjum tíma.

4.1.3 Umhverfismat

Í umhverfismati aðalskipulagsins er lagt mat á það hvort stefna aðalskipulagsins styðji eða gangi gegn stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun.

Stefna aðalskipulagsins um nám og menntun varðar óverulega þau markmið sem sett eru fram í stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun. Sjá nánar í viðauka 3.

4.1.4 Forsendur

Gott námsframboð á mismunandi skólastigum er þýðingarmikið fyrir samkeppnishæfni svæða, í keppni þeirra um íbúa og atvinnurekstur.

Í Fjarðabyggð eru skólar á öllum stigum nema á háskólastigi, sem vinna metnaðarfullt starf. Grunn- og leikskólastarf er í öllum byggðum Fjarðabyggðar, en mikilvægt er að sú þjónusta sé veitt sem næst íbúunum, þótt unnt sé að sækja framhaldsmenntun um lengri veg.

Fjarðabyggð er aðili að Skólaskrifstofu Austurlands, sem er staðsett á Reyðarfirði, en hún þjónustar skólastofnanir og veitir faglega ráðgjöf.

Í aðalskipulagi þarf að tryggja að nægilegt og hentugt rými sé fyrir hendi fyrir starfsemi skólastofnana þar sem unnt er að skapa þeim ákjósanlegar aðstæður og vandað nærumhverfi. Jafnframt þarf að tryggja að aðgengi gangandi og akandi til og frá skólum sé gott.

Leikskólar

Í Fjarðabyggð eru starfræktir fimm leikskólar; Sólvellir á Norðfirði, Dalborg á Eskifirði, Lyngholt á Reyðarfirði, Kæribær á Fáskrúðsfirði og Balaborg á Stöðvarfirði, auk dagvistar á Mjóafirði. Einnig eru starfandi dagforeldrar.

Leikskólar í Fjarðabyggð anna allir núverandi eftirspurn, að Sólvöllum á Norðfirði undanskildum, en ákveðið hefur verið að reisa nýjan leikskóla í hans stað á Eyrinni á Norðfirði. Dalborg á Eskifirði er nálægt því að vera fullsetin, en þar eru möguleikar til stækkunar. Þegar bætt hefur verið úr aðstöðunni á Norðfirði getur íbúum fjölgað eitthvað í öllum byggðarkjörnum án þess að bygging nýrra leikskóla þurfi að koma til.

Grunnskólar

Fimm grunnskólar starfa í Fjarðabyggð: Nesskóli á Norðfirði, Grunnskóli Eskifjarðar, Grunnskóli Reyðarfjarðar,

Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar og Grunnskólinn á Stöðvarfirði. Auk þess er starfrækt útibú frá Nesskóla í Mjóafirði.

Allir grunnskólar í Fjarðabyggð anna núverandi eftirspurn og er enginn þeirra fullsetinn. Allstaðar, nema við Nesskóla á Norðfirði, eru jafnframt möguleikar á stækkun aðstöðu ef þörf krefur. Íbúum getur fjölgað í öllum byggðarkjörnum án þess að veruleg uppbygging þurfi að verða í grunnskólum eða finna þurfi ný svæði fyrir skóla.

Tónlistarskólar

Þrjú tónlistarskólar eru starfandi í Fjarðabyggð. Þeir eru Tónlistarskóli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar, Tónskóli Neskaupsstaðar og Tónlistarskóli Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar. Í heildina sækja um 300 nemendur skólana þrjú. Skólarnir búa allir við góðan aðbúnað og aðstöðu.

Framhaldsskólar

Einn framhaldsskóli er starfandi í Fjarðabyggð, Verkmenntaskóli Austurlands á Norðfirði. Aðrir framhaldsskólar á Mið-Austurlandi eru Menntaskólinn á Egilsstöðum og Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað.

Verkmenntaskóli Austurlands býður upp á fjölbreytta menntun, iðn- og bóknámsbrautir. Nemendur eru tæplega 200 og aðstaða til náms er ágæt. Við skólann er heimavist.

Bættar samgöngur til Norðfjarðar geta falið í sér tækifæri fyrir Verkmenntaskólann. Norðfjarðargöng, bættar samgöngur til Héraðs og Seyðisfjarðar og bættar almenningssamgöngur geta rennt traustari stoðum undir rekstur og hlutverk skólans, þar sem hann getur myndað eina af stoðum framhaldsmenntunar í Fjarðabyggð.

Háskólar

Enginn háskóli starfar á Austurlandi. Í Vaxtarsamningi fyrir Austurland er talið brýnt að auka menntunarstig á Austurlandi, bæta aðgengi Austfirðinga að háskólamenntun

og auka umfang rannsóknarstarfs á svæðinu.

Uppbygging háskólamenntunar getur verið með ýmsum hætti. Í Byggðaaáætlun eru nefndir nokkrir kostir aðrir en stofnun hefðbundins háskóla, s.s. uppbygging þekkingar- og/eða háskólasetra, efling fjarnáms og uppbygging dreifnáms (blanda af fjarkennslu og hefðbundins kennslufyrirkomulags). Með bættum samgöngum og fjölgun þekkingarfyrirtækja í Fjarðabyggð, getur orðið vænlegur kostur að byggja upp miðstöð háskólamenntunar þar.

Fjarðabyggð er aðili að Þekkingarneti Austurlands, sem ætlað er að bæta aðgengi íbúa Austurlands að háskólanámi og símenntun. Þekkingarnetið veitir ráðgjöf og upplýsingar, skipuleggur námskeið og tekur þátt í þróunarverkefnum. Tvö af sex námsverum Þekkingarsetursins eru í Fjarðabyggð, annað á Norðfirði og hitt á Fáskrúðsfirði.

Í Fjarðabyggð hefur á síðustu misserum orðið til sérþekking og reynsla í stjórnun og skipulagi stórra verkefna sem víða hefur vakið athygli fyrir einstæðan árangur. Símenntunarmiðstöð í verk- og tæknigreinum staðsett í Fjarðabyggð nyti góðs af aðstöðu á staðnum og ómetanlegri reynslu og þekkingu á verkferlum t.d. í öryggis- og áhættustýringu, umhverfis- mannauðs- og jafnréttismálum.

Fjarðabyggð og Háskólinn í Reykjavík hafa hleypt af stokkunum samstarfsverkefni um eflingu menntasamfélags í Fjarðabyggð. Verkefnið felst í að kanna forsendur starfsmenntunar og símenntunar á framhalds- og háskólastigi í Fjarðabyggð. Jafnframt liggur fyrir skýrsla starfshóps Fjarðabyggðar og menntamálaráðuneytisins um eflingu framhaldsskólamenntunar í Fjarðabyggð.

4.2 Íþróttir og útivist

4.2.1 Stefna – íþróttir og útivist

Í Fjarðabyggð verði úrvæling tækifæri til tómstunda, íþróttaiðkunar, hreyfingar og útivistar.

Stefnt skal að því að auka almenna hreyfingu og útiveru allra íbúa Fjarðabyggðar á hvaða aldri sem er til frambúðar og að möguleikar barna og unglinga til hreyfingar verði sem bestir.

Núverandi íþróttasvæði í þéttbýliskjörnum verði styrkt. Íþróttasvæðið á Eskifirði verði aðalíþróttasvæði sveitarfélagsins.

Núverandi golfvöllir á Norðfirði og Eskifirði verði 9 holu golfvöllir. Skilgreint verði svæði fyrir golfvöll á Reyðarfirði, sem gefi kost á 18 holu velli í framtíðinni, og gert ráð fyrir golfæfingasvæðum á Fáskrúðsfirði og Stöðvarfirði.

Skíðasvæðið í Oddskarði verði eft.

4.2.2 Framfylgd stefnunnar

Stefna um íþróttir og útivist er útfærð í einstökum landnotkunarákvæðum 9. kafla, auk þess sem hún er útfærð í annarri stefnumörkun og áætlanagerð Fjarðabyggðar á hverjum tíma, s.s. um íþróttaaðstöðu og almenna heilsuefingu/lýðheilsu.

4.2.3 Umhverfismat

Í umhverfismati aðalskipulagsins er lagt mat á það hvort stefna aðalskipulagsins styðji eða gangi gegn stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun.

Stefna aðalskipulagsins um íþróttir og útivist varðar óverulega þau markmið sem sett eru fram í stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun. Sjá nánar í viðauka 3.

4.2.4 Forsendur

Á síðustu áratugum hefur íþróttaiðkun og útivist almennings aukist og breyst. Áður voru frístundir fólks færri og lítil áhersla lögð á uppbyggingu fjölbreyttrar aðstöðu fyrir íþróttir og útivist. Með aukinni velmegun og breyttum lífnaðarháttum hafa kröfur gerbreyst og nú er góð aðstaða til íþróttaiðkunar og útivistar ein af mikilvægum þáttum þegar horft er til búsetugæða á einstökum stöðum.

Óþrjótandi tækifæri eru til útivistar í Fjarðabyggð, s.s. styttri og lengri gönguferða, klífurs og sjóferða svo eitthvað sé nefnt. Það gefur bæði kost á ferðum heimamanna og ferðafólks á eigin vegum og skipulögðum ferðum ferðaþjónustuaðila og ferðafélaga, s.s. gönguferða, hestaferða eða kajakferða. Styrkja má og bæta aðstæður fyrir slíka almenna útivist, s.s. með merkingum gönguleiða og gerð áningarstaða þar sem það á við, ásamt með kynningu á svæðinu gagnvart ferðafólki.

Íþróttalíf er öflugt í Fjarðabyggð og mikil hefð fyrir íþróttastarfi. Hátt á annan tug íþróttafélaga starfa í sveitarfélaginu. Starfsemi flestra íþróttafélaganna er bundin við einn eða tvo byggðarkjarna, en á síðustu árum hefur aukist að íþróttafélög starfi á stærra svæði, jafnvel í sveitarfélaginu öllu.

Í Fjarðabyggð hefur verið mikil uppbygging íþróttamannvirkja á síðustu árum, bæði minni mannvirki sem dreifð eru um sveitarfélagið, en einnig stærri og dýrari mannvirki sem ætluð er til samnýtingar allra íbúa

sveitarfélagsins. Við staðarval íþróttaaðstöðu sem nýtast á fleiri en einum firði eða byggðarkjarna er mikilvægt að velja staðsetningu sem hentar vel viðkomandi íþrótt, fellur vel að annarri landnotkun og þjónar íbúum sem best. Í því sambandi er einnig nauðsynlegt að tryggja góðar samgöngur, svo aðgengi allra sé gott.

Viðfangsefni aðalskipulagsins er að tryggja að nægilegt og hentugt rými sé fyrir hendi fyrir íþróttastarfsemi þar sem unnt er að skapa þeim ákjósanlegar aðstæður. Jafnframt þarf að tryggja gott aðgengi að íþróttamannvirkjum og annarri íþróttaaðstöðu.

Íþróttasvæði og íþróttahús

Íþróttasvæði eru í öllum þéttbýlisstöðum í Fjarðabyggð. Almenn er um hefðbundna grasvelli að ræða sem aðallega þjóna knattspyrnu. Aðalleikvangur Fjarðabyggðar er á Eskifirði. Þar er unnið að gerð áhorfendastæða. Á Norðfirði hefur nýlega verið tekinn í notkun gervigrasvöllur í fullri stærð. Að auki eru sparkvöllir KSÍ á öllum þéttbýlisstöðunum.

Íþróttahús eru einnig í öllum þéttbýlisstöðum Fjarðabyggðar og þjóna þau eftirspurn ágætlega. Tilkoma nýs fjölnotaíþróttahúss á Reyðarfirði (Fjarðabyggðarhöllin), með gervigrasvelli og hlaupabraut, hefur létt á álagi á önnur íþróttahús, en fjölnotahúsið hefur mest verið nýtt til knattspyrnuíðkunar.

Bættar samgöngur innan Fjarðabyggðar, s.s. með Norðfjarðargöngum og bættum almenningsamgöngum, auka möguleika á bættri nýtingu íþróttamannvirkja og góðri aðstöðu fyrir einstakar íþróttagreinar.

Ekki er fyrir séð þörf á frekari uppbyggingu á almennri íþróttaaðstöðu í Fjarðabyggð, en sum íþróttasvæðanna þarfnast viðhalds og úrbóta.

Sundlaugar

Sundlaugar eru í öllum þéttbýlisstöðum í Fjarðabyggð. Sundlaugarnar á Norðfirði, Eskifirði og Stöðvarfirði eru vel búnar útilaugar.

Með bættum samgöngum gefst kostur á samnýtingu sundlauga milli byggðarkjarna.



24. mynd. Frá sundlauginni á Eskifirði.

Golfvellir

Tveir 9 holu golfvellir eru starfræktir í Fjarðabyggð, Grænanesvöllur á Norðfirði og Byggðarholtsvöllur á Eskifirði. Að auki eru æfingarsvæði á Fáskrúðsfirði og Stöðvarfirði.

Auk Golfklúbba á Norðfirði og Eskifirði starfar Golfklúbbur Fjarðabyggðar á Reyðarfirði.

Ekki eru fyrirhugaðar breytingar á núverandi golfvöllum, en Golfklúbbur Fjarðabyggðar hefur óskað eftir rými fyrir 18 holu golfvöll í landi Kollaleiru á Reyðarfirði.

Miðað við núverandi íbúafjölda og fyrirliggjandi aðstöðu til golfiðkunar í Fjarðabyggð, eru forsendur til uppbyggingar 18 holu golfvallar ef til vill ekki fyrir hendi á næstu árum. Það geta hinsvegar falist áhugaverð tækifæri í því fyrir Fjarðabyggð til lengri tíma að eiga kost á uppbyggingu 18 holu golfvallar í sveitarfélaginu, en Austurland er eini landshlutinn auk Vestfjarða þar sem ekki er 18 holu golfvöllur.

Skíðasvæði

Skíðamiðstöðin í Oddskarði er eina skíðasvæðið í Fjarðabyggð. Yfir vetrartímann er svæðið opið alla daga vikunnar, þegar aðstæður leyfa. Tvær aðallyftur þjóna skíðasvæðinu, en að auki er barnalyfta á svæðinu. Veitingasala og svefnpokaláss eru í skíðaskála og svæðið er flóðlýst.

Svæðið er viðurkennt keppnissvæði og þar er hægt að halda alþjóðleg skíðamót.

Núverandi aðstaða fyllir dalinn og því verður svæðið væntanlega ekki stækkað frá því sem nú er.

Með tilkomu Norðfjarðarganga þarf að tryggja áframhaldandi góðar vetrarsamgöngur að skíðasvæðinu.

Hesthúsa- og hestaíþróttasvæði

Hesthús eru í öllum byggðum fjörðum í Fjarðabyggð, en eiginleg hestaíþróttaaðstaða er einungis á Norðfirði, þar sem skeiðvöllur og reiðskemma hafa verið byggð upp á Kirkjubólseyrum.

Áhugi er á að bæta aðstöðu hestamanna á Reyðarfirði og Eskifirði, hugsanlega með því að færa hana á nýjan stað.



25. mynd. Skíðasvæðið í Oddskarði.

Á Eskifirði er fyrirhugað að skilgreina nýtt hesthúsasvæði á Símonartúni, austan við bæinn.

Aðrar íþróttagreinar

Auk hefðbundinna íþróttagreina býður umhverfi í Fjarðabyggð upp á fjölbreytta möguleika til óhefðbundinnar íþróttaiðkunar. Þannig er til að mynda hægt með auðveldum hætti að stunda sjókajakferðir á sumrin og skíðagöngu á veturna.

Á síðustu árum hefur aðstaða til óhefðbundinna íþróttaiðkunar verið eflað nokkuð í sveitarfélaginu. Þannig hefur til dæmis verið komið upp aðstöðu til skotiþróttar ofan byggðar á Eskifirði og til stendur að byggja upp braut fyrir vélhjólameðmenn í Reyðarfirði.

4.3 Stjórnsýsla

4.3.1 Stefna - stjórnsýsla

Stjórnsýsla í Fjarðabyggð verði aðgengileg, skilvirk og gagnsæ fyrir íbúa sveitarfélagsins og veiti þeim framúrskarandi þjónustu. Kapp verði lagt á samvinnu við íbúa í málefnum sem snerta þá beint.

Rekstur sveitarfélagsins og stofnana þess verði í fararbroddi og til fyrirmyndar í sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda og í umhverfismálum. Í allri starfsemi sveitarfélagsins og stofnana þess verði hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar höfð að leiðarljósi.

Með tilkomu Norðfjarðarganga verði stefnt að því að stjórnsýsla Fjarðabyggðar byggist alfarið upp á öflugum miðbæjarsvæði á Reyðarfirði, miðsvæðis í sveitarfélaginu.

Unnið verði að fjölgun opinberra starfa í sveitarfélaginu.

4.3.2 Framfylgd stefnunnar

Stefna um stjórnsýslu er að hluta útfærð í einstökum landnotkunarákvæðum 9. kafla um stofnanasvæði. Framfylgd hennar felst að öðru leyti í að hún sé útfærð í verklagsreglum og framkvæmdaáætlunum sveitarfélagsins varðandi fyrirkomulag stjórnsýslu, samráð við íbúa og aðgerðir í umhverfismálum.

4.3.3 Umhverfismat

Í umhverfismati aðalskipulagsins er lagt mat á það hvort stefna aðalskipulagsins styðji eða gangi gegn stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun.

Stefna aðalskipulagsins um umhverfisvitund og sjálfbæra þróun í rekstri sveitarfélagsins og stofnana þess styður

almennt við flest markmið sem sett eru í stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun. Sjá nánar í viðauka 3.

4.3.4 Forsendur

Stjórnsýsla sveitarfélags og ríkisins

Við sameiningu sveitarfélaga á svæðinu var meginhluti stjórnsýslu sveitarfélagsins sameinaður á Reyðarfirði. Sú staðsetning er hentug þar sem Reyðarfjörður er miðlægasti byggðarkjarninn í sveitarfélaginu og í mestri nálægð við nágrennabyggðarlög og flugvöllinn á Egilsstöðum.

Sveitarfélagið rekur einnig skrifstofu á Norðfirði. Forsendur hennar geta breyst með tilkomu Norðfjarðarganga, sem koma til með að tengja Norðfjörð betur við stjórnsýsluna á Reyðarfirði.

Sýslumannsembætti er á Eskifirði og nær umdæmi þess frá Þvottáskriðum við Djúpavog í suðri og norður að Dalatanga við norðanverðan Mjóafjörð.

Með bættum samgöngum og fjarskiptum eru aukin tækifæri til fjarvinnslu og að sinna tilteknum störfum opinberra aðila á landsbyggðinni.

Að ósk Breiðdalshrepps, samþykkti bæjarráð Fjarðabyggðar í mars 2007 að hefja viðræður varðandi sameiningu sveitarfélaganna.

Þátttaka almennings

Með auknum fjölda íbúa og aukinni fjarlægð á milli stjórnsýslu og íbúa, er mikilvægt að huga sérstaklega að þátttöku og virkni íbúa í þeim málefnum sveitarfélagsins sem að þeim snúa. Opín umræða og samvinna við íbúa er einkar mikilvæg þegar nýtt sveitarfélag er í mótnun. Þannig

geta íbúar haft áhrif á nærumhverfi sitt, framboð á þjónustu og forgangs röðun verkefna.

Í skipulagsmálum er þátttaka almennings sérstaklega mikilvæg, þar sem flest skipulagsmál snerta beint hagsmunum einstakra aðila og geta haft áhrif á daglegt líf íbúa.

Fjölmargar leiðir eru til þess að stuðla að þátttöku íbúa og byggjast margar á upplýsingatækni. Hefðbundnari leiðir eru íbúafundir, dreifibréf og viðtalstímar.



26. mynd. Íbúar á Eskifirði að störfum við mótnun aðalskipulags.

4.4 Menning

4.4.1 Stefna - menning

Í Fjarðabyggð verði menningarlíf öflugt og fjölbreytt, þannig að einstaklingar og hópar fái að njóta sín í samfélagi við aðra.

Tekið verði vel á móti nýjum íbúum og áhersla lögð á aðlögun þeirra að samfélagi Fjarðabyggðar.

Menning og listalíf fái að blómstra með því að skapa góða aðstöðu og umgjörð um listsköpun í sveitarfélaginu.

Vel verði búið að söfnum og menningarstofnunum og sá auður sem í þeim felst nýttur til að laða að ferðafólk og miðla þekkingu og sögu og menningu svæðisins til skólabarna, íbúa og ferðafólks.

4.4.2 Framfylgd stefnu

Stefna um menningu er að hluta útfærð í einstökum landnotkunarákvæðum 9. kafla um stofnanasvæði, auk þess sem hún er útfærð í annarri stefnumörkun og áætlanagerð Fjarðabyggðar á hverjum tíma.

4.4.3 Umhverfismat

Í umhverfismati aðalskipulagsins er lagt mat á það hvort stefna aðalskipulagsins styðji eða gangi gegn stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun.

Stefna aðalskipulagsins um menningu varðar óverulega þau markmið sem sett eru fram í stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun. Sjá nánar í viðauka 3.

4.4.4 Forsendur

Í sérhverju samfélagi þróast menning sem skapar umgjörð um mannlíf viðkomandi staðar og mótast frá einni kynslóð til annarrar. Það er viðfangsefni stjórnvalda að skapa aðstöðu og aðbúnað þannig að einstaklingar og hópar geti iðkað og hlúð að menningu sinni og menningararfi. Í aðalskipulagi er það gert með því að tryggja landrými fyrir menningarstofnanir og atvinnulíf og móta stefnu um byggðamynstur, samgöngur og landnotkun.

Félagsstarf er öflugt í Fjarðabyggð. Flest félagasamtökin starfa í einum byggðarkjarna, en trúlegt er að það breytist með sameinuðu sveitarfélagi og bættum samgöngum. Með því að stækka starfsvæði eiga félagasamtök þess kost að efla starfsemi, fjölga virkum félögum og koma sér upp fullkomnari aðstöðu en ella væri hægt. Þó er einnig mikilvægt að íbúar hafi aðstöðu til félagsstarfs sem næst heimili sínu. Það getur virkað hvetjandi og hlúð að staðbundinni menningu þrátt fyrir að sveitarfélagsmörk hafi breyst.

Sveitarfélagið Fjarðabyggð leggur íbúum til ýmsa aðstöðu til félagsstarfs. Félagsmiðstöðvar og félagsheimili eru til að mynda starfrækt í flestum byggðarkjörnum. Að auki eiga og reka fjölmörg félög sitt eigið húsnæði.

Í Fjarðabyggð starfa listfélög af ýmsum toga, svo sem leikhópar og handverksfélög, auk tónlistarféлага. Skipulagt félagsstarf aldraða fer fram á öllum þéttbýlisstöðunum.

Í Fjarðabyggð hefur hlutfall íbúa af erlendum uppruna farið hækkandi á undanförunum árum og er nú (2007) um 32%, miðað við 6% á landinu öllu og 26% á Austurlandi. Mikill auður býr í nýjum íbúum, hvort sem það er fólk af

innlendum eða erlendum uppruna sem getur orðið innspýting í mannlíf, menningu og atvinnulíf. Til að vel takist til þarf að undirbúa komu nýrra íbúa af kostgæfni og horfa til þess sem vel hefur verið gert annarsstaðar. Árið 2006 gaf Samband sveitarfélaga á Austurlandi út rit um leiðir að fjölmennigarlegu samfélagi á Austurlandi. Í ritinu koma fram fjölmargar góðar ábendingar um það hvernig aðbúnaði og aðlögun fólks af erlendum uppruna skuli háttað. Meðal þess sem bent er á er að sveitarfélög móti sér stefnu og aðgerðaáætlun í málefnum innflytjenda, leiti leiða til að virkja þátttöku þeirra, bjóði upp á fjölbreytt námskeið í íslensku og stuðli að góðri upplýsingagjöf til allra íbúa.

Söfn og menningarstofnanir

Safnastofnun Fjarðabyggðar hefur yfirumsjón með rekstri safna í sveitarfélaginu. Alls starfa sjö söfn undir merkjum hennar. Á Norðfirði er Sjóminja- og smiðjusafn Jósafats Hinrikssonar, Tryggvasafn (málverkasafn Tryggva Ólafssonar), skjala- og myndasafn og náttúrugripasafn. Sjóminjasafn Austurlands og Myndasafn Eskifjarðar eru staðsett á Eskifirði. Íslenska stríðsárasafnið er á Reyðarfirði. Fyrir liggur að ákveða þarf hvernig búið verði að Sjóminjasafninu til frambúðar, þ.e hvort starfsemi þess verði að öllu leyti á Hlíðarenda við Randúlfsjóhús, eða hvort safnið verði áfram starfrækt á tveimur stöðum, þ.e. þar og í Gömlubúð í miðbæ Eskifjarðar.

Auk ofangreindra safna starfa nokkur einkarekin söfn í Fjarðabyggð. Meðal þeirra eru frímerkjasafn í Mjóafirði, steinasafn á Eskifirði, safnið „Fransmenn á Íslandi“ á Fáskrúðsfirði og Steinasafn Petru á Stöðvarfirði.

Bókasöfn eru starfrækt á öllum þéttbýlisstöðunum í Fjarðabyggð. Að undanskildu bókasafninu á Fáskrúðsfirði eru bókasöfnin staðsett í grunnskólum.

Á Eskifirði er starfrækt Kirkju- og menningarmiðstöð. Hún er ein fjögurra menningarmiðstöðva á Austurlandi og sérhæfir sig í tónlistarflutningi og sýningarhaldi. Þar er aðstaða til að halda margskonar menningarviðburði og hátíðir, sem byggja má á, ásamt öðrum söfnum og menningarstofnunum í Fjarðabyggð, til að efla ferðaþjónustu á svæðinu.

Kirkjur

Í Fjarðabyggð eru kirkjur í öllum þéttbýliskjörnum. Auk þess eru kirkjur í dreifbýli í Mjóafirði og Fáskrúðsfirði. Safnaðarheimili eru á Fáskrúðsfirði, Reyðarfirði og Norðfirði, auk kirkju- og menningarmiðstöðvarinnar á Eskifirði. Þá hefur verið sett á stofn katólskt klaustur og prestakall að Kollaleiru í Reyðarfirði.



27. mynd. Reyðarfjarðarkirkja.

4.5 Menningar- og búsetuminjar

4.5.1 Stefna – menningar- og búsetuminjar

Leitast skal við að vernda sögulegar minjar og gera þær lifandi og aðgengilegar almenningi.

Lokið verði við fornleifaskráningu fyrir allt sveitarfélagið, en þar til hún liggur fyrir verði fornleifar skráðar á einstökum svæðum við deiliskipulagsgerð þeirra.

Stuðlað verði að verndun bygginga, götumynda og hverfa sem hafa verndargildi út frá byggingarlistrænu, sögulegu eða umhverfislegu sjónarmiði.

4.5.2 Framfylgd stefnu

Stefna um menningar- og búsetuminjar er útfærð og einstökum landnotkunarákvæðum í 9. kafla, sjá sérstaklega ákvæði um þjóðminjaverndarsvæði og hverfisverndarsvæði, auk þess sem hún kann að vera útfærð í annarri stefnumörkun og áætlanagerð Fjarðabyggðar á hverjum tíma.

4.5.3 Umhverfismat

Í umhverfismati aðalskipulagsins er lagt mat á það hvort stefna aðalskipulagsins styðji eða gangi gegn stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun.

Stefna aðalskipulagsins um menningar- og búsetuminjar fellur vel að markmiðum „Velferðar til framtíðar“ um vöxt í ferðaþjónustu og útivist í sátt við náttúruna, en varðar óverulega önnur stefnumið hennar. Sjá nánar í viðauka 3.

4.5.4 Forsendur

Fornleifar

Fornleifar bera vitni um samfélag og búsetuhætti fyrir tíma en til þeirra teljast minjar sem eru 100 ára eða eldri sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, t.d. bæjarstæði, húsaleifar, sel, verstöðvar, mógrafir, gömul tún- og akurgerði, leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, gamlir vegir, ferjustaðir, vörður, vitar, greftrunarstaðir og staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð (sjá nánar 9. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001),

Verndun fornminja hefur þýðingu bæði fyrir menningartengda ferðaþjónustu og fyrir tengsl heimamanna við bakgrunn sinn. Skráning fornleifa er forsenda þess að hægt sé að nýta þennan menningararf til að kynna sögu og landslag svæðis. Fornleifaskráning er jafnframt nauðsynleg svo hægt sé að taka tillit til fornminja við skipulagsvinnu og til að koma í veg fyrir að minjum sé raskað við framkvæmdir að nauðsynjalausu.

Fornleifar hafa verið skráðar með formlegum hætti fyrir hluta Fjarðabyggðar: Safnastofnun Austurlands skráði fornleifar í Neskaupstað, Hellsfirði, Viðfirði og Suðurbæjum á árunum 1993-1995. Byggðasafn Skagfirðinga skráði fornleifar ofan Neskaupstaðar vegna umhverfismats snjóflóðavarna árið 2003 og í eða við þéttbýli á Eskifirði og Reyðarfirði árið 2004. Þjóðminjasafn Íslands skráði fornleifar í fyrrum Búðahreppi árið 2002 og Fornleifastofnun Íslands í Fáskrúðsfjarðarhreppi árið 2002. Fornleifar hafa ekki verið skráðar í Mjóafirði og Stöðvarfirði.

Á vegum hafnarstjórnar Fjarðabyggðar er unnið að skrá yfir bryggjur í Fjarðabyggð. Sú skrá getur orðið grundvöllur fyrir ákvarðanir um verndun gamalla bryggja.

Minjar í Fjarðabyggð eru almennt dæmigerðar fyrir austfirskar sveitir og sjávarbyggðir á 19. öld og fyrrihluta 20. aldar, þ.e.a.s. hefðbundnar búsetuminjar og ummerki um verslun, útgerð og sjósókn.

Eftirtaldir fornleifar í Fjarðabyggð eru friðlýstar og um þær gilda þau ákvæði sem fram koma í viðkomandi friðlýsingarskjöllum:

- **Fjörður** í Mjóafirði. Forn kirkjugarður, kringlóttur, í túninu, skammt austur frá bænum.
- **Skógar** í Mjóafirði. Fjárborg á Skógarnesi.
- **Berunes** í Fáskrúðsfirði. Forn bæjarrúst innarlega í landareigninni, upp af svonefndum Blettum, fast neðan við þjóðveginn.

Um fornleifar sem ekki eru sérstaklega friðlýstar gilda ákvæði þjóðminjalaga, sbr. IV. kafla laganna, en þar kemur m.a. fram að fornleifum má enginn, spilla, granda, breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins (sjá upplýsingar um þekktar fornleifar sem ekki hafa verið friðlýstar í ákvæðum 9. kafla um þjóðminjaverndarsvæði og viðauka 4).

Það sem helst kann að ógna þeim minjum sem skráðar hafa verið eru vega- og byggingaframkvæmdir og jarðrask vegna skógræktar eða annars búskapar. Við deiliskipulagsgerð og undirbúning framkvæmda á svæðum þar sem fornleifaskráning hefur ekki farið fram er því

mikilvægt að skrá minjar áður en gengið er frá skipulagi eða framkvæmdaáætlun svo unnt sé að taka tillit til þeirra.

Byggingararfur

Þéttbýlisstaðirnir í Fjarðabyggð eiga sér merka og langa byggingarsögu (sjá einnig kafla 8.2 um byggðarmynstur og bæjarmynd í þéttbýli).

Á Eskifirði er að finna heildstæða timburhúsabyggð frá fyrstu mótunarskeiðum bæjarins, en þar var snemma farið að byggja að hætti Norðmanna og Dana. Hörður Ágústsson vann húsakönnun á Eskifirði um 1977 sem enn er megingrundvöllur að stefnumörkun um húsvernd í bænum en einnig liggur fyrir skýrsla Náttúrustofu Austurlands um byggingarár húsa (sjá nánar kafla 9.3.13 um hverfisverndarsvæði í þéttbýli Eskifjarðar).

Eiginleg húsakönnun hefur ekki farið fram í Neskaupstað en í tengslum við hættumat vegna ofanflóða vann Veðurstofa Íslands skýrslu um byggingarár húsa sem unnt er að byggja á við stefnumörkun um húsvernd (sjá nánar kafla 9.2.13 um hverfisverndarsvæði í þéttbýli Norðfjarðar).

Sama á við um Fáskrúðsfjörð, þar liggur fyrir skýrsla Veðurstofu Íslands um byggingarár húsa (sjá nánar kafla 9.5.13 um hverfisverndarsvæði í þéttbýli Fáskrúðsfjarðar).

Á Reyðarfirði og Stöðvarfirði hafa ekki verið unnar sambærilegar skýrslur en upplýsingar um aldur húsa eru fáanlegar úr skrá Fasteignamats ríkisins (sjá nánar kafla 9.4.13 um hverfisverndarsvæði í þéttbýli Reyðarfjarðar og 9.6.12 um hverfisverndarsvæði í þéttbýli Stöðvarfjarðar).

Samkvæmt lögum um húsafriðun eru öll hús reist fyrir 1850 friðuð og allar kirkjur reistar fyrir 1918. Jafnframt ber eigendum húsa sem reist eru fyrir 1918 að leita álits húsafriðunarnefndar ríkisins ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa.

Í umfjöllun um þjóðminjaverndarsvæði 9. kafla er gerð grein fyrir friðlýstum húsum í Fjarðabyggð.



28. mynd. Sjóhús á Eskifirði.

4.6 Heilsa og öryggi

4.6.1 Stefna – heilsa og öryggi

Öryggi og heilbrigði íbúa og gesta í Fjarðabyggð verði tryggt eins og best er kostur með vandaðri heilbrigðisþjónustu, þjónustu við aldraða, löggæslu, sjúkraflutningum og brunavörnum.

Góðar samgöngur innan Fjarðabyggðar og til annarra byggðarlaga tryggja aðgengi að heilbrigðisþjónustu innan sveitarfélagsins og sérfræðiþjónustu sem sækja þarf út fyrir Fjarðabyggð.

Sem lið í stefnu Fjarðabyggðar um lýðheilsu og heilsueflingu mun sveitarfélagið vinna að því að auka vitund íbúa um mikilvægi hollrar næringar og stuðla að nægu framboði á hollri næringu. Jafnframt vill Fjarðabyggð stuðla að því að almenn andleg líðan íbúa Fjarðabyggðar verði sem best og að auka meðvitund um mikilvægi góðrar andlegrar líðunar og hvernig stuðla má að henni.

4.6.2 Framfylgd stefnu

Stefna um heilsu og öryggi er að hluta útfærð í einstökum landnotkunarákvæðum 9. kafla um stofnanasvæði, auk þess sem hún er útfærð í annarri stefnumörkun og áætlanagerð Fjarðabyggðar á hverjum tíma, s.s. um uppbyggingu heilbrigðisþjónustu og almenna heilsueflingu/lýðheilsu.

Varðandi stefnu aðalskipulagsins sem varðar heilsu og öryggi íbúa vísast einnig til kafla 3.3 þar sem sett er fram stefnu um varnir gegn náttúruvá.

4.6.3 Umhverfismat

Í umhverfismati aðalskipulagsins er lagt mat á það hvort stefna aðalskipulagsins styðji eða gangi gegn stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun.

Stefna aðalskipulagsins um heilsueflingu/lýðheilsu fellur vel að markmiðum „Velferðar til framtíðar“ um örugg matvæli og umhverfi án hættulegra efna, en varðar óverulega önnur stefnumið hennar. Sjá nánar í viðauka 3.

4.6.4 Forsendur

Gott aðgengi að og þjónusta á sviði heilbrigðis- og öldrunarmála og löggæslu og brunavarna eru meðal þeirra grunnþátta sem tryggja góð búsetuskilyrði á hverjum stað.

Í aðalskipulagi er staðsetning helstu þjónustustofnana á sviði heilsu og öryggis ákveðin, auk þess sem mörkuð er stefna um samgöngur og aðgengi íbúa að þeim.

Heilbrigðisþjónusta

Heilbrigðisstofnun Austurlands heldur utan um heilsugæslu og heilbrigðisþjónustu á öllu Austurlandi.

Alls eru sex þjónustustofnanir starfræktar í Fjarðabyggð á vegum Heilbrigðisstofnunar Austurlands - sjúkrahús á Norðfirði og heilsugæslustöðvar á öllum þéttbýlisstöðunum.

Á sjúkrahúsinu á Norðfirði eru nokkrar lækningadeildir ásamt ýmsum stoðdeildum, rannsóknarstofu og sjúkráþjálfun. Bættar samgöngur til Norðfjarðar geta skipt máli fyrir framtíðarþróun starfsemi sjúkrahússins.

Allar heilsugæslustöðvar í Fjarðabyggð eru staðsettar á hentugum stað og aðgengi að þeim er gott. Að heilsugæslustöðinni á Reyðarfirði undanskilinni anna þær alla núverandi eftirspurn, en til stendur að stækka heilsugæslustöðina á Reyðarfirði.

Í Fjarðabyggð starfa einnig sjálfstætt starfandi sérfræðingar á heilbrigðisviði, s.s. tannlæknar og sjúkráþjálfarar. Þá sérfræðiþjónustu sem ekki er í boði í Fjarðabyggð þurfa íbúar að sækja til höfuðborgarsvæðisins eða til Akureyrar. Góðar og öruggar samgöngur við höfuðborgarsvæðið og Norðurland eru því mikilvæg forsenda þess að íbúar í Fjarðabyggð búi við góða heilbrigðisþjónustu.

Þjónusta við aldraða

Í Fjarðabyggð er gott framboð af þjónustu við eldri borgara - leiguíbúðir, dvalar- og hjúkrunarrými, öflugt félagsstarf, heimaþjónusta og matsala. Þó er brýnt að fjölgandi hjúkrunarrýmum, sem myndi m.a. léttu álagi af sjúkrahúsinu á Norðfirði.

Í dag eru rekin dvalar- og hjúkrunarheimilið Hulduhlíð á Eskifirði og hjúkrunarheimilið Uppsalar í Fáskrúðsfirði, auk hjúkrunarrýmis fyrir aldraða við Sjúkrahúsið á Norðfirði. Þá eru íbúðir fyrir aldraða (félagslegt húsnæði og eignaríbúðir) á Norðfirði og Reyðarfirði. Tengt hjúkrunarheimilunum og íbúðum fyrir aldraða er rekið félags- og tómsundastarf fyrir aldraða. Á næstu árum má gera ráð fyrir frekari eftirspurn eftir íbúðum fyrir aldraða.

Löggæsla

Fjarðabyggð tilheyrir umdæmi sýslumannsins í Eskifirði. Lögregluumdæmið nær yfir svæðið frá Sveitarfélaginu Hornafirði í suðri, að Mjóafirði í norðri.

Tvær lögreglustöðvar eru starfræktar í Fjarðabyggð, önnur á Eskifirði og hin í Norðfirði. Að auki er lögregluvarðstofa á Fáskrúðsfirði.

Brunavarnir og sjúkraflutningar

Árið 2007 var stofnað atvinnuslökkvilið í Fjarðabyggð sem þjónar sveitarfélaginu öllu. Slökkviliðið hefur aðsetur á iðnaðarsvæðinu við Mjóeyrarhöfn í Reyðarfirði og er þar sólarhringsvakt. Að auki hefur slökkviliðið aðstöðu á Norðfirði, Eskifirði, Fáskrúðsfirði og Stöðvarfirði. Sjúkrabílar eru staðsettir á Norðfirði, Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði.

5 ATVINNA

Stefna - atvinna

Í Fjarðabyggð verði framsækið, öflugt og fjölbreytt atvinnulíf sem nýtir auðlindir svæðisins og styðst við góða grunngerð samfélagsins og aðlaðandi búsetukosti.


Lögð verði áhersla á allar megin atvinnugreinar, til að í boði verði störf fyrir sem flesta. Sérstök áhersla verði lögð á eflingu þekkingar og uppbyggingar í matvælaíðnaði og iðnaðar- og tæknigreinum ásamt náttúru- og menningartengdri ferðaþjónustu og flutningastarfsemi.

Stuðla skal að því að atvinnulíf í Fjarðabyggð verði til fyrirmyndar hvað snýrtímennsku og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda varðar.

Til þess að styðja við atvinnulífið verði vandað til skipulags, hönnunar og frágangs búsetuumhverfis. Unnið verði áfram að eflingu þjónustu og menningarstarfsemi. Vegasamgöngur og almenningsamgöngur verði bættar þannig að Fjarðabyggð öll verði eitt atvinnusvæði.

Í Fjarðabyggð eru ýmsar auðlindir bæði í umhverfi og samfélagi sem atvinnulífið byggist á. Bæirnir í Fjarðabyggð hafa á sér ímynd bæði einkaframtaks og samfélagsvitundar sem hafa skilað öflugum fyrirtækjum, mikilvægum samfélagsstofnunum, fjölbreytni í atvinnulífi og samheldnum samfélögum. Þessa samfélagsauðlind þarf að virkja áfram til hagsbóta fyrir Fjarðabyggð alla.

Viðfangsefni aðalskipulagsins er að tryggja rekstrarumhverfi fyrirtækja og gefa kost á þróun og vexti atvinnulífs með skipulagi atvinnusvæða, samgangna og byggðapróunar almennt.




29. mynd. Fjöldi starfandi í Fjarðabyggð 1998-2005, eftir atvinnugreinum. (Hagstofa Íslands 2007).

Þegar á heildina er lítið er það fjölbreytni í atvinnulífinu sem er einn af helstu styrkleikum sveitarfélagsins. Þannig er að finna ýmis konar störf í sjávarútvegi, iðnaði og þjónustu. Í sjávarútvegi eru margskonar veiðar og vinnsla, í iðnaði er stóriðja og ýmis konar smáíðnaður tengdur sjávarútvegi, matvælum og byggingum og í þjónustugeiranum eru stórar stofnanir á heilbrigðis- og menntasviði. Þessi breiði grunnur styrkir atvinnulífið og veitir möguleika til frekari þróunar á öllum sviðum. Vöxtur þjónustugreina á landsvísi, á Austurlandi í heild og í Fjarðabyggð undanfarin ár, bendir þó til að einkum muni skapast tækifæri í þróun þeirra.

Í Fjarðabyggð eru búsetugæði sem felast í öruggu og aðlaðandi umhverfi, góðum skólum og íþróttaaðstöðu, stuttum vegalengdum og fjölbreyttum möguleikum til útivistar. Allt skiptir þetta miklu máli til að laða að fólk og

fyrirtæki. Styrking þessara aðstæðna hefur því þýðingu fyrir þróun atvinnulífs. Sérstaklega þarf að bæta samgöngur til að hægt sé að nýta betur tækifærin sem liggja í þessum aðstæðum.

Fjallað er um atvinnumál í Fjarðabyggð í eftirfarandi undirköflum: **Sjávarútvegur, Iðnaður, Flutningar, Landbúnaður, Efnistaka og vinnsla, Verslun og þjónusta og Atvinnuhúsnæði** og sett fram stefna aðalskipulagsins um viðkomandi efni.



30. mynd. Atvinna – stefna um sjávarútveg, iðnað, flutninga, landbúnað, efnistöku og vinnslu, verslun og þjónustu og atvinnuhúsnæði.

5.1 Sjávarútvegur

5.1.1 Stefna - sjávarútvegur

Búið verði vel að sjávarútvegi með vel skipulögðum hafnarsvæðum, nægjanlegu rými fyrir frekari þróun vinnslu og umsvifa í landi og góðum samgöngum.

Unnið verði að því að starfsemi stærstu sjávarútvegsfyrirtækjanna geti þróast á eitt svæði í hverjum firði.

Gert verði ráð fyrir möguleikum á fiskeldi í öllum fjörðum Fjarðabyggðar.

Þess verði gætt að starfsemi sjávarútvegsfyrirtækja verði í sem bestri sátt við náttúru og samfélag og að fiskeldi valdi ekki verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum.

5.1.2 Framfylgd stefnu

Stefna um sjávarútveg er útfærð í einstökum landnotkunarákvæðum 9. kafla um iðnaðar- og hafnarsvæði, auk þess sem hún er útfærð í annarri stefnumörkun og áætlanagerð Fjarðabyggðar á hverjum tíma

5.1.3 Umhverfismat

Í umhverfismati aðalskipulagsins er lagt mat á það hvort stefna aðalskipulagsins styðji eða gangi gegn stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun.

Stefna aðalskipulagsins um sjávarútveg styður óbeint við markmið „Velferðar til framtíðar“ um örugg matvæli og fellur einnig að markmiðum „Velferðar til framtíðar“ um sjálfbæra nýtingu auðlinda.

5.1.4 Forsendur

Fiskveiðar og fiskvinnsla


Fjarðabyggð er í grennd við gjöful fiskimið, bæði uppsjávar- og botnfisktegunda, sem hafa verið undirstaða byggðar á svæðinu alla tíð. Hlutur Fjarðabyggðar í heildarafla og landvinnslu á landsvísi hefur verið hár og öflug og rótgróin sjávarútvegsfyrirtæki með fjölbreyttar veiðar og vinnslu hafa verið og eru styrkur sjávarútvegs bæjanna.

Fiskveiðar og fiskvinnsla vógu um 24% af öllum störfum í Fjarðabyggð árið 2005.

Á Norðfirði, Eskifirði og Fáskrúðsfirði eru stór útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki ráðandi, á meðan að smábátaútgerð einkennir Stöðvarfjörð og er burðarstólpi atvinnulífs þar.

Þrátt fyrir öflug sjávarútvegsfyrirtæki hefur störfum fækkað bæði í fiskveiðum og fiskvinnslu undanfarin ár, m.a. vegna aukinnar sjálfvirkni og minni landvinnslu. Samdráttur hefur líka verið í smábátaútgerð. Leita þarf leiða til að vega upp á móti þessari þróun. Helstu möguleikar í styrkingu sjávarútvegs eru taldir felast í nýsköpun, betri nýtingu afla og eldi sjávardýra. Aukin fjölbreytni í atvinnulífi hefur einnig hlutverki að gegna og er mikilvæg vegna árstíðabundinna sveifla í veiðum og vinnslu.

Áfram er gert ráð fyrir að sjávarútvegur geti verið einn af höfuðatvinnuvegum í Fjarðabyggð og á Austurlandi í heild og er m.a. unnið að því í Vaxtarsamningi Austurlands. Skipulag getur gegnt þar hlutverki með því að búa vel að sjávarútveginum, t.d. með nægjanlegu og hentugu landrými og hafnarsvæðum, góðum samgöngum og búsetuumhverfi sem laðar að vinnuafli.



31. mynd. Fjöldi starfandi í sjávarútvegi í Fjarðabyggð 1998-2005 (Hagstofa Íslands 2007).

Stóru sjávarútvegsfyrirtækin í Fjarðabyggð búa við góðar aðstæður hvað atvinnusvæði varðar en ef kemur til frekari umsvifa eða breytinga á starfsemi getur þurft stærra landsvæði. Þetta á við á Norðfirði, Eskifirði og Fáskrúðsfirði. Starfsemi Eskju á Eskifirði er nokkuð dreifð og talið ákjósanlegt að þjappa henni saman á hafnarsvæðinu í botni jarðarins. Sama á við um Síldarvinnsluna á Norðfirði. Mð því skapast einnig tækifæri til endurnýjunar á lykilsvæðum miðsvæðis sem henta betur fyrir þjónustustarfsemi og íbúðarbyggð.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar hefur lagt til við sjávarútvegsráðherra að fræðasetrið Búland á Norðfirði verði styrkt sem miðstöð sjávarútvegsþjónustu og hafrannsóknna á Austurlandi, í samvinnu við Fjarðabyggð og sjávarútvegsfyrirtæki. Þannig gæti uppsjávarsvið Hafrannsóknastofnunarinnar verið starfrækt í Neskaupstað

rannsóknir MATÍS í samvinnu við sjávarútvegsfyrirtækin verið eflidar og starfsemi Fiskistofu í Fjarðabyggð verið eflid. Jafnframt gæti komið til greina að gera hafrannsóknaskip út frá Fjarðabyggð.

Fiskeldi

Í fjörðum Fjarðabyggðar eru góðar aðstæður til fiskeldis sem bjóða upp á frekari möguleika en nú eru nýttir.

Laxeldi og þorskelldi hefur verið stundað í Mjóafirði um skeið, eldi á þorski og hlýra hefur verið á Norðfirði og þorskelldi í Stöðvarfirði. Auk þessarar starfsemi hafa verið metin umhverfisáhrif fiskeldis í Reyðarfirði, Eskifirði og Fáskrúðsfirði sem ekki hefur verið hafin. Starfsemin var ekki talin hafa veruleg neikvæð umhverfisáhrif. Ef af þessum áformum verður gæti störfum í Fjarðabyggð fjölgað talsvert.

Umtalsverð reynsla er af fiskeldi í Fjarðabyggð. Á þeim grunni og í tengslum við aðrar náttúrufarsrannsóknir í Búlandinu á Norðfirði er kjörið að sinna haf- og sjávarlífsrannsóknnum og þróunarstarfi í sjávarútvegi t.d. sjókvíaelði á botnfiski.

Náttúrulegar aðstæður sem henta vel til fiskeldis, þekking og reynsla heimamanna og möguleg jákvæð áhrif á atvinnulíf, mæla með því að í aðalskipulagi Fjarðabyggðar verði gert ráð fyrir vexti fiskeldis á svæðinu þó svo óvíst sé um umfang þess og þróun.

5.2 Iðnaður

5.2.1 Stefna - iðnaður

Leitast verði við að nýta þau tækifæri í atvinnuuppbyggingu sem felast í starfsemi álvers Fjarðaáls á Reyðarfirði, m.a. með því að skipuleggja svæði fyrir iðnaðar- og athafnastarsemi sem hefur hag af nálægð við álverið.

Afmörkun og staðsetning iðnaðarsvæða taki mið af þörfum atvinnulífsins og sjónarmiða um fallega bæjarmynd og lifandi miðbæi.

Gert verði ráð fyrir svæðum fyrir matvælaíðnað í tengslum við sjávarútveg, landbúnað og skotveiði.

Lögð verði áhersla á að umgengni á iðnaðarsvæðum og yfirbragð þeirra verði vandað.


5.2.2 Framfylgd stefnu

Stefna um iðnað er útfærð í einstökum landnotkunarákvæðum 9. kafla um iðnaðarsvæði.

5.2.3 Umhverfismat

Í umhverfismati aðalskipulagsins er lagt mat á það hvort stefna aðalskipulagsins styðji eða gangi gegn stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun.

Stefna aðalskipulagsins um eflingu matvælaíðnaðar tengdum náttúru og auðlindum svæðisins fellur að markmiðum „Velferðar til framtíðar“ um örugg matvæli, en að öðru leyti varðar stefna aðalskipulagsins um iðnað stefnumið „Velferðar til framtíðar“ óverulega. Sjá nánar í viðauka 3.



32. mynd. Fjöldi starfandi í iðnaði í Fjarðabyggð 1998-2005 (Hagstofa Íslands 2007).

Forsendur

Í Fjarðabyggð er stóriðja og ýmis konar smáiðnaður tengdur sjávarútvegi, matvælum og byggingum. Störf í iðnaði, ef frá er talin fiskvinnsla, voru tæp 17% af heildarfjölda starfa árið 2005. Flest þessara starfa eru í „gömlu Fjarðabyggð“. Þetta hlutfall verður talsvert hærra þegar álver Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði hefur tekið að fullu til starfa.

Áætlað er að álverið skapi um 400 störf með beinum hætti og 150 störf með óbeinum hætti. Búið er við að afleiddu störfunni muni fyrst og fremst skapast á Reyðarfirði og Egilsstöðum. Gert hefur verið ráð fyrir að vinnusókn þessara starfa nái til um 50 km fjarlægðar. Þannig muni fólk úr allri Fjarðabyggð og af Héraði sækja í þau. Það er hinsvegar háð bættum samgöngum á svæðinu, bæði vegasamgöngum og almenningssamgöngum.

5.3 Flutningar

Vöxtur iðnaðarstarfsemi í Fjarðabyggð getur tengst álveri á Reyðarfirði. Einnig kunna að verða möguleikar á frekari matvælaíðnaði í tengslum við fiskveiðar, fiskeldi og skotveiðar. Þannig er í Vaxtarsamningi Austurlands gerð tillaga um að möguleikar á frekari þróun afurða úr mjóli og lýsi verði skoðaðir og að þjónusta við hreindýraveiðimenn verði í boði með sláturhúsi, kjötverkun og frystigeymslu. Aðalskipulag getur tryggt svigrúm fyrir slíka starfsemi.

Í Fjarðabyggð eru nokkur svæði þar sem hefur verið ýmist grófur eða léttur iðnaður sem búast má við að leggist af eða færast á önnur svæði. Sem dæmi má nefna slípps- og ferðarþjónustu á Norðfirði og hafnarsvæðið á Reyðarfirði en einnig strandlengju Norðfjarðar, Eskifjarðar og Fáskrúðsfjarðar sem áður var helsti vettvangur atvinnulífs þessara bæja. Landnotkun á þessum svæðum hefur verið að breytast og má vænta að sú þróun haldi áfram. Í þessum svæðum liggja tækifæri fyrir uppbyggingu annarrar atvinnustarfsemi, t.d. þjónustustarfsemi, og jafnvel íbúða. Á Haga, austan byggðar á Reyðarfirði, þar sem var vinnubúðasvæði á byggingartíma álversins, getur einnig verið tækifæri til uppbyggingar, t.d. fyrir atvinnustarfsemi.

Uppbygging Mjóeyrarhafnar á Reyðarfirði gefur kost á að þar vaxi iðnaður og athafnastarfsemi tengd starfsemi álversins, flutningastarfsemi og höfn. Þegar er fyrir séð að tilefni er til að eiga kost á stækkun svæðisins til vesturs, til að skapa frekara rými fyrir iðnaðar- og hafnarstarfsemi.

5.3.1 Stefna - flutningar

Í Fjarðabyggð verði öflugt net fiski- og flutningshafna sem styðja blómlegt atvinnulíf og nýsköpun, jafnt í sjávarútvegi, iðnaði og ferðaþjónustu.

Mjóeyrarhöfn verði aðal flutningahöfn á Austurlandi og miðstöð þjónustu tengdri flutningum á sjó og landi. Tryggðar verði góðar og öruggar vegasamgöngur á landi við Mjóeyrarhöfn, bæði innan Fjarðabyggðar og við Þjóðvegakerfið, til að styrkja hlutverk og þjónustu Mjóeyrarhafnar sem flutningahafnar.

Megin olíubirgðastöðvar í Fjarðabyggð verði við Mjóeyrarhöfn og á Eskifirði.

Skoðaðir verði kostir á staðsetningu stórrar alþjóðlegrar umskipunarhafnar í Fjarðabyggð. Lagt verði mat á mögulegar staðsetningar innan sveitarfélagsins, kosti og galla þeirra og áhrif á efnahag, umhverfi og samfélag.

5.3.2 Framfylgd stefnu

Stefna um flutninga er útfærð í einstökum landnotkunarákvæðum 9. kafla um samgöngur og hafnarsvæði, auk þess sem hún er útfærð í annarri stefnumörkun og áætlanagerð Fjarðabyggðar á hverjum tíma


5.3.3 Umhverfismat

Í umhverfismati aðalskipulagsins er lagt mat á það hvort stefna aðalskipulagsins styðji eða gangi gegn stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun.

Stefna aðalskipulagsins um flutninga getur leitt til aukinnar umferðar flutningaskipa og flutningabifreiða. Því er mikilvægt að unnið sé að því að bæta orkunýtingu og finna nýja orkugjafa fyrir skip og bifreiðar, til að draga úr áhrifum flutninga á loftslagsbreytingar og styðja þar með markmið „Velferðar til framtíðar“ um sjálfbæra nýtingu auðlinda og hnattræn viðfangsefni. Sjá nánar í viðauka 3.

5.3.4 Forsendur

Fjöldi starfandi í samgöngum og flutningum í Fjarðabyggð voru á bilinu 110-150 á árunum 1998-2005. Árið 2005 voru það um 5% af heildarfjölda starfandi.



33. mynd. Fjöldi starfandi í samgöngum og flutningum í Fjarðabyggð 1998-2005 (Hagstofa Íslands 2007).

Vöruflutningar

Hafnaraðstaða í Fjarðabyggð er víðast hvar með ágætum, sem auk nálægðar við Evrópu og legu landsins í miðju Atlantshafi gerir Fjarðabyggðarhafnir að vænlegum kosti fyrir flutninga á ferskum fiski og fiskafurðum og almennan inn- og útflutning.

Meginaðstaða sjóflutninga hefur verið á Eskifirði og Reyðarfirði, en mun flytjast á Mjóeyrarhöfn á Reyðarfirði, sem verður meginflutningahöfn á Austurlandi. Auk uppbyggingar á hafnarsvæðinu sjálfu við Mjóeyri er uppbygging og endurnýjun vegakerfis og tryggar og góðar landsamgöngur frá höfninni um Fjarðabyggð og áfram eftir þjóðvegakerfi landsins mikilvæg forsenda fyrir rekstri og vexti Mjóeyrarhafnar.

Nokkuð hefur verið rætt um hugsanlega möguleika á stórrí umskipunarhöfn hér á landi ef siglingaleið opnast um Norður-Íshafið fyrir alþjóðlega sjóflutninga á milli Norður-Atlantshafs og Kyrrahafs. Staðarval umskipunarhafna ræðst auk legu gagnvart fjölförnum flutningaleiðum einnig af dýpt og vídd hafnar, aðsiglingu, afkastagetu, skjóli fyrir sjógangi og vindi, landrými fyrir gámapöllum ásamt möguleika á stækkun svæðis og nýjum viðleguköntum til að mæta flutningsaukningu í framtíðinni. Aðgangur að þjónustu, vinnuafli, raforku og vatni skiptir líka máli, sem og eldsneyti, en góð olíubirgðastöð er ein af grunnförsendunum. Nálægð við alþjóðaflugvöll er einnig mikilvæg. Hafnir í djúpum fjörðum Austurlands, í Eyjafirði og Hvalfirði eru taldar uppfylla mörg þessi skilyrði og Ísland er talið standa vel að vígi í samanburði við aðra staðsetningarkosti fyrir umskipun á Norður-Atlantshafi. Ástæða er til að skoða hvort sóknarfæri liggja í því fyrir

Fjarðabyggð að bjóða upp á aðstöðu fyrir slíka flutningastarfsemi, en hún krefst mikils landrýmis. Skoða þarf mögulega staði, kosti og galla þeirra og og hugsanleg áhrif á efnahag, umhverfi og samfélag.

Meginaðstaða fyrir olíuflutninga og birgðahald olíu er nú á Eskifirði og Reyðarfirði. Aðstaðan á Eskifirði er nýleg, en birgðastöðin á Reyðarfirði er talin ófullnægjandi til framtíðar.

Nálægð Fjarðabyggðar við Egilsstaðaflugvöll, sem innanlandsflugvallar og alþjóðaflugvallar, er styrkur fyrir Fjarðabyggð m.t.t. tækifæra tengdum auknum skipaflutningum, en einnig t.d. varðandi mögulegan útflutning á ferskum fiski, samvinnu fyrirtækja við fyrirtæki erlendis.

Fólksflutningar

Fjarðabyggð hefur til þessa ekki verið reglulegur viðkomustaður skemmtiferðaskipa, en fyrirbyggjandi hafnaraðstaða gefur hinsvegar kost á því að markaðssetja sveitarfélagið fyrir skemmtiferðaskip. Í því geta falist sóknarfæri fyrir ferðabjónustu og aðra þjónustustarfsemi á svæðinu. Í aðalskipulagi er ástæða til að hafa þennan möguleika í huga við skipulag mið- og hafnarsvæða.

Flugsamgöngur um Egilsstaðaflugvöll gegna mikilvægu hlutverki fyrir íbúa og atvinnulíf í Fjarðabyggð. Fjallað er um flugsamgöngur og aðrar almenningssamgöngur í 6. kafla.

5.4 Landbúnaður

5.4.1 Stefna - landbúnaður

Möguleikar til áframhaldandi búskapar og matvælaframleiðslu í sveitarfélaginu verði tryggðir með varðveislu góðs landbúnaðarlands.

Settar verði reglur um beitarhólf og beitarfriðun út frá nýtingarþoli náttúrunnar.

Öll mannvirkjagerð og skógrækt á landbúnaðarsvæðum taki tillit til búsetulandslags og náttúru- og menningarminja einsog kostur er og forðast verði að skerða berjalönd, votlendi og mikilvæg sjónarhorn til kenileita eða fjalla.

5.4.2 Framfylgd stefnu

Stefna um landbúnað er útfærð í landnotkunarákvæðum 9. kafla um landbúnaðarsvæði (sjá kafla 9.1.12), en jafnframt gilda eftirfarandi reglur um veitingu bygginga- og framkvæmdaleyfa á landbúnaðarsvæðum:

Almennt skulu byggingar- og framkvæmdaleyfi til húsbýgginga og annarrar mannvirkjagerðar á landbúnaðarsvæðum veitt á grundvelli deiliskipulags. Í deiliskipulagi á landbúnaðarsvæðum (eða í framkvæmdaleyfisgögnum, ef framkvæmdir kalla ekki á gerð deiliskipulags) skal koma fram hvort innan skipulags-/framkvæmdasvæðis eru fornleifar, aflagðir urðunarstaðir eða jarðmyndanir eða vistkerfi sem njóta verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd. Ný byggð og önnur mannvirki á landbúnaðarsvæðum skulu staðsett og hönnuð þannig að þau falli vel að landslagi og þeirri byggð sem fyrir er. Leitast skal við að nýta fyrirbyggjandi vegi og veltengingar

og raska ekki að nauðsynjalausu óspilltum svæðum með mannvirkjagerð

Skógræktarframkvæmdir sem eru 200 ha eða stærra eða taka yfir svæði sem njóta verndar (sjá náttúruverndar-, vatnsverndar- og hverfisverndarsvæði í kafla 9.1) eru háðar framkvæmdaleyfi Fjarðabyggðar. Slíkar framkvæmdir eru jafnframt tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum, til ákvörðunar um hvort þær skuli háðar mati á umhverfisáhrifum. Um gögn vegna framkvæmdaleyfissóknar fer skv. 9. kafla skipulagsreglugerðar. Í þeim skal m.a. koma fram hvort innan skógræktarsvæðis eru fornleifar, aflagðir urðunarstaðir eða jarðmyndanir eða vistkerfi sem njóta verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd. Jafnframt þarf að gæta þess að gögn uppfylli kröfur laga um mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfis- og skipulagsnefnd skal kynna umsóknir um framkvæmdaleyfi til skógræktar fyrir forsvarsaðilum aðliggjandi landa ef hún telur að þeir hafi hagsmuna að gæta varðandi framkvæmdirnar.

Skógræktarframkvæmdir á skógræktarsvæðum sem eru minni en 200 ha og ná ekki til verndarsvæða skulu tilkynntar til Fjarðabyggðar með upplýsingum um staðsetningu og stærð svæðis og ræktunaráform.

Við staðsetningu og afmörkun skógræktarsvæða og ákvörðun um tegundasamsetningu og ræktunaraðferðir skal ávallt taka tillit til stefnu aðalskipulagsins um varðveislu landbúnaðarlands, búsetulandslags, votlendis og birkiskóga. Þá skal sérstaklega gætt að því að skógræktarsvæði hindri ekki för með ströndum og bökkum vatnsfalla og stöðuvatna og að þau liggi ekki svo nærri

vegum og raflínum að þau þrengi að helgunarsvæðum þeirra.

5.4.3 Umhverfismat

Í umhverfismati aðalskipulagsins er lagt mat á það hvort stefna aðalskipulagsins styðji eða gangi gegn stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun.

Stefna aðalskipulagsins um landbúnað fellur vel að markmiðum „Velferðar til framtíðar“. Sjá nánar í viðauka 3.

5.4.4 Forsendur

Störf í landbúnaði í Fjarðabyggð eru innan við 1% af heildarfjölda starfa í sveitarfélaginu. Einungis er eitt kúabú í sveitarfélaginu og er það í Norðfirði. Sauðfjárbúskapur er á tæplega 20 býlum. Búskapur með skepnur er stundaður sem aukabúgrein eða frístundabúskapur á nokkrum bæjum. Búseta í dreifbýli tengd búskap dreifist nokkuð jafnt um sveitarfélagið, en mest er hún þó í Norðfirði og Fáskrúðsfirði.

Þrátt fyrir að landbúnaður vegi ekki þungt sem atvinnugrein í Fjarðabyggð, er ástæða til að í aðalskipulagi sé gætt að varðveislu góðs landbúnaðarlands til að skerða ekki framtíðarmöguleika á matvælaframleiðslu í héraði og halda í gildi þess vegna sögu og ásýndar.

Þróun nýrra aukabúgreina, s.s. skógræktar og ferðaþjónustu, getur verið liður í að viðhalda byggð í dreifbýli sveitarfélagsins.

5.5 Efnistaka og vinnsla

5.5.1 Stefna - efnistaka

Öll efnistaka og vinnsla fari fram með skipulegum hætti í samræmi við leyfi þar um. Efnisnám valdi ekki neikvæðum áhrifum á lífríki, náttúru- og menningarminjar, landslag og útivistarsvæði. Efnisnámur skulu skynsamlega nýttar í samræmi við hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.

5.5.2 Framfylgd stefnu

Stefna um efnistöku er útfærð í einstökum landnotkunarákvæðum 9. kafla um efnistökusvæði, en jafnframt gilda eftirfarandi reglur um veitingu bygginga- og framkvæmdaleyfa fyrir efnistöku:

Efnistaka getur farið fram á svæðum sem skilgreind eru sem efnistökusvæði í aðalskipulaginu. Jafnframt er unnt að óska leyfis til efnistöku úr árfarvegum og úr sjó (innan netlaga), án þess að þau svæði hafi verið auðkennd sem efnistökusvæði í aðalskipulaginu. Það getur átt við um alla árfarvegi og sjó (innan netlaga) þar sem uppfyllt eru skilyrði til framkvæmdaleyfis sem tilgreind eru hér að aftan og ekki gilda um sérstakar takmarkanir skv. aðalskipulaginu, s.s. vegna verndunar.

Öll efnistaka (nema minniháttar efnistaka landeiganda til eigin nota) er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar og skal liggja fyrir áætlun um efnistöku þegar framkvæmdaleyfi er gefið út, sbr. ákvæði náttúruverndarlaga. Einnig er efnistaka eftir atvikum háð ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og þarf þá að meta umhverfisáhrif hennar áður en hægt er að veita framkvæmdaleyfi.

Auk beinnar efnistöku getur við tiltekna stærri framkvæmdir þurft að haugsetja efni tímabundið eða varanlega. Þetta á t.d. við fyrirhugaðar framkvæmdir við

Norðfjarðargöng. Aðalskipulagið skilgreinir ekki sérstök haugsetningarsvæði, heldur er gengið út frá að slíkt sé ákveðið í deiliskipulagi og/eða framkvæmdaleyfum fyrir viðkomandi svæði og framkvæmdir.

Í umsókn um framkvæmdaleyfi til efnistöku skal ávallt gera grein fyrir allri efnistöku (flatarmáli og rúmmáli) sem til greina kemur af hálfu umsækjanda á viðkomandi svæði til næstu tveggja ára hið skemmsta.

Efnistökuframkvæmdir eru eftir atvikum matsskyldar eða tilkynningarskyldar skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum, háð stærð svæða og umfangi efnistöku. Í aðalskipulagi þessu er gengið út frá að mat á stærð og umfangi efnistökuframkvæmda í því tilliti miði við stærð svæðis og umfang efnistöku eins og hún er á hverju tíma skilgreind í framkvæmdaleyfisumsókn um a.m.k. tveggja ára efnistökuframkvæmd.

Almennt er ekki gert ráð fyrir að efnistaka kalli á gerð deiliskipulags, heldur sé unnt að gera fullnægjandi grein fyrir efnistökuframkvæmdum í framkvæmdaleyfisgögnum á grundvelli aðalskipulags. Umhverfis- og skipulagsnefnd skal ávallt kynna umsóknir um framkvæmdaleyfi til efnistöku úr árfarvegum og sjó (þ.e. á svæðum sem ekki eru sérstaklega auðkennd sem efnistökusvæði í aðalskipulaginu) fyrir forsvarsaðilum aðliggjandi landa og veiðifélagi viðkomandi ár. Slíkar framkvæmdir skulu jafnframt kynntar fyrir lax- og sílungsveiðisviði Fiskistofu og Umhverfisstofnun og öðrum þeim aðilum sem telja má að hagsmuna eigi að gæta vegna slíkra umsókna.

Í framkvæmdaleyfisumsókn vegna efnistöku skal gera grein fyrir stærð og staðsetningu efnistökusvæðis og aðkomu að því og hvað til greina kemur að taka mikið efni á svæðinu horft til a.m.k. tveggja ára. Jafnframt skal greina frá landslagi og gróðri á svæðinu og hvernig fyrirhugað er að standa að framkvæmdum (s.s. um lagersvæði efnis) og frágangi (s.s. landmótun og sáningu) á meðan á vinnslu stendur og eftir að vinnslu lýkur. Við upphaf efnistöku skal ganga frá gróðri og efsta hluta jarðvegs námasvæðis á þann hátt að auðvelt verði að jafna honum aftur yfir efnistökusvæði. Að loknum vinnslutíma skal ganga snyrtilega frá efnistökusvæði þannig að sem best falli að umhverfi. Ef stærð/umfang efnistöku er yfir þeim mörkum sem skilgreind eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum þarf að gæta þess að gögn uppfylli einnig kröfur þeirra laga.

Fjarðabyggð veitir framkvæmdaleyfi til efnistöku og annast eftirlit með framfylgd þeirra í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga.

5.5.3 Umhverfismat

Í umhverfismati aðalskipulagsins er lagt mat á það hvort stefna aðalskipulagsins styðji eða gangi gegn stefnu Íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun.

Reglum aðalskipulagsins um efnistöku er ætlað að styðja við þau markmið sem sett eru fram í „Velferð til framtíðar“ um heilnæmt og öruggt umhverfi og verndun náttúru Íslands og líffræðilegrar fjölbreytni. Sjá nánar í viðauka 3.

5.5.4 Forsendur

Efnistaka er ófrávikjanlegur hluti allrar mannvirkjagerðar. Jarðefni eru því mikilvæg auðlind sem getur verið grundvöllur að sjálfstæðum atvinnurekstri eða verið aukabúgrein á bújörðum. En efnistaka getur einnig haft afgerandi áhrif á náttúru og ásýnd lands og því er mikilvægt að hún sé skipulögð og að vel sé að henni staðið.

Í gegnum tíðina hefur umgengni um efnistöku staði ekki alltaf verið sem skyldi. Efni hefur verið tekið nær tilviljanakennt víðsvegar án þess að hirt hafi verið nægilega um umgengni á meðan á efnisvinnslu stendur eða frágang svæða að efnistöku lokinni. Á síðustu árum hefur orðið mikil breyting til batnaðar í þessum efnis og jafnframt hefur lagarammi um heimildir til efnistöku verið endurskoðaður þannig að nú er umgjörð efnistökuframkvæmda orðin skýr hvað varðar mat á umhverfisáhrifum og framkvæmdaleyfis skyldu.

Í Fjarðabyggð hefur verið mikill fjöldi efnisnáma víðsvegar í sveitarfélaginu. Vinna þarf að því að beina efnistöku á færri staði og vinna að frágangi og lokun margra þeirra efnistöku staða sem nýttir hafa verið undangengin ár.

Um efnistöku úr árfarvegum gilda að ákveðnu leyti önnur viðmið heldur en um aðra efnistöku, þar sem auðlindin endurnýjast með framburði ána. Þar þarf sérstaklega að huga að því efnistaka gangi ekki of nærri vistkerfi árinna og hafi ekki óæskileg áhrif á rennsli hennar (m.a. m.t.t. landbrots), en áhrif á landslag eru ekki sambærileg við það sem gerist við efnistöku á landi. Að vissu leyti gildir það sama um efnistöku úr sjó.

5.6 Verslun og þjónusta

5.6.1 Stefna – verslun og þjónusta

Unnið verði að eflingu þjónustugreina í Fjarðabyggð, einkum tengdum fræðslustarfsemi, heilbrigðisþjónustu og ferðapjónustu.

Miðbær Reyðarfjarðar verði aðalþjónustukjarni sveitarfélagsins. Hann verði byggður upp sem þéttur og vandaður kjarni verslana, þjónustu og íbúða í nánum tengslum við höfn. Þar verði miðstöð stjórnsýslu sveitarfélagsins.

Auk miðbæjar Reyðarfjarðar verði miðbær allra byggðarkjarnanna skilgreindir og skipulag bæjanna útfært með þeim hætti að þeir geti sem best þróast og dafnað sem vettvangur dagvöruverslana og annarrar nærþjónustu við íbúa á hverjum stað.

Tiltæk verði aðlaðandi atvinnusvæði fyrir skrifstofuhúsnæði og fjarskipti verði eflað, til þess að bæta skilyrði fyrir vöxt sérfræðiþjónustu.

Unnið verði að eflingu ferðapjónustu í Fjarðabyggð, varðandi gistingu- og veitingar og afþreyingu tengda náttúru og menningu. Grundvöllur ferðapjónustunnar verði styrktur með því að varðveita gæði náttúru og menningarlandslags.

5.6.2 Framfylgd stefnu

Stefna um verslun og þjónustu er útfærð í einstökum landnotkunarákvæðum 9. kafla um miðsvæði og verslunar- og þjónustusvæði, auk þess sem hún er útfærð í annarri stefnumörkun og áætlanagerð Fjarðabyggðar á hverjum tíma

5.6.3 Umhverfismat

Í umhverfismati aðalskipulagsins er lagt mat á það hvort stefna aðalskipulagsins styðji eða gangi gegn stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun.

Stefna aðalskipulagsins um verslun og þjónustu varðar óverulega markmið „Velferðar til framtíðar“ nema helst hvað varðar samræmi í stefnu um ferðapjónustu byggðri á náttúru og menningu svæðisins. Sjá nánar í viðauka 3.


5.6.4 Forsendur

Megindrættir í þróun þjónustugreina

Hlutfurð þjónustugreina af heildarfjölda starfa í Fjarðabyggð árið 2005 var um 59% sem er talsvert hærra en fyrri ár vegna mikillar aukningar í fasteigna- og viðskiptaþjónustu, en mikil aukning í þeirri þjónustu á milli árunna 2004-2005 gefur þó tilefni til að álykta að einhver skekkja sé í tölunum frá Hagstofu Íslands. Vægi heilbrigðis- og félagsþjónustu er talsvert mikið og hefur verið vaxandi undanfarin áratug, en á sama tíma hefur dregið verulega úr verslun og viðgerðapjónustu.

Áhrif álvers Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði á atvinnustarfsemi á Mið-Austurlandi eru ekki síst talin verða á þjónustugreinar, s.s. vegna kaupa á vörum og þjónustu. Reiknað er með að slík áhrif verði fyrst og fremst á Egilsstöðum og á Reyðarfirði og þarf skipulag Reyðarfjarðar að taka tillit til þess.

Líklegt er að tækifæri muni skapast í þróun þjónustugreina ef miðað er við þróun á landsvísu. Sér í lagi er ástæða til að horfa til ferðapjónustu og mennta- og rannsóknarstarfs og endurspegla áherslur Vaxtarsamnings Austurlands það. Einnig er eðlilegt að horfa til möguleika í vexti sérfræðiþjónustu og stuðningsþjónustu við hana, t.d. með fjarvinnslu en hún kallar á bætt fjarskipti.



34. mynd. Fjöldi starfa í verslun og þjónustu í Fjarðabyggð 1998-2005 (Hagstofa Íslands 2007).

Fræðsla, heilbrigðisþjónusta og opinber stjórnsýsla

Heilbrigðis- og félagsþjónusta, fræðslustarfsemi og opinber stjórnsýsla vóg um 22% af heildarfjölda starfa í Fjarðabyggð árið 2005. Tvær fyrrnefndu greinarnar hafa vaxið sl. áratug. Miklu munar um stórar stofnanir eins og sjúkrahúsið og Verkmenntaskólann á Norðfirði en þessar stofnanir styrkja mjög atvinnugrunn Fjarðabyggðar og geta verið grundvöllur að frekari þróun atvinnutækifæra á heilbrigðis- og fræðslusviði.

Möguleikar á frekari fjölgun starfa á fræðslusviði geta legið í tengslum við sjávarútveg þar sem sérþekking er nú þegar fyrir hendi, sem og í iðnaðar- og tækni greinum þar sem sérþekking mun þróast í tengslum við starfsemi álvers. Hægt er að beina uppbyggingu menntunar, rannsókna og þróunar inn á þessar greinar. Verkmenntaskólinn og rannsóknar- og þróunarsetrið Búland á Norðfirði geta

virkað sem undirstaða slíkrar uppbyggingar á Norðfirði, en forsenda frekari uppbyggingar á þessum sviðum þar, er að samgöngur og fjarskipti við Norðfjörð batni verulega. Á móti má einnig sjá Reyðarfjörð, sem megin þjónustukjarna Fjarðabyggðar og vettvang starfsemi Alcoa Fjarðaáls, sem þann stað sem æskilegt sé að beina uppbyggingu menntunar, rannsóknna og þróunar.

Verslun, viðskipti og sérfræðipjónusta

Störfum í verslun og viðgerðapjónustu fækkaði hratt í lok síðustu aldar, en á síðustu árum hefur orðið fjölgun og er þetta næst stærsti þjónustugeirinn á eftir heilbrigðis- og félagsþjónustu. Einhver hluti fjölgunarinnar tengist byggingu álvers og eftir á að koma í ljós hve mörg störf verða til frambúðar. Rekstur verslana á minni stöðum eins og Stöðvarfirði og Fáskrúðsfirði hefur gengið erfiðlega og má búast við að með bættum samgöngum þjappist verslun meira saman á einn stað og að fyrst og fremst verði matvara og önnur dagvara á minni stöðunum. Nú þegar hefur Reyðarfjörður ákveðið forskot í verslun vegna þess verslunarkjarna sem þar hefur verið að byggjast upp á síðustu árum og vegna legu sinnar miðsvæðis í sveitarfélaginu og við samgönguleið til nágrennasveitarfélaga. Breytingar á veltengingu upp á Hérað, s.s. með jarðgöngum, kunna að hafa áhrif á þessa markaðsstöðu. Uppbygging aðlaðandi og áhugaverðs miðbæjar á Reyðarfirði sem hefur sérstöðu á Austurlandi mun skipta máli í að styrkja verslun í Fjarðabyggð til framtíðar.

Ferðapjónusta

Náttúra Fjarðabyggðar með fjöllum, fjörðum, eyðibygðum, berjalöndum, hreindýrum, fuglum og fiski og önnur útivistaraðstaða skapa aðlaðandi búsetuumhverfi og tækifæri til eflingar náttúrutengdrar ferðapjónustu, s.s. gönguferða, skíðaferða, golfferða, skemmtisiglinga, stangveiði og skotveiði.

Skipulag getur stutt við nýtingu þessara tækifæra með því að afmarka svæði til mismunandi nýtingar eða skilgreina takmarkanir á landnotkun og uppbyggingu sem miða að því að vernda þessar auðlindir. Fjallað er um verndun náttúru- og menningarminja og byggðamynstur í 3., 4. og 8. kafla.

Byggðir Fjarðabyggðar eiga sér merka sögu, sbr. t.d. franska arfleifð Fáskrúðsfjarðar, stríðsminjar á Reyðarfirði og verslunarsögu Eskifjarðar. Þessi arfleifð hefur þegar verið nýtt að einhverju leyti með uppbyggingu safna og skipulagningu uppákoma sem laða að ferðamenn. Frekari uppbygging safnakosts, viðhald og vernd gömlu byggðarinnar og annarra minja getur verið liður í að styðja við menningartengda ferðapjónustu.

Vegabætur, ferðir Norrænu til Seyðisfjarðar, hugsanlegar alþjóðlegar flugsamgöngur til Egilsstaða og hugsanlegar farþegasiglingar til hafna Fjarðabyggðar styðja enn frekar við möguleika í þróun ferðapjónustu.

Uppbygging annarrar atvinnustarfsemi getur einnig skapað tækifæri í ferðapjónustu. Þannig mun t.d. vera gert ráð fyrir að álver Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði verði nýtt til kennslu starfsmanna úr öðrum álverum Alcoa, auk annarra

funda og heimsóknna fólks tengdum álverinu, sem kalla á framboð gisti- og veitingapjónustu.

Til þess að laða að ferðamenn þarf auk kynningar á þeim gæðum sem búa í náttúru og menningu svæðisins að hafa að bjóða veitingasölu og gistirými sem svara þörfum ferðafólks.



35. mynd. Safnið Fransmenn á Íslandi, Fáskrúðsfirði.

5.7 Atvinnuhúsnæði

5.7.1 Stefna - atvinnuhúsnæði

Deiliskipulagsskilmálar fyrir atvinnuhúsnæði miði að gæðum húsnæðis og vönduðu yfirbragði byggðar.

Við skipulag byggðar og hönnun bygginga verði þess gætt að starfsemi geti þróast og breyst og hús og svæði nýst til annarra nota en upphaflega var áætlað. Þannig sé stuðlað að sveigjanleika og lífvænleika byggðarinnar.

5.7.2 Framfylgd stefnu

Stefna um atvinnuhúsnæði er útfærð í stefnu 8. kafla um byggðamynstur og í einstökum landnotkunarákvæðum 9. kafla um atvinnusvæði.

5.7.3 Umhverfismat

Í umhverfismati aðalskipulagsins er lagt mat á það hvort stefna aðalskipulagsins styðji eða gangi gegn stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun.

Stefna aðalskipulagsins um atvinnuhúsnæði varðar óverulega markmið „Velferðar til framtíðar“ nema helst hvað varðar samræmi í stefnu um gæði og sveigjanleika húsnæðis við markmið „Velferðar til framtíðar“ um sjálfbæra nýtingu auðlinda. Sjá nánar í viðauka 3.


5.7.4 Forsendur

Meirihluti atvinnuhúsnæðis í Fjarðabyggð, talið í fermetrum, flokkast undir iðnað, sérhæft húsnæði og viðskipti samkvæmt flokkun Fasteignamats ríkisins. Talið í rúmmetrum eru vörugeymslur þriðji stærsti flokkurinn í stað viðskiptahúsnæðis.


Mest af iðnaðarhúsnæði og sérhæfðu húsnæði er á Norðfirði, Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði. Viðskiptahúsnæði

er mest á Norðfirði, Reyðarfirði og Eskifirði. Á Stöðvarfirði er fyrst og fremst húsnæði fyrir iðnað og sérhæfða starfsemi. Þetta mynstur segir nokkuð um atvinnuskiptingu og umfang atvinnustarfsemi í hverjum byggðarkjarna.


Á tímabilinu 2002-2006 var byggt talsvert meira af atvinnuhúsnæði í Fjarðabyggð en árin þar á undan. Langmest af nýju atvinnuhúsnæði byggðu árin 2002-2006 er á Norðfirði og Reyðarfirði.



36. mynd. Fermetrar nýs atvinnuhúsnæðis í Fjarðabyggð á hverju fimm ára tímabili 1987-2006, eftir tegund húsnæðis (Fasteignamat ríkisins 2007).



37. mynd. Fermetrar atvinnuhúsnæðis í Fjarðabyggð 2006, eftir byggðarkjörnum og tegund húsnæðis (Fasteignamat ríkisins 2007).



38. mynd. Fermetrar nýs atvinnuhúsnæðis í Fjarðabyggð á hverju fimm ára tímabili 1992-2006, eftir byggðarkjörnum (Fasteignamat ríkisins 2007).

6 GRUNNKERFI

Stefna - grunnkerfi

Í Fjarðabyggð verði aðgengi allra íbúa að námi, starfi og þjónustu tryggt með greiðum og öruggum samgöngum. Enn fremur verði samgöngur byggðar upp með það í huga að fyrirtæki í sveitarfélaginu hafi gott aðgengi að aðföngum og mörkuðum í því skyni að auka samkeppnishæfni þeirra.

Tryggðar verði greiðar og öruggar samgöngur milli Fjarðabyggðar og nágrennabyggða og milli byggðarkjarna innan Fjarðabyggðar í því skyni að stuðla að tengslum þeirra og eflingar sem eins vaxtar- og vinnusóknarsvæðis þar sem íbúar geta sótt þjónustu og vinnu á milli byggðarkjarna.

Tryggðar verði öruggar samgöngur fyrir alla ferðamáta í byggðarkjörnum í Fjarðabyggð.

Samgöngur í Fjarðabyggð hafi sem minnst neikvæð áhrif á umhverfi og heilsu íbúa.


Veitukerfi tryggi íbúum og fyrirtækjum í Fjarðabyggð góðan aðgang að fjarskiptaþjónustu, rafmagni og vatni.

Íbúar Fjarðabyggðar lifi og hrærist í heilnæmu og snyrtilegu umhverfi. Uppbygging og rekstur veitukerfa og sorpfögunar miði að því að tryggja heilnæmt umhverfi.

Hlutur umhverfsvænni orkugjafa aukist í almennri orkunotkun, orka verði betur nýtt og orkunotkun Fjarðabúa valdi lágmarks álagi á náttúruna.

Góðar samgöngur er ein af grunnforsendum þess að öflugt atvinnulíf, mannlíf og þjónusta geti þrífist. Þegar sveitarfélög sameinast og stækka, líkt og gerst hefur í Fjarðabyggð á síðustu árum, er brýnt að samhliða sé tryggðar samgöngubætur, þannig að íbúar og fyrirtæki geti nýtt sér að fullu það hagræði sem stærri eining skapar.

Veitur og þjónustukerfi á borð við hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu, fjarskipti og sorpfögun leggja grunn að grundvallaröryggi og þægindum íbúa. Ástand þessara kerfa getur einnig skipt sköpum um forsendur og samkeppnishæfni fyrirtækja og stofnana. Þannig getur skipulag og uppbygging veitna og þjónustukerfa slegið tóninn varðandi lífsgæði á hverjum stað. Auk hefðbundinna veitna og þjónustukerfa gegna fjarskipti æ stærra hlutverki í daglegu lífi fólks og rekstri fyrirtækja. Góð og traust fjarskipti eru algjör forsenda þess að samfélag í Fjarðabyggð geti verið samkeppnishæft til framtíðar.



39. mynd. Grunnkerfi – stefna um samgöngur og tæknimál.

6.1 Vegakerfi og vegasamgöngur

6.1.1 Stefna – vegakerfi og vegasamgöngur

Vegasamgöngur á milli byggðarkjarna í Fjarðabyggð og til nágrennabyggða verði greiðar og öruggar, þannig að stuðlað verði að jafnrétti til leiks, starfs, náms og aðgengi að þjónustu.

Norðfjarðargöng eru meðal þeirra framkvæmda sem ráðist verði í, í því skyni, auk almennra aðgerða við endurbætur vega, breikkun einbreiðra brúa og góðrar vegþjónustu. Ennfremur verði skoðaðir kostir og lagt mat á möguleika á bættum samgöngum milli Fjarða og Héraðs með jarðgöngum.

Gatnakerfi innan þéttbýlisstaða þjóni öllum samgöngumátum og tryggi öryggi allra vegfarenda.

Gætt verði að umhverfisáhrifum vegafarmkvæmda og samgangna, bæði við staðarval og útfærslu einstakra framkvæmda og eins verði hvatt til umhverfsvænna samgöngumáta.

6.1.2 Framfylgd stefnu

Stefna um vegakerfi og vegasamgöngur er útfærð í einstökum landnotkunarákvæðum 9. kafla um samgöngur, auk þess sem hún er útfærð í annarri stefnumörkun og áætlanagerð Fjarðabyggðar á hverjum tíma

6.1.3 Umhverfismat

Í umhverfismati aðalskipulagsins er lagt mat á það hvort stefna aðalskipulagsins styðji eða gangi gegn stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun.

Stefna aðalskipulagsins um samgöngur, sem felur í sér áherslu á greiðar og öruggar samgöngur og hvatningu til umhverfsvænna samgöngumáta er talin samrýmast markmiðum „Velferðar til framtíðar“. Sjá nánar í viðauka 3.

6.1.4 Forsendur

Landfræðilegar aðstæður í Fjarðabyggð kalla á góðar lausnir í samgöngumálum. Byggðin er dreifð á firði sem eru aðskildir af allháum fjallgördum. Til að íbúar komist greiðlega, sumar og vetur, til vinnu, náms, félagsstarfa eða annarrar þjónustu á milli byggðarkjarna sveitarfélagsins, þurfa samgöngur að vera öruggar.

Einnig þarf að tryggja góðar samgöngur til nærliggjandi byggðarlaga, til að tryggja aðgengi að atvinnu, þjónustu og menntun á svæðisvísu. Það er mikilvægt til að tryggja rekstrargrundvöll fyrirtækja og þjónustustofnana á borð við mennta- og heilbrigðisstofnanir.

Á síðustu árum hafa orðið framfarir í samgöngumálum í Fjarðabyggð. Fáskrúðsfjarðargöng hafa auðveldað samgöngur og stytt vegalengdir innan Fjarðabyggðar og þannig jafnað aðgengi íbúa að atvinnu og þjónustu.

Í tillögu að samgönguáætlun 2007-2018 er gert ráð fyrir frekari samgöngubótum í Fjarðabyggð sem munu stuðla að því að Fjarðabyggð verði eitt atvinnu- og þjónustusvæði. Þar vega þyngst Norðfjarðargöng sem hafa verið áætluð 2011-2014 skv. tillögu að samgönguáætlun 2007-2018, en ríkisstjórnin ákvað sumarið 2007 að flýta skuli framkvæmdum við um 2 ár, þannig að þær hefjist árið 2009 og ljúki árið 2012.

Norðfjarðargöng, sem og aðrar samgöngubætur á svæðinu, geta bætt samkeppnisstöðu Fjarðabyggðar. Þannig verða fyrirtæki í Fjarðabyggð nær bæði aðföngum og mörkuðum, sem gæti fjölgað möguleikum á nýsköpun í sveitarfélaginu.

Mikil fjárfesting liggur í samgöngumannvirkjum og því mikilvægt að valdar séu hagkvæmar lausnir sem hámarka félagslegan og efnahagslegan ávinning um leið og tryggt sé að neikvæð áhrif á náttúru og umhverfi sé eins lítil og kostur er. Í aðalskipulagi gefst kostur á að setja fram heildstæða framtíðarsýn um samgöngumál svæðisins, með greiningu á áhrifum á umhverfi, samfélag og efnahag.

Vegasamgöngur milli byggðarkjarna og við nágrannabyggðir

Byggðarkjarnar í Fjarðabyggð eru dreifðir um stórt svæði og þurfa íbúar því oft að ferðast um þjóðvegi utan þéttbýlis til að sækja atvinnu og þjónustu. Til að jafnrétti til búsetu sé tryggt er mikilvægt að vegir séu greiðir og öruggir árið um kring.

Miðað við fjölda byggðarkjarna og stærð sveitarfélagsins er vegakerfið í Fjarðabyggð frekar einfalt. Reyðarfjörður er einskonar miðja í sveitarfélaginu, þaðan sem vegir liggja til þriggja átta. Til norðurs liggur þjóðvegur að Eskifirði og Norðfirði, til norðvesturs að Mjóafirði og upp á Hérað og til suðurs til Fáskrúðsfjarðar, Stöðvarfjarðar og áfram til suðurs.

Norðfjarðavegur (92) liggur frá Reyðarfirði til norðurs, í gegnum þéttbýli á Eskifirði og að þéttbýli á Norðfirði. Leiðin á milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar liggur um Hólmaháls, en fyrirhugaðar eru endurbætur á

vegarkaflanum um Hólmaháls árið 2008-2009. Á milli Eskifjarðar og Norðfjarðar hafa ökumenn þurft að aka um Oddsskarð, sem liggur hátt og geta aðstæður þar verið erfiðar að vetrarlagi vegna bratta, snjóþunga, hálku og snjóflóðahættu. Gert er ráð fyrir að ný Norðfjarðargöng verði lögð á árunum 2009-2012. Eftir tilkomu ganganna verður vegur á milli Eskifjarðar og Norðfjarðar alfarið á láglendi, sem eykur öryggi og bætir aðstæður árið um kring. Norðfjarðargöng munu aftur á móti ekki stytta leiðina á milli Eskifjarðar og Norðfjarðar nema óverulega.

Núverandi vegur um Oddsskarð verður áfram opin eftir tilkomu nýrra Norðfjarðarganga, m.a. í tengslum við Skíðamiðstöðina í Oddsskarði. Eftir tilkomu Norðfjarðarganga mun þó staða vegarins um Oddsskarð breytast sem mun m.a. hafa áhrif á vetrarþjónustu. Vegagerðin telur eðlilegast að þjóna skíðasvæðinu í Oddsskarði frá Eskifirði og gerir þá ráð fyrir að vegurinn frá Eskifirði að skíðamiðstöðinni yrði skilgreindur sem tengivegur, en vegurinn áfram um skarðið og Oddsdal skilgreindur sem landsvegur.

Norðfjarðarvegur liggur einnig frá Reyðarfirði til norðvesturs, til Egilsstaða um Fagradal. Leiðin um Fagradal getur verið erfið vegna blindviðris á veturnum. Á Fagradal tengist vegurinn Mjóafjarðarvegi (953) sem liggur niður til Mjóafjarðar um Slenjudal og Mjóafjarðarheiði. Mjóafjarðarheiði er fjallvegur og lokast iðulega að vetrarlagi. Auk vegasamgangna, siglir ferja á milli Norðfjarðar og Mjóafjarðar.

Suðurfjarðavegur (96) liggur til suðurs frá Reyðarfirði, til Fáskrúðsfjarðar, Stöðvarfjarðar og þaðan til suðurs út úr sveitarfélaginu um Kambanesskriður. Vegurinn liggur um

Fáskrúðsfjarðargöng milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar. Við sunnanverðan Fáskrúðsfjörð og á Stöðvarfirði liggur vegurinn aftur á móti meðfram ströndinni.

Til vesturs, eða inn úr fjarðarbotni Reyðarfjarðar liggur Þórdalsheiðarvegur (936), línuvegur yfir Þórdalsheiði frá Áreyjum að Hringvegi í Skriðdal rétt norðan árinna Jóku. Þessi vegur hefur verið mikið endurbættur á síðustu árum og er orðinn nokkuð fjölfarinn yfir sumarið, enda styttr hann leiðina til Reykjavíkur um ca 40 km (ef farið er áfram um Öxi), miðað við að fara um Fáskrúðsfjarðargöng og suður með fjörðum.

Samkvæmt flokkun Vegagerðarinnar eru Norðfjarðarvegur og Suðurfjarðarvegur flokkaðir sem stofnvegir, Mjóafjarðarvegur sem tengivegur og Þórdalsheiðarvegur sem landsvegur.

Vegirnir eru almennt með bundnu slitlagi, að Mjóafjarðarvegi og Þórdalsheiðarvegi undanskildum.

Vegakerfi í Fjarðabyggð byggist fyrst og fremst á framangreindum þjóðvegum, en nokkrir aðrir tengi- og safnvegir þjóna dreifbýlinu og eru þeir nær undantekningarlaust malarvegir. Auk þess hafa verið kortlagðir þeir slóðar á fjallendi og utan byggðar sem heimilt er að aka og verður gerð grein fyrir þeim á aðalskipulagsupprætti.

Víða þarfnast vegakerfið í Fjarðabyggð talsverðra endurbóta. Bæði varðar það einbreiðar brýr og legu þjóðvega í botni Reyðarfjarðar, Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar og gagngerar endurbætur á þjóðveginum í sunnarverðum Fáskrúðsfirði og Stöðvarfirði.

Töluvert langur akstur er á milli sumra byggðarkjarna í Fjarðabyggð. Þannig eru til að mynda um 80 kílómetrar milli Stöðvarfjarðar og Norðfjarðar og vegalengdir til og frá Mjóafirði eru talsvert langar. Fjarlægðir allra íbúa Fjarðabyggðar til og frá Reyðarfirði, þar sem opinber

þjónusta og stjórnsýsla hefur verið að byggjast upp á síðustu árum, er að jafnaði styst. Aðrir byggðarkjarnar Fjarðabyggðar eru í 15-44 km fjarlægð frá Reyðarfirði, en til samanburðar eru vegalengdir frá ystu hverfum á höfuðborgarsvæðinu til miðborgar Reykjavíkur um 15 km, auk Grundahverfis á Kjalarnesi sem er í um 30 km fjarlægð frá miðborg Reykjavíkur.

Staður	Fjarlægð frá Reyðarfirði (km)
Mjóifjörður	56
Norðfjörður	38
Eskifjörður	15
Fáskrúðsfjörður	21
Stöðvarfjörður	44

Tafla 1. Vegalengdir frá Reyðarfirði.

Gera má ráð fyrir að þjónusta á jöðrum sveitarfélagsins, líkt og sjúkrahúsið og Verkmenntaskólinn á Norðfirði, líði fyrir vegalengdir og erfiðar vegasamgöngur. Með tilkomu Norðfjarðarganga og annarra vegabóta getur sú staða breyst verulega. Helstu vegabætur sem eru á áætlun á næstu árum eru auk Norðfjarðarganga snjóflóðavarnir við Grænafell, færsla Norðfjarðarvegur á Hólmahálsi, lagfæringar á Suðurfjarðarvegi í botni Fáskrúðsfjarðar og lagfæringar á Mjóafjarðarvegi.

Með bættum vegasamgöngum í Fjarðabyggð verður til perluband byggðarkjarna sem mynda eitt atvinnu- og þjónustusvæði. Aukinn hreyfanleiki íbúa gerir það mögulegt að byggja upp sérhæfða þjónustu og atvinnulíf í hverjum byggðarkjarna. Þannig geta fjárfestingar nýst betur og fyrirtæki hafa betra aðgengi að vinnuafli og sérþekkingu.

Til að styrkja tengsl Fjarðabyggðar út á við, við önnur svæði á Mið-Austurlandi, þarf að koma til frekari uppbygging samgangna á svæðinu. Slíkar samgöngubætur geta bætt samkeppnisstöðu alls Mið-Austurlands á landsvísu. Í þessu sambandi eru til skoðunar bættar samgöngur milli Fjarðabyggðar, Seyðisfjarðar og Héraðs með göngum. Slík tenging myndi gera svæðið að einu atvinnusvæði og bæta aðgengi íbúa að stofnunum og þjónustu. Mikilvægt er að vanda til verka við ákvarðanir um legu og útfærslu samgöngubóta milli Fjarða og Héraðs, svo fjárfesting í samgöngumannvirkjum þar skili hámarksávinningi fyrir byggðirnar á svæðinu, um leið og tryggja þarf að umhverfisraski sé haldið í lágmarki.

Gatnakerfi innan þéttbýlisstaðanna

Þjóðvegir liggja almennt í gegnum alla þéttbýlisstaðina sem aðalgötur bæjanna. Með tilkomu Fáskrúðsfjarðarganga fer þó almenn þjóðvegaumferð ekki lengur í gegnum þéttbýlið á Fáskrúðsfirði. Sama mun eiga við á Eskifirði eftir tilkomu Norðfjarðarganga. Hinsvegar er fyrir séð að þungaumferð í gegnum þéttbýlið á Reyðarfirði muni aukast á næstu árum. Sérstaklega mun vöxtur hafnarinnar á Mjóeyri sem flutningahafnar auka á umferðarálag um þéttbýlið á Reyðarfirði.

Gatnakerfi byggðarkjarnanna er að flestu leyti hefðbundið. Flestar götur liggja út frá aðalgötum og skerast skáhalt upp hlíðar. Í nýrri hverfum er nokkuð um botngötur.

Varðandi viðhald og endurbætur þjóðvega í þéttbýli í Fjarðabyggð, eru brýnustu verkefnið endurbygging Norðfjarðarvegur innan byggðar í Neskaupstað og frágangur hjáleidar á Reyðarfirði.

6.2 Flugvellir og flugsamgöngur

6.2.1 Stefna – flugvellir og flugsamgöngur

Stuðlað verði að því að aðgengi íbúa og atvinnulífs í Fjarðabyggð að farþega- og sjúkraflugi verði gott.

Egilsstaðaflugvöllur þjóni áfram sem farþegaflugvöllur fyrir Fjarðabyggð, enda verði áhersla lögð á bættar samgöngur á milli Fjarðabyggðar og Héraðs.

Flugvöllur á Norðfirði þjóni sjúkra- og neyðarflugi, æfingaflugi, flugi í tengslum við ferðaþjónustu og öðrum minni flugvélum.

Flugvöllur á Fáskrúðsfirði verður lagður af.

6.2.2 Framfylgd stefnu

Stefna um flugvelli og flugsamgöngur er útfærð í einstökum landnotkunarákvæðum 9. kafla um samgöngur, auk þess sem hún er útfærð í annarri stefnumörkun og áætlanagerð Fjarðabyggðar á hverjum tíma.

6.2.3 Umhverfismat

Í umhverfismati aðalskipulagsins er lagt mat á það hvort stefna aðalskipulagsins styðji eða gangi gegn stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun.

Stefna aðalskipulagsins um samgöngur, sem felur í sér áherslu á greiðar og öruggar samgöngur og hvatningu til umhverfisvænna samgöngumáta er talin samrýmast markmiðum „Velferðar til framtíðar“. Sjá nánar í viðauka 3.

6.2.4 Forsendur

Flugvöllur er á Norðfirði. Flugbraut hans er rúmlega 1100 metra löng og 30 metra breið, sem uppfyllir kröfur sem gerðar eru fyrir flugvélar í innanlandsflugi. Öryggissvæði flugvallarins miðast einnig við langa flugbraut sem þjónað getur stærri flugvélum. Flugbrautin er hinsvegar með malaryfirborði, nema endar brautarinnar, og veðurfar gerir landingar nokkuð oft erfiðar á vellinum. Einungis er lágmarks-öryggisbúnaður á vellinum, sem aðallega er ætlað að auðvelda neyðarflug.

Hætt var að fljúga reglulegt farþegaflug til Norðfjarðar árið 1997 og nú þjónar Norðfjarðarflugvöllur aðallega sjúkra- og neyðarflugi í tengslum við sjúkrahúsið á Norðfirði. Ólíklegt er að Norðfjarðarflugvöllur þjóni aftur reglubundnu farþegaflugi vegna aðstæðna og nálægðar við Egilsstaðaflugvöll.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar hefur ályktað um ástand Norðfjarðarflugvallar og lýst þungum áhyggjum af bágbornu ástandi og viðhaldsskortri á flugvellinum. Flugvöllurinn gegni lykilhlutverki í þjónustu Fjórðungssjúkrahúss Austurlands þar sem er eina fæðingardeild og skurðstofa á öllum austurhelmingi landsins. Sjúklingar þurfi að eiga greiða leið á sjúkrahúsið og skjót viðbrögð geti skipt sköpum þegar senda þarf sjúklinga í séraðgerðir á stærri bráðasjúkrahúsunum. Þar geti mínútur skipt máli en það tekur sjúkrabíl um eina klukkustund að aka milli Neskaupstaðar og Egilsstaðaflugvallar við góðar aðstæður. Lagfæring flugvallarins og styrking Fjórðungssjúkrahússins muni gagnast öllum íbúum Austurlands.

Á samgönguáætlun 2007-2010 er Norðfjarðarflugvöllur flokkaður sem landingarstaður utan grunnnets, en slíkir flugvellir eiga að þjóna minnstu flugvélum, aðallega sjúkraflugi, æfinga- og kennsluflugi og flugi í tengslum við ferðaþjónustu. Ekki hefur verið mörkuð stefna um uppbyggingu eða lagfæringar á Norðfjarðarflugvelli af hálfu ríkisins, en bæjarstjórn Fjarðabyggðar hefur beint því til samgöngu- og heilbrigðisyrivalda að sameinast um nauðsynlegar úrbætur á því brýna hagsmunamáli Austfirðinga að samgöngur um Norðfjarðarflugvöll séu öruggar og tryggar.

Í Fáskrúðsfirði er flugbraut sem hefur verið aflögð og eru ekki áform uppi um breytingar þar á. Þó er flugbrautin skilgreind sem flugvöllur í Aðalskipulagi Búðahrepps 2002-2022.

Egilsstaðaflugvöllur, sem er flokkaður sem alþjóðaflugvöllur í samgönguáætlun, er í 35 kílómetra fjarlægð frá Reyðarfirði og í rúmlega 70 kílómetra fjarlægð frá Norðfirði og Stöðvarfirði. Frá Egilsstaðaflugvelli er áætlunarflug til Reykjavíkur og stöku sinnum til meginlands Evrópu.

Þegar færð er góð tekur innan við hálf klukkustund að aka að Egilsstaðaflugvelli frá Reyðarfirði. Bættar samgöngur á Mið-Austurlandi gætu stytta ferðatíma enn frekar í framtíðinni auk þess sem öryggi samgangna á öllum tímum árs myndi aukast. Flugvöllurinn þjónar hagsmunum íbúa og fyrirtækja í Fjarðabyggð vel.

6.3 Stígakerfi og umferð gangandi, hjólandi og hestamanna

6.3.1 Stefna – stígakerfi og umferð gangandi, hjólandi og hestamanna

Utan þéttbýlis verði áhersla lögð á að tengja gönguleiðir enn betur við sögu, menningu og náttúru svæðisins. Sett verði upp upplýsingaskilti við helstu minjastaði.

Skóðaðir verði kostir á að nýta aflagða vegi sem reiðleiðir.

Í þéttbýli verði lögð áhersla á uppbyggingu og frágang á aðalgönguleiðum sem tengja íbúðarsvæði við önnur svæði í byggðarkjörnum, svo sem atvinnusvæði, skóla- og þjónustustofnanir og útivistarsvæði. Aðalgönguleiðir verði hannaðar þannig að þær nýtist jafnt gangandi og hjólandi vegfarendum.

6.3.2 Framfylgd stefnu

Stefna um stígakerfi og umferð gangandi, hjólandi og hestamanna er útfærð í einstökum landnotkunarákvæðum 9. kafla um samgöngur og opin svæði til sérstakra nota, auk þess sem hún er útfærð í annarri stefnumörkun og áætlanagerð Fjarðabyggðar á hverjum tíma.

6.3.3 Umhverfismat

Í umhverfismati aðalskipulagsins er lagt mat á það hvort stefna aðalskipulagsins styðji eða gangi gegn stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun.

Stefna aðalskipulagsins um samgöngur, sem felur í sér áherslu á greiðar og öruggar samgöngur og hvatningu til umhverfisvænna samgöngumáta er talin samrýmast

markmiðum „Velferðar til framtíðar“. Sjá nánar í viðauka 3.

6.3.4 Forsendur

Góðar göngu-, hjóla- og reiðleiðir eru mikilvæg grunnþjónusta við íbúa og gesti á hverjum stað. Þær bjóða bæði upp á valkost í ferðamáta og gefa kost á útivist, heilbrigðu lífni og samverustundum. Að auki gera þær íbúum og gestum kleift að fræðast um náttúru, menningu og sögu á svæðinu.

Gönguleiðir

Gönguleiðir má flokka í annarsvegar göngustíga í þéttbýli og hinsvegar gönguleiðir í dreifbýli.

Göngustígar í þéttbýli liggja aðallega meðfram götum í byggðarkjörnum og í gegnum græn svæði inni í byggðarkjörnum og á jöðrum þeirra. Þessir göngustígar nýtast sem samgönguæðar fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og til útivistar, s.s. í tengslum við skógræktarsvæði í jaðri byggðarkjarna.

Nokkuð er um að göngustígar í þéttbýli séu ómerktir eða ófrágengnir, til að mynda vantar gangstéttir á nokkrum stöðum við aðalgötur þéttbýlisstaðanna.

Gönguleiðir í dreifbýli og um óbyggðir í Fjarðabyggð liggja yfirleitt um fjallvegi og/eða gamlar þjóðleiðir. Allmargar gönguleiðir eru í Fjarðabyggð og hafa Ferðafélag Fjarðamanna og Göngufélag Suðurfjarða séð um merkingu og uppbyggingu þeirra og gefið út gönguleiðakort.

Gönguleiðir eru ýmist merktar, ómerktar eða meðfram jeppavegum og slóðum. Gönguleiða- og upplýsingaskilti er að finna við flestar merktar leiðir.

Allir firðir í Fjarðabyggð eru tengdir saman með gönguleiðum, ýmist yfir fjöll eða meðfram sjávarströndinni og tengjast þessar leiðir gönguleiðum yfir til nágrennabyggðanna. Hinsvegar er lítið um gönguleiðir innan fjarðanna sjálfra. Því er algengt að göngufólk á svæðinu ferðist í bílum innan fjarðanna en gangi á milli þeirra.

Flestar gönguleiðir tengjast með einhverjum hætti sögu- og náttúruminjum á svæðinu. Þannig er til að mynda þétttriðið net merktra gönguleiða á Gerpissvæðinu, þar sem göngufólk getur kynnt sér sögu og náttúru svæðisins.

Framboð góðra gönguleiða nýtist heimafólki í Fjarðabyggð til útivistar, en getur líka verið grundvöllur fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu. Forsenda þess er að gönguleiðir tengist náttúru, sögu og menningu svæðisins, auk þess sem önnur grunnþjónusta við ferðafólk þarf að vera til staðar.

Í aðalskipulagi er unnt að marka stefnu um skipulag gönguleiða sem lið í stefnu um eflingu útivistar og ferðaþjónustu.

Reiðleiðir

Lítið er um skilgreinda reiðvegi í Fjarðabyggð, nema meðfram þjóðvegi í Norðfirði. Hestamenn ríða hinsvegar mest eftir leiðum sem lengi hafa verið þekktar, s.s. gömlum þjóðleiðum og slóðum, kindagötum og síðan eftir vegum í byggð.

Á nokkrum stöðum, aðallega við hesthúsasvæði á Reyðarfirði og Eskifirði, er tilefni til að huga sérstaklega að umferð hestamanna, með tilliti til aukinnar bílaumferðar, þungaflutninga og uppbyggingar.

Reiðleiðir liggja í gegnum byggðarkjarna í flestum fjórðum, enda gera náttúrulegar aðstæður það yfirleitt óhentugt að ríða ofan og neðan við byggðarkjarna.

6.4 Almennings­samgöngur

6.4.1 Stefna – almennings­samgöngur

Stefnt er að því að almennings­samgöngur geti verið raunhæfur valkostur þegar ferðast er á milli byggðarkjarna og til nág­rannabyggða. Þannig verði stuðlað að auknu jafnrétti til náms, starfa og þjónustu innan sveitarfélagsins, auk þess sem stuðlað er að umhverfisvænni samgöngum.

Í skipulagi byggðar, gatnakerfis og stíga verði tekið tillit til almennings­samgangna.

6.4.2 Framfylgd stefnu

Stefna um almennings­samgöngur er útfærð í einstökum landnotkunarákvæðum 9. kafla, auk þess sem hún er útfærð í öðrum aðgerðum bæjaryfirvalda í Fjarðabyggð.

6.4.3 Umhverfismat

Í umhverfismati aðalskipulagsins er lagt mat á það hvort stefna aðalskipulagsins styðji eða gangi gegn stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun.

Stefna aðalskipulagsins um samgöngur, sem felur í sér áherslu á greiðar og öruggar samgöngur og hvatningu til umhverfisvænna samgöngumáta er talin samrýmast markmiðum „Velferðar til framtíðar“. Sjá nánar í viðauka 3.

6.4.4 Forsendur

Almennings­samgöngur eru mikilvægur þáttur í nútímasamfélagi. Slík þjónusta getur jafnað möguleika til starfs, náms og afþreyingar, auk þess sem almennings­samgöngur skipta miklu máli varðandi verndun umhverfisins og losun gróðurhúsalofttegunda.

Sumarið 2007 var sett af stað tilraunaverkefni um rekstur strætisvagnasamgangna í Fjarðabyggð. Auk þess eru reglulegar áætlunarferðir tengdar flugsamgöngum við Egilsstaði. Að auki býður Alcoa Fjarðaál starfsmönnum sínum upp á ferðir til og frá vinnu. Þessar ferðir eru farnar frá verksmiðju fyrirtækisins til Reyðarfjarðar (þéttbýlis), Norðfjarðar, Eskifjarðar, Fáskrúðsfjarðar, Stöðvarfjarðar og upp á Hérað.

Einfalt vegakerfi Fjarðabyggðar, sem og möguleikar á samlegð almennra almennings­samgangna með starfsmannaferðum Alcoa Fjarðaáls og ferðum tengdum flugsamgöngum, gera að verkum að nokkuð góðar forsendur virðast geta verið fyrir rekstri almennings­samgangna í Fjarðabyggð.

Til að hagræði með sameiningu sveitarfélaga nái fram að ganga geta almennings­samgöngur skipt sköpum. Þannig er hægt að sameina þjónustu á færri staði en bjóða í staðinn upp á ferðir á milli staða. Að auki geta atvinnulíf og félagsstarf eflst töluvert þegar hreyfanleiki íbúa í sveitarfélaginu eykst.

6.5 Hafnarmannvirki og umferð á sjó

6.5.1 Stefna - hafnir

Hafnir í Fjarðabyggð verði flokkaðar út frá hlutverki með það að leiðarljósi að stuðla að hagkvæmni og möguleikum til sérhæfingar á einstökum stöðum.

Mjóeyrarhöfn verði aðal flutningahöfn á Austurlandi og miðstöð þjónustu tengdri flutningum á sjó og landi.

Hafnir á Norðfirði, Eskifirði og Fáskrúðsfirði sinni þörfum stærri fiskiskipa og fiskvinnslu.

Á öllum þéttbýlisstöðum verði góð aðstaða fyrir smábáta. Á Stöðvarfirði beinist sú aðstaða fremur að smábátaútgerð en aðstöðu fyrir skemmtibáta.

Mjóafjarðarhöfn sinni þjónustu við íbúa í Mjóafirði, m.a. fyrir ferjusiglingar.

Sjá að öðru leyti stefnu um flutninga á sjó í kafla 5.3.1.

6.5.2 Framfylgd stefnu

Stefna um hafnarmannvirki og umferð á sjó er útfærð í einstökum landnotkunarákvæðum 9. kafla um hafnarsvæði, auk þess sem hún er útfærð í annarri stefnumörkun og áætlanagerð Fjarðabyggðar á hverjum tíma.

6.5.3 Umhverfismat

Í umhverfismati aðalskipulagsins er lagt mat á það hvort stefna aðalskipulagsins styðji eða gangi gegn stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun.

Stefna aðalskipulagsins um samgöngur, sem felur í sér áherslu á greiðar og öruggar samgöngur og hvatningu til umhverfsvænna samgöngumáta er talin samrýmast markmiðum „Velferðar til framtíðar“. Sjá nánar í viðauka 3.

6.5.4 Forsendur

Í Fjarðabyggð eru hafnir á öllum þéttbýlisstöðunum auk Mjóeyrarhafnar í Reyðarfirði, sem nú er í uppbyggingu og hafnar í Mjóafirði. Mjóeyrarhöfn verður önnur stærsta höfn landsins. Sjá nánar í kafla 5.3.

Útgerð og starfsemi stórra fiskvinnslufyrirtækja í bland við minni aðila einkennir starfsemi hafnanna á Norðfirði, Eskifirði og Fáskrúðsfirði, auk flutninga og smábáta. Á Reyðarfirði er önnur hafnarstarfsemi einkennandi. Á Stöðvarfirði skipar smábátaútgerð stærstan sess.

Ekki eru fyrirsjáanlegar miklar breytingar á höfnum Fjarðabyggðar á næstu árum. Vinna þarf að viðhaldi og óverulegri breytingum til að bæta aðstöðu, auk þess sem huga þarf að nægilegu rými og aðstöðu fyrir smábáta. Þá er tilefni til að skoða hvar hafnir í bæjarkjörnunum henta best til mögulegra koma skemmtiferðaskipa. Einnig þarf að horfa til mögulegrar eftirspurnar eftir hafnaradstöðu og þjónustu í Fjarðabyggð, tengt væntanlegri leit að olíu og gasi á Drekasvæðinu. Þá er tilefni til þess að skoða forsendur í Fjarðabyggð til uppbyggingar umskipunarhafnar í tengslum við væntanlegar Norður-Íshafssiglingar sbr. umfjöllun í kafla 5.3.

Á vegum hafnarstjórnar er unnið að skráningu gamalla bryggja. Á grundvelli þeirrar skráningar verður unnt að taka afstöðu til þess hvaða bryggjum skuli viðhaldið og hverjar þarf að rífa vegna lélegs ástands.

6.6 Boðveita/fjarskipti

6.6.1 Stefna – boðveita/fjarskipti

Stofnkerfi fjarskipta í Fjarðabyggð verði til fyrirmyndar, þannig að öryggi og jafnrétti til starfs og náms séu tryggð.

Tryggt verði gott fjarskiptasamband um allt svæðið þannig að gagnaflutningsleiðir hindri ekki nýtingu og framþróun fjarvinnslu við nám, leik og störf. Það á við gagnaflutningskerfi, sjónvarp og farsímakerfi.

Sérstök áhersla verði lögð á að bæta GSM símasamband á þjóðvegum og á milli þéttbýlisstaða í Fjarðabyggð.

Mannvirki vegna boðveitu og fjarskipta skulu staðsett þannig þau valdi sem minnstum sjónrænum áhrifum.

6.6.2 Framfylgd stefnu

Ákvarðanir um boðveitu- og fjarskiptamannvirki skulu teknar í deiliskipulagi eða eftir atvikum með framkvæmdaleyfi án deiliskipulagsgerðar. Við gerð og afgreiðslu deiliskipulags og/eða byggingar- eða framkvæmdaleyfa skal ganga úr skugga um að mannvirkin og helgunarsvæði þeirra samrýmist þeirri landnotkun sem skilgreind er á viðkomandi svæði skv. aðalskipulagi. Jafnframt skal umhverfis- og skipulagsnefnd taka afstöðu til þess hvort hún telji mannvirkid varða svo hagsmuni annarra, að það kalli á kynningu deiliskipulagstillögu eða grenndarkynningu leyfisumsóknar.

Mannvirki boðveitu og fjarskipta skulu vönduð að allri gerð, þannig að þau þjóni sem best sínu hlutverki um leið og þess skal gætt að gerð þeirra og rekstur valdi sem minnstu raski á náttúru og umhverfi.

Gert er ráð fyrir lagningu ljósleiðara að iðnaðarsvæði við Mjóeyri í Reyðarfirði úr suðri. Hann mun þvera Reyðarfjörð sunnan iðnaðarsvæðisins og liggja í sjó utan við Kambanesskriður á milli Stöðvarfjarðar og Breiðdalsvíkur, en mun að öðru leyti fylgja vegum og/eða lagnaleiðum.

6.6.3 Umhverfismat

Í umhverfismati aðalskipulagsins er lagt mat á það hvort stefna aðalskipulagsins styðji eða gangi gegn stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun.

Stefna aðalskipulagsins um veitur, sem felur í sér áherslu á öruggar veitur þar sem mannvirkjagerð er í sátt við umhverfi og náttúru er talin samrýmast markmiðum „Velferðar til framtíðar“. Sjá nánar í viðauka 3.

6.6.4 Forsendur

Með boðveitu er átt við þau þjónustakerfi sem styðja fjarskipti, s.s. hefðbundin símkerfi, farsímakerfi og ljósleiðara.

Auk þess hlutverks sem sími og fjarskipti gegna í daglegu lífi fólks eru traust fjarskipakerfi grundvallarforsenda í öllum nútíma atvinnurekstri, sem og í öllu fjarnámi og öðrum samskiptum milli staða.

Fjarskiptasamband (GSM) er nokkuð útbreitt í Fjarðabyggð. Fjarskiptamöstur eru við alla byggðarkjarna og ná merki þeirra nokkuð út fyrir þéttbýlið. Víða í dreifbýli vantar þó samband, sem og á vegum á milli þéttbýlisstaðanna. Ekki er GSM samband í Mjóafirði.

Fjarskiptasjóður hefur það að markmiði að byggja upp fjarskiptasamband þar sem markaðslegar forsendur hafa ekki nægt til. Þannig er til að mynda á áætlun að bæta GSM samband við ýmsa þjóðvegi á Austurlandi og bæta aðgang landsmanna að háhraðatengingum.

Íslensk stjórnvöld hafa samþykkt fjarskiptaáætlun fyrir tímabilið 2005-2010. Helstu markmið hennar eru:

- Allir landsmenn sem þess óska geti tengst háhraðaneti og notið hagkvæmrar og öruggar fjarskiptaþjónustu.
- Menntastofnanir verði tengdar öflugum háhraðaneti.
- Öryggi vegfarenda verði bætt með auknu aðgengi að farsímaþjónustu á þjóðvegum landsins og helstu ferðamannastöðum.
- Háhraðafarþjónusta verði byggð upp um allt land.
- Langdræg stafræn farsímakerfi til að þjóna landinu öllu og miðunum verði byggð upp.
- Allir landsmenn hafi aðgengi að gagnvirku stafrænu sjónvarpi.
- Útvarpað verði um gervihnött fyrir landið allt og næstu mið.

6.7 Fráveita

6.7.1 Stefna – fráveita

Meðhöndlun skólps verði með þeim hætti að heilsa fólks og lífríki beri ekki skaða af.

Á næstu árum verði fundin varanleg lausn í meðhöndlun frárennslis og gengið frá útrásum við þéttbýlisstaði sveitarfélagsins. Jafnframt verði frárennismál í dreifbýli í ásættanlegu horfi.

Það er stefna Fjarðabyggðar að íbúar séu meðvitaðir um spilliefni og setji ekki spilliefni í niðurföll.

6.7.2 Framfylgd stefnu

Stefna um fráveitu er útfærð í einstökum landnotkunarákvæðum 9. kafla um fráveitu, auk þess sem hún er útfærð í annarri áætlanagerð Fjarðabyggðar á hverjum tíma.

Fráveitumannvirki skulu vönduð að allri gerð, þannig að þau þjóni sem best sínu hlutverki um leið og þess skal gætt að gerð þeirra og rekstur valdi sem minnstu raski á náttúru og umhverfi.

6.7.3 Umhverfismat

Í umhverfismati aðalskipulagsins er lagt mat á það hvort stefna aðalskipulagsins styðji eða gangi gegn stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun.

Stefna aðalskipulagsins um veitur, sem felur í sér áherslu á öruggar veitur þar sem mannvirkjagerð er í sátt við umhverfi og náttúru er talin samrýmast markmiðum „Velferðar til framtíðar“. Sjá nánar í viðauka 3.

6.7.4 Forsendur

Áformað er að finna varanlega lausn á fráveitu þéttbýlisstaðanna í samræmi við kröfur stjórnvalda þar um. Þegar er hafinn undirbúningsvinna að hönnun slíkra mannvirkja og verður áætluð lega aðalútrása sýnd í aðalskipulaginu.

6.8 Hitaveita

6.8.1 Stefna – hitaveita

Stefnt er að frekari leit, rannsóknun og könnun á jarðhita í sveitarfélaginu og könnun á hagkvæmni nýtingar í kjölfarið.

Stefnt verði að hitaveitu í öllum þéttbýlisstöðunum, leiði jarðhitaleit og rannsóknir í ljós jarðhita sem hagkvæmt er talið að nýta.

6.8.2 Framfylgd stefnu

Stefna um hitaveitu er háð útfærslu í annarri áætlanagerð og framkvæmdum á vegum Fjarðabyggðar á hverjum tíma, sbr. einnig 9. kafla og skipulagsupprátt.

Mannvirki hitaveitu skulu vönduð að allri gerð, þannig að þau þjóni sem best sínu hlutverki um leið og þess skal gætt að gerð þeirra og rekstur valdi sem minnstu raski á náttúru og umhverfi.

Unnt er að veita heimild til jarðhitaleitar í dreifbýli, en uppbygging og rekstur nýrrar hitaveitu kallar á aðalskipulagsbreytingu.

6.8.3 Umhverfismat

Í umhverfismati aðalskipulagsins er lagt mat á það hvort stefna aðalskipulagsins styðji eða gangi gegn stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun.

Stefna aðalskipulagsins um veitur, sem felur í sér áherslu á öruggar veitur þar sem mannvirkjagerð er í sátt við umhverfi og náttúru er talin samrýmast markmiðum „Velferðar til framtíðar“. Sjá nánar í viðauka 3.

6.8.4 Forsendur

Hitaveita er á Eskifirði sem sér þéttbýlinu þar fyrir heitu vatni. Unnið er að jarðhitaleit annars staðar í sveitarfélaginu með það fyrir augum að koma á fót hitaveitu víðar.

6.9 Rafveita

6.9.1 Stefna – rafveita

Á svæðinu verði tryggð næg og örugg raforka á sem hagstæðustum kjörum.

Leitast verði við að draga úr umhverfisáhrifum raflína með því að setja þær í jörð þar sem þess er kostur og með því að vanda til staðsetningar og frágangs loftlína og jarðstrengja.

Við alla mannvirkjagerð, framkvæmdir og skógrækt nærri raflínum skal gæta vel að helgunarsvæðum raflína.

6.9.2 Framfylgd stefnu

Stefna um rafveitu er háð útfærslu í annarri áætlanagerð og framkvæmdum á vegum Fjarðabyggðar á hverjum tíma, sbr. einnig 9. kafla og skipulagsupprátt.

Mannvirki rafveitu skulu vönduð að allri gerð, þannig að þau þjóni sem best sínu hlutverki um leið og þess skal gætt að gerð þeirra og rekstur valdi sem minnstu raski á náttúru og umhverfi.

Unnt er að heimila lagningu háspennustrengja meðfram þjóðvegum, en önnur lega háspennustrengja en með fram þjóðvegum eða sem er sérstaklega tilgreind á aðalskipulagsupprætti, kallar á aðalskipulagsbreytingu.

6.9.3 Umhverfismat

Í umhverfismati aðalskipulagsins er lagt mat á það hvort stefna aðalskipulagsins styðji eða gangi gegn stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun.

Stefna aðalskipulagsins um veitur, sem felur í sér áherslu á öruggar veitur þar sem mannvirkjagerð er í sátt við umhverfi og náttúru er talin samrýmast markmiðum „Velferðar til framtíðar“. Sjá nánar í viðauka 3.

6.9.4 Forsendur

Háspennulínur sem þjóna byggðinni eru allt loftlínur. Stefnt er að því að leiða rafmagn um háspennustreng um Fáskrúðsfjarðargöng og til skoðunar er að leiða rafmagn um háspennustreng um Norðfjarðargöng. Auk þeirra háspennulína sem þjóna byggðinni, liggja Fljótsdalslínur 3 og 4 um Reyðarfjörð, en þær bera orku frá Kárahnjúkavirkjun til álvers Alcoa Fjarðaáls.

6.10 Sorpförgun og förgun annars úrgangs

6.10.1 Stefna – sorpförgun og förgun annars úrgangs

Leitast skal við að draga úr magni úrgangs og auka endurnýtingu og endurvinnslu.

Ávallt skal haldið uppfært yfirlit yfir gamla urðunarstaði, s.s. þar sem urðaður hefur verið sláturúrgangur og fé vegna riðuniðurskurðar. Það skal m.a. haft til hliðsjónar þegar ný svæði utan þéttbýlis eru tekin undir byggð eða aðrar framkvæmdir.

6.10.2 Framfylgd stefnu

Stefna um sorpförgun er háð útfærslu í annarri áætlanagerð og framkvæmdum á vegum Fjarðabyggðar á hverjum tíma, sbr. einnig 9. kafla og skipulagsupprátt.

6.10.3 Umhverfismat

Í umhverfismati aðalskipulagsins er lagt mat á það hvort stefna aðalskipulagsins styðji eða gangi gegn stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun.

Stefna aðalskipulagsins um veitur, sem felur í sér áherslu á öruggar veitur þar sem mannvirkjagerð er í sátt við umhverfi og náttúru er talin samrýmast markmiðum „Velferðar til framtíðar“. Sjá nánar í viðauka 3.

6.10.4 Forsendur

Sorpurðun Fjarðabyggðar er í landi þernuness í Reyðarfirði.

Söfnunarstöðvar (endurvinnslustöðvar) eru á öllum þéttbýlisstöðum.

Auk þess er heimil urðun á sláturúrgangi fiskeldis á Ríma í Mjóafirði.

6.11 Vatnsveita

6.11.1 Stefna – vatnsveita

Neysluvatn í vatnsveitum Fjarðabyggðar skal vera fyrsta flokks og ávallt uppfylla ströngustu gæðakröfur.

Gæta skal þess að spilla ekki né sóa mögulegum framtíðarvatnsbólum sveitarfélagsins.

6.11.2 Framfylgd stefnu

Stefna um vatnsveitu er háð útfærslu í annarri áætlanagerð og framkvæmdum á vegum Fjarðabyggðar á hverjum tíma, sbr. einnig 9. kafla og skipulagsupprátt.

6.11.3 Umhverfismat

Í umhverfismati aðalskipulagsins er lagt mat á það hvort stefna aðalskipulagsins styðji eða gangi gegn stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun.

Stefna aðalskipulagsins um veitur, sem felur í sér áherslu á öruggar veitur þar sem mannvirkjagerð er í sátt við umhverfi og náttúru er talin samrýmast markmiðum „Velferðar til framtíðar“. Sjá nánar í viðauka 3.

6.11.4 Forsendur

Vatnsveita er rekin við alla þéttbýlisstaði. Um þær hafa allsstaðar verið skilgreind vatnsverndarsvæði. Vatnverndarsvæði í Norðfirði og Eskifirði hafa verið endurskoðuð í tengslum við áform um lagningu Norðfjarðarganga.


Mannvirki vatnsveitu skulu vönduð að allri gerð, þannig að þau þjóni sem best sínu hlutverki um leið og þess skal gætt að gerð þeirra og rekstur valdi sem minnstu raski á náttúru og umhverfi.

7 BÚSETA

Í aðalskipulagi þarf að tryggja nægjanleg svæði fyrir íbúðir, staðsetja og afmarka þau svæði m.t.t. annarrar landnotkunar, samgangna og umhverfisáhrifa og marka stefnu um yfirbragð og einkenni byggðar.

Til þess að áætla landþörf fyrir íbúðarbyggð þarf að meta líklega eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði en hún veltur m.a. á íbúafjölgun og samsetningu íbúafjöldans m.t.t. aldurs, heimilisgerða eða fjölskyldustærða. Ýmsir þættir hafa áhrif á fjölgun íbúa og einkenni íbúafjöldans s.s. staða og þróun atvinnulífs, menningarlífs og félags-, fræðslu- og heilbrigðisþjónustu. Góðar samgöngur hafa síðan áhrif á möguleika fólks til að nýta sér atvinnutækifæri, þjónustu og afþreyingu og skipta því miklu máli fyrir íbúapróun. Þá geta útivistarmöguleikar, náttúrufegurð og gæði byggða umhverfisins gert staði eftirsóknaverða. Með stefnumörkun um atvinnulíf, velferðarmál, samgöngur og náttúrulegt og byggt umhverfi er því unnt að stuðla að því að byggð viðhaldist og styrkist. Aðdráttarafli annarra svæða skiptir þó líka máli. Erfitt getur reynst að keppa við svæði sem laða auðveldlega til sín fólk vegna framboðs á fjölbreyttri atvinnu, þjónustu og afþreyingu.

Fjallað er um búsetu í Fjarðabyggð í eftirfarandi undirköflum: **Íbúapróun** og **Íbúðarhúsnæði** og sett fram stefna aðalskipulagsins um viðkomandi efni.



40. mynd. Búseta – stefna um íbúapróun og íbúðarhúsnæði.

7.1 Íbúapróun

7.1.1 Stefna – íbúapróun

Í Fjarðabyggð verði búið svo í hagin fyrir íbúðarbyggð, atvinnulíf, þjónustu og menningu að sveitarfélagið verði aðlaðandi búsetukostur.

Miðað verði við að íbúum í sveitarfélaginu fjölgi um 0,9% árlega á skipulagstímabilinu.

Leitast verði við að ná jafnvægi í aldurssamsetningu og kynjaskiptingu íbúafjöldans með því að stuðla að fjölbreytni í atvinnulífi og uppbyggingu þjónustu, menntunar og menningarstarfsemi. Þannig verði skapaðar góðar aðstæður fyrir fjölskyldur og einstaklinga, af innlendum sem erlendum uppruna.

7.1.2 Framfylgd stefnu

Stefna um íbúapróun er útfærð í stefnu aðalskipulagsins í öllum málaflokkum, auk þess sem hún er útfærð í annarri stefnumörkun og áætlanagerð Fjarðabyggðar á hverjum tíma

7.1.3 Umhverfismat


Í umhverfismati aðalskipulagsins er lagt mat á það hvort stefna aðalskipulagsins styðji eða gangi gegn stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun.

Stefna aðalskipulagsins um íbúapróun hefur ekki bein áhrif á markmið „Velferðar til framtíðar“, en framfylgd stefnu aðalskipulagsins um íbúapróun er hinsvegar háð því að landnotkun í Fjarðabyggð þróist í samræmi við markmið „Velferðar til framtíðar“ um heilnæmt og öruggt umhverfi, verndun náttúru, sjálfbæra nýtingu auðlinda og hnattræn viðfangsefni. Sjá nánar í viðauka 3.


7.1.4 Forsendur

Íbúafjöldi

Síðastliðna áratugi hefur íbúapróun í Fjarðabyggð að mestu fylgt íbúapróun á Mið-Austurlandi og Austurlandi í heild. Íbúum fækkaði allan 10. áratuginn, en fjölgaði um og upp úr 2002. Á árunum 1990-2002 fækkaði íbúum í Fjarðabyggð um rúmlega 900 manns. Hlutfallsleg fækkun í Fjarðabyggð og á Mið-Austurlandi var þó minni en á Austurlandi í heild. Frá 2002 til 2007 fjölgaði íbúum í Fjarðabyggð um rúmlega 1100 manns og voru íbúar í sveitarfélaginu um 5100 árið 2007.




41. mynd. Íbúafjöldi í Fjarðabyggð, á Mið-Austurlandi og Austurlandi 1990-2007 (Hagstofa Íslands 2007).




42. mynd. Fjöldi aðfluttra umfram brottflutta í Fjarðabyggð 1992-2006, eftir kyni (Hagstofa Íslands 2007).

Eftir á að koma í ljós hve stór hluti af íbúafjölgun undangenginna ára byggist á fólki sem sest hefur að í Fjarðabyggð, en kynskiptar tölur yfir búferlaflutninga gefa tilefni til að ætla að stór hluti íbúafjölgunar síðustu ára séu karlmenn sem komið hafa til tímabundinna starfa við framkvæmdir tengdar álveri. Eins liggur enn ekki fyrir hve stór hluti nýrra starfsmanna í álverinu mun flytjast búferlum til Fjarðabyggðar.



43. mynd. Náttúruleg fjölgun í Fjarðabyggð 1992-2006 (Hagstofa Íslands 2007).

Íbúapróun ræðst auk búferlaflutninga af náttúrulegri fjölgun, þ.e. fjölda fæddra umfram dána. Í Fjarðabyggð hafa dauðsföll verið fleiri en fæðingar mörg undanfarin ár. Búferlaflutningar hafa því ráðið miklu um íbúapróun og svo mun að líkindum verða áfram.



44. mynd. Íbúafjöldi í Fjarðabyggð eftir byggðarkjörnum 1990-2007 (Hagstofa Íslands 2007, Fjarðabyggð 2007).

Íbúapróun einstakra byggðarkjarna í Fjarðabyggð hefur verið nokkuð breytileg síðustu 15 ár. Þannig fækkaði hratt á Norðfirði nær allan 10. áratuginn á meðan íbúafjöldi á Eskifirði hélst nokkuð stöðugur. Íbúum fækkaði bæði á Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði en þó meira á Fáskrúðsfirði og voru bæirnir orðnir álíka fjölmennir um aldamótin. Nú er Reyðarfjörður fjölmennari en Fáskrúðsfjörður. Íbúum á Stöðvarfirði hefur fækkað ár frá ári og hefur sú þróun haldið áfram síðustu ár, ólíkt hinum bæjunum. Íbúafjöldi í Mjóafirði hefur haldist nokkuð stöðugur þó svo einhverjar sveiflur hafi verið á milli ára.


Íbúafjöldun sl. ár hefur fyrst og fremst verið á Reyðarfirði og Eskifirði en Norðfjörður er þó ennþá fjölmennasti bærin, þegar frá eru taldir íbúar á vinnubúðasvæðinu Haga á Reyðarfirði þar sem bjuggu um 700 íbúar 2005, rúmlega 1300 íbúar árið 2006 og tæplega 480 árið 2007. Á Norðfirði hefur íbúafjöldi haldist nokkuð stöðugur síðustu 5 árin.

Samsetning íbúafjöldans


Samsetning íbúafjöldans í Fjarðabyggð hefur breyst á síðustu árum hvað varðar aldur, kyn, þjóðerni og fjölskyldugerð. Þó er erfitt að segja með fullri vissu hvort hér er um varanlegar breytingar að ræða, þar sem ekki er unnt að aðgreina þá sem búsettir eru tímabundið í Fjarðabyggð vegna tímabundinna starfa, frá þeim sem hafa fasta búsetu.

Þegar aldurssamsetning íbúa Fjarðabyggðar er skoðuð og borin saman við aldurssamsetningu á landinu í heild kemur í ljós að árið 2001 var hlutfall ungra barna (0-4 ára) og ungra kvenna (20-29 ára og 35-39 ára) lægra í Fjarðabyggð en á landinu í heild. Hlutfall karla á aldrinum 40-74 ára var hinsvegar hærra en á landinu í heild en hlutfall karla á aldrinum 25-29 ára lægra. Hlutfall unglunga, bæði stúlkna og drengja, á aldrinum 15-19 ára var hærra í Fjarðabyggð en á landsvísu.


Tölur yfir aldurssamsetningu eftir kyni árið 2007 sýna talsvert meira frávik frá landinu í heild og ójafnvægi í hlutfalli kynja. Hluttur karla á í öllum aldursflokkum á bilinu 30-59 ára er langt yfir tölum fyrir Ísland í heild, sem endurspeglar þau störf sem hafa skapast við framkvæmdir vegna álvers. Hlutfall ungra kvenna er talsvert lægra en á landsvísu.



45. mynd. Aldursdreifing í Fjarðabyggð og á Íslandi 2001, eftir kyni (Hagstofa Íslands 2007)



46. mynd. Aldursdreifing í Fjarðabyggð og á Íslandi 2007, eftir kyni (Hagstofa Íslands 2007).




47. mynd. Fjöldi erlendra ríkisborgara í Fjarðabyggð 2001, 2006 og 2007 eftir kyni (Hagstofa Íslands 2007).

Upplýsingar um fjölda erlendra ríkisborgara sýna fjölgun sem einnig endurspeglar núverandi atvinnuástand en segir ekki endilega til um þróun til lengri tíma. Stór hluti núverandi erlendra íbúa í Fjarðabyggð dvelur þar sennilega tímabundið. Þó má segja með nokkurri vissu að íbúum af erlendum uppruna hafi fjölgað í Fjarðabyggð sl. áratug og að sú þróun muni halda áfram ef tekið er mið af þróun á landinu í heild og uppbyggingu stóriðju í Fjarðabyggð.

Samfélagið í Fjarðabyggð mun því að öllum líkindum verða fjölþjóðlegra. Erlendir íbúar sem höfðu búsetu í Fjarðabyggð árið 2006 og 2007 komu víða að, en langflestir frá Austur-Evrópu.

Af skiptingu íbúa eftir fjölskyldugerð má greina breytingar á fjölskyldumynstri. Fólki í sambúð og með börn hefur fækkað en fólki í sambúð án barna og einstæðum foreldrum hefur fjölgað. Einstaklingum fækkaði frá 1997 til 2002 en fjölgaði verulega frá 2002 til 2006 sem væntanlega er tímabundið ástand.



48. mynd. Íbúar í Fjarðabyggð eftir fjölskyldugerð 1997-2006 (Hagstofa Íslands 2007).

Framtíðaríbúapróun

Spár um íbúapróun miða gjarnan við þróun undanfarinna ára hvað varðar búferlaflutninga, aldurssamsetningu íbúafjöldans og náttúrulega fjölgun, sem er þá framreiknuð til tiltekinna ára. Í Fjarðabyggð er erfitt að beita slíkri aðferð þar sem aðstæður síðastliðin 5 ár hafa verið óvenjulegar vegna framkvæmda tengdum stóriðjuuppbyggingu. Ekki er hægt að gera ráð fyrir sömu þróun áfram og ekki er heldur hægt að miða við þá þróun sem var áður en stóriðjuframkvæmdir hófust þar sem forsendur fyrir byggðapróun hafa breyst allnokkuð með tilkomu álvers á Reyðarfirði.

Þær spár sem birtar hafa verið um áhrif álvers á íbúapróun á Mið-Austurlandi ná einungis til þess tíma þegar álverið

hefur tekið til starfa eða til árunna 2008³ og 2013⁴. Spárnar byggja á mati á fjölgun starfa og í þeim er reiknað með störfum í álverinu og afleiddum störfum vegna álvers, en ekki er lagt mat á hugsanlega þróun annarra ótengdra atvinnugreina.

Í mati Jóns Þorvaldar Heiðarssonar (2005) er gert ráð fyrir að íbúum á Mið-Austurlandi fjölgi um 1800 á árunum 2002-2008. Út frá gefnum forsendum um vinnusókn álvers og líklegri staðsetningu afleiddra starfa er lagt mat á hvernig nýir íbúar muni dreifast á milli byggðarkjarna (sjá töflu 2 að neðan).

Í mati Nýsis (2006) á samfélagslegum og efnahagslegum áhrifum álvers í Reyðarfirði er einnig gengið út frá mati og framreikningum á fjölgun ársverka og íbúatölur áætlaðar út frá þeim. Þeir reikningar gefa um 1500 íbúa fjölgun á Mið-Austurlandi 2002-2008. Framreikningar Nýsis ná reyndar til ársins 2013 og gera ráð fyrir að íbúum á Mið-Austurlandi fjölgi um 1830 á árabílinu 2002-2013 eða um 1,8% að meðaltali á ári. Dreifing íbúanna eftir stöðum er ekki áætluð beint heldur er lagt mat á hvernig íbúðarhúsnæði muni skiptast eftir stöðum, sjá nánar í umfjöllun um íbúðarhúsnæði í kafla 7.2.

³ Jón Þorvaldur Heiðarsson 2005.

⁴ Nýsir 2006.

Svæði - staður	Áætluð fjölgun 2002-2008 ¹	Áætluð fjölgun 2002-2008 ²	Raunfjölgun 2002-2007 ³
Fjarðabyggð			2055
Norðfj.	0-200	"	37
Eskifj.	150-350	"	129
Reyðarfj.	400-800	"	426 ⁴
Fáskrúðsfj.	100-300	"	105
Stöðvarfj.			-46
Egilsstaðir	400-800	Ekki áætlað	583
Seyðisfj.	0-100	"	-34
Fljótsdalshérað	"	"	1283
Mið-Austurland	1800	1540	2646
Austurland	"	"	2143

Skýringar:

1) Spá Jóns Þorvaldar Heiðarssonar 2005.

2) Spá Nýsis 2006.

3) Tölur fyrir hvern byggðarkjarna í Fjarðabyggð taka einungis til þéttbýlis í hverjum firði. Allar íbúatölurnar innifela tímabundna starfsmenn, sjá þó skýringu í næsta lið.

4) 478 íbúar á Haga fráregnir árið 2007.


Tafla 2. Spár um áhrif álvers á íbúapróun á Mið-Austurlandi og raunveruleg íbúafjölgun 2002-2007 (Hagstofa Íslands 2007, Jón Heiðar Þorvaldsson 2005, Nýsir 2006 og Fjarðabyggð 2007).

Til samanburðar við ofangreindar spár er í töflunni að ofan sýnd íbúapróun á Mið-Austurlandi á árunum 2002-2007. Hún sýnir að íbúapróun á Reyðarfirði og Egilsstöðum virðist geta orðið svipuð því sem spáð hefur verið, en talsvert vantar upp á áætlaða fjölgun í hinum bæjunum á Mið-Austurlandi. Rauntölurnar virðast því benda til þess að ekki sé ástæða til að reikna með eins mikilli fjölgun í byggðarkjörnum Fjarðabyggðar eins og spár um áhrif álvers hafa gert ráð fyrir.

Til þess að átta sig betur á mögulegri íbúapróun í Fjarðabyggð er ástæða til að skoða hver íbúapróun gæti orðið á Íslandi í heild og meta síðan hugsanlega þróun á Austurlandi, Mið-Austurlandi og Fjarðabyggð í því samhengi.

Hagstofa Íslands hefur framreiknað mannfjölda á Íslandi frá árinu 2008 til ársins 2050. Þar er gert ráð fyrir að íbúum landsins muni fjölga um 0,9% að meðaltali árlega næstu tvo áratugi.

Hæpið er að gera ráð fyrir að íbúafjölgun á landsbyggðinni verði jafn hröð og á landinu í heild þar sem að íbúapróun á landsbyggðinni hefur verið talsvert önnur og mun neikvæðari sl. ár og áratugi en á höfuðborgarsvæðinu, þar sem meirihluti landsmanna býr (sjá 49. mynd).



49. mynd. Mannfjöldi á Íslandi 1990-2007 og mannfjölda-spá 2008-2027 (Hagstofa Íslands 2007).

Ýmislegt bendir þó til að ástæða sé til að vera bjartsýnn á þróun á Mið-Austurlandi og í Fjarðabyggð, sbr. þróun og sóknarfæri í atvinnulífnum sem fjallað er um í 5. kafla og áformaðar samgöngubætur, sbr. 6. kafla. Einnig er ástæða til að líta til þeirrar stefnu sem mörkuð hefur verið í Byggðaáætlun 2006-2009 og Vaxtarsamningi Austurlands.

Samkvæmt Byggðaáætlun 2006-2009 er stefnt að því að landshlutakjarnar verði eflir og er Mið-Austurland skilgreint sem landshlutakjarni, auk Akureyrar og Ísafjarðar.

Til að ná meginmarkmiðum áætlunarinnar um eflingu landshlutakjarna, aðlögun byggðarlaga að hröðum breytingum á atvinnuháttum og samfélagi og styrkingu atvinnulífs, menntunar, menningar og félagslegs jafnræðis, eru skilgreindar ýmsar aðgerðir í áætluninni. Þessar aðgerðir varða umbætur á samgöngum og fjarskiptum, eflingu rannsókna, tækniþróunar og nýsköpunar, uppbyggingu þekkingar- eða háskólasetra, eflingu dreifmenntunar, símenntunar og menningarstarfsemi, bættu heilbrigðisþjónustu og þjónustu við innflytjendur, uppbyggingu ferðaþjónustu, stuðning við atvinnurekstur kvenna og eflingu umhverfisstarfs í sveitarfélögum⁵. Með markvissri framfylgd þessarar stefnu má, til langs tíma lítið, vænta að landsbyggðin verði vænlegri valkostur fyrir fólk og fyrirtæki og að störfum þar fjölgi, en óvíst er hvort þau munu vega alveg upp á móti hugsanlegum áframhaldandi samdrætti í hefðbundnum greinum eins og sjávarútvegi.

⁵ Alþingi 2006: Þingsályktun fyrir stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006-2009.

Á grundvelli Byggðaáætlunar er í Vaxtarsamningi Austurlands mörkuð nánari stefna í byggðamálum landshlutans. Í Vaxtarsamningnum er sett fram framtíðarsýn um 20 þúsund manna fjölskylduvænt samfélag á Austurlandi árið 2020, þar sem verði góðar samgöngur, samkeppnishæfar nýjar og hefðbundnar atvinnugreinar og hátt menntunarstig. Stefnt er að umtalsverðri aukningu ferðamanna m.a. með aukningu í vetrarferðamennsku. Í samningnum er m.a. gert ráð fyrir að unnið verði að þessari framtíðarsýn með því að styrkja myndun klasa eða tengslaneta á þremur sviðum, þ.e. sjávarútvegs- og matvælaklasa, mennta- og rannsóknarklasa og menningar- og ferðaþjónustuklasa. Klösunum er m.a. ætlað að bæta aðstæður fyrir nýsköpun og markaðssetningu og til samnýtingar á þekkingu á hverju sviði. Með þeim er einnig leitast við að stuðla að samhæfingu og aðgerðum sveitarstjórna og ríkisstjórna á þessum sviðum.

Ef vel tekst til með framfylgd Vaxtarsamnings má ætla að atvinnulíf á Austurlandi styrkist. Í Vaxtarsamningnum er þó sennilega gert ráð fyrir hraðari íbúafjölgun en raunhæft er. Þar er reiknað með 2,4% árlegri fjölgun íbúa á Austurlandi fram til ársins 2020 sem tekur mið af þróun allra síðustu ára. Ef þróunin á Mið-Austurlandi er hinsvegar borin saman við þróun á Íslandi í heild, sést að árleg fjölgun á Austurlandi hefur verið talsvert undir landsmeðaltali nema á síðasta 5 ára tímabili (sjá töflu 3), en það tímabil getur ekki talist dæmigert fyrir þróun yfir lengra tímabil. Áætlun Vaxtarsamningsins er jafnframt talsvert yfir framreikningum Hagstofunnar og um líklega árlega fjölgun landsmanna.

Svæði	Fjölgun íbúa að meðaltali á ári á hverju 5-ára tímabili í %		
	1992- 1996	1997- 2001	2002- 2006
	Fjarðabyggð	-1,62	-1,96
Mið-Austurland	-0,91	-1,37	8,96
Austurland	-0,77	-1,43	5,52
Landsbyggð	-0,29	-0,04	1,34
Höfuðborgarsvæði	1,53	2,00	1,49
Ísland	0,77	1,21	1,43

Tafla 3. Hlutfallsleg árleg fjölgun íbúa 1992-2006, á hverju fimm-ára tímabili, eftir svæðum (Hagstofa Íslands 2007).

Miðað við að vöxtur á landsbyggðinni mörg undanfarin ár hefur verið talsvert undir landsmeðaltali er hæpið að ætla að fjölgun á Austurlandi og í Fjarðabyggð verði langt umfram það sem áætlað er fyrir landið í heild. Hinsvegar bendir atvinnuþróun undanfarinna ára og sóknarfæri sem til staðar eru í atvinnulífinu til þess að reikna megi með að þróunin verði líkari þróun á landsvísi en verið hefur. Því er lagt til að í áætlunum aðalskipulagsins sé tekið mið af framreikningum Hagstofunnar fyrir landið í heild og gert ráð fyrir að íbúum Fjarðabyggðar fjölgi álíka hratt og íbúum landsins.

Framreikningar Hagstofunnar gera ráð fyrir að íbúum fjölgi árlega að meðaltali um 0,91% á tímabilinu 2008-2017 en 0,93% á tímabilinu 2018-2027.

Í töflu 4 er sett fram áætlun um íbúapróun í Fjarðabyggð á skipulagstímabilinu sem tekur mið af ofangreindum framreikningum Hagstofu Íslands og auk íbúapróunar á landsbyggðinni undanfarin ár.

Íbúa- þróun	Fjarðabyggð 2007-2027				
	2007	2008- 2017	2017	2018- 2027	2027
Árleg fjölgun - í %		0,9		0,9	
Heildar- fjölgun - fjöldi		483		529	
Íbúa- fjöldi	5111		5640		6169

Tafla 4. Áætluð íbúapróun í Fjarðabyggð 2007-2027 (Hagstofa Íslands 2007)

Hvernig íbúafjölgunin dreifist á einstaka byggðarkjarna í Fjarðabyggð mun m.a. ráðast af því hvar störf skapast, hvernig samgöngur verða, hvernig aðgengi að þjónustu verður og hvar húsnæði verður í boði. Í stað þess að áætla íbúafjölda í hverjum byggðarkjarna er áætlað hve margar íbúðir eru óbyggðar á skilgreindum og mögulegum íbúðarsvæðum. Á grundvelli þess er er hægt að meta hvernig íbúafjöldinn kann að dreifast (sjá nánar kafla 7.2).

7.2 Íbúðarhúsnæði

7.2.1 Stefna - íbúðarhúsnæði

Í Fjarðabyggð verði í boði fjölbreyttar gerðir af íbúðarhúsnæði til að mæta þörfum allra þjóðfélagsþópa.

Tryggt verði nægilegt framboð vel skipulagðra og vandaðra svæða fyrir íbúðir með fjölbreyttum hússagerðum og íbúðarstærðum til að mæta þörfum sem flestra.

Íbúðarhúsnæði verði fyrst og fremst beint í þéttbýli og leitast verði við að þétta núverandi bæjarkjarna í samræmi við byggðamynstur þeirra og yfirbragð.

7.2.2 Framfylgd stefnu

Stefna um íbúðarhúsnæði er útfærð í stefnu 8. kafla um byggðamynstur og í einstökum landnotkunarákvæðum 9. kafla.

7.2.3 Umhverfismat

Í umhverfismati aðalskipulagsins er lagt mat á það hvort stefna aðalskipulagsins styðji eða gangi gegn stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun.

Stefna aðalskipulagsins um íbúðarhúsnæði varðar óverulega markmið „Velferðar til framtíðar“. Sjá nánar í viðauka 3.

7.2.4 Forsendur


Einkenni húsakostsins í Fjarðabyggð

Húsakostur í stærstu byggðarkjörnum Fjarðabyggðar er svipað samansettur, þ.e hlutfallslega eru flestar íbúðir í sérbýli, næst í stóru fjölbýli (6 íbúðir eða fleiri) og lægsta hlutfallið er í litlu fjölbýli (3-5 íbúðir þ.m.t. raðhús). Fjölbýli er þó hlutfallslega mest á Reyðarfirði og minnst á


Fáskrúðsfirði. Á Stöðvarfirði og í Mjóafirði er eingöngu sérbýli.

Fjöldi íbúa á hverja íbúð hefur farið lækandi sl. 15 ár ef frá eru talin allra síðustu ár sem eru ekki marktæk vegna fjölda tímabundinna starfsmanna í bráðabirgðahúsnæði. Árið 1990 voru íbúar á íbúð 3,2, árið 2002 voru þeir 2,7 og 2,8 árið 2006 í Fjarðabyggð allri. Í þéttbýliskjörnum bjuggu á bilinu 2,3-2,8 íbúar/íbúð árið 2006. Til samanburðar voru 2,6 íbúar á íbúð á höfuðborgarsvæðinu og 2,4 í Reykjavík árið 2006.

Um helmingur íbúða í Fjarðabyggð er frá árunum 1960-1989. Tæp 20% íbúðanna voru byggðar á árunum 1930-59 og um 13% fyrir þann tíma. Um 16% voru byggðar eftir 1990. Þörf fyrir endurnýjun húsnæðis er ekki talin mikil.




50. mynd. Fjöldi íbúða í byggðarkjörnum Fjarðabyggðar eftir tegund húsnæðis (Fasteignamat rík. 2007).




51. mynd. Fjöldi íbúða í Fjarðabyggð eftir aldri (Fasteignamat ríkisins 2007).

Fjölgun íbúða sl. ár hefur að langmestu leyti verið á Reyðarfirði en einnig hefur verið byggt nokkuð á Eskifirði. Á árunum 1960-1989 var hinsvegar mest byggt á Norðfirði.



52. mynd. Fjöldi íbúða í byggðarkjörnum Fjarðabyggðar eftir aldri (Fasteignamat rík. 2007).



53. mynd. Fjöldi nýrra íbúða í Fjarðabyggð á hverju 5-ára tímabili 1987-2006, eftir tegund húsnæðis (Fasteignamat ríkisins 2007).

Síðastliðin ár hefur mest verið byggt af sérþýli (einbýli og parhús) og stærri fjölbýlishúsum með 6 íbúðir eða fleiri.

Mat á húsnæðisþörf

Meta þarf líklega eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði svo að hægt sé að áætla landþörf fyrir íbúðarbyggð. Mat á fjölda íbúða sem þörf er fyrir byggir á áætlaðri fólksfjölgun (sbr. kafla 7.1), þörf fyrir endurnýjun húsnæðis og byggingarstarfsemi næstliðinna ára. Mat á hvaða tegund húsnæðis er helst þörf fyrir byggir m.a. á þróun í aldrsdreifingu, fjölskyldugerðum og heimilisstærðum (sbr. kafla 7.1), en einnig á mati á markaðsaðstæðum hverju sinni.

Í tengslum við uppbyggingu álvers á Reyðarfirði var þörf fyrir nýtt íbúðarhúsnæði á Mið-Austurlandi metin. Þar var gert ráð fyrir að þörf yrði fyrir um 250-860 nýjar íbúðir á

Mið-Austurlandi á tímabilinu 2002-2008 (sjá töflu 5). Á tímabilinu 2002-2007 hefur verið byggð 341 íbúð í Fjarðabyggð og 338 íbúðir á Fljótsdalshéraði. Því má ætla að nú þegar hafi verið reistar þær íbúðir sem þörf skapaðist fyrir vegna uppbyggingar álversins og að húsnæðisþörf næstu ára verði í samræmi við árlega fjölgun íbúa, eins og hún er áætluð í kafla 7.1 eða 0,9%.

Svæði	Áætluð íbúðaþörf 2002-2008 ¹	Áætluð íbúðaþörf 2002-2008 ²	Raun fjölgun íbúða 2002-2007 ³
Mið-Austurland	253-857	654	
Fljótsdals- hérað			341
Fjarðabyggð			338

Skýringar:
1) Jón Heiðar Þorvaldsson 2005. Miðað við 126 m² meðalstærð íbúða.
2) Nýsir 2006.
3) Fasteignamat ríkisins 2007.

Tafla 5. Spár um þörf á íbúðarhúsnæði 2002-2008 vegna álvers í samanburði við raunverulega fjölgun íbúða 2002-2007 (Jón Þorvaldur Heiðarsson 2005, Nýsir 2006, Fasteignamat ríkisins 2007).

Miðað við 0,9% árlega fjölgun íbúa og 2,4 íbúa á íbúð, sbr. umfjöllun um íbúðarþróun í kafla 7.1, þá má áætla að þörf fyrir íbúðarhúsnæði í þéttbýli Fjarðabyggðar verði um 550 nýjar íbúðir fram til ársins 2027. Ef sú fjölgun dreifðist jafnt á þéttbýlisstaði Fjarðabyggðar yrði dreifingin eins og sést í töflu 6.

Byggðar- kjarni ¹	Íbúafjöldi 2007	Íbúafjöldi 2027 ³	Íbúða- fjöldi 2006	Íbúða- þörf til 2027 ⁴
Norðfj.	1432	1713	589	125
Eskifj.	1095	1310	376	170
Reyðarfj.	1051 ²	1257	382	142
Fáskr.fj.	674	806	238	98
Stöðvarfj.	230	275	102	13
Þéttbýli í Fjarða- byggð	4960	5362	1687	547

Skýringar:
1) Tölur miða við þéttbýli.
2) 478 íbúar á vinnubúðasvæðinu á Haga eru frátaldir.
3) Miðað við 0,9% árlega fjölgun.
4) Fjöldi íbúða miðað við íbúafjölgun 2007-2027 og 2,4 íbúa á íbúð.

Tafla 6. Þörf á íbúðum til 2027, framreikningur og möguleg dreifing nýrra íbúða á þéttbýlisstaði Fjarðabyggðar, ef íbúðarþróun væri hlutfallslega jöfn á öllum stöðum.

Þörf á nýju byggingarlandi undir íbúðir

Í Fjarðabyggð er þó nokkuð af óbyggðum lóðum á deiliskipulögðum svæðum, eða alls um 550 íbúðir, sjá töflu 7. Þar að auki er svigrúm, samkvæmt gildandi aðalskipulagi, fyrir talsverða byggð á svæðum á jaðri byggðar sem ekki hafa enn verið deiliskipulögð, auk nokkurra reita í eldri hlutum bæjanna, sjá töflu 8. Alls eru

Því skipulögð svæði fyrir allt að 850 íbúðir, sem er verulega umfram áætlaða þörf næstu 20 árin, sbr. töflu 6 að framan. Þetta ríflega rými sem áætlað er undir íbúðarbyggð þegar litið er til Fjarðabyggðar í heild, gefur tilefni til að endurskoða afmörkun íbúðarsvæða, t.d. á Fáskrúðsfirði þar sem afmörkuð hafa verið umfangsmikil svæði fyrir nýja íbúðarbyggð. Þessi staða gefur jafnframt ekki tilefni til að afmarka ný íbúðarsvæði í hinum byggðarkjörnum, umfram það sem þegar hefur verið gert í gildandi skipulagi.

Byggðarkjarni og svæði	Fjöldi íbúða eftir tegund húsnæðis			
	Einbýli	Par/-raðhús	Fjölbýli	Alls
Norðfjörður	20	11	12	43
Bakkar 2	3	4		7
Bakkar 3	17	7	12	36
Eskifjörður	16	19	58	93
Dalur 2	7	6		13
Barð 1	4	13		17
Barð 2	5			5
Edduborgir			58	58
Reyðarfjörður	126	114	28	268
Stekkir 1	3	8		11
Stekkir 2	90			90
Melur 1	10	23		33
Oddnýjarhæð	3			3
Bakkagerði 1	20	83	28	131
Fáskrúðsfjörður	68	22	24	114
Holtahverfi	37	22	20	79
Hlíðarhverfi	18			18
Þétting byggðar	13		4	17
Stöðvarfjörður	24	4	0	28
Borg	3			3
Borgargarður	21	4		25
Alls	254	170	122	546

Tafla 7. Fjöldi óbyggðra íbúða á deiliskipulögðum íbúðarsvæðum í júlí 2007. (Heimild: Fjarðabyggð 2007).

Byggðarkjarni	Fjöldi íbúða eftir tegund húsnæðis			
	Einbýli	Par-/raðhús	Fjölbýli	Alls
Norðfjörður	4			4
Eskifjörður	54		16	70
Reyðarfjörður	3			3
Fáskrúðsfjörður	230			230
Stöðvarfjörður	8			8
Alls	92		16	315

Tafla 8. Mögulegur fjöldi nýrra íbúða á hugsanlegum þéttingarsvæðum innan núverandi byggðar og nýjum svæðum á jaðri byggðar, í samræmi við gildandi aðalskipulag. (Heimild: Fjarðabyggð 2007).


8 BYGGÐAMYNSTUR

Með byggðamynstri er átt við landfræðilegt myndur landnotkunar og samgöngukerfis; hvernig mismunandi landnotkun eða starfsemi raðast, hvort hún er blönduð eða aðskilin, hversu fingert eða stórgert myndstrið er og hvernig það samtvinnast myndstri gatna og vegakerfis. Hugtakið byggðamynstur nær líka til einkenna byggðarinnar m.t.t. útlits hennar og yfirbragðs, eða svokallaðrar bæjarmyndar. Með bæjarmynd er t.d. átt við form, hæð, byggingarefni og liti húsa og annarra mannvirkja og útfærslu göturýma og opinna svæða m.t.t. gróðurs, yfirborðsefna og götugagna.

Hvernig byggðamynstri er háttáð hefur t.d. áhrif á fjarlægðir milli íbúða og atvinnu eða þjónustu, aðgengi að útivistarsvæðum og hversu gönguvænt, aðlaðandi og sjálfbært umhverfi er. Tilgangur þess að móta stefnu um byggðamynstur og bæjarmynd er því að tryggja góðar aðstæður til búsetu.

Mynstur og einkenni byggðarinnar í Fjarðabyggð hefur að mestu ráðist af staðháttum og atvinnuháttum á hverjum tíma. En efnahagur, menningarstraumar, gildi og viðhorf í samfélaginu hafa líka haft sín áhrif. Þannig þarf að hafa í huga sérkenni landslagsins, einkenni samfélagsins og núverandi myndur byggðarinnar, sem bakgrunn fyrir stefnu um byggðamynstur sveitarfélagsins. Skoða þarf hvernig hægt er að byggja á sérkennum og gæðum byggðarinnar og bæta þau með útfærslu skipulags, viðhaldi eldri byggðar og mótun nýrrar.

Fjallað er um byggðamynstur í Fjarðabyggð í eftirfarandi undirköflum: **Byggðamynstur og búsetulandslag í dreifbýli** og **Byggðamynstur og bæjarmynd í þéttbýli** og sett fram stefna aðalskipulagsins um viðkomandi efni.



54. mynd. Byggðamynstur – stefna um byggðamynstur í dreifbýli og þéttbýli.

8.1 Byggðamynstur og búsetulandslag í dreifbýli

8.1.1 Stefna - byggðamynstur og búsetulandslag í dreifbýli

Byggðamynstur í dreifbýli í Fjarðabyggð einkennist áfram af stökum býlum meðfram megin vegum.

Ekki verði íbúðarhverfi í dreifbýli án tengsla við búskap, en heimilt verði að reisa allt að 3 ný íbúðarhús og/eða frístundahús á hverri bújörð án tengsla við búskap.

Ef upp koma hugmyndir um ný frístundabyggðarhverfi (sem kalla á breytingu á aðalskipulagi), skal við ákvörðun um staðsetningu þeirra, umfang og einkenni taka mið af landslagseinkennum og minjum. Ný hverfi skulu frekar vera lítil og dreifð en fá og stór.

Tilteknum slóðum verði viðhaldið en öðrum lokað, sbr. sveitarfélagsupprátt.

Allar framkvæmdir í dreifbýli miðist við að virða búsetulandslag og vernda, eftir því sem kostur er, ásýnd til mikilvægra kennileita og landslagsþátta, svo sem fjalla, sjávar, gilja, lækja, fossa, votlendis og birkikjarrs.

8.1.2 Framfylgd stefnu

Stefna um byggðamynstur og búsetulandslag í dreifbýli er útfærð í einstökum landnotkunarákvæðum í 9. kafla.

8.1.3 Umhverfismat

Í umhverfismati aðalskipulagsins er lagt mat á það hvort stefna aðalskipulagsins styðji eða gangi gegn stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun.

Stefna aðalskipulagsins um byggðamynstur varðar óbeint markmið „Velferðar til framtíðar“, en samræmist þeim að svo miklu leyti sem hún varðar efni þeirra. Sjá nánar í viðauka 3.

8.1.4 Forsendur

Sérkenni og verðmæti landslagsins

Há, brött og formfögur fjöll skapa sterka upplifun í Fjarðabyggð. Þau ásamt hafinu mynda stórkostlega umgjörð um byggðina. Gilskorningar með lækjum og fossum og ár í dalbotnum eru líka afgerandi einkenni og birkikjarr er að finna á allmörgum svæðum. Við mótn byggðar og útfærslu landnotkunar, eins og t.d. skógræktar, er æskilegt að huga að útsýni og aðgengi að þessum landslagsþáttum.

Í Fjarðabyggð eru stór svæði sem eru verðmæt fyrir útivistarmöguleika íbúa og aðdráttarafi svæðisins fyrir ferðamenn, s.s. fólkvangur Neskaupstaðar, Hólmanes við Reyðarfjörð, Fjarðardalur í Mjóafirði og Gerpissvæðið. Stefna fyrir þessi svæði þarf að tryggja að verðmæti þeirra út frá náttúruvernd, menningarsögu, búsetuskilyrðum og ferðaþjónustu viðhaldist og styrkist. Sama á við um berjalönd, birkikjarr og votlendi.

Rætur og einkenni samfélagsins

Samfélagið í dreifbýli í Fjarðabyggð hefur í gegnum tíðina byggt afkomu sína bæði á landbúnaði og sjósókn. Áður

var búið í öllum vikum og dalbotnum og meðfram ströndum, en firðir og vikur á Gerpissvæðinu hafa lagst í eyði og búskapur í öðrum fjörðum hefur sums staðar lagst af. Minjar um fyrri byggð tengda landbúnaði og öflun sjávarfangs er því að finna víða í dreifbýlinu en misjafnt er hversu sýnilegar þær eru. Þessar minjar eru hluti af aðdráttarafi svæðisins fyrir ferðamenn og fyrir íbúa er ekki síður mikilvægt að varðveita söguleg tengsl eins og unnt er.

Búskapur í Fjarðabyggð í dag er fyrst og fremst sauðfjárbúskapur en skógrækt og ferðaþjónusta er stunduð á nokkrum stöðum sem aukabúgrein. Vænta má frekari þróunar slíkra aukabúgreina. Gera þarf ráð fyrir slíkri þróun en stuðla þarf að því að frekari framkvæmdir vegna hennar taki mið af þeim verðmætum sem felast í náttúru og búsetulandslagi og einstökum minjum.

Íbúðarbyggð í dreifbýli án tengsla við búskap er lítil sem engin í Fjarðabyggð. Út frá umhverfislegum og fjárhagslegum sjónarmiðum er æskilegt að íbúðarbyggð sé fyrst og fremst í þéttbýli. Það getur dregið úr akstri á milli staða og þar með mengun og álagi á vegi. Það dregur einnig úr þörf fyrir uppbyggingu veitukerfa og auðveldar þjónustu við íbúa.

Frístundabyggðarsvæði eru fá en stakir bústaðir eru á nokkrum stöðum og eyðibýli eru víða nýtt sem frístundahús. Með bættum samgöngum til nágrennasvæða og um Austfirði almennt má vænta aukinnar eftirspurnar eftir frístundahúsum á svæðinu. Við aðalskipulagsgerðina hafa þó ekki komið fram hugmyndir um ný frístundabyggðarsvæði en svigrúm þarf að vera fyrir byggingu stakra bústaða á bújörðum.

Mynstur og einkenni byggðarinnar

Byggð í Fjarðabyggð er fyrst og fremst í þéttbýli sem liggur norðan megin og í botni fjarðanna. Býli utan þéttbýlis dreifast meðfram ströndum næst þéttbýlinu og inn til dala. Á býlunum eru yfirleitt eitt íbúðarhús og útihús en ekki mörg íbúðarhús í þyrpingu eins og má finna í sumum sveitum á Íslandi. Frístundahús standa einnig flest stök en ekki í hverfum. Hægt er að taka mið af þessu byggðarmynstri við ákvörðun um staðsetningu stakra íbúðar- og frístundahúsa.

Í samræmi við landslag og dreifingu byggðarinnar liggja vegir í Fjarðabyggð meðfram ströndum, inn dali og yfir heiðar og fjöll. Slóðar, í misjöfnu ástandi, eru víða þar sem áður var byggð eða sem þjónuðu áður sem meginleið milli byggða. Margir þessara slóða veita aðgengi að útivistarsvæðum og þjóna búskap og þjónustu við veiðimenn. Öðrum getur verið æskilegt að loka fyrir akandi umferð, t.d. vegna álags á svæði eða erfiðleika og kostnaðar við að viðhalda vegi. Starfshópur á vegum Fjarðabyggðar hefur gert tillögu um hvaða slóðar skulu vera opnir fyrir umferð ökutækja.

8.2 Byggðamynstur og bæjarmynd í þéttbýli

8.2.1 Stefna – byggðamynstur og bæjarmynd í þéttbýli

Tengsl við náttúru

Auðvelt verði að komast í snertingu við náttúru jafnt innan þéttbýlis sem í grennd þess, með fjölbreyttum útivistarsvæðum, gönguleiðum, áningarstöðum og útsýnisstöðum.

Varðveittir verði grænir geirar í gilskorningum og meðfram lækjum, aðgengi milli fjalls og strandar verði tryggt og fjörur verndaðar þar sem þær er að finna.

Útfærsla byggðar og hönnun húsa miði að því að vernda og skapa sjónása til sjávar, fjalla og gróðurs.

Við útfærslu opinna svæða, gatna, gangstétta, gönguleiða og áningastaða, verði leitast við að nota gróður og náttúruleg efni af svæðinu

Tengsl við sögu

Hægt verði að rekja sögu bæjanna út frá byggingum þeirra og umhverfi. Strandmenningu verði gert hátt undir höfði og ræktuð verði tengsl við þá sögu sem sérkennir hvern byggðarkjarna, s.s. franska arfleifð á Fáskrúðsfirði og verslunarrekstur og sjósókn á Reyðarfirði, Eskifirði og Norðfirði.

Stuðlað verði að varðveislu eldri húsa, götumynda og annarra mannvirkja sem hafa sögulegt, menningarlegt og/eða byggingarlístrænt gildi og þjóna sem fulltrúar síns tíma.

Við útfærslu opinna svæða, gatna, gangstétta, gönguleiða og áningastaða, verði leitast við að nota form, efni og liti sem vísa til sögu þéttbýliskjarnanna.

Skilgreindar verði valdar gönguleiðir milli merktra sögustaða, og þær útfærðar og merktar þannig að auðvelt sé að fylgja þeim.

Lágreist, þétt og blönduð byggð

Leitast skal við að þetta eldri byggð þar sem mögulegt er og taka mið af einkennum þeirrar byggðar sem fyrir er.

Á nýjum byggðasvæðum verði fremur þétt lágreist byggð sem viðheldur sérkennum bæjanna, að jafnaði 1-3 hæðir, nema í miðbæjarkjörnum þar sem einstakar byggingar geta verið hærrí.

Mögulegt verði að blanda saman snyrtilegri atvinnustarfsemi og íbúðarbyggð þar sem það hentar, einkum í miðbæjarkjörnum og í grennd þeirra.

Byggðin myndi skýr göturými.

Aðlaðandi miðbæir

Mótaðir verði skýrir miðbæir í hverjum byggðarkjarna með því að beina þangað þjónustu, verslun og íbúðum og byggja inn í eyður þar sem hentar. Aðalinngangar snúi almennt að götu til að tryggja að göturými verði virk og lifandi.

Ásýnd miðbæja verði fegrð með gróðri, vönduðum yfirborðsefnum og áhugaverðri lýsingu. Hugað verði sérstaklega að umhverfi bygginga sem þjóna hlutverki kennileita í byggðinni.

Útsýni til náttúrulegra kennileita og hafs verði varðveitt þar sem hægt er.

Gert verði ráð fyrir samkomusvæðum og áningarstöðum þar sem því verður við komið. Tryggt verði að gönguleiðir séu aðgengilegar og öruggar.

Aðalgötur bæjanna verði fegraðar með gróðri og vönduðum frágangi.

8.2.2 Framfylgd stefnu

Stefna um byggðarmynstur og bæjarmynd í þéttbýli er útfærð í einstökum landnotkunarákvæðum í 9. kafla, auk þess sem hún er útfærð í annarri stefnumörkun og áætlanagerð Fjarðabyggðar á hverjum tíma

8.2.3 Umhverfismat

Í umhverfismati aðalskipulagsins er lagt mat á það hvort stefna aðalskipulagsins styðji eða gangi gegn stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun.

Stefna aðalskipulagsins um byggðamynstur varðar óbeint markmið „Velferðar til framtíðar“, en samræmist þeim að svo miklu leyti sem hún varðar efni þeirra. Sjá nánar í viðauka 3.

8.2.4 Forsendur

Tengsl við náttúruna

Á öllum þéttbýlisstöðum Fjarðabyggðar eru sterk tengsl við náttúru og þar eru tækifæri til að vinna með og styrkja landslagseinkenni til að gera staðina enn áhugaverðari og fallegri. Gilskorningar, sem eru í flestum bæjunum og

dalverpi eins og á Reyðarfirði, nýttast sem grænir gearar í gegnum byggðina frá fjalli til fjöru. Þá er síðan hægt að tengja saman með göngustígum innan og ofan bæjar. Í fjallshlíðunum eru möguleikar á frekari gróðursetningu til að skapa skjólrík útivistarsvæði.

Rennandi vatn í gilskorningum bæjanna ásamt Búðará á Reyðarfirði býður upp á að sérstaklega sé unnið með vatn við landslagsmótun. Aðgengi að strönd og útsýni að haffleti gefa líka spennandi möguleika við mótun byggðar.

Fyrir vellíðan og heilbrigði íbúa og aðráttarafi Fjarðabyggðar er mikilvægt að viðhalda og styrkja möguleika til að komast í snertingu við náttúruna. Góðar, öruggar og fjölbreyttar gönguleiðir og mismunandi áningarstaðir fyrir margvíslegar upplifanir, ásamt opnum svæðum fyrir leiki, íþróttir og aðra útiveru eru mikilvæg í þessu tilliti. Notkun náttúrulegra efna við alla umhverfismótun getur líka haft hlutverki að gegna í að gera staðina aðlaðandi, veita fólki vellíðan og hvetja til hreyfingar og samveru úti við.

Tengsl við söguna

Byggð í þéttbýli Fjarðabyggðar hefur frá upphafi byggst á sjósókn og verslun og þar komu útlendingar að fyrr á tímum í báðum geirum og settu svip sinn á staðina. Færeyingar og Norðmenn gerðu t.d. út frá Norðfirði og Eskifirði og Danir ráku verslun á Eskifirði og Reyðarfirði. Þó ekki séu mörg hús eða mannvirki eftir frá þessum tíma þéttbýlis þá á hann sína fulltrúa, eins og Tærgesen húsið á Reyðarfirði, Gömlu Búð á Eskifirði og Hansenshús og Gamla-Lúðvíkshús í Neskaupstað. Gömul sjóhús og bryggjur eru einnig arfur frá þessum tíma.

Frakkar gerðu út á síld frá Fáskrúðsfirði og voru þar umsvifamiklir frá miðri 19. öld fram að fyrri heimsstyrjöld. Þeir skildu eftir sig tengsl við Frakkland sem ekki er að finna annarsstaðar á Íslandi. Fáskrúðsfirðingar hafa m.a. ræktað þessi tengsl með því að merkja götur á frönsku, reka safn um fransmenn á Íslandi og halda franska daga. Ýmis örnefni, Consulhúsið eða læknishúsið, franskur grafreitir og franskur spítalinn, sem síðar var fluttur að Hafnarnesi, eru hluti af franskri arfleifð Fáskrúðsfjarðar.

Bretar voru með fjölmennt setulið á Reyðarfirði á stríðsárunum og þar eru merkilegar minjar og safn um þann tíma; það eina sinnar tegundar á Íslandi.

Bryggjur, sjóhús, gamalt iðnaðar- og verslunarhúsnæði bera vitni um fyrri atvinnuhætti í Fjarðabyggð en umsvif Kaupfélags Héraðsbúa voru mikil á Reyðarfirði á meðan öflug útgerðarfyrirtæki heimamanna höfðu meiri áhrif á hinum stöðunum.

Byggingar og mannvirki sem minna á fyrri tíma auðveldu íbúum að finna að þeir eru hluti af samfélagi sem á sér sameiginlegar rætur og umhverfi. Slík tilfinning er mikilvægur hluti af sjálfsmynd einstaklinga og einnig af sjálfsmynd samfélagsins í heild. Að vernda söguna á einhvern hátt gefur þannig tækifæri til að treysta sjálfsmyndina en sterk sjálfsmynd styður við almennt heilbrigði

Skýr tengsl við söguna skapa einnig skýra ímynd staðanna út á við, sem eykur aðráttarafi þeirra og styður við ferðabjónustu.

Við viðhald og mótun byggðar er hægt að vinna með tengsl við söguna t.d. með því að vernda einstök hús eða

götumyndir, sem þá tekur ekki einungis til húsanna sem slíkra heldur hvernig þeim er komið fyrir við götu eða í landinu, fom þeirra, stærð og hæð og jafnvel lit. Útfærsla nýrrar byggðar getur líka haft tilvísun í söguna með áherslum varðandi götumyndir og einstök hús. Umhverfisfrágangur, s.s. val á yfirborðsefnum, litum og gróðri getur einnig byggt á sögunni. Skilgreining söguleiða og merking sögustaða gerir staði áhugaverða bæði fyrir heimamenn og ferðamenn.

Lágreist, þétt og blönduð byggð

Í þéttbýli Fjarðabyggðar ræður landslag miklu um mynstur byggðarinnar. Bæirnir liggja undir bröttum hlíðum og teygja sig eftir ströndinni. Byggðin skerst í sundur á nokkrum stöðum vegna gilskorninga eða dalverpa. Byggðin er lágreist og elsti hluti hennar hefur víða á sér þorpsmynd. Bárújárnsklædd timburhús á kjallara, með risi og litríkum hallandi þökum gefa bæjunum eftirminnlega ásýnd. Þetta á sérstaklega við um Eskifjörð og Fáskrúðsfjörð, en Neskaupstaður, Reyðarfjörður og Stöðvarfjörður hafa á sér nýrri bæjarbrag.

Þessi ásýnd af lágreistum bæ sem kúrir í brekku við strönd er mynd sem hefur aðráttarafi fyrir ferðamenn. Hún er frábrugðin stærra þéttbýli sem flestir lifa og hrærast í og hún gefur ímynd af ró, öryggi og friðsæld. Þessi mynd gerir landsbyggðina ólíka höfuðborgarsvæðinu og þar með eftirsóknarverða, hvort heldur til búsetu eða heimsóknna. Styrkur landsbyggðarinnar felst í að bjóða aðra upplifun og gæði en höfuðborgarsvæðið. Á því ætti að byggja við mótun byggðar.

Landnotkunarmynstur þéttbýlis Fjarðabyggðar hefur lengst af einkennst af atvinnustarfsemi meðfram ströndinni,

neðan aðalgötu, en íbúðarbyggð þar fyrir ofan. Þannig hafa verið nokkuð skýr skil á milli atvinnusvæða og íbúðarsvæða. Með breytingum á atvinnulífi í átt að þrífalegri atvinnustarfsemi ásamt auknu vægi ýmiskonar þjónustustarfsemi skapast möguleikar á að blanda íbúðarbyggð og atvinnustarfsemi meira saman en áður var gert, bæði með því að gera ráð fyrir íbúðum á atvinnusvæðum og atvinnustarfsemi á íbúðarsvæðum.

Breytingar á atvinnulífinu hafa líka þýtt að tækifæri eru víða til endurnýjunar byggðar á svæðum næst ströndinni. Þannig er mögulegt að þetta eldri svæði með nýju atvinnu- og íbúðarhúsnæði. Við það verður byggðin samfelldari, vegalengdir styttri og betri nýting á landi og veitukerfum. Göturými í þéttbýli Fjarðabyggðar eru flest skýrt afmörkuð en sumsstaðar eru eyður sem hægt er að fylla inn í.

Aðlaðandi miðbæir

Miðbæjarkjarnar eru misjafnlega skýrt afmarkaðir í þéttbýli Fjarðabyggðar. Miðbæir gegna mikilvægu hlutverki sem samkomustaður og hjarta samfélags - þangað sem flestir eiga erindi daglega eða reglulega. Þar eru tækifæri til að rekast á aðra, eiga óformleg samskipti og skiptast á skoðunum. Miðbæir skipta líka máli fyrir ferðaþjónustu - ferðamaðurinn þarf að finna hvar kjarninn er og þar með hvar þjónustu og afþreyingu er að finna.

Til að þess að miðbæir gegni sem best hlutverki sínu bæði gagnvart íbúum og ferðaþjónustu þurfa þeir að hafa sterkt aðdráttarafl. Það byggir bæði á áhugaverðri starfsemi og aðlaðandi umhverfi. Ef þjónusta sem íbúar þurfa að sækja reglubundið er staðsett í miðbæ er tryggt að þeir sækji þangað í tileknum erindagjörðum. Fallet og skjólríkt umhverfi stuðlar ennfremur að því að þeir sækji þangað til

útiveru, afþreyingar og samskipta. Hvort tveggja skiptir máli til að skapa lifandi miðbæ. Þannig ætti að leitast við að beina uppbyggingu á þjónustu og atvinnustarfsemi í miðbæjarkjarna eins og unnt er og leggja sérstaka áherslu á að vanda til alls umhverfisfrágangs á þessum lykilsvæðum bæjanna.

9 LANDNOTKUN

Í þessum kafla eru sett fram skipulagsákvæði sem gilda um þau svæði sem skilgreind eru á skipulagsuppráttum aðalskipulagsins. Skipulagsupprættirnir eru settir fram á sérstökum kortblöðum, en eru auk þess birtir minnkaðir í viðauka 1.

Landnotkun utan þéttbýlis er sett fram á sveitarfélagsupprætti (sjá kafla 9.1), en landnotkun innan þéttbýlisstaðanna er sett fram á þéttbýlisuppráttum (sjá kafla 9.2-9.7). Landnotkun í byggð Mjóafjarðar er eingöngu sett fram á sveitarfélagsupprætti og miðað við að nánari útfærsla hennar sé unnin í deiliskipulagi.

Öll svæðisafmörkun á skipulagsuppráttum er skematísk, þ.e. lýsir afmörkun landnotkunarreitna í megindráttum. Nákvæm mörk landnotkunarreitna skilgreinast í deiliskipulagi eða eftir atvikum í gögnum vegna leyfisveitinga, ef framkvæmdir kalla ekki á gerð deiliskipulags.

9.1 Sveitarfélagsuppráttur

9.1.1 Þéttbýli

Samkvæmt skipulagsreglugerð er þéttbýli staður með þyrpingu húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra. Samkvæmt skipulagsreglugerð skal á sveitarfélagsupprætti aðalskipulags auðkenna þéttbýlisstaði sem einn landnotkunarflokk, þéttbýli. Þetta getur einnig átt við um staði sem ekki ná lágmarksíbúafjölda samkvæmt skilgreiningu reglugerðarinnar á þéttbýli, en ákveðið er að auðkenna sem þéttbýli í aðalskipulagi af öðrum ástæðum.

Í Fjarðabyggð eru fimm þéttbýlisstaðir og eru þeir afmarkaðir á sveitarfélagsupprætti, en þeir eru: Norðfjörður, Eskifjörður, Reyðarfjörður, Fáskrúðsfjörður og Stöðvarfjörður. Auk þess er iðnaðar- og hafnarsvæðið við Mjóeyrarhöfn og Hraun við Reyðarfjörð skilgreint sem þéttbýli í aðalskipulaginu og auðkennt í samræmi við það á sveitarfélagsupprætti. Landnotkun innan þéttbýlis er sett fram á þéttbýlisuppráttum og í köflum 9.2-9.7.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
Norðfjörður	Þéttbýlið á Norðfirði tekur til svæðisins frá jörðinni Hofi neðan Þjóðveggar og Þrastarlundi ofan Þjóðveggar í vestri að Stóralæk í austri. Til fjalls miðast mörk þéttbýlisins við 100 m h.y.s.	Sjá kafla 9.2 og þéttbýlisupprátt fyrir Norðfjörð.
Eskifjörður	Þéttbýlið á Eskifirði tekur til svæðisins frá nýjum Norðfjarðarvegi í vestri að læk utan Mjóeyrar í austri. Til fjalls miðast mörk þéttbýlisins við 100 m h. y. s.	Sjá kafla 9.3 og þéttbýlisupprátt fyrir Eskifjörð.
Reyðarfjörður	Þéttbýlið á Reyðarfirði tekur til svæðis frá lækjarfarvegi vestan Kollaleirukróks í vestri og austur yfir vinnubúðasvæðið á Haga. Auk þess tilheyrta tjaldsvæði og atvinnusvæði sunnan Kolluleirukróks þéttbýli. Til fjalls miðast mörk þéttbýlisins við 100 m y.s.	Sjá kafla 9.4 og þéttbýlisupprátt fyrir Reyðarfjörð.
Fáskrúðsfjörður	Þéttbýlið á Fáskrúðsfirði tekur til svæðisins frá Innri Skjólgsá að vestanverðu að Hölnalæk ytri að austanverðu. Til fjalls miðast mörk þéttbýlisins við 100 m h. y. s.	Sjá kafla 9.5 og þéttbýlisupprátt fyrir Fáskrúðsfjörð.
Stöðvarfjörður	Þéttbýlið á Stöðvarfirði tekur til svæðisins frá Djúpagili í vestri að línu frá Bóndahöfn í Blautumýrarstapa í austri, að undanskildu svæði í kringum hesthús neðan Þjóðveggar. Til fjalls miðast mörk þéttbýlisins við 100 m h.y.s., nema austast þar sem þau fara í 250 m h.y.s.	Sjá kafla 9.6 og þéttbýlisupprátt fyrir Stöðvarfjörð.
Iðnaðar- og hafnarsvæðið við Mjóeyrarhöfn og Hraun	Iðnaðar- og hafnarsvæði við Mjóeyrarhöfn og Hraun við Reyðarfjörð. Svæðið fellur undir skilgreiningu þéttbýlis í aðalskipulaginu vegna ákvæða laga um gatnagerðargjald nr. 153/2006.	Sjá kafla 9.7 og þéttbýlisupprátt fyrir iðnaðar- og hafnarsvæðið við Mjóeyrarhöfn og Hraun.

9.1.2 Íbúðarsvæði

Á íbúðarsvæðum er gert ráð fyrir íbúðarbyggð og nærleiksvæðum. Innan íbúðarsvæða er einnig heimilt að gera ráð fyrir nærþjónustu við íbúa svæðisins. Þá getur verið starfrækt verslunar- og þjónustustarfsemi innan íbúðarsvæða, enda sé umfang hennar óverulegt og starfsemin þess eðlis að hún falli að nýtingu og byggðamynstri svæðisins sem íbúðarbyggðar og valdi ekki óþægindum vegna lykta, hávaða, óþrifnaðar eða óeðlilega mikillar umferðar.

Um landnotkun og byggðamynstur á íbúðarsvæðum í dreifbýli gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 7. og 8. kafla, en íbúðir á bújörðum falla undir landbúnaðarsvæði sbr. kafla 9.1.12.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
Í1	Mjóifjörður. Brekkuborp. Nokkur stök íbúðarhús, en byggðin í Brekkuborpi er að öðru leyti að mestu tengd búrekstri.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla að yfirbragði núverandi byggðar.

9.1.3 Svæði fyrir þjónustustofnanir

Á svæðum fyrir þjónustustofnanir er gert ráð fyrir stofnunum og fyrirtækjum sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, s.s. skólum, heilbrigðisstofnunum, menningarstofnunum, félagslegum stofnunum og trúarstofnunum.

Um landnotkun og byggðamynstur á svæðum fyrir þjónustustofnanir í dreifbýli gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 4. og 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
S1	Mjóifjörður. Dalatangaviti.	Viti.
S2	Mjóifjörður. Brekkuborp. Brekukirkja/Mjóafjarðarkirkja og grunnskóli (útbú frá Nesskóla).	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnanir.
S3	Norðfjörður. Norðfjarðarviti.	Viti.
S4	Norðfjörður. Norðfjarðarhornsviti.	Viti.
S5	Eskifjörður. Mjóeyrarviti.	Viti.
S6	Seley. Seleyjarviti.	Viti.
S7	Reyðarfjörður. Grímuviti.	Viti.
S8	Reyðarfjörður. Vattarnesviti.	Viti.

S9	Fáskrúðsfjörður. Kolfreyjustaður. Kolfreyjustaðarkirkja.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir kirkju.
S10	Fáskrúðsfjörður. Mjóeyrarviti.	Viti.
S11	Fáskrúðsfjörður. Hafnamesviti.	Viti.
S12	Stöðvarfjörður. Landahólsviti.	Viti.
S13	Stöðvarfjörður. Kambanesviti.	Viti.

9.1.4 Verslunar- og þjónustusvæði

Á verslunar- og þjónustusvæðum er gert ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi sem þjónar viðkomandi hverfi eða er utan miðbæjar. Þar sem aðstæður leyfa má gera ráð fyrir íbúðum á verslunar- og þjónustusvæðum, sérstaklega á efri hæðum bygginga.

Um landnotkun og byggðamynstur á verslunar- og þjónustusvæðum í dreifbýli gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 4. og 8. kafla, en ferðaþjónusta bænda fellur undir landbúnaðarsvæði sbr. kafla 9.1.12.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
V1	Mjóifjörður. Brekkuborþ. Í Brekkuborþinu er ferðamannaverslun, póstafréiðsla og kaffistofa.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu og yfirbragði núverandi byggðar.

9.1.5 Athafnasvæði

Á athafnasvæðum er gert ráð fyrir iðnaði sem hefur litla mengunarhættu í för með sér, verkstæðum, landfrekri umboðs- og heildverslun og vörugymslum. Ekki er gert ráð fyrir íbúðum á athafnasvæðum, nema íbúðum sem eru tengdar starfsemi á svæðinu.

Um landnotkun og byggðamynstur á athafnasvæðum í dreifbýli gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 5., 6. og 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
A1	Eskifjörður. Eskifjörður. Hitaveita. Borholur og athafnasvæði hitaveitunnar.	Svæðið nýtist fyrir mannvirki og starfsemi hitaveitu. Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd svæðisins og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður.
A2	Eskifjörður. Eskifjarðarsel. Hitaveita. Borholur og athafnasvæði hitaveitunnar.	Svæðið nýtist fyrir mannvirki og starfsemi hitaveitu. Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd svæðisins og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður.

A3	Reyðarfjörður. Stuðlar. Athafnasvæði RARIK og Landsnets.	Svæðið nýtist fyrir mannvirki og starfsemi rafveitu. Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd svæðisins og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður.
A4	Fáskrúðsfjörður. Kirkjuból Athafnasvæði RARIK og Landsnets.	Svæðið nýtist fyrir mannvirki og starfsemi rafveitu. Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd svæðisins og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður.
A5	Fáskrúðsfjörður. Athafnasvæði sunnan Þjóðveggar við aðkomu í Þéttbýlið. Á svæðinu er söfnunarstöð fyrir úrgang, auk svigrúms til frekari uppbyggingar. Svæðið er á áberandi stað, séð frá Þjóðvegi um botn Fáskrúðsfjarðar og við aðkomu inn í Þéttbýlið. Í Aðalskipulagi Búðahrepps 2002-2022 er svæðið skilgreint fyrir iðnað. Aðalskipulag þetta fellur frá stefnu Aðalskipulags Búðahrepps 2002-2022 um víðfeðmar landfyllingar út frá þessu svæði.	Svæðið nýtist til athafnastarfsemi. Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd svæðisins og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður vegna legu þess við aðkomu inn í Þéttbýlið.
A6	Stöðvarfjörður. Stöð. Athafnasvæði RARIK.	Svæðið nýtist fyrir mannvirki og starfsemi rafveitu. Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd svæðisins og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður.

9.1.6 Hafnarsvæði

Á hafnarsvæðum er gert ráð fyrir hafnsækinni starfsemi, s.s. útgerð, fiskvinnslu, starfsemi tengdri sjóflutningum og aðstöðu og þjónustu við skemmtibáta. Almennt er ekki gert ráð fyrir íbúðum á hafnarsvæðum.

Innan hafnarsvæða er unnt að gera óverulegar breytingar á hafnarbakka, bryggjum og landfyllingum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi, en gera skal grein fyrir slíkum breytingum í deiliskipulagi.

Hafnarsvæði eru hér eftir atvikum afmörkuð þrengra en hafnarreglugerð fyrir Fjarðabyggðarhafnir gerir.

Um landnotkun og byggðamynstur á hafnarsvæðum í dreifbýli gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 5., 6. og 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
H1	Mjóifjörður. Brekkuborp. Mjóafjarðarhöfn. Fiskvinnsla og siglingar farþegaferju til Norðfjarðar. Hafnarmannvirki þarfnast endurnýjunar við.	Svigrúm fyrir endurbætur og breytingar á núverandi mannvirkjum og nýbyggingar. Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd byggðarinnar og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður.

9.1.7 Efnistökusvæði

Efnistökusvæði eru þau svæði á landi, í sjó eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka, s.s. malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám.

Um efnistöku í dreifbýli gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 5. og 8. kafla.

Stærð efnistökusvæða er ekki ákvörðuð í aðalskipulagi þessu. Gagnvart viðmiðum laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 um tilkynningarskyldu og matskyldu efnistökuastaða, skal miða við þá stærð sem framkvæmdaleyfisumsókn varðar. Sjá nánar um kröfur til framkvæmdaleyfisumsókna í kafla 5.5.

Ekki eru afmörkuð efnistökusvæði í sjó og árfarvegum á sveitarfélagsuppdrætti, en slík efnistaka getur samrýmst aðalskipulagi þessu, sjá kafla 5.5. Öll efnistaka úr sjó (innan netlaga) og úr árfarvegum er háð framkvæmdaleyfi Fjarðabyggðar. Sjá nánar um kröfur til framkvæmdaleyfisumsókna til efnistöku í sjó eða árfarvegum í kafla 5.5.

Um öll efnistökusvæði gilda almenn skipulagsákvæði sem tilgreind eru í kafla 5.5.

Efnistaka á öðrum svæðum en tilgreind er í þessum kafla og kafla 5.5 er óheimil skv. aðalskipulagi þessu, sbr. þó ákvæði um efnistöku til eigin nota á landbúnaðarsvæðum, sjá kafla 9.1.12.

Auðkenni	Lýsing	Auðkenni skv. námuskrá Vegagerðarinnar	
E1	Mjóifjörður. Steinsnes.	Steinsnes í Mjóafirði.	9530303
E2	Mjóifjörður. Brekka.	Brekka.	9530304
E3	Mjóifjörður. Innan Hesteyrar.	Hesteyri.	9530301
E4	Mjóifjörður. Mjóafjarðarheiði. Um er að ræða efnistöku til lagfæringar á veginum yfir há heiðina. Þetta er eini staðurinn á heiðinni þar sem efnisnám er mögulegt án þess að raska landi verulega. Efnid er tekið úr árfarvegi við Mjósund. Eini notandinn er Vegagerðin.	Mjóafjarðarheiði.	9530103
E5	Norðfjörður. Skuggahlíðarbjarg, í landi Skuggahlíðar. (Grjótnáma.) Grjótnáma sem notuð hefur verið vegna hafnargerðar í Norðfirði. Eina grjótnáman í Norðfirði. Lögð er áhersla á vandaðan frágang eftir nýtingu hverju sinni. Í framtíðinni er hugsanlegt að náman nýtist sem áningar- og útsýnisstaður yfir Norðfjörð.	Ekki á skrá Vegagerðarinnar.	
E6	Reyðarfjörður. Borgarhóll, í landi Breiðuvíkur.	Borgarhóll.	9540203
E7	Reyðarfjörður. Helgustaðir.	Helgustaðir.	9540202
E8	Reyðarfjörður. Helgustaðir – Helgustaðanáma.	Helgustaðanáma.	9540201
E9	Reyðarfjörður. Eyri.	Eyri, Reyðarfirði.	9960201
E10	Fáskrúðsfjörður. Staðarskriður.	Staðarskriður.	9960401
E11	Fáskrúðsfjörður. Illagil við Selá.	Við Selá í Fáskrúðsfirði (Illagil).	9960703
E12	Stöðvarfjörður. Óseyri.	Óseyri, Stöðvarfirði.	9961001
E13	Stöðvarfjörður. Hvalnes. (Grjótnáma.)	Ekki á skrá Vegagerðarinnar.	

9.1.8 Sorpförgunarsvæði

Sorpförgunarsvæði eru svæði þar sem fram fer eða fyrirhuguð er förgun á sorpi og öðrum úrgangi, s.s. urðun eða brennsla.

Um landnotkun á sorpförgunarsvæðum í dreifbýli gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 6. og 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
So1	<p>Mjóifjörður. Rimi.</p> <p>Urðunarstaður fyrir sláturúrgang frá fiskeldi.</p> <p>Urðunarstaðurinn hefur starfsleyfi til 1.2.2017 (útg. 30.1.2006), en starfsleyfi skal að jafnaði endurskoða á fjögurra ára fresti skv. reglugerð nr. 785/1999.</p>	<p>Svæðið er ætlað fyrir urðun í samræmi við ákvæði starfsleyfis á hverjum tíma.</p> <p>Í starfsleyfi útg. 30. janúar 2006 kemur m.a. fram að heimilt er að urða lífrænan úrgang frá fiskeldi á svæðinu, en að óheimilt er að taka á móti heimilisuúrgangi og spilliefnum til förgunar. Um nánari fyrirmæli um tegundir úrgangs sem urða má á svæðinu vísast til gildandi starfsleyfis á hverjum tíma.</p> <p>Gæta skal að því að svæðið sé öruggt og sérstaklega vandað til umgengni og frágangs til að milda ásjón svæðisins gagnvart umhverfi, sbr. einnig ákvæði starfsleyfis um m.a. daglegan frágang á urðunarstað, endanlegan frágang urðunarreina og umhverfi.</p>
So2	<p>Reyðarfjörður. Þernunes.</p> <p>Sorpstöð Fjarðabyggðar. Urðun úrgangs á tveimur svæðum í Þernunesi; Mýrdal (urðun almenns úrgangs) og Auratúni (urðun flokkaðs úrgangs).</p> <p>Efnistökusvæði á athafnasvæði sorpstöðvarinnar er nýtt til frágangs og landmótunar við urðun.</p> <p>Sorpurðunarstaðurinn hefur starfsleyfi til 1.7.2018 (útg. 27.2.2008), en starfsleyfi skal að jafnaði endurskoða á fjögurra ára fresti skv. reglugerð nr. 785/1999.</p>	<p>Svæðið er ætlað fyrir sorpurðun í samræmi við ákvæði starfsleyfis á hverjum tíma.</p> <p>Í starfsleyfi útg. 27. febrúar 2008 kemur m.a. fram að almennur úrgangur skal urðaður í Mýrdal, en flokkaður úrgangur í Auratúni. Óheimilt er að urða fljótandi úrgang, hjólbarða, brotajárn eða spilliefni á urðunarsvæðunum. Um nánari fyrirmæli um tegundir úrgangs sem urða má á svæðunum vísast til gild. starfsleyfis á hverjum tíma.</p> <p>Gæta skal að því að svæðið sé öruggt og sérstaklega vandað til umgengni og frágangs til að milda ásjón svæðisins gagnvart umhverfi, sbr. einnig ákvæði starfsleyfis um daglegan frágang á urðunarstað og endanlegan frágang urðunarreina.</p>

9.1.9 Frístundabyggðarsvæði

Frístundabyggðarsvæði eru svæði ætluð fyrir frístundahús, þ.e. byggð sem ekki er ætluð til heilsársbúsetu.

Um landnotkun og byggðamynstur á frístundabyggðarsvæðum í dreifbýli gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
F1	<p>Norðfjörður. Fannardalur. Á svæðinu hafa verið byggð 3 frístundahús. Svæðið liggur innan skilgreinds vatnsverndarsvæðis (grann- og fjarsvæðis) vatnsbóla Norðfirðinga, sem gerir strangar kröfur um umgengni, notkun áburðarefna og meðhöndlun skólps innan frístundabyggðarinnar, sjá kafla 9.1.17. Frístundabyggðin er í birkikjarrlendi, sjá kafla 9.1.18.</p>	<p>Á svæðinu er heimilt að gera ráð fyrir byggð 5 frístundahúsa. Öll umgengni um svæðið og meðferð skólps er háð ströngum kröfum vegna vatnsverndar, sbr. ákvæði um grann- og fjarsvæði vatnsverndar í kafla 9.1.17. Hönnun byggðarinnar skal miða að því að byggðin falli vel að landslagi, s.s. með staðsetningu húsa, hæðarsetningu, formi bygginga og efnis- og litavali. Jafnframt skal öll umgengni um svæðið taka tillit til hverfisverndarákvæða um verndun birkiskóga, sbr. kafla 9.1.18. Við byggingu og viðhald frístundahúsa sem og við gerð vegslóða að svæðinu mun HAUST setja skilyrði um verklag til að hindra mengun á framkvæmdatíma sem og kröfu um viðbragðsáætlun ef mengunaróhöpp verða á veginum eða við frístundahúsin, eftir að framkvæmdum lýkur. HAUST gerir kröfu um eina sameiginlega fráveitu fyrir allt frístundabyggðarsvæðið og að vatni frá henni verði veitt í lokaðan tank sem verði tæmdur reglulega. Tankurinn skal staðsettur á fjarsvæði. Valkostur er að nota þurrsalerni.</p>
F2	<p>Norðfjörður. Skuggahlíð. Á svæðinu hafa verið byggð nokkur frístundahús. Frístundabyggðin er að stórum hluta í birkikjarrlendi, sjá kafla 9.1.18.</p>	<p>Á svæðinu er heimilt að gera ráð fyrir byggð frístundahúsa. Hönnun byggðarinnar skal miða að því að byggðin falli vel að landslagi, s.s. með staðsetningu húsa, hæðarsetningu, formi bygginga og efnis- og litavali. Tryggja skal almennt aðgengi og útivistarsvæði meðfram ánni. Jafnframt skal öll mannvirkjagerð og umgengni um svæðið taka tillit til hverfisverndarákvæða um verndun birkiskóga, sbr. kafla 9.1.18.</p>
F3	<p>Reyðarfjörður. Útstekkur. Landbúnaðarland, sem landeigendur hafa áhuga á að þróa yfir í frístundabyggð.</p>	<p>Á svæðinu er gert ráð fyrir frístundabyggð. Hönnun byggðarinnar skal miða að því að byggðin falli vel að landslagi, s.s. með staðsetningu húsa, hæðarsetningu, formi bygginga og efnis- og litavali.</p>
F4	<p>Reyðarfjörður. Áreyjar. Landbúnaðarland, sem landeigendur hafa áhuga á að þróa yfir í frístundabyggð.</p>	<p>Á svæðinu er gert ráð fyrir frístundabyggð. Hönnun byggðarinnar skal miða að því að byggðin falli vel að landslagi, s.s. með staðsetningu húsa, hæðarsetningu, formi bygginga og efnis- og litavali. Svæðið er í nánd við Fljótsdalslínur 3 og 4 og skal skipulag byggðar og trjáræktar á svæðinu taka fullt tillit til helgunarsvæða þeirra.</p>

9.1.10 Opin svæði til sérstakra nota

Opin svæði til sérstakra nota eru svæði með útivistargildi á einn eða annan hátt þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjagerð í tengslum við þá starfsemi sem þar er stunduð, s.s. tjald- og hjólhýsasvæði, skrudgarðar, kirkjugarðar, leiksvæði, íþróttasvæði, golfvelli, sleða- og skiðasvæði, skautasvæði, siglingaaðstaða, hesthús og reiðvelli, rallybrautir og skotvelli. Einnig garðlönd og trjáræktarsvæði.

Um landnotkun á opnum svæðum til sérstakra nota í dreifbýli gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 3., 4. og 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
O1	Mjóifjörður. Fjarðardalur. Svæðið er á náttúruminjaskrá, sjá lýsingu á því í kafla 9.1.15.	Svæðið er ætlað til almennrar útiveru og náttúruskoðunar og er ekki gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum á svæðinu en þeim sem vænta má vegna almennrar útivistar og náttúruskoðunar, s.s. stígum, skiltum, áningarstöðum og bílastæðum fyrir göngu- og ferðafólk. Svæðið lýtur hverfisvernd, sjá kafla 9.1.18.
O2	Norðfjörður. Fólkvangur Neskaupstaðar. Svæðið er friðlýst sem fólkvangur, sjá lýsingu á því í kafla 9.1.15.	Svæðið er ætlað til almennrar útiveru og náttúruskoðunar og er ekki gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum á svæðinu en þeim sem vænta má vegna almennrar útivistar og náttúruskoðunar, s.s. stígum, skiltum, áningarstöðum og bílastæðum fyrir göngu- og ferðafólk. Svæðið lýtur friðlýsingarákvæðum, sjá kafla 9.1.15.
O3	Norðfjörður. Kirkjubólsteigur, Hólar og Tandрастаðir. Svæðið er á náttúruminjaskrá, sjá lýsingu á því í kafla 9.1.15.	Svæðið er ætlað til almennrar útiveru og náttúruskoðunar og er ekki gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum á svæðinu en þeim sem vænta má vegna almennrar útivistar og náttúruskoðunar, s.s. stígum, skiltum, áningarstöðum og bílastæðum fyrir göngu- og ferðafólk. Vinna skal heildarskipulag (rammaskipulag/deiliskipulag) fyrir svæðið þar sem skilgreindar eru heimildir til húsbygginga á svæðinu, þ.e. hvar og í hvaða mæli heimilar skuli byggingar stakra frístundahúsa. Svæðið lýtur hverfisvernd, sjá kafla 9.1.18.
O4	Norðfjörður. Grænanesvöllur. Golfvallarsvæði í botni Norðfjarðar. 9 holu golfvöllur.	Á svæðinu er gert ráð fyrir golfvelli og þeirri mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins sem golfvallar kallar á.

05	<p>Norðfjörður. Kirkjubólseyrar.</p> <p>Svæði fyrir hestaípróttir. Áhugi er fyrir því að útvíkka skilgreiningu hesthúsasvæða þannig að á þeim rúmist einnig annað frístundahúsdýrahald, s.s. með kindur.</p> <p><i>Svæðið liggur innan grannsvæðis vatnsverndar, en vatnsvernd á svæðinu kann að þurfa að endurskoða í tengslum við áform um lagningu Norðfjarðarganga.</i></p>	<p>Á svæðinu er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir hestaípróttir og þeirri mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins sem hestaípróttasvæðis og svæðis fyrir annað frístundahúsdýrahald kallar á, s.s. hesthúsum, skeiðvelli og reiðskemmu.</p> <p>Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd svæðisins og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður.</p>
06	<p>Eskifjörður. Oddsskarð.</p> <p>Skíðamiðstöð Austurlands.</p> <p>Svæðið er afmarkað stærra en sem nemur sjálfri skíðamiðstöðinni, skíðalyftum og skíðabrekkum, þar sem gert er ráð fyrir svæði fyrir snjósleða á svæðinu norðanverðu.</p>	<p>Á svæðinu er gert ráð fyrir skíðasvæði og þeirri mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins til skíðaiðkunar og þjónustu við skíðafólk kallar á. Jafnframt er á norðanverðu svæðinu gert ráð fyrir vetrarvéliþróttum á snjó.</p>
07	<p>Gerpissvæðið og Seley.</p> <p>Svæðið er á náttúruminjaskrá, sjá lýsingu á því í kafla 9.1.15.</p>	<p>Svæðið er ætlað til almennrar útiveru og náttúruskoðunar og er almennt ekki gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum á svæðinu en þeim sem vænta má vegna almennrar útivistar og náttúruskoðunar, s.s. stígum, skiltum, áningarstöðum og bílastæðum fyrir göngu- og ferðafólk.</p> <p>Vinna skal heildarskipulag (rammaskipulag/deiliskipulag) fyrir Gerpissvæðið þar sem skilgreindar eru heimildir til húsbygginga á svæðinu, þ.e. hvar og í hvaða mæli heimilar skuli byggingar göngu- og gistiskála og stakra frístundahúsa.</p> <p>Svæðið lýtur hverfisvernd, sjá kafla 9.1.18.</p>
08	<p>Reyðarfjörður. Helgustaðanáma.</p> <p>Svæðið er friðlýst sem náttúruvætti, sjá lýsingu á því í kafla 9.1.15.</p>	<p>Svæðið er ætlað til almennrar útiveru og náttúruskoðunar og er ekki gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum á svæðinu en þeim sem vænta má vegna almennrar útivistar og náttúruskoðunar, s.s. stígum, skiltum, áningarstöðum og bílastæðum fyrir göngu- og ferðafólk.</p> <p>Svæðið lýtur friðlýsingarákvæðum, sjá kafla 9.1.15.</p>
09	<p>Eskifjörður, Símonartún.</p> <p>Landbúnaðarland sem ákveðið hefur verið að taka undir nýtt hesthúsasvæði. Áhugi er fyrir því að útvíkka skilgreiningu hesthúsasvæða þannig að á þeim rúmist einnig annað frístundahúsdýrahald, s.s. með kindur.</p>	<p>Á svæðinu er gert ráð fyrir hesthúsum og þeirri mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins fyrir hesthús og annað frístundahúsdýrahald kallar á.</p> <p>Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd svæðisins og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður.</p>

O10	Eskifjörður, ofan við Kolabotna. Skotíþróttasvæði.	Á svæðinu er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir skotíþróttir og þeirri mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem slík nýting kallar á. Í nánara skipulagi og/eða leyfisveitingum fyrir svæðið er unnt að setja skilyrði um takmarkanir á starfsemi á svæðinu vegna ónæðis. Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd svæðisins og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður.
O11	Eskifjörður. Byggðarholtsvöllur. Golfvallarsvæði í botni Eskifjarðar. 9 holu golfvöllur.	Á svæðinu er gert ráð fyrir golfvelli og þeirri mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins sem golfvallar kallar á.
O12	Reyðarfjörður. Hólmanes. Svæðið er friðlýst sem fólkvangur og friðland, sjá lýsingu á því í kafla 9.1.15.	Svæðið er ætlað til almennrar útiveru og náttúruskoðunar og er ekki gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum á svæðinu en þeim sem vænta má vegna almennrar útivistar og náttúruskoðunar, s.s. stígum, skiltum, áningarstöðum og bílastæðum fyrir göngu- og ferðafólk. Svæðið lýtur friðlýsingarákvæðum, sjá kafla 9.1.15.
O13	Reyðarfjörður. Sómastaðir vestan við björgin. Nýtt svæði fyrir vélhjólaiþróttir. Í Aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1990-2010 er svæðið skilgreint sem óbyggt svæði, en það liggur innan þynningarsvæðis álvers sbr. kafla 9.1.20.	Á svæðinu er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir akstursíþróttir og þeirri mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins til akstursíþróttar kallar á. Í nánara skipulagi og/eða leyfisveitingum fyrir svæðið er unnt að setja skilyrði um takmarkanir á starfsemi á svæðinu vegna ónæðis. Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd svæðisins og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður.
O14	Reyðarfjörður. Kollaleira Tún jarðarinnar Kollaleiru ofan Þjóðvegur sem gert er ráð fyrir að Golfklúbbur Fjarðabyggðar fái til afnota, en golfklúbburinn hefur óskað eftir landrými fyrir allt að 18 holu golfvöll. Grann- og fjarsvæði vatnsverndar ná að hluta inn á þetta svæði.	Á svæðinu er gert ráð fyrir möguleika á að koma fyrir golfvelli. Svæðið á að gefa kost á 18 holu golfvelli. Taka þarf tillit til þeirra takmarkana sem vatnsvernd setur á hluta af svæðinu. Einnig þarf í nánara skipulagi svæðisins að gera ráð fyrir reiðleið frá hesthúsasvæði neðan vegar að meginreiðleiðum ofan svæðisins.
O15	Reyðarfjörður. Svæði neðan Þjóðvegur við aðkomu að þéttbýli að vestanverðu. Athafnasvæði hestamanna og opið svæði neðan Þjóðvegur.	Á svæðinu er gert ráð fyrir hesthúsum og þeirri mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins fyrir hesthús og annað frístundahúsdýrahald kallar á sem og almennu opnu svæði og útivistarsvæði sem ráðstafa má til annarrar útivistar. Gera skal kröfu um að frágangur mannvirkja og svæðis sé til sóma, enda svæðið á lykilstað séð frá Þjóðvegi og við aðkomu inn í þéttbýlið.

O16	<p>Reyðarfjörður. Grænafell.</p> <p>Tekur yfir Grænafellssvæðið með Geithúsargljúfri (beggja vegna ár).</p> <p>Almennt útivistarsvæði.</p>	<p>Svæðið er ætlað til almennrar útiveru og náttúruskoðunar og er ekki gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum á svæðinu en þeim sem vænta má vegna almennrar útivistar og náttúruskoðunar, s.s. stígum, skiltum, áningarstöðum og bílastæðum fyrir göngu- og ferðafólk.</p> <p>Um hluta svæðisins gilda hverfisverndarákvæði um verndun birkiskóga, sbr. kafla 9.1.18.</p>
O17	<p>Fáskrúðsfjörður. Kirkjuból.</p> <p>Bæjarstæði og rústir sem taldar eru vera minjar um kirkju og kirkjugarð.</p>	<p>Svæðið er ætlað til almennrar útiveru og náttúruskoðunar og er ekki gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum á svæðinu en þeim sem vænta má vegna almennrar útivistar og náttúruskoðunar, s.s. stígum, skiltum, áningarstöðum og bílastæðum fyrir göngu- og ferðafólk.</p> <p>Um svæðið gilda hverfisverndarákvæði, sbr. kafla 9.1.18.</p>
O18	<p>Fáskrúðsfjörður. Svæði sunnan við aðkomu að þéttbýli að vestanverðu.</p> <p>Hestúsasvæði.</p>	<p>Á svæðinu er gert ráð fyrir hestúsum og þeirri mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins fyrir hestús og annað frístundahúsdýrahald kallar á.</p> <p>Gera skal kröfu um að frágangur mannvirkja og svæðis sé til sóma, enda svæðið á lykilstað séð frá þjóðvegi og við aðkomu inn í þéttbýlið.</p>
O19	<p>Fáskrúðsfjörður. Svæði sunnan við aðkomu að þéttbýli að vestanverðu.</p> <p>Golfæfingasvæði.</p>	<p>Golfæfingasvæði.</p>
O20	<p>Fáskrúðsfjörður. Sandfell.</p> <p>Svæðið er á náttúruminjaskrá, sjá lýsingu á því í kafla 9.1.15.</p>	<p>Svæðið er ætlað til almennrar útiveru og náttúruskoðunar og er ekki gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum á svæðinu en þeim sem vænta má vegna almennrar útivistar og náttúruskoðunar, s.s. stígum, skiltum, áningarstöðum og bílastæðum fyrir göngu- og ferðafólk.</p> <p>Svæðið lýtur hverfisvernd, sjá kafla 9.1.18.</p>
O21	<p>Stöðvarfjörður. Svæði neðan við þjóðveg austan við þéttbýli</p> <p>Hestúsasvæði</p>	<p>Á svæðinu er gert ráð fyrir hestúsum og þeirri mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins fyrir hestús og annað frístundahúsdýrahald kallar á.</p> <p>Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd svæðisins og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður.</p>
O22	<p>Stöðvarfjörður, Hvalsnes</p> <p>Svæði til golfæfinga.</p>	<p>Svæði er ætlað er til aðstöðu fyrir golfæfingar.</p>

9.1.11 Óbyggð svæði

Óbyggð svæði eru opin svæði til almennrar útiveru eða takmarkaðrar umferðar fólks og þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð.

Um landnotkun á óbyggðum svæðum gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan.

Samkvæmt reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er óheimilt að rækta útlendar plöntutegundir á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum sem njóta verndar og ofan 500 m h.y.s.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
<p>Án auðkennis</p>	<p>Óbyggð svæði.</p> <p>Allt land ofan 400 m h.y.s., auk þynningarsvæðis álvers í Reyðarfirði (sjá kafla 9.1.20) eru skilgreind sem óbyggð svæði.</p> <p>Fyrir liggur ákvörðun bæjarstjórnar Fjarðabyggðar dags. 27.3.2008 um beitarhólf fyrir sauðfé og beitarfriðun sem hér segir:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Mjóifjörður, Norðfjörður og Gerpissvæðið að Eskifirði er skilgreint sem beitarsvæði. • Eskifjörður frá Mjóeyri og Reyðarfjörður norðan sauðfjárveikivarnalínu eru friðaðir fyrir sauðfjárbreit. • Sunnanverður Reyðarfjörður og Fáskrúðsfjörður að Löndum er skilgreint sem beitarsvæði. • Stöðvarfjörður frá Löndum að Kambanesi er friðaður fyrir sauðfjárbreit. 	<p>Óbyggð svæði eru opin svæði til almennrar útiveru eða takmarkaðrar umferðar fólks, þar sem almennt er ekki gert ráð fyrir mannvirkjagerð.</p> <p>Á þessum svæðum er þó unnt að gera ráð fyrir neyðarskýlum, fjarskiptasendum og sambærilegum mannvirkjum.</p> <p>Þá eru hefðbundnar landnytjar landbúnaðar heimilar á óbyggðum svæðum, nema þar sem svæði hafa verið friðuð fyrir beit. Einnig er skógrækt heimil á óbyggðum svæðum, enda fylgi hún almennri stefnu aðalskipulagsins um skógrækt sbr. kafla 5.4.</p>

9.1.12 Landbúnaðarsvæði

Á landbúnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri.

Um landnotkun og byggðarmynstur á landbúnaðarsvæðum gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 3., 5. og 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
<p>Án auðkennis</p>	<p>Landbúnaðarsvæði.</p> <p>Allt land í dreifbýli neðan 400 m h.y.s. sem ekki er skilgreint í aðra landnotkunarflokka er skilgreint sem landbúnaðarsvæði.</p> <p>Búskapur er stundaður á nokkrum jörðum í öllum fjörðum Fjarðabyggðar, auk þess sem frístundabúskapur er á nokkrum jörðum, sérstaklega næst þéttbýlisstöðunum. Stór hluti landbúnaðarsvæða í Fjarðabyggð er þó land bújarða sem nú eru í eyði og ekki er nýtt til búskapar nema að takmörkuðu leyti.</p> <p>Fyrir liggur ákvörðun bæjarstjórnar Fjarðabyggðar dags. 27.3.2008 um beitarhólf fyrir sauðfé og beitarfriðun sem hér segir:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Mjóifjörður, Norðfjörður og Gerpissvæðið að Eskifirði er skilgreint sem beitarsvæði. • Eskifjörður frá Mjóeyri og Reyðarfjörður norðan sauðfjárveikivarnalínu eru friðaðir fyrir sauðfjárbeit. • Sunnanverður Reyðarfjörður og Fáskrúðsfjörður að Löndum er skilgreint sem beitarsvæði. • Stöðvarfjörður frá Löndum að Kambanesi er friðaður fyrir sauðfjárbeit. 	<p>Á landbúnaðarsvæðum er fyrst og fremst gert ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri. Allar framkvæmdir og mannvirkjagerð á landbúnaðarsvæðum skulu taka mið af stefnu aðalskipulagsins um varðveislu góðs landbúnaðarlands til matvælaframleiðslu (sjá kafla 5.4) og stefnu um byggðarmynstur og búsetulandslag í 8. kafla.</p> <p>Á bújörðum er heimilt að gera ráð fyrir þeirri mannvirkjagerð og framkvæmdum sem búskapur og landbúnaðarnot jarðarinnar kalla á. Þá er heimilt að gera ráð fyrir mannvirkjagerð og framkvæmdum sem þjóna öðrum búgreinum eins og skógrækt og ferðaþjónustu bænda, enda taki þau mið af almennri stefnu aðalskipulagsins um varðveislu landbúnaðarlands til matvælaframleiðslu (sjá kafla 5.4), endurheimt votlendis (3.2) og stefnu um byggðarmynstur og búsetulandslag í 8. kafla.</p> <p>Á hverri bújörð er jafnframt unnt að gera ráð fyrir allt að þremur íbúðar- og/eða frístundahúsum án beinna tengsla við búskap á jörðinni, enda falli slík byggð vel að þeirri byggð sem fyrir er á jörðinni og gangi ekki gegn stefnu aðalskipulagsins um varðveislu landbúnaðarlands til matvælaframleiðslu (sjá kafla 5.4) og stefnu um byggðarmynstur og búsetulandslag í 8. kafla. Miða skal við jarðamörk eins og þau voru við upphaflega staðfestingu þessa aðalskipulags.</p> <p>Á landbúnaðarsvæðum er unnt að heimila byggingar heimarafstöðva, að teknu tilliti til stefnu aðalskipulagsins um verndun náttúru og landslags (sjá 3. og 8. kafla). Þá er minniháttar efnistaka landeigenda/ábúenda á bújörðum til eigin nota heimil, enda raski hún ekki jarðmyndunum og vistkerfum sem njóta verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd (sjá ákvæði um hverfisvernd slíkra svæða í kafla 9.1.18). Um alla aðra efnistöku fer skv. ákvæðum um efnistökusvæði, sjá kafla 9.1.7 og stefnu um efnistöku í kafla 5.5.</p> <p>Um kröfur til gagna vegna deiliskipulags og framkvæmdaleyfa á landbúnaðarsvæðum, sjá kafla 5.4.</p>

9.1.13 Samgöngur

Legu aðalvegna í dreifbýli er ákveðin í aðalskipulaginu, sem og legu vegslóða um fjallendi og eyðibýggðir. Aðrir vegir eru sýndir til skýringar en ekki festir í aðalskipulaginu.

Megingönguleiðir eru jafnframt ákveðnar í aðalskipulaginu.

Um samgöngur í dreifbýli gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 6. kafla.

Flokkur samgöngumannvirkja	Lýsing	Skipulagsákvæði
Aðalvegir	<p>Aðalvegir um Fjarðabyggð (utan þéttbýlis) eru eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> Norðfjarðarvegur (92) frá Fljótsdalshéraði um Fagradal til Reyðarfjarðar og áfram um Eskifjörð til Norðfjarðar (nú um Oddsskarð, en til framtíðar um ný Norðfjarðargöng). Suðurfjarðarvegur (96) frá Reyðarfirði til suðurs um Fáskrúðsfjarðargöng til Fáskrúðsfjarðar og áfram til Stöðvarfjarðar og suður úr. Mjóafjarðarvegur (953) frá Norðfjarðarvegi á Fagradal til Mjóafjarðar. Mjóeyrarhafnarvegur (Hraun) frá Norðfjarðarvegi í Reyðarfirði að Mjóeyrarhöfn. Núverandi vegur um Oddsskarð frá Eskifirði til Norðfjarðar. Helgustaðavegur (955) frá þéttbýlinu í Eskifirði til austurs með ströndinni. Vattarnesvegur (955) með ströndum, milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar. Þórdalsheiðarvegur (936) frá Reyðarfirði um Þórdalsheiði að Hringvegi á Skriðdal. 	<p>Gert er ráð fyrir þeim framkvæmdum við nýbyggingu, endurnýjun og viðhald vegakerfis eins og það er skilgreint á sveitarfélagsupprætti þannig að tryggja megi stefnu aðalskipulagsins um samgöngur sbr. 6. kafla.</p> <p>Auk hefðbundins viðhalds vegakerfisins er gert ráð fyrir eftirtöldum breytingum á stofn- og tengivegum:</p> <ul style="list-style-type: none"> Endurnýjun vegar og brúar í botni Stöðvarfjarðar, nálægt núverandi legu. Endurnýjun Suðurfjarðarvegur og brúa í botni Fáskrúðsfjarðar í nýrri legu. Endurnýjun Suðurfjarðarvegur og brúa í botni Reyðarfjarðar í nýrri legu. Aðgerðum vegna snjóflóða við Norðfjarðarveg við Grænafell í Reyðarfirði. Þá gerir aðalskipulagið ráð fyrir lagningu Norðfjarðarganga, milli Eskifjarðar og Norðfjarðar. <p>Við nánari skipulagsgerð og framkvæmdir nærri þjóðvegum þarf að taka tillit til ákvæða vegalaga um helgunarsvæði og e.atv. annarra ákvæða s.s. um tengingar inn á þjóðvegi.</p>
Vegslóðar	<p>Vegslóðar.</p> <p>Á sveitarfélagsupprætti er ákveðin legu þeirra vegslóða sem opnir skulu vera fyrir umferð ökutækja.</p>	<p>Gert er ráð fyrir að vegslóðar njóti lágmarksþjónustu og viðhalds og geta verið í formi jeppaslóða með óbrúuðum ám og lækjum, sem eingöngu eru færar að sumri.</p>
Gönguleiðir	<p>Megingönguleiðir.</p> <p>Kortlagðar hafa verið megin gönguleiðir um Fjarðabyggð og eru þær sýndar á sveitarfélagsupprætti aðalskipulagsins.</p>	<p>Almennt er um að ræða þekktar gönguleiðir sem kunna að vera varðaðar eða merktar með skiltum, en almennt er ekki gert ráð fyrir stígagerð á þessum leiðum.</p>
Reiðleiðir	<p>Meginreiðleiðir.</p>	<p>Reiðleiðir eru ekki auðkenndar á sveitarfélagsupprætti og vísast til stefnu aðalskipulagsins um samgöngur í 6. kafla varðandi ákvarðanir um legu þeirra og útfærslu.</p>

9.1.14 Veitur

Til veitna teljast stofnkerfi veitna, s.s. vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu, fjarskipta og fráveitu.

Um veitur í dreifbýli, sjá að öðru leyti 6. kafla.

Flokkur veitna	Lýsing	Skipulagsákvæði
Boðveita og fjarskipti	<p>Boðveita og fjarskipti.</p> <p>Í aðalskipulaginu er ekki kortlögð eða fest lega boðveitu- og fjarskiptamannvirkja.</p>	<p>Ákvarðanir um boðveitu- og fjarskiptamannvirki skulu teknar í deiliskipulagi eða eftir atvikum með framkvæmdaleyfi án deiliskipulagsgerðar. Við gerð og afgreiðslu deiliskipulags og/eða byggingar- eða framkvæmdaleyfa skal ganga úr skugga um að mannvirkin og helgunarsvæði þeirra samrýmist þeirri landnotkun sem skilgreind er á viðkomandi svæði skv. aðalskipulagi. Jafnframt skal umhverfis- og skipulagsnefnd taka afstöðu til þess hvort hún telji mannvirkid varða svo hagsmuni annarra, að það kalli á kynningu deiliskipulagstillögu eða grenndarkynningu leyfisumsóknar.</p> <p>Mannvirki boðveitu og fjarskipta skulu vönduð að allri gerð, þannig að þau þjóni sem best sínu hlutverki um leið og þess skal gætt að gerð þeirra og rekstur valdi sem minnstu raski á náttúru og umhverfi.</p>
Fráveita	<p>Fráveita.</p> <p>Í aðalskipulaginu er ekki fest lega fráveitu í dreifbýli.</p>	<p>Fráveitumannvirki skulu vönduð að allri gerð, þannig að þau þjóni sem best sínu hlutverki um leið og þess skal gætt að gerð þeirra og rekstur valdi sem minnstu raski á náttúru og umhverfi.</p>
Hitaveita	<p>Hitaveita.</p> <p>Hitaveita er á Eskifirði og eru brunn- og athafnasvæði hennar skilgreind sem athafnasvæði, sjá kafla 9.1.5. Stofnlögn hitaveitu frá brunn- og athafnasvæðum til þéttbýlisins á Eskifirði er auðkennd í aðalskipulagi.</p> <p>Unnið er að jarðhitaleit annarsstaðar í sveitarfélaginu með þau fyrir augum að koma á fót hitaveitu víðar.</p>	<p>Mannvirki hitaveitu skulu vönduð að allri gerð, þannig að þau þjóni sem best sínu hlutverki um leið og þess skal gætt að gerð þeirra og rekstur valdi sem minnstu raski á náttúru og umhverfi.</p> <p>Unnt er að veita heimild til jarðhitaleitar í dreifbýli, en uppbygging og rekstur nýrrar hitaveitu kallar á aðalskipulagsbreytingu.</p>

Rafveita	<p>Rafveita.</p> <p>Háspennulínur (loftlínur) eru auðkenndar á aðalskipulagsupprætti, sem og háspennustrengir sem þegar hafa verið lagðir, eða eru fyrirhugaðir. Lega annarra raflína er ekki kortlögð eða ákveðin í aðalskipulaginu.</p>	<p>Mannvirki rafveitu skulu vönduð að allri gerð, þannig að þau þjóni sem best sínu hlutverki um leið og þess skal gætt að gerð þeirra og rekstur valdi sem minnstu raski á náttúru og umhverfi.</p> <p>Unnt er að heimila lagningu háspennustrengja meðfram þjóðvegum, en önnur lega háspennustrengja en með fram þjóðvegum eða sem er sérstaklega tilgreind á aðalskipulagsupprætti, kallar á aðalskipulagsbreytingu.</p> <p>Við nánari skipulagsgerð og framkvæmdir nærri raflínum þarf að taka tillit til ákvæða um helgunarsvæði raflína.</p>
Vatnsveita	<p>Vatnsveita.</p> <p>Vatnsveita er rekin við alla þéttbýlisstaði. Brunns-, grann- og fjarsvæði þeirra eru auðkennd á sveitarfélagsupprætti aðalskipulagsins og eftir atvikum einnig á þéttbýlisuppráttum, sbr. kafla 9.1.17 og 9.6.11.</p> <p>Stofnlagnir vatnsveitu frá brunnsvæðum til þéttbýlis eru auðkenndar á sveitarfélagsupprætti aðalskipulagsins.</p>	<p>Mannvirki vatnsveitu skulu vönduð að allri gerð, þannig að þau þjóni sem best sínu hlutverki um leið og þess skal gætt að gerð þeirra og rekstur valdi sem minnstu raski á náttúru og umhverfi.</p>

9.1.15 Náttúruverndarsvæði

Til náttúruverndarsvæða teljast friðlýst svæði, þ.e. náttúruvætti, friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar, og svæði á náttúruminjaskrá. Einnig afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar vegna náttúru eða landslags.

Til náttúruverndarsvæða teljast einnig þær jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd. Samkvæmt reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er óheimilt að rækta útlendar plöntutegundir á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum sem njóta verndar og ofan 500 m h.y.s.

Um náttúruverndarsvæði í dreifbýli gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 3. og 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
N1	<p>Mjóifjörður. Fjarðardalur.</p> <p>Dalurinn liggur inn af Fjarðarbýlum í botni Mjóafjarðar norður að vatnaskilum á Mjóafjarðarheiði og Eggjum.</p> <p>Gróðursæll dalbotn með fjölgresi, birkikjarr í norðurhlíðum. Hrikaleg blágrýtisgjöll á báðar hliðar. Fagrir fossar, t.d. Klifbrekkufossar í Fjarðará.</p>	<p>Svæðið er náttúruminjaskrá, þ.e. hefur verið skilgreint af Umhverfisstofnun og umhverfisráðherra sem svæði sem rétt þykir að vernda.</p>

<p>N2</p>	<p>Norðfjörður. Fólkvangur Neskaupstaðar.</p> <p>Mörk svæðisins eru að innan við Stóralæk, sem fellur til sjávar rétt utan við vita. Frá efstu drögum Stóralækjar beint upp í eggjar og þaðan út í Nípukoll og niður í sjó á Níputá (Flesjartanga).</p> <p>Svæðið var friðlýst sem fólkvangur 1972.</p>	<p>Í reglum um fólkvanginn kemur eftirfarandi fram:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Eingöngu gangandi fólk er frjáls umferð, enda varist það að skerða gróður og valda óþarfri truflun á dýralífi. Óheimilt er að raska föstum bergmyndunum á svæðinu og ætlast er til góðrar umgengni af vegfarendum í hvívetna. • Umferð vélknúinna ökutækja um fólkvanginn er stranglega bönnuð. Einnig er bönnuð meðferð skotvopna á svæðinu og undan strönd þess nema til eyðingar meindýra eftir sérstöku leyfi. • Öll mannvirkjagerð og jarðefnataka er óheimil á svæðinu, nema að heimila má lagfæringu gönguleiða og gera aðrar ráðstafanir er þurfa þykir til að greiða götu vegfarenda. • Bannað er að beita búpeningi innan svæðisins.
<p>N3</p>	<p>Norðfjörður. Kirkjubólsteigur, Hólar og Tandрастаðir.</p> <p>Svæðið liggur norðan Norðfjarðarár, frá Ytri-Máriánslæk (Maríulæk) inn að Fannardalsá og til fjallseggja.</p> <p>Kjarri vaxnar hlíðar og mikið framhlaup, Hólahólar, með lífríkum smátjörnum.</p> <p>Gott land til útivistar.</p>	<p>Svæðið er á náttúruminjaskrá, þ.e. hefur verið skilgreint af Umhverfisstofnun og umhverfisráðherra sem svæði sem rétt þykir að vernda.</p>
<p>N4</p>	<p>Gerpissvæðið og Seley.</p> <p>Svæðið afmarkast af línu frá Hellisfjarðarnesi inn Hellisfjarðarmúla, um Grænafell við Oddsdal, Lakahnaus, Nóntind, Grákoll og Víkurheiði í Kaganes. Svæðið tekur þannig yfir Barðsnes og Gerpi og eyðibygðirnar Hellisfjörð, Viðfjörð, Suðurbæi, Sandvík, Vöðlavík og Karlskála auk Seleyjar.</p> <p>Afar fagurt og fjölbreytilegt fjalllendi með líparítinnskotum. Austasti hluti landsins. Fögur strandlengja.</p>	<p>Svæðið er á náttúruminjaskrá, þ.e. hefur verið skilgreint af Umhverfisstofnun og umhverfisráðherra sem svæði sem rétt þykir að vernda og er unnið að friðlýsingu þess.</p>
<p>N5</p>	<p>Reyðarfjörður, Helgustaðanáma.</p> <p>Silfurbergsnáma að Helgustöðum.</p> <p>Mörk svæðisins mynda ferhyrning eftir línunum um vörður sem standa umhverfis námuna og nær svæðið frá Þjóðvegi og skammt upp fyrir námuna.</p> <p>Svæðið var friðlýst sem náttúruvætti 1975.</p>	<p>Í reglum um hið friðlýsta svæði kemur eftirfarandi fram:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Aðeins gangandi fólk er þar heimil för í lögmætum tilgangi. • Hvergi má raska þar bergmyndunum og stranglega er bannað að hrófla við silfurbergi og flytja það út af svæðinu.

<p>N6</p>	<p>Reyðarfjörður. Hólmanes.</p> <p>Mörk svæðisins liggja um Langhamra að ofan. Eskífjarðarmegin liggja þau úr enda Langhamra í fyrrum hreppamörk rétt vestan Völvuleiðis og þaðan niður eftir melrinda stystu leið til sjávar utan við ytri Bólklettseyri. Reyðarfjarðarmegin eru mörkin frá innri enda Langhamra utan Illukeldu niður í beitargirðingu Hólmajarðar og áfram til sjávar við Hörganes. Hólmarnir í landi Hólmajarðar fylgja hinu friðlýsta svæði svo og grynningar og flesjar við ströndina innan marka þess.</p> <p>Svæðið er friðlýst sem fólkvangur og friðland 1973.</p>	<p>Í reglum um hið friðlýsta svæði kemur eftirfarandi fram:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Gangandi fólk er frjáls umferð, enda virði það almennar umgengisreglur og varist að skerða gróður og valda óþarfri truflun á dýralífi. • Meðferð skotvopna er óheimil á svæðinu. • Æðarvarp verði nýtt og njóti verndar á hefðbundinn hátt. • Mannvirkjagerð er óheimil á svæðinu og allt jarðrask er þar bannað utan eðlilegt viðhald þjóðvegjar, enda fylgi því ekki efnistaka á svæðinu sjálfu. • Vélknúnum tækjum má aðeins aka eftir þjóðvegi.
<p>N7</p>	<p>Fáskrúðsfjörður. Skrúður.</p> <p>Eyjan öll ásamt 500 m belti umhverfis hana er friðlýst sem friðland 1995.</p>	<p>Í reglum um hið friðlýsta svæði kemur eftirfarandi fram:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Óheimilt er að fara í eyna án leyfis ábúanda. • Jarðrask er óheimilt í eygni og óheimilt er að breyta ásýnd landsins. • Nýting hlunninda í og við eyna svo og fiskveiðar umhverfis hana eru heimilar svo sem verið hefur. • Veiðar og eggjataka er óheimil en ábúanda er heimil hlunnindanýting svo sem verið hefur. • Óheimilt er að þeyta flautur, fljúga flugvélum eða vera með annan hávaða að óþörfu í grennd við Skrúð. Enn fremur er óheimilt að hleypa af skoti á sjó nær eygni en 500 m.
<p>N8</p>	<p>Fáskrúðsfjörður. Sandfell.</p> <p>Sandfell í landi Víkurgerðis ásamt næsta umhverfi.</p> <p>Afar sérstæður líparíteitill, hluti af hinni fornu Reyðarfjarðareldstöð.</p>	<p>Svæðið erá náttúruminjaskrá, þ.e. hefur verið skilgreint af Umhverfisstofnun og umhverfisráðherra sem svæði sem rétt þykir að vernda.</p>
<p>Sérstök vernd skv. 37. gr. laga um náttúruvernd</p>	<p>Sérstök vernd skv. 37. gr. laga um náttúruvernd.</p> <p>Eftirtaldir jarðmyndanir og vistkerfi njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd og skal forðast rökun þeirra eins og kostur er:</p> <ol style="list-style-type: none"> eldvörp, gervigigar og eldhraun, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að stærð eða stærri, mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri, fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m² að stærð eða stærri, sjávarfitjar og leirur. 	<p>Á sveitarfélagsupprætti hafa verið kortlögð eftirtalin svæði sem njóta verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að stærð eða stærri. (Heimild: Kortagrunnur Loftmynda ehf). • Mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri. (Heimild: Nyttjaland.). <p>Sjá að öðru leyti ákvæði um hverfisvernd í kafla 9.1.18.</p> <p>Leitast skal við að skerða ekki náttúru og landslag þessara svæða.</p>

9.1.16 Þjóðminjaverndarsvæði

Þjóðminjaverndarsvæði taka til svæða þar sem eru friðlýstar fornminjar, þekktar fornleifar eða friðuð hús samkvæmt þjóðminjalögum.

Eftirfarandi fornleifar hafa verið skráðar í Fjarðabyggð eða eru í skrá Fornleifaverndar ríkisins yfir friðlýstar fornminjar (sjá kafla 4.6 um stöðu fornleifaskráningar í Fjarðabyggð). Gerð er grein fyrir öðrum skráðum fornleifum í viðauka 4. Á skipulagsupprætti eru einungis sýndar þær fornleifar sem hafa verið friðlýstar.

Í deiliskipulagi svæða í dreifbýli (eða í framkvæmdaleyfisgögnum, ef framkvæmdir kalla ekki á gerð deiliskipulags) skal koma fram hvort innan skipulags-/framkvæmdasvæðis eru fornleifar.

Eftirfarandi fornleifar eru í skrá Fornleifaverndar ríkisins yfir friðlýstar fornminjar (sjá kafla 4.6 um stöðu fornleifaskráningar í Fjarðabyggð). Gerð er grein fyrir öðrum skráðum fornleifum í viðauka 4. Á skipulagsupprætti eru einungis sýndar þær fornleifar sem hafa verið friðlýstar.

Auðkenni	Nr. skv. fornleifaskrá, sjá heimildaskrá	Helstu tegundir minja á jörðinni
Þv1	Fjörður. Mjóafirði.	
	Friðlýstar fornminjar sbr. skjal þinglýst 26.01.1931.	Forn kirkjugarður, kringlóttur, í túninu, skammt austur frá bænum.
Þv2	Skógar. Mjóafirði.	
	Friðlýstar fornminjar sbr. skjal þinglýst 11.02.1965.	Fjárborg á Skógarnesi.
Þv53	Berunes. Reyðarfirði.	
	Friðlýstar fornleifar sbr. skjal þinglýst 20.06.1976.	Forn bæjarrúst innarlega í landareigninni, upp af svonefndum Blettum, fast neðan við þjóðveginn.

Eftirfarandi hús í dreifbýli eru í friðlýsingarskrá húsfriðunarnefndar ríkisins eða í vörslu Þjóðminjasafns Íslands. Staðsetning þeirra er sýnd á skipulagsupprætti. Samkvæmt lögum um húsfriðun eru öll hús reist fyrir 1850 friðuð og allar kirkjur reistar fyrir 1918. Ekki hefur farið fram skráning á húsum í dreifbýli sem eru reist fyrir 1850.

Auðkenni	Friðuð hús í dreifbýli	Lýsing
Þv56	Brekkukirkja. Mjóafirði.	
	Friðuð 1.1.1990.	Timburhús reist 1892. Höfundur Ólafur Ásgeirsson forsmiður.
Þv57	Sómastaðir. Reyðarfirði	
	Í vörslu Þjóðminjasafns Íslands frá 1988.	Steinhús sem Hans Jakob Beck útvegsbóndi byggði árið 1875 við torfbæinn á Sómastöðum. Sérstaða hússins felst einkum í byggingatækninni en útveggir eru hlaðnir úr lítt tilhöggnu grágrýti sem bundið er saman með smiðjumó, einni tegund jökulleirs. Ekki munu varðveitt önnur dæmi um þessa tækni í byggingum hér á landi.
Þv58	Kolfreyjustaðarkirkja. Fáskrúðsfirði.	
	Friðuð 1.1.1990.	Timburhús reist 1878. Höfundur Finnbogi Sigmundson og Árni Jónsson forsmiðir. Faut 1991 og endurreist 1991-1992.

9.1.17 Verndarsvæði vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum

Verndarsvæði vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum taka til svæða sem skilgreind eru sem vatnsverndarsvæði vegna neysluvatnsöflunar (brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði) sbr. reglugerð um neysluvatn. Þau taka einnig til stranda sem skilgreind hafa verið í verndarflokka skv. reglugerð um varnir gegn mengun vatns.

Um vatnsverndarsvæði í dreifbýli sjá einnig 6. kafla.

Flokkur	Lýsing	Skipulagsákvæði
Brunnsvæði vatnsverndar	<p>Brunnsvæði.</p> <p>Brunnsvæði eru skilgreind á sveitarfélagsupprætti og e.atv. þéttbýlisuppráttum um vatnsból þéttbýlisstaða sveitarfélagsins.</p> <p>Vatnsverndarsvæði í Norðfirði og hafa verið í tengslum við áform um lagningu Norðfjarðarganga. Unnið er að skilgreiningu vatnsverndarsvæðis á Stöðvarfirði.</p>	<p>Samkvæmt reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 m.s.br. skal ákvarða brunnsvæði utan um næsta nágrenni vatnsbóls. Á því svæði er öll óviðkomandi umferð og framkvæmdir, aðrar en þær sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar, óheimilar. Svæðið skal girt mannheldri girðingu.</p> <p>Heilbrigðiseftirlit Austurlands hefur eftirlit með umferð og mannvirkjagerð á brunnsvæðum.</p> <p>Brunnsvæði í aðalskipulaginu eru vítt skilgreind fyrir möguleg vatnstökusvæði til framtíðar. Vatnsból skulu afgirt í samræmi við kröfu reglugerðar um brunnsvæði.</p> <p>Að kröfu HAUST skal brunnsvæði í Fannardal afgirt í heild sinni, eða að lágmarki með girðingum sem ná í 10 m radíus út frá borholum.</p> <p>Að kröfu HAUST skal vegslóði innan brunnsvæðis í Fannardal eingöngu notaður vegna vatnsveitunnar og í samræmi við ákvæði um innra eftirlit á vatnsverndarsvæðinu.</p>
Grannsvæði vatnsverndar	<p>Grannsvæði.</p> <p>Grannsvæði eru skilgreind á sveitarfélagsupprætti og e.atv. þéttbýlisuppráttum um vatnsból þéttbýlisstaða sveitarfélagsins.</p>	<p>Samkvæmt reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 m.s.br. skal ákvarða grannsvæði utan við brunnsvæði vatnsbóls. Á því svæði er notkun og geymsla hættulegra efna bönnuð.</p> <p>Það á við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn.</p> <p>Á grannsvæðum er ekki heimilt að gera ráð fyrir nýjum byggingum. Allar framkvæmdir á grannsvæðum, s.s. áburðarnotkun, eru háðar eftirliti Heilbrigðiseftirlits Austurlands.</p> <p>Að kröfu HAUST er ekki heimilt að hafa að hafa fráveitukerfi vegna frístundabyggðarsvæðisins í Fannardal innan grannsvæðis vatnsverndar, sjá skipulagsákvæði um svæði F1 í kafla 9.1.9.</p>
Fjarsvæði vatnsverndar	<p>Fjarsvæði.</p> <p>Fjarsvæði eru skilgreind á sveitarfélagsupprætti um vatnsból þéttbýlisstaða sveitarfélagsins.</p>	<p>Samkvæmt reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 m.s.br. skal ákvarða fjarsvæði utan við grannsvæði vatnsbóls.</p> <p>Sé vitað um sprungur eða misgengi á fjarsvæðum, skal gæta fyllstu varúðar við meðferð þeirra efna sem talin eru upp í ákvæðum um grannsvæði að ofan.</p> <p>Stærri geymslur fyrir slík efni eru ekki heimilar á fjarsvæðum.</p> <p>Allar framkvæmdir á fjarsvæðum, eru háðar eftirliti Heilbrigðiseftirlits Austurlands.</p>

9.1.18 Hverfisverndarsvæði

Á hverfisverndarsvæðum gilda sérstök ákvæði sem bæjarstjórn setur til verndar sérkenna eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, s.s. einstakra bygginga, mannvirkja eða húspyrpinga, náttúruminja eða trjágróðurs. Verndarákvæðin eru sett á grundvelli sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis.

Við afgreiðslu umsókna um framkvæmdir á hverfisverndarsvæðum skal liggja fyrir sérstök umsögn skipulagsfulltrúa um áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á heildarsvip og yfirbragð viðkomandi svæðis. Skipulagsfulltrúi getur e.atv. leitað umsagnar sérfróðra aðila um húsaveindun. Jafnframt skulu slík erindi kynnt bæjarráði.

Samkvæmt reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er óheimilt að rækta útlendar plöntutegundir á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum sem njóta verndar og ofan 500 m h.y.s.

Um hverfisverndarsvæði í dreifbýli gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 3. og 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
Hv1	Mjóifjörður. Fjarðardalur. Svæðið er á náttúruminjaskrá, sjá lýsingu á því í kafla 9.1.15.	Leitast skal við að skerða ekki náttúru og landslag svæðisins.
Hv2	Norðfjörður. Kirkjubólsteigur, Hólar og Tandрастаðir. Svæðið er á náttúruminjaskrá, sjá lýsingu á því í kafla 9.1.15.	Leitast skal við að skerða ekki náttúru og landslag svæðisins.
Hv3	Gerpissvæðið og Seley. Svæðið er á náttúruminjaskrá, sjá lýsingu á því í kafla 9.1.15.	<p>Í hverfisvernd svæðisins felst verndun sérstæðs gróðurfars, fjölbreytilegs landslags, fjölbreyttra fjara, merkra jarðminja, búsetuminja og vinsæls útivistarsvæðis. Mikilvægi svæðisins felst ekki síst í þeirri heild sem landslag, jarðmyndanir, lífríki og menningarminjar mynda.</p> <ul style="list-style-type: none"> Óheimilt er að spilla gróðri, trufla dýralíf og hrófla við jarðmyndunum og öðrum náttúruminum í friðlandinu. Óheimilt er að hrófla við þjóðminjum. Óheimilt er að urða sorp og losun jarðefna er óheimil. Uppgræðsla skal ekki raska náttúrulegu gróðurfari og sérstakt tillit skal tekið til sjaldgæfra plöntutegunda og plantna á valista. Umferð vélknúinna ökutækja er aðeins leyfð á vegum sem skilgreindir eru í aðalskipulagi. Þó er heimilt að aka vélknúnum ökutækjum á snævipakinni og frosinni jörðu svo fremi að ekki skapist hætta á náttúruspjöllum. Almenningi er heimil för um svæðið og dvöl þar í lögmætum tilgangi og er öllum skylt að ganga vel og snyrtilega um svæðið. Ríðandi mönnum er heimil för um svæðið á hefðbundnum leiðum og afmörkuðum áningarstöðum. Hrossabeit er bönnuð nema í viðurkenndum áningarhólfum. Heimilt er að fara á reiðhjólum um friðlandið en fylgja skal vegum svo ekki hljóttist af náttúruspjöllum. Um mannvirkjagerð og framkvæmdir á svæðinu sjá ákvæði um svæði O7 í kafla 9.1.10.

Hv4	Reyðarfjörður. Grænafell. Almennt útivistarsvæði með merktum gönguleiðum. Skóglendi, fallett gljúfur og tilkomumikið útsýni yfir Reyðarfjörð.	Leitast skal við að skerða ekki náttúru og landslag svæðisins.
Hv5	Fáskrúðsfjörður. Kirkjuból. Bæjarstæði og rústir sem taldar eru vera minjar um kirkju og kirkjugarð.	Leitast skal við að skerða ekki náttúru og landslag svæðisins og ekki verði plantað nær minjum en 5 m. Stefnt skal að merkingu minja og örnefna á svæðinu.
Hv6	Fáskrúðsfjörður. Sandfell. Svæðið er á náttúruminjaskrá, sjá lýsingu á því í kafla 9.1.15.	Leitast skal við að skerða ekki náttúru og landslag svæðisins.
Sérstök vernd skv. 37. gr. laga um náttúruvernd	Sérstök vernd skv. 37. gr. laga um náttúruvernd. Eftirtaldar jarðmyndanir og vistkerfi njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er: a. eldvörp, gervígágar og eldhraun, b. stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m ² að stærð eða stærri, c. mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri, d. fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m ² að stærð eða stærri, e. sjávarfitjar og leirur.	Á sveitarfélagsupprætti hafa verið kortlögð eftirtalin svæði sem njóta verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd: <ul style="list-style-type: none"> Stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að stærð eða stærri. (Heimild: Kortagrunnur Loftmynda ehf). Mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri. (Heimild: Nytjaland.). Leitast skal við að skerða ekki náttúru og landslag þessara svæða. Sé staðsetning og afmörkun svæða sem njóta verndar skv. 37 gr. laga um náttúruvernd ekki kortlögð í aðalskipulaginu, en vitneskja um þau liggja fyrir við undirbúning deiliskipulags eða framkvæmda- eða byggingarleyfa, skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar áður en deiliskipulag er afgreitt eða veitt er framkvæmda- eða byggingarleyfi til framkvæmda sem hafa í för með sér röskun jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd.
Birkiskógar/ birkikjarr	Birkiskógar/birkikjarr. Á sveitarfélagsupprætti eru afmörkuð þau svæði sem skilgreind eru sem birkiskógar og birkikjarr í verkefninu Íslensk skógarúttekt hjá Skógrækt ríkisins (kort unnið af Landbúnaðarháskóla Íslands, birt í skýrslu nefndar um vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga, 2007). Unnið er að slíkri kortlagningu fyrir Mjóafjörð, Fáskrúðsfjörð og Stöðvarfjörð. Samkvæmt skýrslu nefndar um vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga sem út kom árið 2007 er land þar sem birki er ríkjandi plöntutegund skilgreint sem birkiskógur, óháð hæð, krónuþekju eða stærð svæðis.	Í samræmi við tillögur nefndar um vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga, er í aðalskipulagi Fjarðabyggðar stefnt að því að vernda birkiskóga og birkikjarr í Fjarðabyggð. Á þeim svæðum sem skilgreind eru sem birkiskógar og birkikjarr og auðkennd eru á sveitarfélagsupprætti, skal miða að því að halda mannvirkjagerð og framkvæmdum í lágmarki og tryggt að nauðsynleg mannvirkjagerð og framkvæmdir valdi eins lítilli skerðingu á birkiskógum/-kjarri og kostur er og jafnframt stuðlað að því með aðgerðum eins og beitarfriðun og plöntuvali við skógrækt að viðhalda og endurheimta íslenska birkiskóga.

9.1.19 Svæði undir náttúruvá

Svæði undir náttúruvá eru svæði þar sem hætta er talin stafa af náttúruhamförum, s.s. snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum eða veðurfari.

Í dreifbýli Fjarðabyggðar er þekkt snjóflóðahætta á þjóðveginum neðan Grænafells í Reyðarfirði, og er fyrirhugað að koma þar upp snjóflóðavörnum.

Unnið hefur verið hættumat vegna ofanflóða fyrir þéttbýlisstaðina í Norðfirði, Eskifirði og Fáskrúðsfirði. Gert er ráð fyrir að bygging varnarmannvirkja vegna ofanflóðahættu geti falist í byggingu upptakastoðvirkja og er gert ráð fyrir því ofan byggðar í Norðfirði á sveitarfélagsuppdrætti aðalskipulagsins.

9.1.20 Þynningarsvæði

Þynningarsvæði er skv. reglugerð um loftgæði nr. 787/1999 sá hluti viðtaka þar sem þynning mengunar á sér stað og ákvæði starfsleyfis fyrir iðnrekstur kveða á um að mengun megi vera yfir umhverfismörkum eða gæðamarkmiðum.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði, sbr. reglugerð nr. 505/2000.
Þynningarsvæði	<p>Reyðarfjörður. Hraun.</p> <p>Þynningarsvæði loftmengunar vegna rekstrar álvers Alcoa Fjarðaáls, sbr. starfsleyfi dags. 25.1.2007, sem gildir til 1.6.2020.</p> <p>Þynningarsvæðið nær frá Hagalæk í vestri að mörkum friðlandsins á Hólmanesi í austri. Það afmarkast af strönd til suðurs og nær upp í um 175 m h.y.s. að vestanverðu en 100 m h.y.s. að austanverðu, sjá sveitarfélagsuppdrátt aðalskipulagsins.</p>	<p>Innan þynningarsvæðis er föst búseta óheimil. Jafnframt skal ekki stunda búskap, heynytjar eða beit innan þynningarsvæðis.</p>

9.1.21 Vötn, ár og sjór

Undir þennan flokk falla vatnsfletir vatna, fallvatna og sjávar.

Unnt er að óska leyfis til efnistöku úr árfarvegum og úr sjó (innan netlaga). Um slíka efnistöku fer skv. ákvæðum í kafla 5.5.

9.2 Þéttbýlisuppráttur fyrir Norðfjörð

9.2.1 Íbúðarsvæði

Á íbúðarsvæðum er gert ráð fyrir íbúðarbyggð og nærleiksvæðum. Innan íbúðarsvæða er einnig heimilt að gera ráð fyrir nærpjónustu við íbúa svæðisins. Þá getur verið starfrækt verslunar- og þjónustustarfsemi innan íbúðarsvæða, enda sé umfang hennar óverulegt og starfsemin þess eðlis að hún falli að nýtingu og byggðamynstri svæðisins sem íbúðarbyggðar og valdi ekki óþægindum vegna lykta, hávaða, óþrifnaðar eða óeðlilega mikillar umferðar.

Um landnotkun og byggðamynstur á íbúðarsvæðum á Norðfirði gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 7. og 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
Í1	<p>Íbúðarbyggð frá innkomu í bæinn að Kvíabólslæk, ofan Strandgötu, Hafnarbrautar og miðbæjar (Garðar, Hlíð, Vellir).</p> <p>Fastmótuð byggð, en svigrúm getur verið til þéttingar á stökum lóðum.</p> <p>Neðri og vestasti hluti svæðisins er við aðalgötu bæjarins, Strandgötu og Hafnarbraut og ásýnd þess því mikilvæg fyrir bæjarmyndina.</p> <p>Svæðið er að hluta innan hættusvæðis A, B og C, sjá kafla 9.2.14.</p>	<p>Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar.</p> <p>Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd byggðarinnar sem snýr að Strandgötu sem er innkoma í bæinn. Yfirbragð götunnar sjálfrar verði fegrað.</p> <p>Tveir reitir innan svæðisins skulu njóta hverfisverndar, sjá kafla 9.2.13.</p> <p>Sjá kafla 9.2.14 varðandi ákvæði vegna ofanflóðahættu.</p>
Í2	<p>Íbúðarbyggð og opið svæði við Hafnarbraut (Vík).</p> <p>Fastmótuð byggð og opið svæði. Möguleiki á þéttingu byggðar.</p> <p>Við aðalgötu bæjarins, Hafnarbraut og ásýnd því mikilvæg fyrir bæjarmyndina. Drög að deiliskipulagi fyrir svæðið liggja fyrir þar sem gert er ráð fyrir 2-3 hæða íbúðarhúsum.</p> <p>Svæðið er að hluta innan hættusvæðis B og C, sjá kafla 9.2.14.</p>	<p>Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar.</p> <p>Á þeim reit sem nú er óbyggður verði 2-3 hæða byggingar sem snúa að Hafnarbraut, móta skýra götumynd og falla að yfirbragði byggðar við götuna.</p> <p>Sjá kafla 9.2.14 varðandi ákvæði vegna ofanflóðahættu.</p>
V2/Í3	Sjá V2/Í3 í kafla 9.2.3.	Sjá V2/Í3 í kafla 9.2.3.
Í4	<p>Íbúðarbyggð á milli miðbæjar og grunnskóla, neðan íþróttasvæðis og ofan Egilsbrautar (Skólavegur, Þórhólgata).</p> <p>Fastmótuð byggð með þéttingarmöguleika á stöku lóðum. Svæðið er skilgreint sem miðbær í Aðalskipulagi Neskaupstaðar 1979-1999 en er fyrst og fremst íbúðarbyggð og nokkuð aðskilið frá meginkjarna miðbæjar.</p> <p>Í hlíðinni ofan þessa hluta bæjarins hafa verið reist varnavirki en svæðið er þó skilgreint sem hættusvæði A, nema allra neðsti hluti þess, sjá kafla 9.2.14.</p>	<p>Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar.</p> <p>Miðstræti 1 skal njóta hverfisverndar sbr. kafla 9.2.13.</p> <p>Sjá kafla 9.2.14 varðandi ákvæði vegna ofanflóðahættu.</p>

<p>Í5</p>	<p>Íbúðarbyggð á milli Kvíabólslækjar og Neslækjar ofan ípróttavallar og stofnanasvæðis (Mýrar I).</p> <p>Fastmótuð byggð.</p> <p>Í hlíðinni ofan þessa hluta bæjarins hafa verið reist varnarvirki en svæðið og er hluti svæðisins á hættusvæði A, hluti á hættusvæði B og hluti á hættusvæði C, sjá kafla 9.2.14.</p>	<p>Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar.</p> <p>Sjá kafla 9.2.14 varðandi ákvæði vegna ofanflóðahættu.</p>
<p>Í6/S2</p>	<p>Blönduð byggð, íbúðir og athafnastarfsemi, á eyrinni neðan grunnskóla (Eyri).</p> <p>Á svæðinu hafa Slippur Norðfjarðar og ýmis iðnaðarstarfsemi verið starfrækt til margra ára og þar eru tvö af elstu húsum bæjarins, Gamla Lúðvíkshús (1885) og Lúðvíkshús (1912). Í Aðalskipulagi Neskaupstaðar 1979-1999, er svæðið skilgreint fyrir iðnað, opinberar stofnanir og íbúðir.</p> <p>Fyrir liggur ákvörðun bæjarstjórnar um að reisa nýjan leikskóla á svæðinu.</p> <p>Efsti hluti svæðisins er á hættusvæði A, sjá kafla 9.2.14.</p>	<p>Svigrúm fyrir þéttingu og endurnýjun byggðar. Á svæðinu verði leikskóli, íbúðarbyggð og eftir atvikum atvinnustarfsemi sem rúmast innan íbúðarsvæða. Tryggja skal að lóðarfyrirkomulag og nýbyggingar miði að því að styrkja götumyndir, tryggi greitt aðgengi að strönd og taki tillit til nærveðurs og útsýnis og mikilvægra sjónása frá núverandi byggð.</p> <p>Gera má ráð fyrir óverulegum fyllingum meðfram strönd Eyrarinnar (óverulegri stækkun Eyrarinnar) til að koma fyrir nýrri byggð, einfaldri húsaröð neðan og vestan Eyrargötu. Þar skal gert ráð fyrir lágrestri byggð, 1-3 hæðir, sem fellur að mælikvarða eldri húsaþyrpingar á Eyri.</p> <p>Gæta þarf sérstaklega að hönnunarforsendum fyrir lágsvæði. Einnig þarf að athuga mengun jarðvegs á fyrrum athafnasvæði slíppsins.</p> <p>Nesgata 16, 18, 20 (Lúðvíkshús) og 20a (Gamla Lúðvíkshús) og umhverfi skulu njóta hverfisverndar, sjá svæði Hv3, Nesgata við Eyrina, í kafla 9.2.13.</p> <p>Sjá kafla 9.2.14 varðandi ákvæði vegna ofanflóðahættu.</p>
<p>Í7</p>	<p>Íbúðarbyggð austan sjúkrahúss og ofan og neðan þess og ofan heimavistar Verkmenntaskólans (Mýrar II, Nes og Bakkatún).</p> <p>Hverfi í uppbyggingu.</p> <p>Neðsti hluti svæðisins er hættusvæði A, miðhlutinn hættusvæði B efsti hlutinn hættusvæði C, sjá kafla 9.2.14.</p>	<p>Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar.</p> <p>Ein lóð innan svæðisins, Nesgata 29, skal njóta hverfisverndar sbr. kafla 9.2.13.</p> <p>Sjá kafla 9.2.14 varðandi ákvæði vegna ofanflóðahættu.</p>
<p>Í8</p>	<p>Íbúðarbyggð í austurenda bæjarins (Bakkar 1, 2 og 3).</p> <p>Nýjasti hluti Neskaupstaðar sem er enn í byggingu.</p> <p>Hættusvæði A, B og C eru á svæðinu nema neðst í miðju þess, sjá kafla 9.2.14.</p>	<p>Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar.</p> <p>Sjá kafla 9.2.14 varðandi ákvæði vegna ofanflóðahættu.</p>

9.2.2 Svæði fyrir þjónustustofnanir

Á svæðum fyrir þjónustustofnanir er gert ráð fyrir stofnunum og fyrirtækjum sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, s.s. skólum, heilbrigðisstofnunum, menningarstofnunum, félagslegum stofnunum og trúarstofnunum.

Um landnotkun og byggðamynstur á svæðum fyrir þjónustustofnanir á Norðfirði gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 4. og 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
S1	Grunnskóli, framhaldsskóli, íþróttahús og rannsóknarstofnanir. Svæðið tekur einnig til tveggja íbúðarhúsalóða. Æskilegt er talið að eiga þess kost að nýta þær fyrir starfsemi tengda ofangreindum stofnunum til framtíðar. Svæðið er hættusvæði A nema norðaustur horn þess sem er hættusvæði B, sjá kafla 9.2.14.	Aðalskipulagið gefur svigrúm fyrir þá nýtingu og þær breytingar sem nýting svæðisins fyrir skóla- og rannsóknarstofnanir og íþróttaiðkun kallar á. Sjá kafla 9.2.14 varðandi ákvæði vegna ofanflóðahættu.
Í6/S2	Sjá Í6/S2 í kafla 9.2.1.	Sjá Í6/S2 í kafla 9.2.1.
S3	Sjúkrahús og tengd starfsemi. Svæðið er hættusvæði B, sjá kafla 9.2.14.	Svigrúm fyrir nýtingu, breytingar á húsnæði og nýbyggingar sem tengist eða er hluti af starfsemi sjúkrahúss og skyldrar starfsemi og fellur að yfirbragði og þéttleika byggðar á svæðinu. Sjá kafla 9.2.14 varðandi ákvæði vegna ofanflóðahættu.

9.2.3 Verslunar- og þjónustusvæði

Á verslunar- og þjónustusvæðum er gert ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi sem þjónar viðkomandi hverfi eða er utan miðbæjar. Þar sem aðstæður leyfa má gera ráð fyrir íbúðum á verslunar- og þjónustusvæðum, sérstaklega á efri hæðum bygginga.

Um landnotkun og byggðamynstur á verslunar- og þjónustusvæðum á Norðfirði gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 4. og 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
V1	Gistihús við Hafnarbraut. Gamla kaupfélagshúsið (Hafnarbraut 50) sem hefur varðveislugildi vegna sögu og byggingarlags (reist um 1926). Þar var upphaflega Pöntunarfélagið (PAN) til húsa en síðar Kaupfélagið Fram. Innan svæðisins er einnig Hafnarbraut 52.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar.

<p>V2/Í3</p>	<p>Blönduð byggð, íbúðir og þjónusta, ofan miðbæjar (Miðstræti).</p> <p>Svæðið er skilgreint fyrir verslanir og miðbæ í Aðalskipulagi Neskaupstaðar 1979-1999, fyrir utan tvær lóðir sem eru skilgreindar fyrir opinberar stofnanir en þar hefur dregið úr þjónustustarfsemi og íbúðum fjölgað á sl. árum.</p> <p>Fastmótuð byggð við Miðstræti sem gegnir mikilvægu hlutverki sem ein af verslunar- og þjónustugötum bæjarins og sem jaðarsvæði miðbæjar.</p> <p>Vestari hluti svæðisins er hættusvæði B og C en austari hlutinn er neðan við varnarvirki og er því hættusvæði A, sjá kafla 9.2.14.</p>	<p>Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar.</p> <p>Góð göngutengsl verði niður í kjarna miðbæjar.</p> <p>Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd byggðarinnar sem snýr að Miðstræti. Yfirbragð götunnar sjálfrar verði fegrað.</p> <p>Sjá kafla 9.2.14 varðandi ákvæði vegna ofanflóðahættu.</p>
<p>V3/A5</p>	<p>Blönduð byggð, íbúðir og þjónusta, á milli miðbæjar og grunnskóla, neðan Skólavegar (Nesgata) og athafna- og þjónustustarfsemi neðan Nesgötu strax vestan Eyrarinnar.</p> <p>Í Aðalskipulagi Neskaupstaðar 1979-1999, er vestasti hluti svæðisins ofan Nesgötu skilgreindur sem miðbær en austari hlutinn sem íbúðarsvæði. Svæðið neðan Nesgötu er hinsvegar skilgreint sem stofnana- og iðnaðarsvæði.</p> <p>Svæðið liggur að aðalgötu bæjarins og ásýnd þess því mikilvæg fyrir bæjarmyndina.</p> <p>Austasti hluti svæðisins er hættusvæði A, sjá kafla 9.2.14.</p>	<p>Svæðið nýtist til snyrtilegrar athafnastarfsemi.</p> <p>Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar og fyrirhugaðrar byggðar á Eyrinni.</p> <p>Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd byggðarinnar og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður vegna legu svæðisins við aðalgötu bæjarins og í grennd við fyrirhugaðan leikskóla og íbúðarbyggð.</p> <p>Sjá kafla 9.2.14 varðandi ákvæði vegna ofanflóðahættu.</p>
<p>V4</p>	<p>Verslunarlóð á horni Bakkavegar og Nesbakka.</p> <p>Reiturinn er á hættusvæði A, sjá kafla 9.2.14.</p>	<p>Svigrúm fyrir þá nýtingu og þær breytingar sem nýting svæðisins fyrir verslun og þjónustu kallar á.</p> <p>Sjá kafla 9.2.14 varðandi ákvæði vegna ofanflóðahættu.</p>
<p>V5</p>	<p>Lóð heimavistar Verkmenntaskóla Austurlands. Nýtt sem hótél á sumrin.</p> <p>Austasti hluti svæðisins er hættusvæði A, sjá kafla 9.2.14.</p>	<p>Svigrúm verði fyrir þá nýtingu og þær breytingar sem nýting svæðisins fyrir heimavist og gistingu kallar á,</p> <p>Sjá kafla 9.2.14 varðandi ákvæði vegna ofanflóðahættu.</p>

9.2.4 Miðsvæði

Miðsvæði tekur til miðbæjar viðkomandi þéttbýlisstaðar. Á miðsvæðum er gert ráð fyrir alhliða miðbæjarstarfsemi – verslunar- og þjónustustarfsemi, veitingastarfsemi, menningarstarfsemi og stjórnsýslu. Einnig er gert ráð fyrir að íbúðarbyggð sé hluti landnýtingar á miðsvæðum.

Um landnotkun og byggðamynstur á miðsvæði Norðfjarðar gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 4., 5. og 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
M1	<p>Miðbær Norðfjarðar, beggja vegna Egilsbrautar, frá Víkurbratta að Þórhólgötu.</p> <p>Á svæðinu eru bæði stakstæðar og samtengdar 1-4 hæða verslunar- og þjónustubyggingar og íbúðarhús. Þar eru m.a. íbúðir, skrifstofur, banki, söfn, verslanir, veitingasala, torg og bryggjur / skemmtibátahöfn.</p> <p>Vestari hluti svæðisins er hættusvæði B en austari hlutinn er hættusvæði A eða utan hættusvæða, sjá kafla 9.2.14.</p>	<p>Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar og hlutverki svæðisins sem miðkjarna byggðarinnar í Norðfirði.</p> <p>Leitast verði við að fylla í eyður þar sem tækifæri er til og að beina nýrri verslun og þjónustu í miðbæinn.</p> <p>Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd byggðarinnar og áhersla lögð á að frágangur götunnar og torgsvæða við hana sé vandaður, s.s. hvað varðar yfirborðsefni, gróður og lýsingu. Leitast verði við að nota náttúruleg efni og liti sem vísa til einkenna fjarðarins og sögu byggðarinnar.</p> <p>Leitast verði við að vernda elstu byggingar á svæðinu.</p> <p>Ein lóð innan svæðisins, Hafnarbraut 8a, skal njóta hverfisverndar sbr. kafla 9.2.13.</p> <p>Sjá kafla 9.2.14 varðandi ákvæði vegna ofanflóðahættu.</p>

9.2.5 Athafnasvæði

Á athafnasvæðum er gert ráð fyrir iðnaði sem hefur litla mengunarhættu í för með sér, verkstæðum, landfrekri umboðs- og heildverslun og vörugeymslum. Ekki er gert ráð fyrir íbúðum á athafnasvæðum, nema íbúðum sem eru tengdar starfsemi á svæðinu.

Um landnotkun og byggðamynstur á athafnasvæðum á Norðfirði gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 5. og 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
A1	<p>Söfnunarstöð þar sem tekið er við almennum heimilisúrgangi, byggingarúrgangi, bylgjupappa, bílflokkum, dekkjum, gleri, járn, pappír, plasti, rafhlöðum, spilliefnum, timbri og veiðarfærum.</p>	<p>Svæðið nýtist fyrir söfnunarstöð fyrir flokkaðan úrgang.</p> <p>Gæta skal að því að svæðið sé öruggt og sérstaklega vandað til umgengni og frágangs lóðar til að milda ásýnd þess gagnvart umhverfi.</p>

A2	<p>Verkstæði/geymslur neðan Strandgötu við innkomu í bæinn.</p> <p>Reiturinn er á hættusvæði C, sjá kafla 9.2.14.</p>	<p>Svæðið nýtist til snyrtilegrar athafnastarfsemi.</p> <p>Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd byggðarinnar og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður vegna legu svæðisins við aðkomu inn í þéttbýlið.</p> <p>Svigrúm fyrir endurnýjun núverandi húsnæðis, sem fellur að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar</p> <p>Sjá kafla 9.2.14 varðandi ákvæði vegna ofanflóðahættu.</p>
A3	<p>Verkstæði og önnur athafnastarfsemi á Tröllanesi og vestan þess meðfram Strandgötu. Bryggja.</p> <p>Svæðið er hættusvæði C, sjá kafla 9.2.14.</p>	<p>Svæðið nýtist til snyrtilegrar athafnastarfsemi.</p> <p>Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir athafnastarfsemi.</p> <p>Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd byggðarinnar og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður vegna legu svæðisins við aðkomu inn í þéttbýlið.</p> <p>Sjá kafla 9.2.14 varðandi ákvæði vegna ofanflóðahættu.</p>
A4/H2	<p>Athafna- og þjónustustarfsemi (vöruflutningar) á landfyllingu við suðausturenda miðbæjar. Hafnarbakkar.</p>	<p>Svæðið nýtist til snyrtilegrar athafnastarfsemi sem hefur hag af nálægð við hafnarbakka.</p> <p>Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar.</p> <p>Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd byggðarinnar og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður vegna legu svæðisins í jaðri miðbæjar.</p>
V3/A5	<p>Sjá V3/A5 í kafla 9.2.3.</p>	<p>Sjá V3/A5 í kafla 9.2.3.</p>

9.2.6 Iðnaðarsvæði

Á iðnaðarsvæðum er gert ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, s.s. verksmiðjum, virkjunum, skólþælu- og hreinsistöðvum og birgðastöðvum fyrir olíur. Ekki er gert ráð fyrir íbúðum á iðnaðarsvæðum.

Um landnotkun og byggðamynstur á iðnaðarsvæðum á Norðfirði gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 5. og 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
I1	Iðnaðarstarfsemi á milli Norðfjarðavegar og hafnarsvæðis. Svæðið er hættusvæði B, sjá kafla 9.2.14.	Svæðið nýtist til iðnaðar- og athafnastarfsemi. Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir iðnaðar- og athafnastarfsemi. Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd byggðarinnar og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður vegna legu svæðisins við aðkomu inn í þéttbýlið. Sjá kafla 9.2.14 varðandi ákvæði vegna ofanflóðahættu.

9.2.7 Hafnarsvæði

Á hafnarsvæðum er gert ráð fyrir hafnsækinni starfsemi, s.s. útgerð, fiskvinnslu, starfsemi tengdri sjóflutningum og aðstöðu og þjónustu við skemmtibáta. Almennt er ekki gert ráð fyrir íbúðum á hafnarsvæðum.

Innan hafnarsvæða er unnt að gera óverulegar breytingar á hafnarbakka, bryggjum og landfyllingum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi, en gera skal grein fyrir slíkum breytingum í deiliskipulagi.

Hafnarsvæði eru hér eftir atvikum afmörkuð þrengra en hafnarreglugerð fyrir Fjarðabyggðarhafnir gerir.

Um landnotkun og byggðamynstur á hafnarsvæðum á Norðfirði gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 5. og 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
H1	Starfsemi tengd fiski- og vöruflutningahöfn og smábátahöfn. Efsti hluti svæðisins er hættusvæði B, miðhlutinn er hættusvæði A og neðsti hlutinn er utan hættusvæða, sjá kafla 9.2.14.	Svæðið nýtist til hafnsækinnar atvinnustarfsemi. Svigrúm verði fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir hafnsækna starfsemi. Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd byggðarinnar og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður. Sjá kafla 9.2.14 varðandi ákvæði vegna ofanflóðahættu.
A4/H2	Sjá A4/H2 í kafla 9.2.5.	Sjá A4/H2 í kafla 9.2.5.

9.2.8 Opín svæði til sérstakra nota

Opín svæði til sérstakra nota eru svæði með útvistargildi á einn eða annan hátt þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjagerð í tengslum við þá starfsemi sem þar er stunduð, s.s. tjald- og hjólhýsasvæði, skrudgarðar, kirkjugarðar, leiksvæði, íþróttasvæði, golfvöllir, sleða- og skíðasvæði, skautasvæði, siglingaaðstaða, hesthús og reiðvöllir, rallybrautir og skotvöllir. Einnig garðlönd og trjáræktarsvæði.

Um landnotkun á opnum svæðum til sérstakra nota á Norðfirði gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 3. og 4. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
Án auðkennis	Hlíðar ofan byggðar, lækjarfarvegir og gil, fjara og strandsvæði.	<p>Á þessum svæðum er ekki gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum en þeim sem vænta má vegna alm. útvistar, s.s. stígum, skiltum, áningarstöðum og bílastæðum fyrir göngu- og ferðafólk. Einnig er gert ráð fyrir varnarvirkjum vegna snjóflóða sbr. kafla 9.2.14.</p> <p>Gróðursetning trjáa og lággróðurs verði framhaldið í hlíðum ofan bæjarins. Hugað verði að útsýni til sjávar og fjalla við gróðursetningu og grisjun. Leitast verði við að skapa fjölbreyttar gönguleiðir og áningarstaði sem bjóða upp á með mismunandi upplifanir.</p> <p>Aðgengi að nærleiksvæðum verði bætt og lækjargil venduð og gerð aðgengileg til útvistar. Gott aðgengi að strönd verði sem víðast.</p>
O1	Opið, óbyggt svæði, sem nýtt hefur verið til landbúnaðar.	<p>Á svæðinu er gert ráð fyrir nýjum kirkjugarði.</p> <p>Umhverfisfrágangur og aðgengi akandi og gangandi verði í samræmi við hlutverk svæðisins.</p>
O2	Skrudgarður og sundlaug	<p>Á svæðinu er gert ráð fyrir útvistarsvæði með sundlaug og skrudgarði. Garðurinn verði varðveittur og unnið áfram að fegrun hans. Gott aðgengi fótgangandi og hjólandi verði að sundlaug og garði frá miðbæ og íbúðarhverfum.</p>
O3	Tjaldsvæði.	<p>Á svæðinu er gert ráð fyrir tjaldsvæði og þeirri mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins sem tjaldsvæðis kallar á.</p>
O4	Íþróttavöllur, íþróttasvæði.	<p>Unnið verði áfram að uppbyggingu íþróttasvæðis sem nýtist til fjölbreyttrar íþróttaiðkunar. Gott aðgengi fótgangandi og hjólandi verði að svæðinu og frágangur vandaður.</p>
O5	Kirkjugarður.	<p>Kirkjugarður. Umhverfisfrágangur og aðgengi akandi og gangandi skal vera í samræmi við hlutverk svæðisins.</p>
O6	Tjaldsvæði.	<p>Á svæðinu er gert ráð fyrir tjaldsvæði og þeirri mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins sem tjaldsvæðis kallar á.</p>

9.2.9 Samgöngur

Lega aðalgötu (stofnbrautar) þéttbýlisins og flugvallarsvæði eru ákveðin í aðalskipulaginu. Aðrar götur eru sýndar til skýringar en ekki festar í aðalskipulaginu.

Lega aðalstíga sem tengja saman einstaka hluta bæjarins og þjóna hlutverki aðal útivistarstíga er ákveðin í deiliskipulagi eða á framkvæmdastigi.

Um samgöngur á Norðfirði gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 5. og 8. kafla.

Flokkur samgöngumannvirkja	Lýsing	Skipulagsákvæði
Aðalgata	Strandgata, Hafnarbraut, Egilsbraut, Nesgata, Bakkavegur. Aðalumferðaræð bæjarins sem liggur í gegnum bæinn endilangan og tengir hann við stofnvegakerfi utan þéttbýlis.	Frágangur aðalgötu sé vandaður, s.s. hvað varðar gangstéttar, gróður og lýsingu. Hraðatakmarkandi aðgerðum verði beitt til að stuðla að umferðaröryggi.
Aðalstígar / aðalgönguleiðir	Megingönguleiðir/-stígar sem tengja saman einstaka hluta bæjarins og þjóna hlutverki útivistarstíga jafnt sem samgönguleiða.	Góðar göngutengingar verði á milli hverfa sem tengi vel heimili, vinnustaði, þjónustu og stofnanir. Helstu gönguleiðir verði lýstar og haldið opnum að vetri. Útivistarstígar verði ofan bæjar og meðfram sjó með góðum tengslum inn í byggðina og áningarstöðum. Auk þess að þjóna gangandi umferð, er gönguleið ofan byggðar ætlað að þjóni hlutverki reiðleiðar og sem þjónustuvegur vegna skógræktar og umhirðu.
Reiðleiðir.	Meginreiðleiðir.	Sjá að ofan um gönguleið ofan byggðar.
Flugbraut	Flugvöllur Norðfjarðar og svæði stöðvarhúss við botn fjarðarins. Völlurinn er um 1100 m langur og 30 m breiður. Hann gegnir lykilhlutverki í þjónustu Fjórðungssjúkrahúss Austurlands.	Stuðlað verði að því að aðstæður á vellinum og ástand flugvallarins verði þannig að hann þjóni vel sjúkra- og neyðarflugi, æfingaflugi, flugi í tengslum við ferðaþjónustu og öðrum minni flugvélum.

9.2.10 Veitur

Aðalskipulagið gerir ekki grein fyrir stofnkerfum veitna innan þéttbýlis, öðrum en fráveitu, en á skipulagsupprætti er sýnd áformuð framtíðarlega útrásar fráveitu frá þéttbýlinu.

Um veitur að öðru leyti, sjá stefnu í 6. kafla.

9.2.11 Þjóðminjaverndarsvæði

Þjóðminjaverndarsvæði taka til svæða þar sem eru friðlýstar fornleifar, aðrar fornleifar og friðuð hús.

Um landnotkun á þjóðminjaverndarsvæðum gilda ákvæði þjóðminjalaga, laga um húsafriðun og viðkomandi friðlýsingarákvæði, sbr. einnig stefnu í 4. og 8. kafla.

Flokkur minja	Lýsing	Skipulagsákvæði
Friðlýstar fornleifar	Engar friðlýstar fornleifar eru í þéttbýlinu á Norðfirði.	
Aðrar fornleifar	<p>Fornleifar í Neskaupstað voru skráðar af Safnastofnun Austurlands 1993-1995. Þær minjar sem hafa varðveist eru flestar frá því um og eftir þarsíðustu aldamót og eru aðallega ofan við bæinn, s.s. matjurtagarðar og kofatóttir, sundlaug og svarðargrafir.</p> <p>Byggðasafn Skagfirðinga (2003) skráði fornleifar ofan bæjarins vegna umhverfismats snjóflóðavarna við Tröllagil. Þær minjar sem fundust voru flestar frá í byrjun eða um miðja 20. öld, t.d. fjárhúskofar, matjurtagarðar og geymslur þeim tengdar. Engar þessara minja töldust fornleifar samkvæmt lögum og hverfa allar, nema þrjár, við framkvæmdirnar við varnarvirkin.</p>	<p>Ekki eru sett sérstök verndarákvæði um fornleifar í þéttbýlinu á Norðfirði umfram þau sem gilda samkvæmt þjóðminjalögum nr. 107/2001, sbr. einkum IV. kafla laganna þar sem m.a. kemur fram:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Að til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverki eru á og að minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa. - Að fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins. <p>Sjá einnig kafla 4.5 varðandi skilgreiningar á fornleifum og einkenni fornleifa í Fjarðabyggð og viðauka 4 þar sem nánari grein er gerð fyrir skráðum fornleifum í þéttbýli Norðfjarðar.</p>
Friðuð hús (hús sem hafa verið formlega friðlýst)	<p>Neskirkja</p> <p>Kirkjan var friðuð 1.1.1999 vegna aldurs en samkvæmt nógildandi lögum um húsafriðun nr. 104/2001 eru allar kirkjur byggðar fyrir 1918 friðaðar. Kirkjan er timburhús sem reist var 1896-97 úr Skorrastaðakirkju sem var byggð 1886 en fauk árið 1896. Byggt var við kirkjuna árið 1992.</p>	<p>Neskirkja</p> <p>Um kirkjuna gilda ákvæði laga um húsafriðun nr. 104/2001, þ.á. m. gildir að skylt er að leita álits húsafriðunarnefndar ef breyta á byggingunni, flytja eða rífa. Óheimilt er að gera nokkrar breytingar byggingunni án leyfis húsafriðunarnefndar. Ennfremur skal við endurbætur og viðhald leita álits og samþykkis húsafriðunarnefndar (sjá nánar ákvæði laganna).</p>

9.2.12 Verndarsvæði vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum

Verndarsvæði vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum taka til svæða sem skilgreind eru sem vatnsverndarsvæði vegna neysluvatnsöflunar (brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði) sbr. reglugerð um neysluvatn. Þau taka einnig til stranda sem skilgreind hafa verið í verndarflokka skv. reglugerð um varnir gegn mengun vatns.

Engin brunn-, grann- eða fjarsvæði vatnsverndar eru innan þéttbýlis á Norðfirði.

Strandsvæði innan þéttbýlis á Norðfirði hafa ekki verið flokkuð í verndarflokka.

9.2.13 Hverfisverndarsvæði

Á hverfisverndarsvæðum gilda sérstök ákvæði sem bæjarstjórn setur til verndar sérkenna eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, s.s. einstakra bygginga, mannvirkja eða húspyrpinga, náttúruminja eða trjágróðurs. Verndarákvæðin eru sett á grundvelli sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis.

Við afgreiðslu umsókna um breytingar á húsum, lóðum eða götum á hverfisverndarsvæðum skal liggja fyrir sérstök umsögn skipulagsfulltrúa um áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á heildarsvip og yfirbragð viðkomandi svæðis. Skipulagsfulltrúi getur e.atv. leitað umsagnar sérfróðra aðila um húsaveindun. Jafnframt skulu slík erindi kynnt bæjarráði.

Auk þeirra verndarákvæða sem tilgreind eru um hvert svæði, skal almennt gera ráð fyrir að sérstaklega sé vandað til efnisvals, gróðurs og frágangs almennarýma á hverfisverndarsvæðum, s.s. yfirborðs gatna og stíga og götugagna.

Afmörkun hverfisverndarsvæða í Neskaupstað byggir á umfjöllun um verndargildi húsa í Aðalskipulagi Neskaupstaðar 1979-1999 með viðbótarupplýsingum af vef Fasteignamats ríkisins.

Um landnotkun á hverfisverndarsvæðum gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 3., 4. og 8. kafla.

	Lýsing ⁶				Skipulagsákvæði
	Staðsetning, heiti húss	Saga/stíll/verndargildi	Byggingarár	Notkun skv. FMR	
Hv1 (á svæði Í1) Hverfi við Tröllaveg Einstaklega skemmtilegt og heillegt hverfi	Tröllavegur 1		1916	Íbúðarhús	Heildarsvipur þessa svæðis verði varðveittur, nýbyggingar taki mið af stíl, stærð og byggingarefnum byggðarinnar og stuðlað verði að því að viðhald og endurnýjun húsa taki mið af upprunalegri mynd.
	Tröllavegur 3		1927	Íbúðarhús	
	Tröllavegur 4	Hús flutt úr Mjóafirði og endurbyggt við Tröllaveg	1916	Íbúðarhús	
	Strandgata 10 Dvergasteinn		1933	Íbúðarhús	

⁶ Heimild: Aðalskipulag Neskaupstaðar 1979-1999 og Fasteignamat ríkisins www.fmr.is.

Hv2 (á opnu svæði á milli M1 og V3/A5)	Fjaran sunnan Egilsbrautar, austan hafnaruppfyllingar	Fjara og skúrar			Heildarsvipur þessa svæðis verði varðveittur, nýbyggingar taki mið af stíl, stærð og byggingarefnum byggðarinnar og stuðlað verði að því að viðhald og endurnýjun húsa taki mið af upprunalegri mynd.
Hv3 (á svæði Í6/S2) Nesgata við Eyrina	Nesgata 16		1936	Íbúðarhús	Heildarsvipur þessa svæðis verði varðveittur, nýbyggingar taki mið af stíl, stærð og byggingarefnum byggðarinnar og stuðlað verði að því að viðhald og endurnýjun húsa taki mið af upprunalegri mynd.
	Nesgata 18		1929	Íbúðarhús	
	Nesgata 20 Lúðvíkshúsið	Hefur verndargildi vegna sögu.	1912 (1913 skv. FMR)	Íbúðarhús	
	Nesgata 20a Gamla Lúðvíkshúsið 1885	Húsið stóð áður á ströndinni við húsið Grund og var þá nefnt Hansenshús. Íbúðar- og söltunarhús sem Norska félagið Íslandskompaniet reisti á Nesi á 9. áratug síðustu aldar.	1885	Íbúðarhús	
Hv4 (á svæði Í4) Miðstræti	Miðstræti 1		1906	Gripahús	Húsið verði varðveitt.
Hv5 (á svæði Í7) Nesgata 29	Nesgata 29 Prófastshúsið	Elsta steinhúsið	1913 (1920 skv. FMR)	Íbúðarhús	Húsið verði varðveitt.
Hv6 (á svæði M1) Hafnarbraut 8a	Hafnarbraut 8a Smiðja Hinriks Hjaltasonar	Vegna húsagerðar og fyrra notagildis			Húsið verði varðveitt.
Hv7 (á svæði Í1) Hverfi ofan Þiljuvalla og Hólsgötu	Hlíðargata 2		1918		Heildarsvipur þessa svæðis verði varðveittur, nýbyggingar taki mið af stíl, stærð og byggingarefnum byggðarinnar og stuðlað verði að því að viðhald og endurnýjun húsa taki mið af upprunalegri mynd.
	Hlíðargata 4		1920		
	Þiljuvellir 38		1925		
	Blómsturvellir 8		1918		

9.2.14 Svæði undir náttúruvá

Svæði undir náttúruvá eru svæði þar sem hættu er talin stafa af náttúruhamförum, s.s. snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum eða veðurfari.

Á Norðfirði er fyrst og fremst um að ræða hættu vegna ofanflóða.

Um landnotkun á slíkum svæðum fer samkvæmt ákvæðum laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum nr. 49/1997, reglugerð um hættumat vegna ofanflóða og flokkun nýtingu hættusvæða nr. 505/2000 m.s.br. og hættumati fyrir Neskaupstað staðfestu 2002, sbr. einnig umfjöllun í 3. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði, sbr. reglugerð nr. 505/2000.
Svæði undir náttúruvá - Hættusvæði A	Nær allt þéttbýlið í Norðfirði er ýmist á hættusvæði A, B eða C, sbr. lýsingu svæða í köflum 9.2.1-9.2.13 að ofan, sjá þéttbýlisupprátt aðalskipulags og nánar á hættumatskorti staðfestu 2002 og greinargerð með því.	Á hættusvæðum A er heimilt að reisa nýtt íbúðar- og atvinnuhúsnæði, svo og skála sem ætlaðir eru til næturgistingar á skíðasvæðum. Skóla, leikskóla, sjúkrahús, samkomuhús, fjölbýlishús með fleiri en 4 íbúðum og önnur sambærileg hús er heimilt að reisa enda séu þau styrkt til að standast ástreymisþrýsting, sbr. töflu II í reglugerð nr. 505/2000.
Svæði undir náttúruvá - Hættusvæði B		Á hættusvæðum B er heimilt að reisa ný einbýlishús og fjölbýlishús með allt að 4 íbúðum, svo og byggja við skóla, leikskóla, sjúkrahús, samkomuhús, fjölbýlishús með fleiri en 4 íbúðum og önnur sambærileg hús enda séu húsin og/eða viðbyggingarnar styrktar til þess að standast ástreymisþrýsting, sbr. töflu II. Heimilt er að reisa atvinnuhúsnæði svo og skála á skíðasvæðum, sem ekki eru ætlaðir til næturgistingar, án kvaða um styrkingar. Nýja skóla, leikskóla, sjúkrahús, samkomuhús, fjölbýlishús með fleiri en 4 íbúðum og önnur sambærileg hús er óheimilt að reisa.
Svæði undir náttúruvá - Hættusvæði C		Á hættusvæði C er einungis heimilt að reisa ný mannvirki þar sem ekki er búist við stöðugri viðveru fólks til búsetu eða til vinnu, s.s. dælu- og spennistöðvar, línumöstur og önnur sambærileg mannvirki enda skapist ekki frekari hættu gagnvart annarri byggð ef mannvirkið yrði fyrir áraun af völdum ofanflóða. Heimilt er að breyta íbúðar- og atvinnuhúsnæði þó þannig að heildaráhætta á viðkomandi svæði aukist ekki, t.d. með fjölgun íbúða eða fjölgun starfsmanna.
Svæði undir náttúruvá - snjóflóðavarnir	Samkvæmt ofanflóðahættumati telst stór hluti þéttbýlis á Norðfirði vera á hættusvæði. Í íbúðarbyggð var hættan talin mest neðan Tröllagilja og Drangaskarðs. Reist hafa verið mannvirki til varnar snjóflóðum við Drangagil og í bígerð er bygging snjóflóðavarna við Tröllagil og hafa framkvæmdir þar gengið í gegnum mat á umhverfisáhrifum. Þá er einnig gert ráð fyrir byggingu snjóflóðavarna við Urðarbotna/Sniðgil, Nesgil, Bakkagil og Stóralækjargil.	Gert er ráð fyrir byggingu snjóflóðavarna við Tröllagil, Urðarbotna/Sniðgil, Nesgil, Bakkagil og Stóralækjargil. Við hönnun, framkvæmdir og frágang snjóflóðavarna skal þess gætt að halda raski á náttúru og landslagi í lágmarki og ganga þannig frá svæðunum að af þeim verði þrýði og að þau nýtist eins og við getur átt til útiveru og trjáræktar. Þegar varnir hafa verið reistar, þarf að endurskoða mörk hættusvæða.

9.3 Þéttbýlisuppdráttur fyrir Eskifjörð

9.3.1 Íbúðarsvæði

Á íbúðarsvæðum er gert ráð fyrir íbúðarbyggð og nærleiksvæðum. Innan íbúðarsvæða er einnig heimilt að gera ráð fyrir nærpjónustu við íbúa svæðisins. Þá getur verið starfrækt verslunar- og þjónustustarfsemi innan íbúðarsvæða, enda sé umfang hennar óverulegt og starfsemin þess eðlis að hún falli að nýtingu og byggðamynstri svæðisins sem íbúðarbyggðar og valdi ekki óþægindum vegna lykta, hávaða, óþrifnaðar eða óeðlilega mikillar umferðar.

Um landnotkun og byggðamynstur á íbúðarsvæðum á Eskifirði gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 7. og 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
Í1	Íbúðarbyggð svæði austan við býlið Eskifjörð, ofan Dalbrautar (Barð 2). Hverfi í uppbyggingu. Hluti svæðisins er á hættusvæði A og hluti á hættusvæði B, sjá kafla 9.3.14.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar. Sjá kafla 9.3.14 varðandi ákvæði vegna ofanflóðahættu.
Í2	Íbúðarbyggð vestan við Kirkju- og menningarmiðstöð Eskifjarðar, ofan Dalbrautar (Barð 1). Hverfi í uppbyggingu. Hluti svæðisins er á hættusvæði A og hluti á hættusvæði B, sjá kafla 9.3.14.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar. Sjá kafla 9.3.14 varðandi ákvæði vegna ofanflóðahættu.
Í3	Íbúðarbyggð vestan sundlaugar og íþróttasvæðis, neðan Dalbrautar (Dalur 2). Hverfi í uppbyggingu.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar. Tryggt verði aðgengi að leiksvæðum og gönguleiðir að íþróttasvæði.
Í4	Íbúðarbyggð austan við Kirkju- og menningarmiðstöð, ofan Strandgötu, að Grjótá (Bleiksárhlið). Fastmótuð byggð, en svigrúm getur verið til þéttingar á stökum lóðum. Á svæðinu næst Grjótá (Tungustíg) er áhugaverður kjarni eldri byggðar. Hluti svæðisins er á hættusvæði A, hluti á hættusvæði B og svæðið næst Grjótá á hættusvæði C, sjá kafla 9.3.14.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar og markmiðum um hverfisvernd á austasta hluta svæðisins, sjá svæði Hv2, Tungustígur, í kafla 9.3.13. Huga þarf sérstaklega að aðgengi íbúa á þessu svæði að nærleiksvæðum. Sjá kafla 9.3.14 varðandi ákvæði vegna ofanflóðahættu.

<p>Í5</p>	<p>Íbúðarbyggð á milli Grjótár og Lambeyrarár, ofan miðbæjar (Kirkjutunga). Fastmótuð byggð þar sem eru mörg af elstu húsum bæjarins. Hluti svæðisins er skilgreindur sem hverfisverndarsvæði í Aðalskipulagi Eskifjarðar 1988-2008 og ein lóð er skilgreind fyrir opinbera stofnun. Hluti svæðisins er á hættusvæði A og lítill hluti á hættusvæði B og C, sjá kafla 9.3.14.</p>	<p>Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar og markmiðum um hverfisvernd, sjá svæði Hv3, Kirkjutunga, í kafla 9.3.13. Sjá kafla 9.3.14 varðandi ákvæði vegna ofanflóðahættu.</p>
<p>Í6</p>	<p>Íbúðarbyggð austan Lambeyrarár, ofan miðbæjar, grunnskóla og Strandgötu (Botnabraut, Lambeyrabraut, Hátún). Fastmótuð byggð. Byggðin næst Strandgötu er hluti af elstu byggð bæjarins. Hluti svæðisins er á hættusvæði A og lítill hluti á hættusvæði B, sjá kafla 9.3.14.</p>	<p>Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar og markmiðum um hverfisvernd, sjá svæði Hv4, Strandgata-Hólsvegur, í kafla 9.3.13. Sjá kafla 9.3.14 varðandi ákvæði vegna ofanflóðahættu.</p>
<p>Í7</p>	<p>Íbúðarbyggð beggja vegna Strandgötu, austan gamla barnaskólans að Hlíðarendaá (Steinholt). Fastmótuð byggð sem er hluti af elstu byggð bæjarins. Svæðið er skilgreint sem íbúðarsvæði í Aðalskipulagi Eskifjarðar 1988-2008 m.s.br. nema ein iðnaðarlóð neðan Strandgötu. Tveir gearar á svæðinu eru hættusvæði A, lítill reitur er hættusvæði B og hættusvæði C er í geira meðfram Ljósá, sjá kafla 9.3.14.</p>	<p>Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar. Sjá kafla 9.3.14 varðandi ákvæði vegna ofanflóðahættu.</p>
<p>Í8</p>	<p>Íbúðarbyggð austan Hlíðarendaár, ofan Strandgötu (Svínaskálahlíð, efri hluti Hlíðarenda). Fastmótuð byggð sem er hluti af elstu byggð bæjarins. Svæðið er að mestu á hættusvæði A, nema fjórir gearar sem er hættusvæði B og geiri meðfram Hlíðarendaá á hættusvæði C, sjá kafla 9.3.14.</p>	<p>Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar og markmiðum um hverfisvernd, sjá svæði Hv5, Hlíðarenda, í kafla 9.3.13. Sjá kafla 9.3.14 varðandi ákvæði vegna ofanflóðahættu.</p>

<p>Í9/A6</p>	<p>Ýmis athafnastarfsemi og íbúðarhús neðan Strandgötu, austan Hlíðarendaár (neðri hluti Hlíðarenda).</p> <p>Á svæðinu eru blanda af smágerðri íbúðar- og athafnastarfsemi frá fyrri hluta 20. aldar og stærri fiskvinnsluhúsum frá seinni hluta aldarinnar. Þar er m.a. að finna gömul sjóhús og bryggjur.</p> <p>Svæðið er skilgreint sem iðnaðar- og hafnarsvæði í Aðalskipulagi Eskifjarðar 1988-2008.</p> <p>Lítill reitur vestast á svæðinu er á hættusvæði A og geiri meðfram Hlíðarendaá er hættusvæði C, sjá kafla 9.3.14.</p>	<p>Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar og markmiðum um hverfisvernd, sjá svæði Hv5, Hlíðarendi, í kafla 9.3.13.</p> <p>Svæðið nýtist fyrst og fremst fyrir snyrtilega athafnastarfsemi í bland við íbúðir.</p> <p>Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd byggðarinnar og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður vegna legu svæðisins.</p> <p>Sjá kafla 9.3.14 varðandi ákvæði vegna ofanflóðahættu.</p>
--------------	---	---

9.3.2 Svæði fyrir þjónustustofnanir

Á svæðum fyrir þjónustustofnanir er gert ráð fyrir stofnunum og fyrirtækjum sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, s.s. skólum, heilbrigðisstofnunum, menningarstofnunum, félagslegum stofnunum og trúarstofnunum.

Um landnotkun og byggðamynstur á svæðum fyrir þjónustustofnanir á Eskifirði gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 4. og 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
S1	Aðveitustöð og spennistöð við Dalbraut.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi mannvirkjum og framkvæmdir sem falla að nýtingu svæðisins fyrir veitumannvirki.
S2	Leikskóli við Dalbraut, austan íbúðarbyggðar í Dal.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnun.
S3	<p>Kirkju- og menningarmiðstöð Eskifjarðar vestan Bleiksár, við gatnamót Dalbrautar og gamla Norðfjarðarvegur.</p> <p>Hluti svæðisins er á hættusvæði B og hluti á hættusvæði C, sjá kafla 9.3.14.</p>	<p>Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnun.</p> <p>Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd svæðisins við innkomu í bæinn og áhersla lögð á vandaðan umhverfisfrágang.</p> <p>Sjá kafla 9.3.14 varðandi ákvæði vegna ofanflóðahættu.</p>

S4	Hjúkrunarheimili. Reiturinn er á hættusvæði B, sjá kafla 9.3.14.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnun. Sjá kafla 9.3.14 varðandi ákvæði vegna ofanflóðahættu.
S5	Félagsmiðstöð eldri borgara. Reiturinn er á hættusvæði B, sjá kafla 9.3.14.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnun. Sjá kafla 9.3.14 varðandi ákvæði vegna ofanflóðahættu.
S6	Grunnskóli, íþróttahús. Reiturinn er á hættusvæði A, sjá kafla 9.3.14.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnun. Sjá kafla 9.3.14 varðandi ákvæði vegna ofanflóðahættu.
S7	Gamli barnaskólinn.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnun og að markmiðum um hverfisvernd, sjá svæði Hv4, Strandgata-Hólsvegur, í kafla 9.3.13.
S8/A7	Sjávartengd athafnastarfsemi og safnasvæði. Á svæðinu er sjóminjasafn og harðfiskverkun. Þar er m.a. að finna gömul sjóhús og bryggjur. Svæðið er skilgreint sem aðskildir reitir iðnaðar- og hafnarsvæðis og svæðis fyrir opinberar stofnanir í Aðalskipulagi Eskifjarðar 1988-2008.	Á svæðinu verði starfsemi sjóminjasafns og sjávartengdrar atvinnustarfsemi. Mögulegt verði að stækka landfyllingu lítilsháttar yst á svæðinu til að skapa svigrúm fyrir uppbyggingu framtíðaraðstöðu sjóminjasafnsins, tengda Randulfssjóhúsi. Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnun og athafnastarfsemi og að markmiðum um hverfisvernd, sjá svæði Hv5, Hlíðarendi, í kafla 9.3. 12.
S9	Veitumannvirki – vatnstankur.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi mannvirkjum og framkvæmdir sem falla að nýtingu svæðisins fyrir veitumannvirki.

9.3.3 Verslunar- og þjónustusvæði

Á verslunar- og þjónustusvæðum er gert ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi sem þjónar viðkomandi hverfi eða er utan miðbæjar. Þar sem aðstæður leyfa má gera ráð fyrir íbúðum á verslunar- og þjónustusvæðum, sérstaklega á efri hæðum bygginga.

Um landnotkun og byggðamynstur á verslunar- og þjónustusvæðum á Eskifirði gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 4. og 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
V1/A1	<p>Ýmis þjónusta og athafnastarfsemi á milli Strandgötu og Hafnargötu frá gamla Norðfjarðarvegi austur að hafnarsvæði við smábátahöfn.</p> <p>Stakstæðar skemmur og verkstæðisbyggingar frá síðari hluta 20. aldar. Svigrúm er til þéttingar á stökum lóðum.</p> <p>Bleiksá rennur í gegnum svæðið til sjávar.</p> <p>Svæðið er skilgreint sem iðnaðar- og hafnarsvæði í Aðalskipulagi Eskifjarðar 1988-2008, nema hornlóð við Norðfjarðarveg og Strandgötu sem er skilgreind fyrir verslun og viðskipti.</p> <p>Lítill hluti reitsins, næst horni Norðfjarðarvegur og Strandgötu, er á hættusvæði A og C, sjá kafla 9.3.14.</p>	<p>Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins.</p> <p>Á svæðinu verði fyrst og fremst athafnastarfsemi og ýmis þjónusta við atvinnulíf en smásöluverslun verði beint í miðbæinn.</p> <p>Frekari uppbygging á svæðinu miði að því að styrkja og fegra götummynd Strandgötu. Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd svæðisins við innkomu í bæinn og áhersla lögð á vandaðan umhverfisfrágang, m.a. við Bleiksá. Tryggð verði gönguleið meðfram ánni.</p> <p>Sjá kafla 9.3.14 varðandi ákvæði vegna ofanflóðahættu.</p>
V2	<p>Verslanir og þjónusta við Strandgötu ofan smábátahafnar. Íbúðir á efri hæðum.</p> <p>Fastmótuð byggð, en svigrúm fyrir þéttingu á stökum lóðum.</p> <p>Í Aðalskipulagi Eskifjarðar 1988-2008 er vesturendi svæðisins skilgreindur fyrir opinberar stofnanir, verslun og viðskipti, miðhlutinn sem íbúðarsvæði og austurendinn fyrir opinberar stofnanir. Svæðið hefur hinsvegar verið að þróast í verslunar- og þjónustustarfsemi.</p> <p>Reiturinn er á hættusvæði A, sjá kafla 9.3.14.</p>	<p>Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar.</p> <p>Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd svæðisins og áhersla lögð á vandaðan umhverfisfrágang.</p> <p>Sjá kafla 9.3.14 varðandi ákvæði vegna ofanflóðahættu.</p>
V3/A3	<p>Ýmis þjónusta og athafnastarfsemi neðan Strandgötu á milli smábátahafnar og miðbæjar.</p> <p>Svæðið er skilgreint sem iðnaðar- og hafnarsvæði í Aðalskipulagi Eskifjarðar 1988-2008, utan við eina verslunarlóð. Landnotkun á svæðinu hefur verið að breytast og það býður upp á möguleika fyrir ýmisskonar þjónustustarfsemi m.a. vegna nálægðar við miðbæ og legu við aðalumferðaræð bæjarins, Strandgötu.</p> <p>Til umræðu er að reisa hjúkrunarheimili fyrir aldraða á svæðinu.</p> <p>Verja þarf svæðið gagnvart ágangi sjávar.</p> <p>Hluti svæðisins er á hættusvæði A, sjá kafla 9.3.14.</p>	<p>Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika byggðar við Strandgötu.</p> <p>Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd svæðisins og áhersla lögð á vandaðan umhverfisfrágang.</p> <p>Gert ráð fyrir sjónvörnum.</p> <p>Ein lóð innan svæðisins nýtur hverfisverndar, sjá Hv1 í kafla 9.3.13.</p> <p>Sjá kafla 9.3.14 varðandi ákvæði vegna ofanflóðahættu.</p>

V4	Ferðaþjónusta á Mjóeyri, gistihús og útivistarsvæði. Svæðið hefur þýðingu sem útivistarsvæði. Verja þarf svæðið gagnvart ágangi sjávar.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og frekari uppbyggingu náttúrutengdrar ferðaþjónustu sem fellur vel að landslagi og yfirbragði svæðisins. Tryggt verði aðgengi almennings að strönd. Gert ráð fyrir sjóvörnum.
----	---	--

9.3.4 Miðsvæði

Miðsvæði tekur til miðbæjar viðkomandi péttbýlisstaðar. Á miðsvæðum er gert ráð fyrir alhliða miðbæjarstarfsemi – verslunar- og þjónustustarfsemi, veitingastarfsemi, menningarstarfsemi og stjórnýsly. Einnig er gert ráð fyrir að íbúðarbyggð sé hluti landnýtingar á miðsvæðum.

Um landnotkun og byggðamynstur á miðsvæði Eskifjarðar gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 4., 5. og 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skulagsákvæði
M1	Miðbær Eskifjarðar, við Strandgötu frá Grjóttárvegi að grunnskóla. Á svæðinu eru 1-3 hæða verslunar- og þjónustubyggingar og íbúðarhús. Þar eru einnig gömul hús með varðveislugildi. Í Aðalskipulagi Eskifjarðar 1988-2008 m.s.br. er vesturendi svæðisins ofan Strandgötu skilgreindur fyrir íbúðir, miðhlutinn fyrir opinberar stofnanir, verslanir, viðskipti og íbúðir og austurendinn fyrir verslanir og viðskipti. Svæðið neðan Strandgötu er skilgreint sem iðnaðar- og hafnarsvæði og fyrir opinberar stofnanir, verslanir og viðskipti. Hluti svæðisins er á hættusvæði A og C, sjá kafla 9.3.14.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar, hlutverki svæðisins sem miðkjarna byggðarinnar í Eskifirði og markmiðum um hverfisvernd, sjá svæði Hv3, Kirkjutunga, í kafla 9.3.13. Leitast verði við að fylla í eyður þar sem tækifæri er til og að beina nýrri verslun og þjónustu í miðbæinn. Svæðið neðan grunnskóla nýttist sem útivistarsvæði, útsýnisstaður og bílastæði og verði útfært á aðlaðandi hátt með gróðri, bekkjum og listaverkum. Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd byggðarinnar og áhersla lögð á að frágangur Strandgötu og torgsvæða við hana sé vandaður, s.s. hvað varðar yfirborðsefni, gróður og lýsingu. Leitast verði við að nota náttúruleg efni og liti sem vísa til einkenna og sögu byggðarinnar. Sjá kafla 9.3.14 varðandi ákvæði vegna ofanflóðahættu.

9.3.5 Athafnasvæði

Á athafnasvæðum er gert ráð fyrir iðnaði sem hefur litla mengunarhættu í för með sér, verkstæðum, landfrekri umboðs- og heildverslun og vörugymslum. Ekki er gert ráð fyrir íbúðum á athafnasvæðum, nema íbúðum sem eru tengdar starfsemi á svæðinu.

Um landnotkun og byggðamynstur á athafnasvæðum á Eskifirði gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 5. og 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
V1/A1	Sjá V1/A1 í kafla 9.3.3.	Sjá V1/A1 í kafla 9.3.3.
A2	Athafnahverfi í uppbyggingu á landfyllingu austan við aðkomu í bæinn. Í uppbyggingu.	Svæðið nýtist til athafnastarfsemi. Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar. Gengið verði frá jöðrum landfyllingarinnar, stuðlað að aðlaðandi ásýnd byggðarinnar og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður vegna legu svæðisins við aðkomu inn í þéttbýlið. Tryggð verði gönguleið meðfram sjónum eftir því sem unnt er.
V3/A3	Sjá V3/A3 í kafla 9.3.3.	Sjá V3/A3 í kafla 9.3.3.
A4/H3	Ýmis athafnastarfsemi og hafnsækin starfsemi neðan Strandgötu, vestan miðbæjar.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika byggðar við Strandgötu. Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd svæðisins og áhersla lögð á vandaðan umhverfisfrágang.
A5	Svanssjóhús frá 1915 og sjóhúsið Björk frá 1961, neðan Strandgötu, á milli grunnskólans og gamla barnaskólans. Gamlar bryggjur.	Sjávartengd atvinnustarfsemi sem fellur að markmiðum um hverfisvernd, sjá svæði Hv4, Strandgata-Hólsvegur, í kafla 9.3.13.
Í9/A6	Sjá Í9/A6 í kafla 9.3.1.	Sjá Í9/A6 í kafla 9.3.1.
S8/A7	Sjá S8/A7 í kafla 9.3.2.	Sjá S8/A7 í kafla 9.3.2.

9.3.6 Iðnaðarsvæði

Á iðnaðarsvæðum er gert ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, s.s. verksmiðjum, virkjunum, skólpælu- og hreinsistöðvum og birgðastöðvum fyrir olíur. Ekki er gert ráð fyrir íbúðum á iðnaðarsvæðum.

Um landnotkun og byggðamynstur á iðnaðarsvæðum á Eskifirði gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 5. og 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
I1	Iðnaðarverfi uppbyggingu á landfyllingu austan við aðkomu í bæinn. Í uppbyggingu.	Svæðið nýtist til iðnaðar- og athafnastarfsemi. Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir iðnaðar- og athafnastarfsemi. Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd byggðarinnar og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður vegna legu svæðisins við aðkomu inn í þéttbýlið.

9.3.7 Hafnarsvæði

Á hafnarsvæðum er gert ráð fyrir hafnsækinni starfsemi, s.s. útgerð, fiskvinnslu, starfsemi tengdri sjóflutningum og aðstöðu og þjónustu við skemmtibáta. Almennt er ekki gert ráð fyrir íbúðum á hafnarsvæðum.

Innan hafnarsvæða er unnt að gera óverulegar breytingar á hafnarbakka, bryggjum og landfyllingum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi, en gera skal grein fyrir slíkum breytingum í deiliskipulagi.

Hafnarsvæði eru hér eftir atvikum afmörkuð þrengra en hafnarreglugerð fyrir Fjarðabyggðarhafnir gerir.

Um landnotkun og byggðamynstur á hafnarsvæðum á Eskifirði gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 5. og 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
H1	Starfsemi tengd útgerð og ýmis athafnastarfsemi. Olíubirgðastöð.	Svigrúm verði til endurnýjunar núverandi húsnæðis og aukinnar nýtingar svæðisins með nýbyggingum eða viðbyggingum, sem falla að nýtingu svæðisins til hafnsækinnar starfsemi. M.a. gert ráð fyrir nýjum viðlegukanti framan við netaverkstæði. Gæta þarf að ásýnd byggðarinnar og frágangi á lóðum. Tryggð verði gönguleið meðfram sjónum eftir því sem unnt er.
H2	Á svæðinu er annarsvegar smábátahöfn og hinsvegar svæði sem hefur verið nýtt sem vöruflutningahöfn en sú starfsemi mun til framtíðar vera við Mjóeyrarhöfn í Reyðarfirði. Svæðið er skilgreint sem iðnaðar- og hafnarsvæði í Aðalskipulagi Eskifjarðar 1988-2008 nema svæðið næst smábátahöfninni sem er skilgreint fyrir verslun og viðskipti.	Á austurhluta svæðisins og næst Strandgötu verði aðstaða tengd smábátum og skemmtibátum og lögð áhersla á aðlaðandi umhverfisfrágang. Á vesturhluta svæðisins verði hafnsækinn atvinnustarfsemi.
A4/H3	Sjá A4/H3 í kafla 9.3.5.	Sjá A4/H3 í kafla 9.3.5.

9.3.8 Opin svæði til sérstakra nota

Opin svæði til sérstakra nota eru svæði með útvistargildi á einn eða annan hátt þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjagerð í tengslum við þá starfsemi sem þar er stunduð, s.s. tjald- og hjólhýsasvæði, skúðgarðar, kirkjugarðar, leiksvæði, íþróttasvæði, golfvelli, sleða- og skíðasvæði, skautasvæði, siglingaaðstaða, hesthús og reiðvelli, rallybrautir og skotvelli. Einnig garðlönd og trjáræktarsvæði.

Um landnotkun á opnum svæðum til sérstakra nota á Eskifirði gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 3. og 4. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
Án auðkennis	Hlíðar ofan byggðar, lækjarfarvegir og gil, árbakki, fjara og strandsvæði.	<p>Á þessum svæðum er ekki gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum en þeim sem vænta má vegna almennrar útvistar, s.s. stígum, skiltum, áningarstöðum og bílastæðum fyrir göngu- og ferðafólk. Einnig er gert ráð fyrir varnavirkjum vegna ofanflóða sbr. kafla 9.3.14.</p> <p>Gróðursetning trjáa og lággróðurs verði framhaldið í hlíðum ofan bæjarins. Hugað verði að útsýni til sjávar og fjalla við gróðursetningu og grisjun. Leitast verði við að skapa fjölbreyttar gönguleiðir og áningarstaði sem bjóða upp á mismunandi upplifanir.</p> <p>Aðgengi að nærleiksvæðum verði bætt og lækjargil vernduð og gerð aðgengileg til útvistar. Gott aðgengi að strönd verði sem víðast.</p>
O1	Íþróttavöllur og sundlaug við aðkomu inn í bæinn, vestan Norðfjarðavegar. Tækifæri er til stækkunar svæðisins til suðurs út á áreyrar Eskifjarðarár.	<p>Meginíþróttasvæði Fjarðabyggðar með aðstöðu fyrir alhliða íþróttaiðkun fyrir almennings- og keppnisíþróttir.</p> <p>Tryggðar verði góðar og öruggar gönguleiðir til íbúðarhverfa og tjaldsvæðis. Frágangur lóða og umhverfis miði að því að skapa fagra ásýnd við aðkomu í bæinn og eftirsóknarvert svæði til útvistar og leikja.</p> <p>Á svæðinu sunnan sundlaugar er gert er ráð fyrir möguleika á að að ganga frá jarðefnum sem falla til við framkvæmdir og nýta til landmótunar. Þar er gert ráð fyrir möguleika á íþróttavelli og aðstöðu fyrir litla báta, kajaka o.þ.h.</p>
O2	Kirkjugarður.	Kirkjugarður. Umhverfisfrágangur og aðgengi akandi og gangandi skal vera í samræmi við hlutverk svæðisins.
O3	Tjaldsvæði, útvistarsvæði.	Á svæðinu er gert ráð fyrir garði og tjaldsvæði ásamt þeirri mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins sem tjaldsvæðis og almenns útvistarsvæðis kallar á.

9.3.9 Samgöngur

Lega aðalgötu (stofnbrautar) þéttbýlisins er ákveðin í aðalskipulaginu. Aðrar götur eru sýndar til skýringar en ekki festar í aðalskipulaginu.

Lega aðalstíga sem tengja saman einstaka hluta bæjarins og þjóna hlutverki aðal útivistarstíga er ákveðin í deiliskipulagi eða á framkvæmdastigi.

Um samgöngur á Eskifirði gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 5. og 8. kafla.

Flokkur samgöngumannvirkja	Lýsing	Skipulagsákvæði
Aðalgata	Gamli Norðfjarðarvegur, Strandgata og Botnabraut. Aðalumferðaræð bæjarins sem liggur í gegnum bæinn endilangan og tengir hann við stofnvegakerfi utan þéttbýlis.	Frágangur aðalgötu sé vandaður, s.s. hvað varðar gangstéttar, gróður og lýsingu. Hraðatakmarkandi aðgerðum verði beitt til að stuðla að umferðaröryggi.
Aðalstígar / aðalgönguleiðir	Megingönguleiðir/-stígar sem tengja saman einstaka hluta bæjarins og þjóna hlutverki útivistarstíga jafnt sem samgönguleiða.	Góðar göngutengingar verði á milli hverfa sem tengi vel heimili, vinnustaði, þjónustu og stofnanir. Helstu gönguleiðir verði lýstar og haldið opnum að vetri. Útivistarstígar verði ofan bæjar og meðfram sjó með góðum tengslum inn í byggðina og áningarstöðum. Auk þess að þjóna gangandi umferð, er gönguleið ofan byggðar ætlað að þjóni hlutverki reiðleiðar og sem þjónustuvegur vegna skógræktar og umhirðu.
Reiðleiðir	Meginreiðleiðir.	Sjá að ofan um gönguleið ofan byggðar.

9.3.10 Veitur

Aðalskipulagið gerir ekki grein fyrir stofnkerfum veitna innan þéttbýlis, öðrum en fráveitu, en á skipulagsupprætti er sýnd áformuð framtíðarlega útrásar fráveitu frá þéttbýlinu.

Um veitur að öðru leyti, sjá stefnu í 6. kafla.

9.3.11 Þjóðminjaverndarsvæði

Þjóðminjaverndarsvæði taka til svæða þar sem eru friðlýstar fornleifar, aðrar fornleifar og friðuð hús.

Um landnotkun á þjóðminjaverndarsvæðum gilda ákvæði þjóðminjalaga, laga um húsafriðun og viðkomandi friðlýsingarákvæði, sbr. einnig stefnu í 4. og 8. kafla.

Flokkur minja	Lýsing	Skipulagsákvæði
Friðlýstar fornleifar	Engar friðlýstar fornleifar eru í þéttbýlinu á Eskifirði.	
Aðrar fornleifar	<p>Fyrir liggur fornleifaskrá fyrir þéttbýli Eskifirði og nágrenni þess þar sem mest hættu var talin á raski (Byggðasafn Skagfirðinga 2004, skýrslur nr. 27 og 28).</p> <p>Almennt er um að ræða dæmigerðar minjar fyrir austfirskar sveitir og sjávarbyggðir á 19. öld og fyrir hluta þeirrar 20, t.d. hefðbundnar búsetuminjar og ummerki um verslun, útgerð og sjósókn.</p> <p>Minjar voru skráðar á eftirfarandi jörðum í þéttbýli Eskifjarðar, sjá þéttbýlisupprátt og skýrslu Byggðasafns Skagfirðinga 2004/27: Framkaupstaður (132-27-47) Klofi (132-6) Útkaupstaður (132-7-26) Lambeyri (132-1) Lambeyrarhóll (132-3) Hlíðarendi (128-32/33/34) Mjóeyri (128-30)</p> <p>Minjarnar eru allar á þegar byggðum svæðum.</p>	<p>Ekki eru sett sérstök verndarákvæði um fornleifar í þéttbýlinu á Eskifirði umfram þau sem gilda samkvæmt Þjóðminjalögum nr. 107/2001, sbr. einkum IV. kafla laganna þar sem m.a. kemur fram:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Að til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og að minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa. - Að fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins. <p>Sjá einnig kafla 4.5 varðandi skilgreiningar á fornleifum og einkenni fornleifa í Fjarðabyggð og viðauka 4 þar sem nánari grein er gerð fyrir skráðum fornleifum í þéttbýli Eskifjarðar.</p>
Friðuð hús (hús sem hafa verið formlega friðlýst)	Ekkert hús hefur verið formlega friðlýst á Eskifirði.	

9.3.12 Verndarsvæði vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum

Verndarsvæði vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum taka til svæða sem skilgreind eru sem vatnsverndarsvæði vegna neysluvatnsóflunar (brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði) sbr. reglugerð um neysluvatn. Þau taka einnig til stranda sem skilgreind hafa verið í verndarflokka skv. reglugerð um varnir gegn mengun vatns.

Engin brunn-, grann- og fjarsvæði vatnsverndar eru innan þéttbýlis á Eskifirði.

Strandsvæði innan þéttbýlis á Eskifirði hafa ekki verið flokkuð í verndarflokka.

9.3.13 Hverfisverndarsvæði

Á hverfisverndarsvæðum gilda sérstök ákvæði sem bæjarstjórn setur til verndar sérkenna eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, s.s. einstakra bygginga, mannvirkja eða húspyrpinga, náttúruminja eða trjágróðurs. Verndarákvæðin eru sett á grundvelli sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis.

Við afgreiðslu umsókna um breytingar á húsum, lóðum eða götum á hverfisverndarsvæðum skal liggja fyrir sérstök umsögn skipulagsfulltrúa um áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á heildarsvip og yfirbragð viðkomandi svæðis. Skipulagsfulltrúi getur e.atv. leitað umsagnar sérfróðra aðila um húsaveindun. Jafnframt skulu slík erindi kynnt bæjarráði.

Auk þeirra verndarákvæða sem tilgreind eru um hvert svæði, skal almennt gera ráð fyrir að sérstaklega sé vandað til efnisvals, gróðurs og frágangs almennarýma á hverfisverndarsvæðum, s.s. yfirborðs gatna og stíga og götugagna.

Stefna um hverfisvernd bygginga og götumynda á Eskifirði byggir á húsakönnun Harðar Ágústssonar frá lokum 8. áratugarins með viðbótarupplýsingum frá Fasteignamati ríkisins og skýrslu Náttúrustofu Austurlands um byggingarár húsa á Eskifirði sem unnin var í tengslum við hættumat vegna ofanflóða.

Um landnotkun á hverfisverndarsvæðum gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 3., 4. og 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing ⁷				Skipulagsákvæði
	Staðsetning, heiti húss	Saga/stíll/verndargildi	Byggingarár	Notkun skv. FMR	
Hv1 (á svæði V3/A3) Strandgata 32	Strandgata 32 Vélaverkstæði Eskifjarðar	Eitt af elstu steinhúsunum. Sérkennilegur fulltrúi fyrstu verksmiðjuhúsa hérlendis.	1921	Verkstæði	Húsið verði varðveitt á sínum stað og stuðlað verði að því að viðhald þess og mögulegar viðbyggingar taki mið af upprunalegri mynd.
Hv2 (á svæði Í4) Tungustígur	Strandgata 35 Sýslumannshús	Íslenskur sveiser	1927	Íbúðarhús	Heildarsvipur þessa svæðis verði varðveittur, nýbyggingar taki mið af stíl, stærð og byggingarefnum byggðarinnar og stuðlað verði að því að viðhald og endurnýjun húsa taki mið af upprunalegri mynd.
	Strandgata 37b Zeuthenshús	Íslenskur sveiser, múrhúðað	1870	Íbúðarhús	
	Tungustígur 3a Jensenshús	Dansk-íslenskur, eldri	1836	Íbúðarhús	Jensenshús verði varðveitt í sinni upprunalegu mynd.
	Bleiksárhlið 62	Þurraþúðagerð, lágrisgerð	1925	Íbúðarhús	

⁷ Heimildir: Aðalskipulag Eskifjarðar 1988-2008. Hörður Ágústsson: Húsakönnun á Eskifirði. Náttúrustofa Austurlands 2001: Byggingarár húsa á Eskifirði. Fasteignamat ríkisins 2008: www.fmr.is.

Hv3 (á svæðum Í5 og M1) Kirkjutunga	Strandgata 41 Bakarí	Íslenskur sveiser	1906	Íbúðarhús	Heildarsvipur þessa svæðis verði varðveittur, nýbyggingar taki mið af stíl, stærð og byggingarefnum byggðarinnar og stuðlað verði að því að viðhald og endurnýjun húsa taki mið af upprunalegri mynd.
	Strandgata 46 Sundfórshús	Íslenskur sveiser	1900	Félagsheimili	
	Kirkjustígur 1a Larsenshús	Dansk-íslenskur, yngri	1955 (1883 skv. skrá Náttúrust. Austurl.)	Íbúðarhús	
	Kirkjustígur 2	Dansk-íslenskur, yngri	1906	Íbúðarhús	
	Kirkjustígur 3 Nýskóli	Dansk-íslenskur, yngri	1954	Íbúðarhús	
	Kirkjustígur 7 Múli	Íslenskur sveiser	1923	Íbúðarhús	
	Bakkastígur 8 Kirkjuból	Íslenskur sveiser	1958	Íbúðarhús	
	Bakkastígur 9a Bjarg	Þurrabúðagerð, lágrisgerð	1929	Íbúðarhús	
	Túngata 9a Sunnuhvoll		1921	Íbúðarhús	
	Túngata 10		1886	Íbúðarhús	
	Túngata 11a		1895	Íbúðarhús	
	Túngata 11b		1925	Íbúðarhús	
	Túngata 12 Merki		1880	Íbúðarhús	
		Gamla kirkjan	1900		
Hv4 (á svæðum Í6, S7, A5) Strandgata - Hólsvegur	Strandgata 58 Svanssjóhús		1915	Geymsla	Heildarsvipur þessa svæðis verði varðveittur, nýbyggingar taki mið af stíl, stærð og byggingarefnum byggðarinnar og stuðlað verði að því að viðhald og endurnýjun húsa taki mið af upprunalegri mynd. Gömlu bryggjurnar verði varðveittar.
	Strandgata 59 Ásbyrgi	Íslenskur sveiser, múrhúðað	1910	Íbúðarhús	
	Strandgata 61		1910	Íbúðarhús	
	Strandgata 63 Bjarmi	Íslenskur sveiser	1925	Íbúðarhús	
	Strandagata 65 Gamli barnaskólinn	Íslenskur sveiser, merkilegt afbrigði	1905 (1911 skv. FMR)	Félagsheimili	
	Hólsvegur 4 Læknishús	Íslenskur sveiser. Merkilegt afbrigði.	1905	Starfsmannahús	

Hv5 (á svæðum Í8, Í9/A6 og S8/A7) Hlíðarendi	Strandgata 85	Íslenskur sveiser	1913	Íbúðarhús	Heildarsvipur þessa svæðis verði varðveittur, nýbyggingar taki mið af stíl, stærð og byggingarefnum byggðarinnar og stuðlað verði að því að viðhald og endurnýjun húsa taki mið af upprunalegri mynd. Gömlu bryggjuarnar verði varðveittar.
	Strandgata 92 Sjárvarborg	Íslenskur sveiser	1916 (1913 skv. FMR)	Íbúðarhús	
	Strandgata 96 Randúlfssjóhús	Alþýðumannsard	1890	Safnhús	
	Strandgata 97 Kallahús	Íslenskur sveiser	1917	Iðnaðarhús, sjóhús	
	Smiðjustígur 2	Íslenskur sveiser	1923	Íbúðarhús	
	Hlíðarendavegur 6b Figvedshús	Íslenskur sveiser. Merkilegt afbrigði.	1915	Íbúðarhús	
	Réttarstígur 3	Þurrabúðagerð/lágrisgerð	1920	Íbúðarhús	

9.3.14 Svæði undir náttúruvá

Svæði undir náttúruvá eru svæði þar sem hættu er talin stafa af náttúruhamförum, s.s. snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum eða veðurfari. Á Eskifirði er fyrst og fremst um að ræða hættu vegna ofanflóða. Um landnotkun á slíkum svæðum fer samkvæmt ákvæðum laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðföllum nr. 49/1997, reglugerð um hættumat vegna ofanflóða og flokkun nýtingu hættusvæða nr. 505/2000 m.s.br. og hættumati fyrir Eskifjörð staðfestu 2002, sbr. einnig umfjöllun í 3. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði, sbr. reglugerð nr. 505/2000.
Svæði undir náttúruvá - Hættusvæði A	Stór hluti þéttbýlisins í Eskifirði er ýmist á hættusvæði A, B eða C, sbr. lýsingu svæða í köflum 9.3.1-9.3.13 að ofan, sjá þéttbýlisupprátt aðalskipulagsins og nánar á hættumatskorti staðfestu 2002 og greinargerð með því.	Á hættusvæðum A er heimilt að reisa nýtt íbúðar- og atvinnuhúsnæði, svo og skála sem ætlaðir eru til næturgistingar á skíðasvæðum. Skóla, leikskóla, sjúkrahús, samkomuhús, fjölbýlishús með fleiri en 4 íbúðum og önnur sambærileg hús er heimilt að reisa enda séu þau styrkt til að standast ástreymisþrýsting, sbr. töflu II í reglugerð nr. 505/2000.
Svæði undir náttúruvá - Hættusvæði B		Á hættusvæðum B er heimilt að reisa ný einbýlishús og fjölbýlishús með allt að 4 íbúðum, svo og byggja við skóla, leikskóla, sjúkrahús, samkomuhús, fjölbýlishús með fleiri en 4 íbúðum og önnur sambærileg hús enda séu húsin og/eða viðbyggingarnar styrktar til þess að standast ástreymisþrýsting, sbr. töflu II. Heimilt er að reisa atvinnuhúsnæði svo og skála á skíðasvæðum, sem ekki eru ætlaðir til næturgistingar, án kvaða um styrkingar. Nýja skóla, leikskóla, sjúkrahús, samkomuhús, fjölbýlishús með fleiri en 4 íbúðum og önnur sambærileg hús er óheimilt að reisa.

<p>Svæði undir náttúruvá - Hættusvæði C</p>		<p>Á hættusvæðum C er einungis heimilt að reisa ný mannvirki þar sem ekki er búist við stöðugri viðveru fólks til búsetu eða til vinnu, s.s. dælu- og spennistöðvar, línumöstur og önnur sambærileg mannvirki enda skapist ekki frekari hætta gagnvart annarri byggð ef mannvirkið yrði fyrir áraun af völdum ofanflóða. Heimilt er að breyta íbúðar- og atvinnuhúsnæði þó þannig að heildaráhætta á viðkomandi svæði aukist ekki, t.d. með fjölgun íbúða eða fjölgun starfsmanna.</p>
<p>Svæði undir náttúruvá - snjóflóðavarnir</p>	<p>Á Eskifirði er hætta vegna stórra snjóflóða talin tiltölulega lítil, en þó hafa verið byggð hús sem teljast vera á snjóflóðahættusvæðum. Stór hluti ofanflóðahættu á Eskifirði stafar af aur-, krapa- og vatnsflóðum, en auðveldara er að bregðast við slíkri hættu en snjóflóðum, s.s. með dýpkun farvega og bættum frágangi ræsa og brúa.</p> <p>Áætlun um aðgerðir til að bregðast við ofanflóðahættu liggja ekki fyrir.</p>	<p>Vinna þarf áætlun um aðgerðir vegna ofanflóðahættu. Þegar hún liggur fyrir þarf að endurskoða mörk hættusvæða.</p>

9.4 Þéttbýlisuppráttur fyrir Reyðarfjörð

9.4.1 Íbúðarsvæði

Á íbúðarsvæðum er gert ráð fyrir íbúðarbyggð og nærleiksvæðum. Innan íbúðarsvæða er einnig heimilt að gera ráð fyrir nærpjónustu við íbúa svæðisins. Þá getur verið starfrækt verslunar- og þjónustustarfsemi innan íbúðarsvæða, enda sé umfang hennar óverulegt og starfsemin þess eðlis að hún falli að nýtingu og byggðamynstri svæðisins sem íbúðarbyggðar og valdi ekki óþægindum vegna lykta, hávaða, óþrifnaðar eða óeðlilega mikillar umferðar.

Um landnotkun og byggðamynstur á íbúðarsvæðum á Reyðarfirði gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 7. og 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
Í1	Íbúðarbyggð í vesturenda bæjarins (Stekkir 1 og Stekkir 2). Hverfi í uppbyggingu. Neðri hluti hverfisins er nær fullbyggður, en uppbygging ekki hafin á efri hlutanum.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar. Leiksvæði verði á jöðrum hverfisins í góðum tengslum við útivistarsvæðið umhverfis byggðina.
Í2	Fjölbýlishús við Réttarholt.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar.
Í3	Íbúðarbyggð uppi á mel vestan Búðarár (Melur). Hverfi í uppbyggingu. Neðri hluti hverfisins er nær fullbyggður, en uppbygging ekki hafin á efri hlutanum.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar. Leiksvæði verði í miðju hverfisins með stígatengingu í hverfin austan og vestan við. Lagður verði göngustígur úr hverfinu austanverðu niður að Búðará og annar úr hverfinu sunnanverðu niður í miðbæ.
Í4	Íbúðarbyggð miðsvæðis í grennd við Búðará og miðbæ (Brekka). Fastmótuð byggð.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar.

<p>Í5</p>	<p>Íbúðarbyggð á milli Búðarár og Stekkagils (rafstöðvargils), ofan Austurvegar (Mánagata, Heiðarvegur, Hæðargerði, Oddnýjarhæð).</p> <p>Að hluta fastmótuð eldri byggð (Mánagata, Heiðarvegur) og að hluta hverfi þar sem uppbyggingu er að ljúka (Hæðargerði, Oddnýjarhæð).</p> <p>Hverfið liggur í miðju bæjarins umhverfis grunnskóla, íþróttahöll og leikskóla.</p> <p>Svæðið er skilgreint sem íbúðarsvæði í Aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1990-2010, reitur við enda Sunnugerðis sem er skilgreindur fyrir opinberar stofnanir, en þar eru íbúðir fyrir eldri borgara. Reitur við Austurveg 19 og 21 eru skilgreindar fyrir verslun og þjónustu en sú starfsemi hefur lagst af.</p>	<p>Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar.</p> <p>Gott aðgengi gangandi og hjólandi að skólasvæði, Búðará og niður í miðbæ verði tryggt.</p> <p>Leiksvæði verði á jöðrum hverfisins í góðum tengslum við útivistarsvæðið umhverfis byggðina.</p> <p>Gömlu fjósin við Búðará verði vernduð, sjá svæði Hv2, Búðará, í kafla 9.4.13.</p>
<p>Í6</p>	<p>Íbúðarbyggð og ýmis atvinnustarfsemi austan Búðarár og neðan Austurvegar (Öldugata, Óseyri).</p> <p>Á svæðinu er elsta íbúðargata bæjarins, Öldugata. Atvinnustarfsemi er meðfram Búðará og olíutankar eru á milli Óseyrar og Ægisgötu, sem stefnt er að því að víki fyrir annarri landnotkun til framtíðar. Möguleikar eru á þéttingu byggðar og breyttri landnotkun vegna góðrar legu svæðisins gagnvart öðrum íbúðarhverfum og miðbæ og vegna möguleika á hentugra svæði fyrir léttan iðnað og áþekka atvinnustarfsemi vestar í bænum.</p> <p>Í Aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1990-2010 er svæðið skilgreint sem iðnaðar- og hafnarsvæði nema íbúðarbyggðin við Öldugötu.</p>	<p>Svæðið nýtist fyrir íbúðarbyggð og atvinnustarfsemi verði beint annað.</p> <p>Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar við Öldugötu, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar og markmiðum um hverfisvernd, sjá svæði Hv1, Öldugata, í kafla 9.4.13.</p> <p>Svigrúm fyrir nýbyggingar, sérþýli og fjölþýli, á svæðinu neðan Öldugötu, sem falla vel að gömlu byggðinni við Öldugötu. Byggðin verði lægst næst henni en getur hækkað í allt að 4 hæðir nær Búðará og Austurvegi.</p> <p>Aðlaðandi gönguleið verði meðfram Búðará.</p> <p>Athuga þarf mengun jarðvegs á olíutankasvæði.</p>
<p>Í7/V4</p>	<p>Ýmis verslunar- og þjónustustarfsemi á milli Vallargerðis og Austurvegar og íbúðarhús Austurvegi (Valhöll).</p> <p>Svæðið snýr að aðalumferðaræð bæjarins og ásýnd þess og umhverfisfrágangur því sérstaklega mikilvægur.</p>	<p>Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og viðbyggingar, sem falla að nýtingu og yfirbragði núverandi byggðar.</p> <p>Á svæðinu verði fyrst og fremst ýmis þjónusta en smásöluverslun verði beint í miðbæinn.</p> <p>Frekari uppbygging á svæðinu miði að því að styrkja og fegra götumynd Austurvegar og áhersla lögð á vandaðan umhverfisfrágang.</p>

Í8	Íbúðarbyggð austan við Stekkagil (rafstöðvargil), (Bakkagerði). Að hluta eldri byggð (Vallargerði, Ásgerði) þar sem eru þéttingarmöguleikar og að hluta nýtt hverfi sem er í byggingu (Bakkagerði, Brekkugerði).	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar.
Í9	Íbúðarbyggð í austurenda bæjarins, ofan Norðfjarðarveggar (Breiðimelur, Meltún). Nýtt hverfi í byggingu.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar.
Í10	Íbúðarbyggð í austurenda bæjarins, neðan Norðfjarðarveggar (Skál, Klöpp). Nokkur eldri íbúðarhús/byli. Möguleiki á fjölgun.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla vel að legu svæðisins í jaðri byggðar og í nálægð við sjó.

9.4.2 Svæði fyrir þjónustustofnanir

Á svæðum fyrir þjónustustofnanir er gert ráð fyrir stofnunum og fyrirtækjum sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, s.s. skólum, heilbrigðisstofnunum, menningarstofnunum, félagslegum stofnunum og trúarstofnunum.

Um landnotkun og byggðamynstur á svæðum fyrir þjónustustofnanir á Reyðarfirði gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 4. og 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
S1	Kapólskt klaustur og aðsetur prestakalls Þorlákssóknar kapólsku kirkjunnar í bæjarhúsum Kollaleirubýlisins.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnun.
S2	Æskulýðsmiðstöð í gamla barnaskólanum.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnun.
V2/S3	Sjá V2/S3 í kafla 9.4.3.	Sjá V2/S3 í kafla 9.4.3.
S4	Grunnskóli og íþróttahöll.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnun.
S5	Stríðsárasafn.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu og yfirbragði svæðisins sem stríðsárasafns og markmiðum um hverfisvernd, sjá svæði Hv3, Stríðsárasafn, í kafla 9.4.13.
S6	Veitumannvirki – vatnstankur.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi mannvirkjum og framkvæmdir sem falla að nýtingu svæðisins fyrir veitumannvirki.

S7	Veitumannvirki – gömul rafstöð.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi mannvirkjum og framkvæmdir sem falla að nýtingu svæðisins fyrir veitumannvirki og markmiðum um hverfisvernd, sjá svæði Hv4, Gamla rafstöðin, í kafla 9.4.13.
----	---------------------------------	---

9.4.3 Verslunar- og þjónustusvæði

Á verslunar- og þjónustusvæðum er gert ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi sem þjónar viðkomandi hverfi eða er utan miðbæjar. Þar sem aðstæður leyfa má gera ráð fyrir íbúðum á verslunar- og þjónustusvæðum, sérstaklega á efri hæðum bygginga.

Um landnotkun og byggðamynstur á verslunar- og þjónustusvæðum á Reyðarfirði gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 4. og 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
V1	Ýmis verslunar- og þjónustustarfsemi við Búðareyri, þ.m.t. heilsugæsla og söluskálar. Í Aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1990-2010 er svæðið skipt upp í nokkra reiti þar sem ýmist er heimil verslunar- og þjónustustarfsemi, iðnaður eða opinberar stofnanir, eða einhver blanda þessarar starfsemi. Svæðið snýr að annarri aðalumferðaræð bæjarins og ásýnd þess og umhverfisfrágangur því sérstaklega mikilvægur.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins. Á svæðinu verði fyrst og fremst ýmis þjónusta en smásöluverslun verði beint í miðbæinn. Frekari uppbygging á svæðinu miði að því að styrkja og fegra götummynd Búðareyrar. Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd svæðisins sem aðalinnkomu í bæinn og áhersla lögð á vandaðan umhverfisfrágang.
V2/S3	Félagsheimili/kvikmyndahús og leikskóli.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnun og aðra þjónustu.
A3/V3	Sjá A3/V3 í kafla 9.4.5.	Sjá A3/V3 í kafla 9.4.5.
Í7/V4	Sjá Í7/V4 í kafla 9.4.1.	Sjá Í7/V4 í kafla 9.4.1.

9.4.4 Miðsvæði

Miðsvæði tekur til miðbæjar viðkomandi þéttbýlisstaðar. Á miðsvæðum er gert ráð fyrir alhliða miðbæjarstarfsemi – verslunar- og þjónustustarfsemi, veitingastarfsemi, menningarstarfsemi og stjórnsýslu. Einnig er gert ráð fyrir að íbúðarbyggð sé hluti landnýtingar á miðsvæðum.

Um landnotkun og byggðamynstur á miðsvæði Reyðarfjarðar gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 4., 5. og 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
M1	<p>Ýmis verslunar- og þjónustustarfsemi og iðnaðarstarfsemi meðfram Búðargötu og Hafnargötu og austan Sjávargötu, á milli Búðareyrar og Ægisgötu.</p> <p>Á svæðinu er fjölbreytt og ólík starfsemi, s.s. kirkja, skrifstofuhúsnæði, verslunarmiðstöð, gistiheimili, byggingarvöruverslun og léttur iðnaður. Auk þess hefur byggingarfyrirtæki aðstöðu á svæðinu en sú starfsemi er víkjandi. Hluti af eldra atvinnuhúsnæði stendur autt.</p> <p>Í Aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1990-2010 er svæðinu skipt upp í nokkra reiti sem ýmist eru skilgreindir fyrir opinberar stofnanir, verslun og þjónustu eða iðnað.</p>	<p>Svæðið verði miðbær Reyðarfjarðar og jafnframt aðal verslunar- og þjónustukjarni Fjarðabyggðar með fjölbreytta verslun og þjónustu.</p> <p>Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla að hlutverki svæðisins sem meginkjarna Fjarðabyggðar þangað sem leitast verði við að beina nýrri verslun og þjónustu, s.s. sérvöruverslun, veitingarekstri, hóteli og skrifstofum.</p> <p>Byggingar verði 1-4 hæða og myndi hefðbundin vel afmörkuð göturými í Búðargötu og Hafnargötu. Aðalinngangar snúi að götunum. Gætt verði að útsýni til sjávar og fjalla, bæði úr byggingum og af götum eða öðrum opnum rýmum.</p> <p>Leitast verði við að flétta eldri hús sem bera sögu bæjarins vitni, inn í nýju byggðina, s.s. Tjærgesen, byggingarverslun Kaupfélagsins (Bjössabúð), gömlu aðalverslun Kaupfélagsins, gamla verkstæði Kaupfélagsins og fóðurlöndunni, sbr. hverfisvernd Hv1 í kafla 9.4.13.</p> <p>Skýr tengsl verði milli miðbæjar og hafnarsvæðis þannig að höfnin verðir áhugaverður áningarstaður í miðbæ. Gætt verði að útsýni til sjávar og fjalla.</p> <p>Gert verði ráð fyrir samkomutorgi og svæðið meðfram Búðará verði útfært sem fallett almenningssvæði með áhugaverðri gönguleið meðfram ánni.</p> <p>Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd byggðarinnar og áhersla lögð á að frágangur opinna rýma, þ.e. Búðargötu, Búðareyrar, Hafnargötu, Austurvegar, svæðisins meðfram Búðará og torgsvæða innan miðbæjarins sé vandaður, s.s. hvað varðar yfirborðsefni, gróður og lýsingu. Leitast verði við að nota náttúruleg efni og liti sem vísa til einkenna landslagsins og sögu byggðarinnar.</p>

9.4.5 Athafnasvæði

Á athafnasvæðum er gert ráð fyrir iðnaði sem hefur litla mengunarhættu í för með sér, verkstæðum, landfrekri umboðs- og heildverslun og vörugeymslum. Ekki er gert ráð fyrir íbúðum á athafnasvæðum, nema íbúðum sem eru tengdar starfsemi á svæðinu.

Um landnotkun og byggðamynstur á athafnasvæðum á Reyðarfirði gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 5. og 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
A1	<p>Athafnasvæði við botn Reyðarfjarðar (Hjallaleira).</p> <p>Svæði í uppbyggingu.</p>	<p>Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir ýmiskonar athafnastarfsemi.</p> <p>Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd svæðisins og áhersla lögð á vandaðan umhverfisfrágang.</p> <p>Tryggt verði aðgengi almennings að strönd, neðan athafnasvæðisins.</p>
A2	<p>Ýmis athafnastarfsemi í vesturenda bæjarins á milli Búðareyrar og Ægisgötu, að miðbæjarsvæði og verslunar- og þjónustusvæði við Búðareyri.</p> <p>Talsverðir byggingamöguleikar og tækifæri fyrir atvinnustarfsemi sem þarf nokkuð stórt húsnæði eða stórar lóðir.</p> <p>Suðurhluti svæðisins snýr að Austurvegi, sem er önnur aðalumferðaræð bæjarins og er ásýnd svæðisins gagnvart henni sérstakleg mikilvæg.</p> <p>Svæðið er skilgreint sem iðnaðar- og hafnarsvæði í Aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1990-2010.</p>	<p>Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir ýmiskonar athafnastarfsemi og léttan iðnað.</p> <p>Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd svæðisins og áhersla lögð á vandaðan umhverfisfrágang, einkum næst Austurvegi.</p>
A3/V3	<p>Ýmis þjónustu- og athafnastarfsemi austan Óseyrar, á milli Austurvegar og Ægisgötu.</p> <p>Svæðið snýr að aðalumferðaræðum bæjarins og ásýnd þess og umhverfisfrágangur því sérstaklega mikilvægur.</p> <p>Möguleikar fyrir frekari þjónustustarfsemi eða snyrtilega athafnastarfsemi.</p> <p>Í Aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1990-2010 er svæðið skilgreint sem iðnaðar- og hafnarsvæði.</p>	<p>Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir ýmiskonar athafnastarfsemi.</p> <p>Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd svæðisins og áhersla lögð á vandaðan umhverfisfrágang.</p>
A4	<p>Lóð björgunarsveitar við Austurveg, neðan Vallargerðis.</p> <p>Reiturinn snýr að aðalumferðaræð bæjarins og ásýnd hans og umhverfisfrágangur því sérstaklega mikilvægur.</p>	<p>Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði sem falla að nýtingu svæðisins fyrir björgunarsveit eða snyrtilega athafnastarfsemi.</p> <p>Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd svæðisins og áhersla lögð á vandaðan umhverfisfrágang.</p>

9.4.6 Iðnaðarsvæði

Á iðnaðarsvæðum er gert ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, s.s. verksmiðjum, virkjunum, skólpdælu- og hreinsistöðvum og birgðastöðvum fyrir olíur. Ekki er gert ráð fyrir íbúðum á iðnaðarsvæðum.

Um landnotkun og byggðamynstur á iðnaðarsvæðum á Reyðarfirði gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 5. og 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
I1	Iðnaðarsvæði við botn Reyðarfjarðar (Hjallaleira). Svæði í uppbyggingu.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir ýmiskonar iðnaðarstarfsemi. Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd svæðisins og áhersla lögð á vandaðan umhverfisfrágang. Tryggt verði aðgengi almennings að strönd, neðan iðnaðarsvæðisins.

9.4.7 Hafnarsvæði

Á hafnarsvæðum er gert ráð fyrir hafnsækinni starfsemi, s.s. útgerð, fiskvinnslu, starfsemi tengdri sjóflutningum og aðstöðu og þjónustu við skemmtibáta. Almennt er ekki gert ráð fyrir íbúðum á hafnarsvæðum.

Innan hafnarsvæða er unnt að gera óverulegar breytingar á hafnarbakka, bryggjum og landfyllingum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi, en gera skal grein fyrir slíkum breytingum í deiliskipulagi.

Hafnarsvæði eru hér eftir atvikum afmörkuð þrengra en hafnarreglugerð fyrir Fjarðabyggðarhafnir gerir.

Um landnotkun og byggðamynstur á hafnarsvæðum á Reyðarfirði gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 5. og 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
H1	Vöruhöfn og fiskihöfn og starfsemi þeim tengd.	Svæðið nýtist fyrir hafnsækna atvinnustarfsemi. Svigrúm verði fyrir breytingar á núverandi mannvirkjum og umhverfi, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir hafnsækna starfsemi. Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd svæðisins og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður.

H2	Smábátahöfn og athafnasvæði hennar.	<p>Svæðið nýtist fyrir hafnsækna starfsemi, einkum tengda smábátum og skemmtibátum.</p> <p>Svigrúm verði fyrir breytingar á núverandi mannvirkjum og umhverfi, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir hafnsækna starfsemi.</p> <p>Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd svæðisins og góðum tengslum við miðbæinn.</p> <p>Umhverfisfrágangur verði vandaður og í takt við hlutverk svæðisins sem áhugaverður áfangastaður í jaðri miðbæjar.</p>
----	-------------------------------------	---

9.4.8 Opin svæði til sérstakra nota

Opin svæði til sérstakra nota eru svæði með útvistargildi á einn eða annan hátt þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjagerð í tengslum við þá starfsemi sem þar er stunduð, s.s. tjald- og hjólhýsasvæði, skrúðgarðar, kirkjugarðar, leiksvæði, íþróttasvæði, golfvöllir, sleða- og skíðasvæði, skautasvæði, siglingaaðstaða, hesthús og reiðvöllir, rallybrautir og skotvöllir. Einnig garðlönd og trjáræktarsvæði.

Um landnotkun á opnum svæðum til sérstakra nota á Reyðarfirði gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 3. og 4. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
Án auðkennis	Hlíðar ofan byggðar, lækjarfarvegir og gil, árbakki, fjara og strandsvæði.	<p>Á þessum svæðum er ekki gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum en þeim sem vænta má vegna almennrar útvistar, s.s. stígum, skiltum, áningarstöðum og bílastæðum fyrir göngu- og ferðafólk.</p> <p>Gróðursetning trjáa og lággróðurs verði framhaldið í hlíðum ofan bæjarins. Hugað verði að útsýni til sjávar og fjalla við gróðursetningu og grisjun. Leitast verði við að skapa fjölbreyttar gönguleiðir og áningarstaði sem bjóða upp á mismunandi upplifanir.</p> <p>Aðgengi að nærleiksvæðum verði bætt og lækjargil vernduð og gerð aðgengileg til útvistar. Gott aðgengi að strönd verði sem víðast.</p>
O1	Tjaldsvæði.	Á svæðinu er gert ráð fyrir tjaldsvæði ásamt þeirri mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins sem tjaldsvæðis og almenns útvistarsvæðis kallar á.
O2	Kirkjugarður uppi á mel.	Á svæðinu er gert ráð fyrir kirkjugarði. Umhverfisfrágangur og aðgengi akandi og gangandi skal vera í samræmi við hlutverk svæðisins.
O3	Nýr kirkjugarður austan við Breiðamel, í austurenda bæjarins.	Á svæðinu er gert ráð fyrir kirkjugarði. Umhverfisfrágangur og aðgengi akandi og gangandi skal vera í samræmi við hlutverk svæðisins.

9.4.9 Samgöngur

Lega aðalgötu (stofnbrautar) þéttbýlisins er ákveðin í aðalskipulaginu. Aðrar götur eru sýndar til skýringar en ekki festar í aðalskipulaginu.

Lega aðalstíga sem tengja saman einstaka hluta bæjarins og þjóna hlutverki aðal útivistarstíga er ákveðin í deiliskipulagi eða á framkvæmdastigi.

Um samgöngur á Reyðarfirði gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 5. og 8. kafla.

Flokkur samgöngumannvirkja	Lýsing	Skipulagsákvæði
Aðalgata	Tvær aðalumferðaræðar liggja í gegnum bæinn: 1. Ægisgata - Austurvegur. Aðalumferðaræð meðfram sjónum. 2. Búðareyri - Austurvegur. Aðalumferðaræð innan byggðarinnar.	1. Ægisgata - Austurvegur Útfærsla götunnar miði við þungaumferð og gegnumakstur í gegnum bæinn. Á þeim kafla sem liggur milli miðbæjar og smábátahafnar verði gatan útfærð þannig að aðgengi og öryggi gangandi vegfarenda verði sérstaklega tryggt. Umhverfisfrágangur götunnar verði vandaður, s.s. hvað varðar gangstéttar, gróður og lýsingu. Á kaflanum neðan við miðbæ verði leitast við að nota náttúruleg efni og liti sem vísa til einkenna landslagsins og sögu byggðarinnar, sbr. áherslur fyrir svæði M1. 2. Búðareyri – Austurvegur Gatan þjóni sem aðalgata fyrir innanbæjarumferð. Hraðatakmarkandi aðgerðum verði beitt til að stuðla að umferðaröryggi. Umhverfisfrágangur götunnar verði vandaður, s.s. hvað varðar gangstéttar, gróður og lýsingu. Á kaflanum sem liggur í gegnum miðbæ verði leitast við að nota náttúruleg efni og liti sem vísa til einkenna landslagsins og sögu byggðarinnar, sbr. áherslur fyrir svæði M1.
Aðalstígar / aðalgönguleiðir	Megingönguleiðir/-stígar sem tengja saman einstaka hluta bæjarins og þjóna hlutverki útivistarstíga jafnt sem samgönguleiða.	Góðar göngutengingar verði á milli hverfa sem tengi vel heimili, vinnustaði, þjónustu og stofnanir. Helstu gönguleiðir verði lýstar og haldið opnum að vetri. Útivistarstígar verði ofan bæjar og meðfram sjó með góðum tengslum inn í byggðina og áningarstöðum. Auk þess að þjóna gangandi umferð, er gönguleið ofan byggðar ætlað að þjóni hlutverki reiðleiðar og sem þjónustuvegur vegna skógræktar og umhirðu.
Reiðleiðir	Meginreiðleiðir.	Sjá að ofan um gönguleið ofan byggðar.

9.4.10 Veitur

Aðalskipulagið gerir ekki grein fyrir stofnkerfum veitna innan þéttbýlis, öðrum en fráveitu, en á skipulagsupprætti er sýnd áformuð framtíðarlega útrásar fráveitu frá þéttbýlinu.

Um veitur að öðru leyti, sjá stefnu í 6. kafla.

9.4.11 Þjóðminjaverndarsvæði

Þjóðminjaverndarsvæði taka til svæða þar sem eru friðlýstar fornleifar, aðrar fornleifar og friðuð hús.

Um landnotkun á þjóðminjaverndarsvæðum gilda ákvæði þjóðminjalaga, laga um húsafríðun og viðkomandi friðlýsingarákvæði, sbr. einnig stefnu í 4. og 8. kafla.

Flokkur minja	Lýsing	Skipulagsákvæði
Friðlýstar fornleifar	Engar friðlýstar fornleifar eru í þéttbýlinu á Reyðarfirði.	
Aðrar fornleifar	<p>Fyrir liggur fornleifaskrá fyrir þéttbýli Reyðarfirði og nágrenni þess þar sem mest hættu var talin á raski (Byggðasafn Skagfirðinga 2004, skýrslur nr. 27 og 28).</p> <p>Almennt er um að ræða dæmigerðar minjar fyrir austfirskar sveitir og sjávarbyggðir á 19. öld og fyrir hluta þeirrar 20, t.d. hefðbundnar búsetuminjar og ummerki um verslun, útgerð og sjósókn.</p> <p>Minjar voru skráðar á eftirfarandi jörðum í þéttbýli Reyðarfjarðar, sjá þéttbýlisupprátt og skýrslu Byggðasafns Skagfirðinga 2004/27: Teigagerði (158210-138). Bakkagerði (182063-139) Kollaleira (158200-140).</p> <p>Minjarnar eru allar á þegar byggðum svæðum.</p>	<p>Ekki eru sett fram sérstök verndarákvæði um fornleifar í þéttbýlinu á Reyðarfirði umfram þau sem gilda samkvæmt þjóðminjalögum nr. 107/2001, sbr. einkum IV. kafla laganna þar sem m.a. kemur fram:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Að til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og að minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa. - Að fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins. <p>Sjá einnig kafla 4.5 varðandi skilgreiningar á fornleifum og einkenni fornleifa í Fjarðabyggð og viðauka 4 þar sem nánari grein er gerð fyrir skráðum fornleifum í þéttbýli Reyðarfjarðar.</p>
Friðuð hús (hús sem hafa verið formlega friðlýst)	Ekkert hús hefur verið formlega friðlýst á Reyðarfirði. En nokkur hús falla undir aldursákvæði laga um húsafríðun, þ.á.m. Reyðarfjarðarkirkja, elsta steinkirkja á Austurlandi, sem reist var 1910.	

9.4.12 Verndarsvæði vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum

Verndarsvæði vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum taka til svæða sem skilgreind eru sem vatnsverndarsvæði vegna neysluvatnsöflunar (brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði) sbr. reglugerð um neysluvatn. Þau taka einnig til stranda sem skilgreind hafa verið í verndarflokka skv. reglugerð um varnir gegn mengun vatns.

Engin brunn-, grann- eða fjarsvæði vatnsverndar eru innan péttbýlis á Reyðarfirði.

Strandsvæði innan péttbýlis á Reyðarfirði hafa ekki verið flokkuð í verndarflokka.

9.4.13 Hverfisverndarsvæði

Á hverfisverndarsvæðum gilda sérstök ákvæði sem sveitarstjórn setur til verndar sérkenna eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, s.s. einstakra bygginga, mannvirkja eða húspyrpinga, náttúruminja eða trjágróðurs. Verndarákvæðin eru sett á grundvelli sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis.

Við afgreiðslu umsókna um breytingar á húsum, lóðum eða götum á hverfisverndarsvæðum skal liggja fyrir sérstök umsögn skipulagsfulltrúa um áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á heildarsvip og yfirbragð viðkomandi svæðis. Skipulagsfulltrúi getur e.atv. leitað umsagnar sérfróðra aðila um húsaveindun. Jafnframt skulu slík erindi kynnt bæjarráði.

Auk þeirra verndarákvæða sem tilgreind eru um hvert svæði, skal almennt gera ráð fyrir að sérstaklega sé vandað til efnisvals, gróðurs og frágangs almennarýma á hverfisverndarsvæðum, s.s. yfirborðs gatna og stíga og götugagna.

Um landnotkun á hverfisverndarsvæðum gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 3., 4. og 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing				Skipulagsákvæði
	Staðsetning, hús nr.	Saga/stíll/verndargildi	Byggingarár skv.FMR	Notkun skv. FMR	
Hv1 (á svæði M1) Búðargata	Búðargata 1	Elsta steinkirkja á Austurlandi. Arkitekt Rögnvaldur Ólafsson.	1910	Kirkja	Eini vísir að götummynd í miðbæ Reyðarfjarðar með dæmum um byggingar frá fyrstu tíð byggðar. Byggðin geymir líka mikilvægan hluta verslunarsögu staðarins. Heildarsvipur þessa svæðis verði varðveittur, nýbyggingar taki mið af stíl, stærð og byggingarefnum byggðarinnar og stuðlað verði að því að viðhald og endurnýjun húsa taki mið af upprunalegri mynd.
			1991	Safnaðarheimili	
	Búðargata 4	Elsta hús á Reyðarfirði. Fyrst verslun Jóns Magnússonar, frá 1912 verslun Kaupfélags Héraðsbúa.	1870	Gistihús	
	Búðargata 5	Áður verslun Kaupfélags Héraðsbúa.	1936	Verslun	
	Búðargata 6	Áður byggingarvöruverslun KHB	1912	Byggingavörudeild	
	Búðargata 8	Áður fóðurblanda.	1933-35	Byggingarvörudeild	

Hv2 (á svæði Í6) Öldugata/Austurvegur	Öldugata 1		1905	Íbúðarhús	Heildarsvipur þessa svæðis verði varðveittur, nýbyggingar taki mið af stíl, stærð og byggingarefnum byggðarinnar og stuðlað verði að því að viðhald og endurnýjun húsa taki mið af upprunalegri mynd.
	Öldugata 2 Ós		1895	Íbúðarhús	
	Öldugata 3			Auð íbúðarhúsalóð	
	Öldugata 4 Ásbyrgi		1929	Íbúðarhús	
	Öldugata 5		1943	Íbúðarhús	
	Öldugata 6		1925	Gripahús	
	Öldugata 8 Gröf		1939	Íbúðarhús	
	Öldugata 10			Auð lóð, ekkert hús skráð	
Austurvegur 1	Gamli barnaskólinn		1912		
Hv3 (á svæði Í5) Búðará	Opið svæði meðfram Búðará				Svæðið verði viðhaldið í sem náttúrulegustu ástandi með viðhaldi og plöntun gróðurtegunda sem eiga sér rætur á svæðinu. Stígar verði beggja vegna árinna. Gömul fjós á austurjaðri svæðisins verði varðveitt sem minjar um gamla tíð.
	Mánagata 1, fjós	Gömul fjós sem ljá svæðinu meðfram Búðará skemmtilegan vinkil.	1940	Geymsla	
	Mánagata 5, geymsla á gömlum fjósgrunni			Geymsla	
	Mánagata 7, fjós		1948	Geymsla	
Hv4 (á svæði S5) Stríðsárasafnið	Við Hæðargerði	Spítalækampur, braggar, frá stríðsárunum. Nýtt sem safn um lífið á Íslandi á stríðsárunum og áhrif hersettunnar á íslensku þjóðina.			Útliti og staðsetningu bragga á svæðinu verði viðhaldið í sem upprunalegastri mynd en svigrúm verði fyrir breytingar og nýbyggingar sem falla að nýtingu og yfirbragði svæðisins sem stríðsárasafns.
Hv5 (á svæði S7) Gamla rafstöðin	Í Stekkagili (rafstöðvargili)	Gömul rafstöð			Rafstöðvarhúsið verði viðhaldið í sem upprunalegastri mynd en svigrúm verði fyrir breytingar og nýbyggingar sem falla að nýtingu og yfirbragði svæðisins fyrir veitumannvirki.

9.4.14 Skipulagi frestað

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
Sf1	<p>Hagi</p> <p>Svæði sem nýtt var fyrir vinnubúðir á uppbyggingartíma álvers. Á svæðinu eru götur, stígar og veitulagnir. Vinnubúðir hafa verið eða verða fjarlægðar en eftir standa tvær stærri byggingar en ekki hefur verið tekin ákvörðun um nýtingu þeirra.</p> <p>Svæðið hentar ekki fyrir framtíðaríbúðarbyggð vegna fjarlægðar frá þéttbýlinu og óhagstæðra veðurfarslegra aðstæðna. Vegna síðarnefndu ástæðunnar er það ekki ákjósanlegt fyrir frístundabyggð. Ræddar hafa verið hugmyndir um að nýta svæðið fyrir hestamennsku en aðrir staðir hafa verið taldir henta betur. Ekki liggja því fyrir áform um nýtingu svæðisins á þessu stigi, en vænta má að fram kunni að koma hugmyndir um nýtingu þeirrar aðstöðu sem þar er í framtíðinni.</p>	<p>Skipulagi á svæðinu er frestað þar til fram koma hugmyndir eða áform um nýtingu sem hefur hag af þeirri aðstöðu sem er á svæðinu og fellur vel að nýtingu svæðisins umhverfis sem útivistarsvæðis. Ákvörðun um nýtingu svæðisins kallar á auglýsingu á breytingu á aðalskipulagi.</p>

9.5 Þéttbýlisuppráttur fyrir Fáskrúðsfjörð

9.5.1 Íbúðarsvæði

Á íbúðarsvæðum er gert ráð fyrir íbúðarbyggð og nærleiksvæðum. Innan íbúðarsvæða er einnig heimilt að gera ráð fyrir nærbjónustu við íbúa svæðisins. Þá getur verið starfrækt verslunar- og þjónustustarfsemi innan íbúðarsvæða, enda sé umfang hennar óverulegt og starfsemi þess eðlis að hún falli að nýtingu og byggðamynstri svæðisins sem íbúðarbyggðar og valdi ekki óþægindum vegna lykta, hávaða, óþrifnaðar eða óeðlilega mikillar umferðar.

Um landnotkun og byggðamynstur á íbúðarsvæðum á Fáskrúðsfirði gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 7. og 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
Í1	<p>Íbúðarbyggð vestast í bænum (Holtahverfi og Hlíðarbrekka).</p> <p>Hverfi í uppbyggingu.</p> <p>Svæðið er skilgreint sem íbúðarsvæði og að hluta sem svæði fyrir þjónustustofnanir í Aðalskipulagi Búðahrepps 2002-2022.</p> <p>Búðalækur rennur í gegnum hverfið og er farvegur hans og lækjargil skilgreind sem hættusvæði B, sjá kafla 9.5.14.</p>	<p>Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar.</p> <p>Huga þarf sérstaklega að aðgengi íbúa að nærleiksvæðum.</p> <p>Sjá kafla 9.5.14 varðandi ákvæði vegna ofanflóðahættu.</p>
Í2	<p>Íbúðarbyggð, öll byggðin frá heilsugæslustöð og grunnskóla að vestanverðu og að jaðri byggðar að austanverðu.</p> <p>Fastmótuð byggð, en svigrúm getur verið til þéttingar á stökum lóðum.</p> <p>Svæðið er skilgreint sem íbúðarsvæði með stökum lóðum fyrir þjónustustofnanir og verslun og þjónustu í Aðalskipulagi Búðahrepps 2002-2022.</p> <p>Svæði umhverfis farvegi Nýjabæjarlækjar og Merkjálækjar eru skilgreind sem hættusvæði A, B og C, sjá kafla 9.5.14.</p>	<p>Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar. Um hluta svæðisins gilda hverfisverndarákvæði, sjá svæði Hv2 í kafla 9.5.13.</p> <p>Sjá kafla 9.5.14 varðandi ákvæði vegna ofanflóðahættu.</p>

9.5.2 Svæði fyrir þjónustustofnanir

Á svæðum fyrir þjónustustofnanir er gert ráð fyrir stofnunum og fyrirtækjum sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, s.s. skólum, heilbrigðisstofnunum, menningarstofnunum, félagslegum stofnunum og trúarstofnunum.

Um landnotkun og byggðamynstur á svæðum fyrir þjónustustofnanir á Fáskrúðsfirði gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 4. og 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
S1	Heilsugæslustöð, hjúkrunarheimili, leikskóli, grunnskóli og bókasafn. Svæði umhverfis farveg Nýjabæjarlækjar eru skilgreind sem hættusvæði A, B og C, sjá kafla 9.5.14.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnanir. Sjá kafla 9.5.14 varðandi ákvæði vegna ofanflóðahættu.

9.5.3 Verslunar- og þjónustusvæði

Á verslunar- og þjónustusvæðum er gert ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi sem þjónar viðkomandi hverfi eða er utan miðbæjar. Þar sem aðstæður leyfa má gera ráð fyrir íbúðum á verslunar- og þjónustusvæðum, sérstaklega á efri hæðum bygginga.

Um landnotkun og byggðamynstur á verslunar- og þjónustusvæðum á Fáskrúðsfirði gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 4. og 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
H2/V1	Sjá H2/V1 í kafla 9.5.7.	Sjá H2/V1 í kafla 9.5.7.

9.5.4 Miðsvæði

Miðsvæði tekur til miðbæjar viðkomandi péttbýlisstaðar. Á miðsvæðum er gert ráð fyrir alhliða miðbæjarstarfsemi – verslunar- og þjónustustarfsemi, veitingastarfsemi, menningarstarfsemi og stjórnsýslu. Einnig er gert ráð fyrir að íbúðarbyggð sé hluti landnýtingar á miðsvæðum.

Um landnotkun og byggðamynstur á miðsvæði Fáskrúðsfjarðar gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 4., 5. og 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
M1	Miðbær Fáskrúðsfjarðar. Tekur yfir svæðið milli Skólavegar (<i>Chemin de l'École</i>) og Búðavegar (<i>Chemin de Budir</i>), frá Álfastíg (<i>Pente des Elfes</i>) í vestri og austur fyrir gamla barnaskólann. Ýmis verslunar-, þjónustu- og menningarstarfsemi s.s. Fáskrúðsfjarðarkirkja, Kaupfélagið, pósthús, lögreglustöð, sundlaug, banki, félagsheimilið Skrúður og hótél. Í Aðalskipulagi Búðahrepps 2002-2022 er svæðið skilgreint að hluta fyrir verslun og þjónustu og að hluta fyrir stofnanir og íbúðarbyggð. Tvær lóðir austast á svæðinu falla undir hverfisvernd, sjá kafla 9.5.13. Þess utan eru fáein hús á svæðinu byggð á fyrstu áratugum 20. aldar.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar og hlutverki svæðisins sem miðkjarna byggðarinnar á Fáskrúðsfirði og markmiðum um hverfisvernd, sjá svæði Hv2, í kafla 9.5.13. Leitast verði við að fylla í eyður þar sem tækifæri er til og að beina nýrri verslun og þjónustu í miðbæinn. Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd byggðarinnar og áhersla lögð á að frágangur götu- og torgsvæða sé vandaður, s.s. hvað varðar yfirborðsefni, gróður og lýsingu. Leitast verði við að nota náttúruleg efni og liti sem vísa til einkenna fjarðarins og sögu byggðarinnar.

9.5.5 Athafnasvæði

Á athafnasvæðum er gert ráð fyrir iðnaði sem hefur litla mengunarhættu í för með sér, verkstæðum, landfrekri umboðs- og heildverslun og vörugæmslum. Ekki er gert ráð fyrir íbúðum á athafnasvæðum, nema íbúðum sem eru tengdar starfsemi á svæðinu.

Um landnotkun og byggðamynstur á athafnasvæðum á Fáskrúðsfirði gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 5. og 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
A1	Athafnasvæði við Hafnargötu (<i>Rue du Port</i>), austan Óssins. Slökkvistöð. Svæðið er nær fullbyggt. Svæðið er á áberandi stað, við aðkomu inn í þéttbýlið. Aðalskipulag þetta fellur frá stefnu Aðalskipulags Búðahrepps 2002-2022 um víðfeðmar landfyllingar til suðurs frá þessu svæði.	Svæðið nýtist til athafnastarfsemi. Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar. Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd svæðisins og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður vegna legu þess við aðkomu inn í þéttbýlið.
A2	Tanginn og svæðið austan hans, neðan Hafnargötu (<i>Rue du Port</i>). Hluti af kjarna elstu byggðar á Fáskrúðsfirði, sem skilgreind er sem hverfisverndarsvæði, sjá kafla 9.5.13. Á svæðinu eru byggingar frá fyrstu áratugum 20. aldar, auk elsta hússins, Tangans, frá 1885. Á svæðinu er ýmis verslunar- og atvinnustarfsemi. Svæðið er skilgreint fyrir verslun og þjónustu og sem hafnarsvæði í Aðalskipulagi Búðahrepps 2002-2022.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar og að markmiðum um hverfisvernd, sjá svæði Hv2, í kafla 9.5.13. Góð göngutengsl verði í kjarna miðbæjar. Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd byggðarinnar að Hafnargötu (<i>Rue du Port</i>).

9.5.6 Iðnaðarsvæði

Á iðnaðarsvæðum er gert ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, s.s. verksmiðjum, virkjunum, skólþælu- og hreinsistöðvum og birgðastöðvum fyrir olíur. Ekki er gert ráð fyrir íbúðum á iðnaðarsvæðum.

Um landnotkun og byggðamynstur á iðnaðarsvæðum á Fáskrúðsfirði gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 5. og 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
H3/I1	Sjá H3/I1 í kafla 9.5.7.	Sjá H3/I1 í kafla 9.5.7.

I2	Fiskvinnsluhús ofan Skólavegar(<i>Chemin de l'École</i>), austast í byggðinni.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir iðnaðarstarfsemi. Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður.
H4/I3	Sjá H4/I3 í kafla 9.5.7.	Sjá H4/I3 í kafla 9.5.7.

9.5.7 Hafnarsvæði

Á hafnarsvæðum er gert ráð fyrir hafnsækinni starfsemi, s.s. útgerð, fiskvinnslu, starfsemi tengdri sjóflutningum og aðstöðu og þjónustu við skemmtibáta. Almennt er ekki gert ráð fyrir íbúðum á hafnarsvæðum.

Innan hafnarsvæða er unnt að gera óverulegar breytingar á hafnarbakka, bryggjum og landfyllingum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi, en gera skal grein fyrir slíkum breytingum í deiliskipulagi.

Hafnarsvæði eru hér eftir atvikum afmörkuð þrengra en hafnarreglugerð fyrir Fjarðabyggðarhafnir gerir.

Um landnotkun og byggðamynstur á hafnarsvæðum á Fáskrúðsfirði gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 5. og 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
H1	Smábátahöfn. Landfylling vestan smábátahafnar er ófrágengin. Aðalskipulag þetta fellur frá stefnu Aðalskipulags Búðahrepps 2002-2022 um víðfeðmar landfyllingar til vesturs frá þessu svæði.	Svæðið nýtist fyrir smábátahöfn og þá aðstöðu sem smábáta- og skemmtibátaútgerð kallar á. Lokið verði umhverfisfrágangi landfyllingar vestan smábátahafnar. Mögulegt er að nýta það landsvæði til útivistar og þjónustustarfsemi, tengt smábátahöfninni og/eða tengt nýtingu skróðgarðs- og íþróttasvæðis, handan Hafnargötu(<i>Rue du Port</i>), sjá stefnu um svæði O5 í kafla 9.5.8.
H2/V1	Svæði við Hafnargötu(<i>Rue du Port</i>), frá Nýjabæjarlæk og hluti Hafskipabryggjunnar. Hafnarsvæði með hafskipabryggju í miðjum bænum, sem er jafnframt jaðarsvæði miðbæjarins. Svæðið er skilgreint sem hafnarsvæði í Aðalskipulagi Búðahrepps 2002-2022, utan ein lóð norðvestast sem skilgreind er fyrir íbúðir, verslun og þjónustu.	Svæðið nýtist fyrir hafnsækna starfsemi og verslunar- og þjónustustarfsemi, s.s. þjónustu við ferðamenn. Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir iðnaðar- og athafnastarfsemi. Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd byggðarinnar og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður vegna legu svæðisins við aðkomu inn í þéttbýlið.

H3/I1	Svæði við Hafnargötu (<i>Rue du Port</i>), , eystri hluti Hafskipabryggjunnar að Tanganum. Starfsemi tengd fiski- og vöruflutningahöfn. Svæðið er skilgreint sem hafnarsvæði í Aðalskipulagi Búðahrepps 2002-2022.	Svæðið nýtist fyrir hafnsækna atvinnustarfsemi og iðnað. Svigrúm verði fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir hafnsækna starfsemi og iðnað. Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd byggðarinnar og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður.
H4/I3	Athafnasvæði Loðnuvinnslunnar neðan Hafnargötu (<i>Rue du Port</i>), , austast í bænum. Starfsemi tengd útgerð og fiskvinnslu. Svæðið er skilgreint sem hafnarsvæði í Aðalskipulagi Búðahrepps 2002-2022.	Svæðið nýtist fyrir hafnsækna atvinnustarfsemi og iðnað. Svigrúm verði fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir hafnsækna starfsemi og iðnað. Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd byggðarinnar og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður.

9.5.8 Opin svæði til sérstakra nota

Opin svæði til sérstakra nota eru svæði með útivistargildi á einn eða annan hátt þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjagerð í tengslum við þá starfsemi sem þar er stunduð, s.s. tjald- og hjólhýsasvæði, skrúðgarðar, kirkjugarðar, leiksvæði, íþróttasvæði, golfvellir, sleða- og skíðasvæði, skautasvæði, siglingaaðstaða, hesthús og reiðvellir, rallybrautir og skotvellir. Einnig garðlönd og trjáræktarsvæði.

Um landnotkun á opnum svæðum til sérstakra nota á Fáskrúðsfirði gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 3. og 4. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
Án auðkennis	Hlíðar ofan byggðar, lækjarfarvegir og gil, árbakki, fjara og strandsvæði.	Á þessum svæðum er ekki gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum en þeim sem vænta má vegna almennrar útivistar, s.s. stígum, skiltum, áningarstöðum og bílastæðum fyrir göngu- og ferðafólk. Einnig er gert ráð fyrir varnarvirkjum vegna ofanflóða sbr. kafla 9.5.14. Gróðursetning trjáa og lággróðurs verði framhaldið í hlíðum ofan bæjarins. Hugað verði að útsýni til sjávar og fjalla við gróðursetningu og grisjun. Leitast verði við að skapa fjölbreyttar gönguleiðir og áningarstaði sem bjóða upp á mismunandi upplifanir. Aðgengi að nærleiksvæðum verði bætt og lækjargil vernduð og gerð aðgengileg til útivistar. Gott aðgengi að strönd verði sem víðast.
O1	Tjaldsvæði.	Á svæðinu er gert ráð fyrir tjaldsvæði ásamt þeirri mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins sem tjaldsvæðis kallar á.
O2	Kirkjugarður.	Kirkjugarður. Sjá a.ö.l. um svæði 05 að neðan.
O3	Íþróttasvæði og skrúðgarður.	Unnið verði áfram að uppbyggingu íþróttasvæðis og garðsvæðis sem nýtist til

	Á svæðinu eru íþróttavöllur og íþróttahús og svigrúm fyrir frekari íþróttaaðstöðu, s.s. sundlaug.	fjölbreyttrar íþróttaiðkunar og útiveru. Gott aðgengi fótgangandi og hjólandi verði að svæðinu. Huga þarf að umhverfisfrágangi, gróðri, yfirborðsfrágangi og aðstöðu s.s. bekkjum. Tengja þarf saman skruðgarð, íþróttasvæði og kirkjugarð. Einnig eru möguleikar á tengingum yfir á landfyllingu vestan smábátahafnar, s.s. tengt útihátíðum, mörkuðum o.þ.h.
O4	Franski grafreitirinn Þar er minnisvarði með nöfnum 49 franskra og belgískra sjómanna sem létu lífið á Íslandsmiðum. Svæðið afmarkast af þjóðvegi að ofan, sjó að neðan og Hólknalækjum til vesturs og austurs. Göngustígur liggur frá bílastæði og niður að grafreit.	Standa þarf vörð um umhverfi svæðisins og aðgengi að því, sjá ákvæði um hverfisvernd í kafla 9.5.13.

9.5.9 Samgöngur

Lega aðalgötu (stofnbrautar) þéttbýlisins er ákveðin í aðalskipulaginu. Aðrar götur eru sýndar til skýringar en ekki festar í aðalskipulaginu.

Lega aðalstíga sem tengja saman einstaka hluta bæjarins og þjóna hlutverki aðal útivistarstíga er ákveðin í deiliskipulagi eða á framkvæmdastigi.

Um samgöngur á Fáskrúðsfirði gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 5. og 8. kafla.

Flokkur samgöngumannvirkja	Lýsing	Skipulagsákvæði
Aðalgata	Búðavegur, (<i>Chemin de Budir</i>), Hafnargata(<i>Rue du Port</i>),og austurhlut Skólavegar(<i>Chemin de l'École</i>). Aðalumferðaræðar bæjarins sem liggja í gegnum bæinn endilangan og tengja hann við stofnvegakerfi utan þéttbýlis.	Frágangur aðalgatna sé vandaður, s.s. hvað varðar gangstéttar, gróður og lýsingu. Hraðatakmarkandi aðgerðum verði beitt til að stuðla að umferðaröryggi.

Aðalstígar / aðalgönguleiðir	Megingönguleiðir/-stígar sem tengja saman einstaka hluta bæjarins og þjóna hlutverki útivistarstíga jafnt sem samgönguleiða.	Góðar göngutengingar verði á milli hverfa sem tengi vel heimili, vinnustaði, þjónustu og stofnanir. Helstu gönguleiðir verði lýstar og haldið opnum að vetri. Útivistarstígar verði ofan bæjar og meðfram sjó með góðum tengslum inn í byggðina og áningarstöðum. Auk þess að þjóna gangandi umferð, er gönguleið ofan byggðar ætlað að þjóni hlutverki reiðleiðar og sem þjónustuvegur vegna skógræktar og umhirðu.
Reiðleiðir	Meginreiðleiðir.	Sjá að ofan um gönguleið ofan byggðar.

9.5.10 Veitur

Aðalskipulagið gerir ekki grein fyrir stofnkerfum veitna innan þéttbýlis, öðrum en fráveitu, en á skipulagsupprætti er sýnd áformuð framtíðarlega útrásar fráveitu frá þéttbýlinu.

Um veitur að öðru leyti, sjá stefnu í 6. kafla.

9.5.11 Þjóðminjaverndarsvæði

Þjóðminjaverndarsvæði taka til svæða þar sem eru friðlýstar fornleifar, aðrar fornleifar og friðuð hús.

Um landnotkun á þjóðminjaverndarsvæðum gilda ákvæði þjóðminjalaga, laga um húsafriðun og viðkomandi friðlýsingarákvæði, sbr. einnig stefnu í 4. og 8. kafla.

Flokkur minja	Lýsing	Skipulagsákvæði
Friðlýstar fornleifar	Engar friðlýstar fornleifar eru í þéttbýlinu á Fáskrúðsfirði.	
Aðrar fornleifar	Fyrir liggur fornleifaskrá fyrir fyrrum Búðahrepp (Þjóðminjasafn Íslands 2002). Almennt er um að ræða dæmigerðar minjar fyrir austfirskar sveitir og sjávarbyggðir á 19. öld og fyrir hluta þeirrar 20. t.d. hefðbundnar búsetuminjar og ummerki um verslun, útgerð og sjósókn. Töluverðan fjöldi minja er að finna umhverfis þorpið, t.d. Hermannskofa innan Garðaholts (<i>Montée des Enclos</i>) og fjárhústóftir uppi í fjallshlíðinni. Í þorpinu sjálfu eru fáar heillegar minjar, helst er þar að nefna Smiðjuhólinn utan Búða. Minjarnar bera lífsbaráttu og tíðaranda í sjávarbyggðum á seinasta hluta 19. aldar og fyrstu áratugi þeirrar 20 vitni. Í framangreindri skýrslu kemur fram að minjarnar hafi ótvírætt varðveislugildi en færstar þeirra teljast í hættu.	Ekki eru sett sérstök verndarákvæði um fornleifar í þéttbýlinu á Fáskrúðsfirði umfram þau sem gilda samkvæmt þjóðminjalögum nr. 107/2001, sbr. einkum IV. kafla laganna þar sem m.a. kemur fram: - Að til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og að minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa. - Að fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins. Sjá einnig kafla 4.5 varðandi skilgreiningar á fornleifum og einkenni fornleifa í

	<p>Minjar voru skráðar á eftirfarandi jörðum í þéttbýli Fáskrúðsfjarðar og næsta nágrenni, sjá þéttbýlisupprátt og skýrslu Þjóðminjasafns Íslands 2002:</p> <p>Kirkjuból (158528-158) Búðir (158526-159) Kappeyri (158502-160)</p>	<p>Fjarðabyggð og viðauka 4 þar sem nánari grein er gerð fyrir skráðum fornleifum í þéttbýli Fáskrúðsfjarðar.</p>
<p>Friðuð hús (hús sem hafa verið formlega friðlýst)</p>	<p>Eitt hús er friðuð, en það er Fáskrúðsfjarðarkirkja.</p> <p>Kirkjan var friðuð 1.1.1990 vegna aldurs en samkvæmt núgildandi lögum um húsafriðun nr. 104/2001 eru allar kirkjur byggðar fyrir 1918 friðuðar. Kirkjan er reist árið 1907 (skv. FMR), en byggt var við hana, skróðhús að austanverðu, árið 1997.</p>	<p>Fáskrúðsfjarðarkirkja</p> <p>Um kirkjuna gilda ákvæði laga um húsafriðun nr. 104/2001, þ.á. m. gildir að skylt er að leita álits húsafriðunarnefndar ef breyta á byggingunni, flytja eða rífa. Óheimilt er að gera nokkrar breytingar byggingunni án leyfis húsafriðunarnefndar. Ennfremur skal við endurbætur og viðhald leita álits og samþykkis húsafriðunarnefndar (sjá nánar ákvæði laganna).</p>

9.5.12 Verndarsvæði vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum

Verndarsvæði vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum taka til svæða sem skilgreind eru sem vatnsverndarsvæði vegna neysluvatnsóflunar (brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði) sbr. reglugerð um neysluvatn. Þau taka einnig til stranda sem skilgreind hafa verið í verndarflokka skv. reglugerð um varnir gegn mengun vatns.

Engin brunn-, grann- eða fjarsvæði vatnsverndar eru innan þéttbýlis á Fáskrúðsfirði.

Strandsvæði innan þéttbýlis á Fáskrúðsfirði hafa ekki verið flokkuð í verndarflokka.

9.5.13 Hverfisverndarsvæði

Á hverfisverndarsvæðum gilda sérstök ákvæði sem bæjarstjórn setur til verndar sérkenna eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, s.s. einstakra bygginga, mannvirkja eða húspyrpinga, náttúruminja eða trjágróðurs. Verndarákvæðin eru sett á grundvelli sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis.

Við afgreiðslu umsókna um breytingar á húsum, lóðum eða götum á hverfisverndarsvæðum skal liggja fyrir sérstök umsögn skipulagsfulltrúa um áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á heildarsvip og yfirbragð viðkomandi svæðis. Skipulagsfulltrúi getur e.atv. leitað umsagnar sérfróðra aðila um húsaveyndun. Jafnframt skulu slík erindi kynnt bæjarráði.

Auk þeirra verndarákvæða sem tilgreind eru um hvert svæði, skal almennt gera ráð fyrir að sérstaklega sé vandað til efnisvals, gróðurs og frágangs almennarýma á hverfisverndarsvæðum, s.s. yfirborðs gatna og stíga og götugagna.

Stefna um hverfisvernd bygginga, götumynda og annarra svæða á Fáskrúðsfirði byggir á Aðalskipulagi Búðahrepps 2002-2022 og skýrslu Náttúrustofu Austurlands um byggingarár húsa á Fáskrúðsfirði sem unnin var í tengslum við hættumat vegna ofanflóða.

Um landnotkun á hverfisverndarsvæðum gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 3., 4. og 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing ⁸				Skipulagsákvæði
	Staðsetning, heiti húss	Saga/stíll/verndargildi	Byggingarár (innan sviga skv. FMR)	Notkun skv. FMR	
Hv1 (á opnu svæði til sérstakra nota) Rafstöð í Innra Skjólgi	Rafstöð í Innra Skjólgi.	Rafstöð reist á árunum 1929-1932, en rekstri hennar var hætt árið 1978. Rafstöðvarhúsið, stýrivirki og leifar af rörum og öðrum mannvirkjum eru enn til staðar. Hverfisverndað skv. Aðalskipulagi Búðahrepps 2002-2022.	1929-1932		Minjum um virkjunina verði ekki spillt.

⁸ Heimildir: Aðalskipulag Búðahrepps 2002-2022. Náttúrustofa Austurlands 2005: Byggingarár húsa á Búðum í Fáskrúðsfirði. Fasteignamat ríkisins 2008: www.fmr.is. www.fjardabyggd.is.

Hv2 (á svæði Í2, H3/I1 og A3) Búðavegur(<i>Chemin de l' Budir</i>), Hafnargata(<i>Rue du Port</i>), Hamarsgata(<i>Rue de la Falaise</i>)	Búðavegur(<i>Chemin de Budir</i>) 8, Templarinn	Templarinn hósti flestar menningarsamkomur Fáskrúðsfirðinga allt fram til ársins 1963 þegar félagsheimilið Skrúður tók við því hlutverki. Templarinn hýsir nú safnið "Fransmenn á Íslandi".	Fyrir 1900 (1930)	Samkomuhús/ geymsla	Á þessu svæði er að finna flest af elstu húsum bæjarins sem bera vitni sögu byggðar, atvinnu og menningarlífs bæjarins. Heildarsvipur svæðisins verði varðveittur, nýbyggingar taki mið af stíl, stærð og byggingarefnum byggðarinnar og stuðlað verði að því að viðhald og endurnýjun húsa taki mið af upprunalegri mynd. Leitað verði umsagnar húsafríðunarnefndar ríkisins vegna umsókna um breytingar á húsum, lóðum eða götum.
	Búðavegur(<i>Chemin de Budir</i>) 12a, Pétursborg		1899/1960 (1918)	Íbúð	
	Búðavegur(<i>Chemin de Budir</i>) 12b, Árbær		1909	Einbýli	
	Hamarsgata(<i>Rue de la Falaise</i>) 8, Grund	Reist sem sjúkraskýli af Frökkum, en síðar var byggð kapella við húsið. Síðar notað sem sjómannaheimili, eftir að spítali var byggður á Fáskrúðsfirði.	1897 (1896)	Íbúð	
	Hafnargata(<i>Rue du Port</i>) 7, Watnessjöhús		1883 (1930)	Fisksöltunarahús	
	Hafnargata(<i>Rue du Port</i>) 8, Félagsgarður		1916	Íbúð	
	Hafnargata(<i>Rue du Port</i>) 9, Grunnur Franska spítalans	Franski spítalinn var reistur á þessum stað á árunum 1903–1904 en fluttur í Hafnarnes, sunnan fjarðarins, árið 1940. Rætt hefur verið um að flytja Franska spítalann aftur á sinn upprunalega stað.			
	Hafnargata(<i>Rue du Port</i>), 12, Consulhúsið, Læknishúsið, Ráðhúsið	Reist af Frökkum fyrir Georg Georgsson ræðismann Frakka og lækni við Franska spítalann. Hýsti síðar bæjarskrifstofu, til ársins 2006. Hverfisverndað skv. Aðalskipulagi Búðahrepps 2002-2022.	1907 (1903)	Skrifstofa	
	Hafnargata(<i>Rue du Port</i>) 13, Valhöll		1915 (1903)	Verbúð	
	Hafnargata(<i>Rue du Port</i>) 15, Guðmundarhús, Kaupvangur, Krókur		1893 (1905)	Íbúð	
Hafnargata(<i>Rue du Port</i>) 17, Tangi	Byggt af Carli D. Tulinius. Fyrsta verslunarahús Kaupfélags Fáskrúðsfirðinga sem eignaðist það 1933 og rak þar verslun til 1980. Einkaaðilar ráku þar verslun til 1933.	1885 (1896)	Tangi		
Hafnargata(<i>Rue du Port</i>) 17		1900	Beitning		
Hv3 (á svæði O6) Franski grafreitirinn	Franski grafreitirinn og umhverfi hans. Þar er minnisvarði með nöfnum 49 franskra og belgískra sjómanna sem létu lífið á Íslandsmiðum. Svæðið afmarkast af þjóðvegi að ofan, sjó að neðan og Hölnalækjum til vesturs og austurs. Göngustígur liggur frá bílastæði og niður að grafreit. Hverfisverndað skv. Aðalskipulagi Búðahrepps 2002-2022.			Svæðinu verði viðhaldið í sem náttúrulegustu ástandi og með viðhaldi þeirra minja sem þar eru. Jafnframt skal tryggt gott aðgengi um svæðið.	

9.5.14 Svæði undir náttúruvá

Svæði undir náttúruvá eru svæði þar sem hættu er talin stafa af náttúruhamförum, s.s. snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum eða veðurfari. Á Fáskrúðsfirði er fyrst og fremst um að ræða hættu vegna ofanflóða. Um landnotkun á slíkum svæðum fer samkvæmt ákvæðum laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum nr. 49/1997, reglugerð um hættumat vegna ofanflóða og flokkun nýtingu hættusvæða nr. 505/2000 m.s.br. og hættumati fyrir Fáskrúðsfjörð staðfestu 2006, sbr. einnig umfjöllun í 3. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði, sbr. reglugerð nr. 505/2000.
Svæði undir náttúruvá - Hættusvæði A	Nokkur ár- og lækjargil og nánasta umhverfi þeirra eru skilgreind sem hættusvæði A, B eða C innan þéttbýlis á Fáskrúðsfirði, sbr. lýsingu svæða í köflum 9.5.1-9.5.13 að ofan, sjá þéttbýlisupprátt aðalskipulagsins og nánar á hættumatskortu staðfestu 2006 og greinargerð með því.	Á hættusvæðum A er heimilt að reisa nýtt íbúðar- og atvinnuhúsnæði, svo og skála sem ætlaðir eru til næturgistingar á skíðasvæðum. Skóla, leikskóla, sjúkrahús, samkomuhús, fjölbýlishús með fleiri en 4 íbúðum og önnur sambærileg hús er heimilt að reisa enda séu þau styrkt til að standast ástreymisþrýsting, sbr. töflu II í reglugerð nr. 505/2000.
Svæði undir náttúruvá - Hættusvæði B		Á hættusvæðum B er heimilt að reisa ný einbýlishús og fjölbýlishús með allt að 4 íbúðum, svo og byggja við skóla, leikskóla, sjúkrahús, samkomuhús, fjölbýlishús með fleiri en 4 íbúðum og önnur sambærileg hús enda séu húsin og/eða viðbyggingarnar styrktar til þess að standast ástreymisþrýsting, sbr. töflu II. Heimilt er að reisa atvinnuhúsnæði svo og skála á skíðasvæðum, sem ekki eru ætlaðir til næturgistingar, án kvaða um styrkingar. Nýja skóla, leikskóla, sjúkrahús, samkomuhús, fjölbýlishús með fleiri en 4 íbúðum og önnur sambærileg hús er óheimilt að reisa.
Svæði undir náttúruvá - Hættusvæði C		Á hættusvæðum C er einungis heimilt að reisa ný mannvirki þar sem ekki er búist við stöðugri viðveru fólks til búsetu eða til vinnu, s.s. dælu- og spennistöðvar, línumöstur og önnur sambærileg mannvirki enda skapist ekki frekari hættu gagnvart annarri byggð ef mannvirkið yrði fyrir áraun af völdum ofanflóða. Heimilt er að breyta íbúðar- og atvinnuhúsnæði þó þannig að heildaráhætta á viðkomandi svæði aukist ekki, t.d. með fjölgun íbúða eða fjölgun starfsmanna.
Svæði undir náttúruvá - ofanflóðavarnir	Ekki er talin hættu á snjóflóðum á Fáskrúðsfirði og hættu vegna aurskriða og grjóthruns talin óveruleg. Lítil krapaflóð eru möguleg úr lækjarfarvegum sem ganga í gegnum bæinn, en þar sem þessir farvegir eru víða illa afmarkaðir er talið óvíst að slík flóð haldi sig við farvegina. Auðveldara er að bregðast við ofanflóðahættu sem stafar af aur-, krapa- og vatnsflóðum en snjóflóðum, s.s. með dýpkun farvega og bættum frágangi ræsa og brúa. Áætlun um aðgerðir til að bregðast við ofanflóðahættu liggja ekki fyrir.	Vinna þarf áætlun um aðgerðir vegna ofanflóðahættu. Þegar hún liggur fyrir þarf að endurskoða mörk hættusvæða.

9.6 Þéttbýlisuppráttur fyrir Stöðvarfjörð

9.6.1 Íbúðarsvæði

Á íbúðarsvæðum er gert ráð fyrir íbúðarbyggð og nærleiksvæðum. Innan íbúðarsvæða er einnig heimilt að gera ráð fyrir nærþjónustu við íbúa svæðisins. Þá getur verið starfrækt verslunar- og þjónustustarfsemi innan íbúðarsvæða, enda sé umfang hennar óverulegt og starfsemin þess eðlis að hún falli að nýtingu og byggðamynstri svæðisins sem íbúðarbyggðar og valdi ekki óþægindum vegna lykta, hávaða, óþrifnaðar eða óeðlilega mikillar umferðar.

Um landnotkun og byggðamynstur á íbúðarsvæðum á Stöðvarfirði gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 7. og 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
Í1	<p>Íbúðarbyggð meðfram Fjarðarbraut og upp með Skólabraut. Auk íbúðarbyggðar er á svæðinu þjónustustarfsemi sem samrýmist íbúðarbyggðinni - Steinasafn Petru og gistiheimili í gömlu kirkjunni.</p> <p>Svæðið er nær fullbyggt, en styrkja má aðkomu inn í þéttbýlið með frekari byggð.</p> <p>Byggðin markar útjaðar og mörk þéttbýlisins til vesturs og er ásýnd hennar því mikilvæg fyrir bæjarmyndina.</p> <p>Svæðið er skilgreint sem íbúðarsvæði, opið svæði til sérstakra nota og stofnanalóð (gamla kirkjan) í Aðalskipulagi Stöðvarfjarðar 1983-2003.</p>	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar.
Í2	<p>Íbúðarbyggð neðan Skólabrautar.</p> <p>Fastmótuð byggð.</p> <p>Svæðið er skilgreint sem íbúðarsvæði, verslunar- og þjónustusvæði og svæði fyrir opinberar stofnanir í Aðalskipulagi Stöðvarfjarðar 1983-2003.</p>	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar.
Í3	<p>Íbúðarbyggð meðfram Borgargerði og Hólalandi og bæjarstæði jarðarinnar Hóls.</p> <p>Fastmótuð byggð.</p> <p>Svæðið er skilgreint sem íbúðarsvæði og önnur opin svæði í Aðalskipulagi Stöðvarfjarðar 1983-2003.</p>	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar.
Í4	<p>Íbúðarbyggð við Heiðmörk.</p> <p>Fastmótuð byggð á neðri hluta svæðisins, en gert hefur verið ráð fyrir frekari byggð meðfram framlengdri götu ofan núverandi byggðar.</p>	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar.

Í5	Íbúðarbyggð við Mela og Réttarholt. Svæðið hefur byggst upp meðfram Leynimel og Réttarholti, en er annars að mestu leyti óbyggt.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar.
----	---	---

9.6.2 Svæði fyrir þjónustustofnanir

Á svæðum fyrir þjónustustofnanir er gert ráð fyrir stofnunum og fyrirtækjum sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, s.s. skólum, heilbrigðisstofnunum, menningarstofnunum, félagslegum stofnunum og trúarstofnunum.

Um landnotkun og byggðamynstur á svæðum fyrir þjónustustofnanir á Stöðvarfirði gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 4. og 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
S1	Leikskóli.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnun.
S2	Grunnskóli, íþróttahús og sundlaug.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnun.
S3	Kirkja.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnun.

9.6.3 Miðsvæði

Miðsvæði tekur til miðbæjar viðkomandi þéttbýlisstaðar. Á miðsvæðum er gert ráð fyrir alhliða miðbæjarstarfsemi – verslunar- og þjónustustarfsemi, veitingastarfsemi, menningarstarfsemi og stjórnsýslu. Einnig er gert ráð fyrir að íbúðarbyggð sé hluti landnýtingar á miðsvæðum.

Um landnotkun og byggðamynstur á miðsvæði Stöðvarfjarðar gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 4., 5. og 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
M1	Miðbær Stöðvarfjarðar. Húsaröð í miðjum bænum, beggja vegna Fjarðarbrautar. Á svæðinu eru stakstæðar verslunar- og þjónustubyggingar og íbúðarhús. Þar eru m.a. heilsugæslustöð, banki, gallerí, matvöruverslun og veitingasala. Í Aðalskipulagi Stöðvarfjarðar 1983-2003 m.s.br. er svæðið skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði, íbúðarsvæði, svæði fyrir opinberar stofnanir og iðnaðar- og hafnarsvæði.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar og hlutverki svæðisins sem miðkjarna byggðarinnar í Stöðvarfirði. Leitast verði við að fylla í eyður þar sem tækifæri er til og að beina nýrri verslun og þjónustu í miðbæinn. Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd byggðarinnar og áhersla lögð á að frágangur götu- og torgsvæða sé vandaður, s.s. hvað varðar yfirborðsefni, gróður og lýsingu. Leitast verði við að nota náttúruleg efni og liti sem vísa til einkenna og sögu byggðarinnar.

9.6.4 Athafnasvæði

Á athafnasvæðum er gert ráð fyrir iðnaði sem hefur litla mengunarhættu í för með sér, verkstæðum, landfrekri umboðs- og heildverslun og vörugeymslum. Ekki er gert ráð fyrir íbúðum á athafnasvæðum, nema íbúðum sem eru tengdar starfsemi á svæðinu.

Um landnotkun og byggðamynstur á athafnasvæðum á Stöðvarfirði gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 5. og 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
A1	Svæði milli Fjarðarbrautar og hafnarsvæðis, vestan miðbæjar. Ýmis athafnastarfsemi. Svæðið er skilgreint sem iðnaðar- og hafnarsvæði í Aðalskipulagi Stöðvarfjarðar 1983-2003, nema ein lóð á horni Fjarðarbrautar og Bólsvavar sem skilgreind er fyrir verslun- og þjónustu.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar. Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd byggðarinnar og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður vegna legu svæðisins.
A2	Söfnunarstöð á Byrgisnesi þar sem tekið er við almennum heimilisúrgangi, byggingarúrgangi, bylgjupappa, bílflokum, dekkjum, gleri, járn, pappír, plasti, rafhlöðum, spilliefnum, timbri og veiðarfærum. Grjótnám.	Svæðið nýtist fyrir söfnunarstöð fyrir flokkaðan úrgang. Grjótnám. Gæta skal að því að svæðið sé öruggt og sérstaklega vandað til umgengni og frágangs lóðar til að milda ásýnd þess gagnvart umhverfi.

9.6.5 Iðnaðarsvæði

Á iðnaðarsvæðum er gert ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, s.s. verksmiðjum, virkjunum, skólpælu- og hreinsistöðvum og birgðastöðvum fyrir olíur. Ekki er gert ráð fyrir íbúðum á iðnaðarsvæðum.

Um landnotkun og byggðamynstur á iðnaðarsvæðum á Stöðvarfirði gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 5. og 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
I1	Á svæðinu er atvinnuhúsnæði sem hýsir ýmsa iðnaðar- og athafnastarfsemi, þ.m.t. díselrafstöð RARIK. Í Aðalskipulagi Stöðvarfjarðar 1983-2003 m.s.br. er svæðið skilgreint sem iðnaðar- og hafnarsvæði og svæði fyrir opinberar stofnanir.	Svæðið nýtist til almennrar iðnaðar- og athafnastarfsemi. Svigrúm fyrir endurnýjun núverandi húsnæðis og aukna nýtingu svæðisins með nýbyggingum eða viðbyggingum. Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd svæðisins og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður vegna legu svæðisins við aðkomu inn í þéttbýlið.
H1/I2	Sjá H2/I1 í kafla 9.6.6.	Sjá H2/I1 í kafla 9.6.6.

9.6.6 Hafnarsvæði

Á hafnarsvæðum er gert ráð fyrir hafnsækinni starfsemi, s.s. útgerð, fiskvinnslu, starfsemi tengdri sjóflutningum og aðstöðu og þjónustu við skemmtibáta. Almennt er ekki gert ráð fyrir íbúðum á hafnarsvæðum.

Innan hafnarsvæða er unnt að gera óverulegar breytingar á hafnarbakka, bryggjum og landfyllingum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi, en gera skal grein fyrir slíkum breytingum í deiliskipulagi.

Hafnarsvæði eru hér eftir atvikum afmörkuð þrengra en hafnarreglugerð fyrir Fjarðabyggðarhafnir gerir.

Um landnotkun og byggðamynstur á hafnarsvæðum á Stöðvarfirði gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 5. og 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
H1/I2	Nær yfir svæði frá og með smábátahöfninni að vestanverðu til lóðar frystihúss og hafnarkants framán við það að austanverðu. Á svæðinu er ýmis hafnsækin starfsemi tengd smábátaútgerð, fiskeldi og fiskvinnslu. Tryggja þarf góða aðstöðu fyrir smábátaútgerð. Jafnframt er svigrúm til endurnýtingar lóða, s.s. fyrir ferðþjónustu tengda smábátaútgerð. Hafnarsvæðið er miðsvæðis í bænum og opið gagnvart umferð um bæinn. Ástæða er til að huga sérstaklega að umhverfisfrágangi svæðisins og tengja það vel miðbæjarkjarnanum.	Á svæðinu verði vel búið að smábátaútgerð. Jafnframt verði stuðlað að góðri nýtingu svæðisins og þeirra mannvirkja sem þar eru fyrir sjósókn og samgöngur á sjó. Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar. Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd byggðarinnar og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður vegna legu svæðisins í hjarta bæjarins.

9.6.7 Opin svæði til sérstakra nota

Opin svæði til sérstakra nota eru svæði með útivistargildi á einn eða annan hátt þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjagerð í tengslum við þá starfsemi sem þar er stunduð, s.s. tjald- og hjólhýsasvæði, skrudgarðar, kirkjugarðar, leiksvæði, íþróttasvæði, golfvöllir, sleða- og skíðasvæði, skautasvæði, siglingaaðstaða, hesthús og reiðvöllir, rallybrautir og skotvöllir. Einnig garðlönd og trjáræktarsvæði.

Um landnotkun á opnum svæðum til sérstakra nota á Stöðvarfirði gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 3. og 4. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
Án auðkennis	Hlíðar ofan byggðar, lækjarfarvegir og gil með lækjum, fjara og strandsvæði.	Á þessum svæðum er ekki gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum en þeim sem vænta má vegna almennrar útivistar, s.s. stígum, skiltum, áningarstöðum og bílastæðum fyrir göngu- og ferðafólk. Gróðursetning trjáa og lággróðurs verði framhaldið í hlíðum ofan bæjarins. Hugað verði að útsýni til sjávar og fjalla við gróðursetningu og grisjun. Leitast verði við að skapa fjölbreyttar gönguleiðir og áningarstaði sem bjóða upp á mismunandi upplifanir. Aðgengi að nærleiksvæðum verði bætt og lækjargil vernduð og gerð aðgengileg til útivistar. Gott aðgengi að strönd verði sem víðast. Sjá einnig um O4 að ofan.

O1	Kirkjugarður. Núverandi kirkjugarður ásamt rými til stækkunar hans og bílastæðum við kirkjugarðinn.	Á svæðinu er gert ráð fyrir kirkjugarði. Umhverfisfrágangur og aðgengi akandi og gangandi skal vera í samræmi við hlutverk svæðisins.
O2	Opið svæði neðan Fjarðarbrautar.	Á svæðinu er gert ráð fyrir möguleika á uppbyggingu smáhýsa/gistihýsa vegna ferðaþjónustu tengt smábátahöfn. Gæta skal þess að staðsetning smáhýsa og húsagerð falli vel að umhverfi og vanda til alls umhverfisfrágangs.
O3	Bali. Samkomusvæði bæjarbúa. Á svæðinu er einnig sparkvöllur.	Á svæðinu er gert ráð fyrir opnu samkomusvæði bæjarbúa, auk sparkvallar. Umhverfisfrágangur svæðisins skal vera í samræmi við hlutverk svæðisins.
O4	Tjaldsvæði.	Á svæðinu gert er ráð fyrir tjaldsvæði og þeirri mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins sem tjaldsvæðis kallar á. Jafnframt er gert ráð fyrir möguleika á að nýta hluta svæðisins austan þessa svæðis (þ.e. inn á svæði O5 og austan þess) fyrir tjaldsvæði.
O5	Útivistarskógur. Gróið skógarsvæði.	Á svæðinu eru gert ráð fyrir almennri útivist og er ekki gert ráð fyrir annarri mannvirkjagerð á svæðinu en þeirri sem þjónar nýtingu svæðisins sem útivistarsvæðis, s.s. stígagerð og áningarstöðum. Sjá einnig um O4 að ofan.
O6	Fótboltavöllur.	Á svæðinu er gert ráð fyrir fótboltavelli. Bæta þarf aðstöðu og frágang svæðisins.

9.6.8 Samgöngur

Lega aðalgötu (stofnbrautar) þéttbýlisins er ákveðin í aðalskipulaginu. Aðrar götur eru sýndar til skýringar en ekki festar í aðalskipulaginu.

Lega aðalstíga sem tengja saman einstaka hluta bæjarins og þjóna hlutverki aðal útivistarstíga er ákveðin í deiliskipulagi eða á framkvæmdastigi.

Um samgöngur á Stöðvarfirði gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 5. og 8. kafla.

Flokkur samgöngumannvirkja	Lýsing	Skipulagsákvæði
Aðalgata	Fjarðarbraut. Aðalumferðaræð bæjarins sem liggur í gegnum bæinn endilangan og tengir hann við stofnvegakerfi utan þéttbýlis.	Frágangur aðalgötu sé vandaður, s.s. hvað varðar gangstéttar, gróður og lýsingu. Hraðatakmarkandi aðgerðum verði beitt til að stuðla að umferðaröryggi.
Aðalstígar / aðalgönguleiðir	Megingönguleiðir/-stígar sem tengja saman einstaka hluta bæjarins og þjóna hlutverki útivistarstíga jafnt sem samgönguleiða.	Góðar göngutengingar verði á milli hverfa sem tengi vel heimili, vinnustaði, þjónustu og stofnanir. Helstu gönguleiðir verði lýstar og haldið opnum að vetri. Útivistarstígar verði ofan bæjar og meðfram sjó með góðum tengslum inn í byggðina og áningarstöðum. Auk þess að þjóna gangandi umferð, er gönguleið ofan byggðar ætlað að þjóni hlutverki reiðleiðar og sem þjónustuvegur vegna skógræktar og umhirðu.
Reiðleiðir	Meginreiðleiðir.	Sjá að ofan um gönguleið ofan byggðar.

9.6.9 Veitur

Aðalskipulagið gerir ekki grein fyrir stofnkerfum veitna innan þéttbýlis, öðrum en fráveitu, en á skipulagsupprætti er sýnd áformuð framtíðarlega útrásar fráveitu frá þéttbýlinu.

Um veitur að öðru leyti, sjá stefnu í 6. kafla.

9.6.10 Þjóðminjaverndarsvæði

Þjóðminjaverndarsvæði taka til svæða þar sem eru friðlýstar fornleifar, aðrar fornleifar og friðuð hús.

Um landnotkun á þjóðminjaverndarsvæðum gilda ákvæði þjóðminjalaga, laga um húsafríðun og viðkomandi friðlýsingarákvæði, sbr. einnig stefnu í 4. og 8. kafla.

Flokkur minja	Lýsing	Skipulagsákvæði
Friðlýstar fornleifar	Engar friðlýstar fornleifar eru í þéttbýlinu á Stöðvarfirði.	
Aðrar fornleifar	Formleg fornleifaskráning í Stöðvarfirði hefur ekki farið fram.	<p>Hafa þarf samráð við Fornleifavernd ríkisins um hvort vinna þarf að fornleifaskráningu við gerð deiliskipulags einstakra svæða.</p> <p>Að öðru leyti eru ekki sett sérstök verndarákvæði um fornleifar í þéttbýlinu á Stöðvarfirði umfram þau sem gilda samkvæmt þjóðminjalögum nr. 107/2001, sbr. einkum IV. kafla laganna þar sem m.a. kemur fram:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Að til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og að minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa. - Að fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins. <p>Sjá einnig kafla 4.5 varðandi skilgreiningar á fornleifum og einkenni fornleifa í Fjarðabyggð.</p>
Friðuð hús (hús sem hafa verið formlega friðlýst)	Ekkert hús hefur verið formlega friðlýst á Stöðvarfirði.	

9.6.11 Verndarsvæði vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum

Verndarsvæði vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum taka til svæða sem skilgreind eru sem vatnsverndarsvæði vegna neysluvatnsöflunar (brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði) sbr. reglugerð um neysluvatn. Þau taka einnig til stranda sem skilgreind hafa verið í verndarflokka skv. reglugerð um varnir gegn mengun vatns.

Strandsvæði innan þéttbýlis á Stöðvarfirði hafa ekki verið flokkuð í verndarflokka.

Um vatnsverndarsvæði sjá einnig 6. kafla.

Flokkur	Lýsing	Skipulagsákvæði
Brunnsvæði vatnsverndar	Brunnsvæði.	<p>Samkvæmt reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 m.s.br. skal ákvarða brunnsvæði utan um næsta nágrenni vatnsbólís. Á því svæði er öll óviðkomandi umferð og framkvæmdir, aðrar en þær sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar, óheimilar. Svæðið skal girt mannheldri girðingu.</p> <p>Heilbrigðiseftirlit Austurlands hefur eftirlit með umferð og mannvirkjagerð á brunnsvæðum.</p>

<p>Grannsvæði vatnsverndar</p>	<p>Grannsvæði. Hluti grannsvæðis liggur innan þéttbýlismarka. Sjá einnig sveitarfélagsupprátt og kafla 9.1.17.</p>	<p>Samkvæmt reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 m.s.br. skal ákvarða grannsvæði utan við brunnsvæði vatnsbóls. Á því svæði er notkun og geymsla hættulegra efna bönnuð.</p> <p>Það á við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn.</p> <p>Á grannsvæðum er ekki heimilt að gera ráð fyrir nýjum byggingum. Allar framkvæmdir á grannsvæðum, s.s. áburðarnotkun, eru háðar eftirliti Heilbrigðiseftirlits Austurlands.</p>
<p>Fjarsvæði vatnsverndar</p>	<p>Fjarsvæði. Hluti fjarsvæðis liggur innan þéttbýlismarka. Sjá einnig sveitarfélagsupprátt og kafla 9.1.17.</p>	<p>Samkvæmt reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 m.s.br. skal ákvarða fjarsvæði utan við grannsvæði vatnsbóls.</p> <p>Sé vitað um sprungur eða misgengi á fjarsvæðum, skal gæta fyllstu varúðar við meðferð þeirra efna sem talin eru upp í ákvæðum um grannsvæði að ofan. Stærri geymslur fyrir slík efni eru ekki heimilar á fjarsvæðum.</p> <p>Allar framkvæmdir á fjarsvæðum, eru háðar eftirliti Heilbrigðiseftirlits Austurlands.</p>

9.6.12 Hverfisverndarsvæði

Á hverfisverndarsvæðum gilda sérstök ákvæði sem bæjarstjórn setur til verndar sérkenna eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, s.s. einstakra bygginga, mannvirkja eða húspyrpinga, náttúruminja eða trjágróðurs. Verndarákvæðin eru sett á grundvelli sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis.

Við afgreiðslu umsókna um breytingar á húsum, lóðum eða götum á hverfisverndarsvæðum skal liggja fyrir sérstök umsögn skipulagsfulltrúa um áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á heildarsvip og yfirbragð viðkomandi svæðis. Skipulagsfulltrúi getur e.atv. leitað umsagnar sérfróðra aðila um húsaveindun. Jafnframt skulu slík erindi kynnt bæjarráði.

Auk þeirra verndarákvæða sem tilgreind eru um hvert svæði, skal almennt gera ráð fyrir að sérstaklega sé vandað til efnisvals, gróðurs og frágangs almennarýma á hverfisverndarsvæðum, s.s. yfirborðs gatna og stíga og götugagna.

Um landnotkun á hverfisverndarsvæðum gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 3., 4. og 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing ⁹				Skipulagsákvæði
	Staðsetning, heiti húss	Saga/stíll/verndargildi	Byggingarár	Notkun skv. FMR	
Hv1	Fjarðarbraut 37a, Kirkjubær	Gamla kirkjan. Eitt af örfáum húsum í þéttbýlinu á Stöðvarfirði frá því fyrir miðja 20. öld. Falleg lítil kirkjubygging sem stendur á áberandi stað.	1925	Gistihús	Húsið verði varðveitt.

⁹ Heimildir: Aðalskipulag Búðahrepps 2002-2022. Náttúrustofa Austurlands 2005: Byggingarár húsa á Búðum í Fáskrúðsfirði. Fasteignamat ríkisins 2008: www.fmr.is. www.fjardabyggd.is.

9.7 Þéttbýlisuppdráttur fyrir iðnaðar- og hafnarsvæðið við Mjóeyrarhöfn og Hraun við Reyðarfjörð

9.7.1 Iðnaðarsvæði

Á iðnaðarsvæðum er gert ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, s.s. verksmiðjum, virkjunum, skólpælu- og hreinsistöðvum og birgðastöðvum fyrir olíur. Ekki er gert ráð fyrir íbúðum á iðnaðarsvæðum.

Um landnotkun og byggðamynstur á iðnaðarsvæðum gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 5. og 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
I1	Reyðarfjörður. Hraun. Álver Alcoa Fjarðaáls með framleiðslugetu allt að 346 þús. tonnum á ári. Álverið hefur starfsleyfi til 1.6.2020, en starfsleyfi skal að jafnaði endurskoða á fjögurra ára fresti skv. reglugerð nr. 785/1999. Í starfsleyfi álversins er skilgreint þynningarsvæði umhverfis álverið, sjá kafla 9.1.20, en innan þess eru ákveðnar takmarkanir á viðveru fólks og landnýtingu.	Svæðið er ætlað fyrir byggingar og rekstur álvers. Svigrúm til mannvirkjagerðar og framkvæmda sem samræmast þeirri nýtingu. Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd svæðisins og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður. Sjá kafla 9.1.20 varðandi takmarkanir á landnotkun innan þynningarsvæðis álversins.
H1/I2	Sjá kafla 9.7.2.	Sjá kafla 9.7.2.

9.7.2 Hafnarsvæði

Á hafnarsvæðum er gerð ráð fyrir hafnsækinni starfsemi, s.s. útgerð, fiskvinnslu, starfsemi tengdri sjóflutningum og aðstöðu og þjónustu við skemmtibáta. Almennt er ekki gert ráð fyrir íbúðum á hafnarsvæðum.

Innan hafnarsvæða er unnt að gera óverulegar breytingar á hafnarbakka, bryggjum og landfyllingum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi, en gera skal grein fyrir slíkum breytingum í deiliskipulagi.

Hafnarsvæði eru hér eftir atvikum afmörkuð þrengra en hafnarreglugerð fyrir Fjarðabyggðarhafnir gerir.

Um landnotkun og byggðamynstur á hafnarsvæðum gilda ákvæðin sem tilgreind eru í töflunni hér að neðan, sbr. einnig stefnu í 5., 6. og 8. kafla.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
H1/I2	Reyðarfjörður. Mjóeyrarhöfn. Hafnarsvæði í uppbyggingu. Verður ein af stærstu höfnum landsins fyrir alhliða flutningastarfsemi og aðra hafnsækna starfsemi. Á svæðinu er aðal slökkvistöð Fjarðabyggðar, öryggismiðstöð með sólarhringsvakt slökkviliðs- og sjúkraflytningamanna. Afmörkun svæðisins H1/I2 felur í sér stækkun núverandi hafnar- og iðnaðarsvæðis til vesturs, að Björgum. Í Aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1990-2010 er austurhluti svæðisins skilgreindur sem iðnaðarsvæði og hafnarsvæði, en vestari hlutinn sem óbyggt svæði. Svæðið er allt innan þynningarsvæðis álversins, sjá kafla 9.1.20.	Tryggð verði fyrirtaks aðstaða fyrir flutningastarfsemi og aðra hafnsækna starfsemi, bæði tengda þjónustu við álver Alcoa Fjarðaáls, en einnig almenna starfsemi ótengda álveri. Gert er ráð fyrir að innan svæðisins rúmist aðstaða fyrir olíubirgðastöð. Svæðið er allt innan þynningarsvæðis álversins. Um takmarkanir á landnotkun innan þynningarsvæðis, sjá kafla 9.1.20.

9.7.3 Veitur

Aðalskipulagið gerir ekki grein fyrir stofnkerfum veitna innan þéttbýlis, öðrum en fráveitu, en á skipulagsuppdrætti er sýnd útrás fráveitu frá þéttbýlinu. Um veitur að öðru leyti, sjá stefnu í 6. kafla.

9.7.4 Þjóðminjaverndarsvæði

Sjá kafla 9.1.16 og viðauka 4.

9.7.5 Þynningarsvæði

Sjá kafla 9.1.20.

HEIMILDIR

Aðalskipulag Austur-Héraðs 2002-2017 m.s.br..

Aðalskipulag Breiðdalshrepps 1983-2003 m.s.br.

Aðalskipulag Búðahrepps 2002-2022 m.s.br.

Aðalskipulag Eskifjarðar 1988-2008 m.s.br.

Aðalskipulag Fellahrepps 2000-2012 m.s.br.

Aðalskipulag Neskaupstaðar 1979-1999 m.s.br.

Aðalskipulag Reyðarfjarðar 1990-2010 m.s.br.

Aðalskipulag Seyðisfjarðar 1977-1997 m.s.br.

Aðalskipulag Stöðvarfjarðar 1983-2003 m.s.br.

Alta 2004: „*Mótum framtíðina saman*“. Íbúapíng í Fjarðabyggð. Greinargerð um niðurstöður.

Alþingi 2003: *Þingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2003-2014.*

Alþingi 2004: *Þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2004–2008.*

Alþingi 2005: *Tillaga til þingsályktunar um ferðamál.*

Alþingi 2005: *Þingsályktun um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008.*

Alþingi 2006: *Þingsályktun um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2006–2009.* Á: <http://www.althingi.is>

Alþjóðasamþykkt um fuglavernd (París 1950).

Austurlandsskógar.

Árni Hjartarson, ÍSOR: *Vatnsverndarsvæði fyrir Stöðvarfjörð.* Minnisblað.

Árni Ólafsson, Bjarni Reykjalin og Kristín Garðarsdóttir 1979: *Reyðarfjörður. Skipulag sjávarþorps á Íslandi.* Chalmers tekniska högskola.

Áskell Heiðar Ásgeirsson: *Gönguleiðir á Fjarðaslóðum – austast á Austurlandi.* Kort.

Benedikt Björnsson og Óttar Guðmundsson 2005: *Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2003-2023.* Óútgefin drög.

Byggðastofnun 1998: *Stefnumótandi byggðaaætlun 1998-2002 – Forsendur.*

Byggðastofnun 2005: *Ástand og horfur í þróun byggðar - Byggðaaætlanir og byggðaaðgerðir.* Fylgiskjal með tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2006-2009.

Fasteignamat ríkisins 2007. Upplýsingar um húsakost. Sérútteyðsla fyrir Fjarðabyggð.

Ferðafélag Fjarðamanna 1999: *Gönguleiðir á Fjarðaslóðum austast á Austfjörðum.*

Fjarðabyggð 2000: *Ástand umhverfismála í Fjarðabyggð.* Útdráttur. Unnið af stýrihópi um staðardagskrá 21 í Fjarðabyggð. 1. útgáfa.

Fjarðabyggð 2000: *Fjarðabyggð – framtíðarsýn 2010.*

Fjarðabyggð 2000: *Samþykkt um sorphirðu í Fjarðabyggð.*

Fjarðabyggð 2001: *Skólastefna Fjarðabyggðar – grunnskóli.*

Fjarðabyggð 2001: *Staðardagskrá 21 í Fjarðabyggð. 1. útgáfa.*

Fjarðabyggð 2004: *Fjölskyldustefna Fjarðabyggðar.* Óbirt drög.

Fjarðabyggð 2007. Allt hefur áhrif, einkum við sjálf. Markmið og aðgerðaaætlun 2006-2010. 1. drög.

Fjarðabyggð 2007. Upplýsingar um íbúafjölda, hlutfall eftir aldri og kyni.

Fjármálaráðuneytið 2007: *Þjóðarbúskapurinn.* Haustskýrsla 2007. Þjóðhagsspá fyrir árin 2007–2012.

Fjármálaráðuneytið 2007: *Þjóðarbúskapurinn.* Vorskýrsla 2007. Þjóðhagsspá fyrir árin 2007–2012.

Fornleifanefnd 1990: *Skrá um friðlýstar fornleifar.* 1. útgáfa.

Fornleifastofnun Íslands 1999: *Fornleifakönnun á fyrirhuguðu línustæði frá Fljótsdal til Reyðarfjarðar.* Skýrsla nr. FS097-99151 (AF/MÁS).

Fornleifastofnun Íslands 1999: *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við álver í Reyðarfirði.* Skýrsla nr. FS093-99121 (EÓH/AF).

Fornleifastofnun Íslands 2002: *Meningarminjar í Fáskrúðsfjarðarhreppi.* Skýrsla nr. FS190-02101 (SG).

Fornleifastofnun Íslands 2003: *Land at Sómastadagerði and Hraun, Reyðarfjörður.* An Archaeological Evaluation. Skýrsla nr. FS212-99122.

Guðmundur Magnússon 2003. *Saga Reyðarfjarðar 1883- 2003.* Fjarðabyggð.

Guðný Zoëga 2002: *Fornleifaskráning í Búðahreppi.* Útgefandi: Þjóðminjasafn Íslands.

Guðný Zoëga 2003: *Fornleifaskráning vegna umhverfismats snjóflóðavarna í Neskaupstað.* Útgefandi: Byggðasafn Skagfirðinga Glaumbæ.

Guðný Zoëga og Ragnheiður Traustadóttir 2004: *Fornleifaskráning vegna aðalskipulags í Fjarðabyggð.* Svæðisskráning. Byggðasafn Skagfirðinga.

Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir og Bryndís Zoëga 2004: *Fornleifaskráning vegna aðal- og deiliskipulags í Fjarðabyggð*. Byggðasafn Skagfirðinga.

Hagstofa Íslands 2007 og 2008: Hagtölur.

Hjörleifur Guttormsson 2002: *Austfirðir frá Álftafirði til Fáskrúðsfjarðar*. Árbók 2002. Ferðafélag Íslands.

Hjörleifur Guttormsson 2005: *Austfirðir frá Reyðarfirði til Seyðisfjarðar*. Árbók 2005. Ferðafélag Íslands.

Hollustuvernd ríkisins 1999: *Starfsleyfi fyrir sorpsamlag Mið-Austurlands*.

Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir 2006: *Stefnumótun í ferðamálum fyrir Austurbyggð og Fáskrúðsfjarðarhrepp 2006-2012*.

HRV Engineering 2006: *Álver í Reyðarfirði. Fjarðabyggð. Ársframléiðslugeta allt að 346.000 tonn*. Frummatsskýrsla. Alcoa Fjarðaál.

HRV Engineering 2006: *Álver í Reyðarfirði. Fjarðabyggð. Ársframléiðslugeta allt að 346.000 tonn*. Matsskýrsla. Alcoa Fjarðaál.

Húsafriðunarnefnd ríkisins 2000: *Skrár yfir friðuð hús og hús í vörslu safna*. Lög, reglugerðir og samþykktir. Ágrip íslenskrar húsagerðarsögu 1750-1970.

Hættumatsnefnd Austurbyggðar 2006: *Mat á hættu vegna ofanflóða á Búðum við Fáskrúðsfjörð*. Greinargerð með tillögu að hættumatskortu.

Hættumatsnefnd Fjarðabyggðar 2001: *Mat á hættu vegna ofanflóða í Neskaupstað*. Greinargerð með hættumatskortu.

Hættumatsnefnd Fjarðabyggðar 2002: *Mat á hættu vegna ofanflóða á Eskifirði*. Greinargerð með hættumatskortu.

Hörður Ágústsson 1998: *Íslensk byggingararfleifð I. Ágrip af húsagerðarsögu 1750-1940*. Húsfríðunarnefnd ríkisins.

Hörður Ágústsson 2000: *Íslensk byggingararfleifð II. Varðveislunnáall 1863-1990. Verndunaróskir*. Húsfríðunarnefnd ríkisins.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið 2006: *Vaxtarsamningur Austurlands*. Tillögur verkefnisstjórnar að Vaxtarsamningi Austurlands, til aukinnar samkeppnishæfni og sóknar.

Jarðfræðistofan 2005. *Norðfjarðargöng. Mat á jarðfræðilegum aðstæðum til gangagerðar milli Eskifjarðar og Norðfjarðar*. Unnið fyrir Vegagerðina.

Jón Þorvaldur Heiðarsson 2005: *Íbúafjöldi og þörf á íbúðarhúsnæði á Austurlandi árið 2008*. Rannsókn á samfélagsáhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi - Rannsóknarrit nr. 1. Akureyri: Byggðarannsóknarstofnun Íslands.

Kjartan Ólafsson 2006: *Áfangaskýrsla I – Stöðulýsing og upphaf framkvæmda á Austurlandi. Rannsókn á samfélagsáhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi*. Útdráttur. Akureyri: Byggðarannsóknarstofnun Íslands.

Landsvirkjun 2001: *Sérstakt svæðisskipulag fyrir Fljótsdalslínur 3 og 4, Fljótsdalur - Reyðarfjörður*.

Málefnasamningur meirihluta Fjarðabyggðar, dags. 30.5.2006.

Náttúrustofa Austurlands 2001: *Byggingarár húsa á Eskifirði*. Unnið fyrir Veðurstofu Íslands.

Náttúrustofa Austurlands 2002: *Fjörulíf í Reyðarfirði*. Samantekt fyrri rannsókna. Unnið fyrir Samherja.

Náttúrustofa Austurlands 2003: *Gróðurfar og fuglalíf í fjallinu ofan við Neskaupstað - Tröllagiljasvæði*. Unnið fyrir Fjarðabyggð.

Náttúrustofa Austurlands 2003: *Hólmanes og Hólmaháls - lífríki og verndargildi svæðisins*. Unnið fyrir Vegagerðina. Desember 2003.

Náttúrustofa Austurlands 2005: *Byggingarár húsa á Búðum í Fáskrúðsfirði*. Unnið fyrir Veðurstofu Íslands.

Náttúruverndarráð 1996: *Náttúruminjaskrá. 7. útgáfa með síðari breytingum*.

Nýsir 2006: *Mat á samfélagslegum og efnahagslegum áhrifum álvers Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði*.

Orkustofnun 2001: *Búðir í Fáskrúðsfirði. Verndarsvæði vatnsbóla*.

Ómar Bjarki Smárason 1996: *Vatnsvernd í Reyðarfirði*. Drög að tillögum um verndun vatnsbóla.

Ómar Bjarki Smárason 1998: *Vatnsvernd í Neskaupsstað*. Drög að tillögum um verndun vatnsbóla.

Safnastofnun Austurlands (ó dags.): *Fornleifaskrá Norðfjarðar*. Unnin á árunum 1993-1995.

Samgönguráðuneytið 2005: *Ferðamálaáætlun 2006-2015*. s

Samgönguráðuneytið 2005: *Fjarskiptaáætlun 2005-2010*.

Samgönguráðuneytið 2006: *Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2007-2018*. Drög.

Samningur um líffræðilega fjölbreytni (Río 1992).

Samningur um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979).

Samorka 2004: *Vatnsveita Austurbyggðar. Stöðvarfirði*. Innra eftirlit fyrir minni vatnsveitur - fimm skref.

Samorka 2006: *Vatnsveita Austurbyggðar. Fáskrúðsfirði*. Innra eftirlit fyrir minni vatnsveitur - fimm skref.

Samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi (Ramsar 1971).

Siglingastofnun 2002: *Sjóvarnir á Íslandi*.

Skipulagsstofnun 2002: *Reyðarlax. Allt að 6.000 tonna laxeldisstöð í Reyðarfirði, Fjarðabyggð*. Úrskurður um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun 2004: *Þorskelði, allt að 1.400 tonn á ári í sjókvíum í Eskifirði og Reyðarfirði, Fjarðabyggð*. Ákvörðun um matsskyldu.

Skipulagsstofnun 2004: *Þorskelði, Salar Islandica, allt að 3.000 tonn á ári, í sjókvíum í Fáskrúðsfirði*. Ákvörðun um matsskyldu.

Skipulagsstofnun 2006: *Álver Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði, Fjarðabyggð*. Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun 2007: *Breyting á fiskeldi í sjókvíum Sæsilfurs hf. í Mjóafirði úr 8.000 tonnum af laxi í 7.000 tonn af laxi og 1.000 tonn af þorski, Fjarðabyggð*. Ákvörðun um matsskyldu.

Skógrækt í sátt við umhverfið. Leiðbeiningar um nýræktun skóga.

Skýrsla um jarðhitaleit í Búðahreppi.

Skýrsla um jarðhitaleit í Stöðvarhreppi.

Staðlaráð Íslands. Þjóðarskjal um jarðskjálftahönnun. (Eurocode 8: *Design provisions for earthquake resistance of structures*. Part 1-1: General rules – Seismic actions and general requirements for structures).

Starfshópur utanríkisráðuneytisins 2005: *Fyrir stafni haf – tækifæri tengd siglingum á norðurslóðum*. Utanríkisráðuneytið: Íslandsprent.

Samstarfshópur sveitarfélaga á Austurlandi og Þróunarstofu Austurlands 2000. *Stefna í menningarmálum á Austurlandi*.

Svæðisskipulag Héraðssvæðis 1998-2010.

Svæðisskipulag Miðhálandis Íslands 2015.

Umhverfisráðuneytið 2002: *Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020*.

Umhverfisráðuneytið 2005: *Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Tölulegar vísbendingar 2005*.

Umhverfisráðuneytið 2007: *Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Áherslur 2006-2009*.

Umhverfisstofnun 2003: *Náttúruverndaráætlun 2004–2008 – Aðferðafræði*. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar.

Umís 2006: *Austurland. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2005-2020*.

Veðurstofa Íslands 2001: *Neskaupsstaður. Hættumatskort*. Unnið fyrir hættumatsnefnd Fjarðabyggðar:

Veðurstofa Íslands 2002: *Eskifjörður. Hættumatskort*. Unnið fyrir hættumatsnefnd Fjarðabyggðar.

Veðurstofa Íslands 2006: *Könnun á ofanflóðahættu í þéttbýli á Íslandi*.

Veðurstofa Íslands 2006: *Tillaga hættumatsnefndar Austurbyggðar að hættumati 14. febrúar 2006*. Óstaðfest.

Vegagerðin 2000: *Jarðgangaáætlun*.

Vegagerðin 2006: *Vegaskrá*.

Vegagerðin 2007: *Námuskrá*.

Vegagerðin 2007: *Norðfjarðarvegur um Norðfjarðargöng milli Eskifjarðar og Norðfjarðar. Tillaga að matsáætlun*.


Þjóðminjasafn Íslands 2001: *Fornleifar í Búðahreppi*.

Þróunarfélag Austurlands 2007: *Vaxtarsamningur Austurlands 2007. Aðgerða- og fjárhagsáætlun*. Óbirt drög.

Ýmsar upplýsingar sóttar á

- www.althingi.is
- www.fjardabyggd.is
- www.fmr.is
- www.hagstofa.is
- www.na.is
- www.reglugerd.is
- www.samgonguraduneyti.is
- www.sigling.is
- www.skipulag.is
- www.stjr.is
- www.ust.is
- www.vedur.is
- www.vegagerdin.is


VIÐAUKI 1 SKIPULAGSUPPDRAETTIR





FJARÐABYGGÐ

ADALSKIPULAG FJARÐABYGGÐAR 2007-2027 Þéttbýlisuppdráttur fyrir Norðfjörð





FJARÐABYGGÐ

AÐALSKIPULAG FJARÐABYGGÐAR 2007-2027 Þéttbýlisuppdráttur fyrir Reyðarfjörð



- Íbúarsvæði
- Svæði fyrir iðjónustustofnanir
- Mósuvæði
- Verslunar- og iðjónustuvæði
- Athafnasvæði
- Íbúasvæði
- Hafnasvæði
- Opil svæði til vinstakra nota
- Skipulagi frestað
- Hverfisvondarsvæði
- Vötn, ár og sjór
- Iðjónnigvondarsvæði
- Þéttbýlisörk
- Aðalgata
- Háspennulína
- Frávetta

Skipulagsgögn Aðalskipulags Fjarðabyggðar 2007-2027:
 - Grennargarð daga, 10.12.2008 (breytt 10.7.2009)
 - Sveitarfélagsuppdráttur dags. 10.12.2008 (breytt 10.7.2009)
 - Þéttbýlisuppdráttur fyrir Hróðfjörð dags. 10.12.2008 (breytt 10.7.2009)
 - Þéttbýlisuppdráttur fyrir Ekkjufjörð dags. 10.12.2008 (breytt 10.7.2009)
 - Þéttbýlisuppdráttur fyrir Reyðarfjörð dags. 10.12.2008 (breytt 10.7.2009)
 - Þéttbýlisuppdráttur fyrir Fákruðfjörð dags. 10.12.2008 (breytt 10.7.2009)
 - Þéttbýlisuppdráttur fyrir Stokvarfjörð dags. 10.12.2008 (breytt 10.7.2009)
 - Þéttbýlisuppdráttur fyrir íbúasar- og hafnasvæði við Mjöeyrarhöfn og Hraun við Reyðarfjörð dags. 10.7.2009.

Sjá grennargarðsáðalskipulagsins, kafla 9-4, varðandi skýringar og landnotkunarsvæði sem eiga við uppdráttinn.

Blönduð landnotkun er aukend með skástríkun í lit vilkumandi landnotkunarflokka.

Íar sem mælikvarði uppdráttar leyfir ekki að landnotkunarsvæði séu sýnd í kvenna er landnotkun táknuð með hringtákn með lit vilkumandi landnotkunarflokka.

Stofnkerfi vettva innan þéttbýlis eru ekki sýnd á uppdrættinum, nema útrás frávetu. Sjá 6. kafla í grennargarðsáðalskipulagsins.
 Öll svæðisformúrun landnotkunar er skematísk, þ.e. lýsir afmörkun landnotkunarrita í megindráttum. Nákvæm niður landnotkunarrita skilgreinast í deiliskipulagi eða eftir atvikum í gögnum vegna leyfisvettva, ef framkvæmdir kalla ekki á gerð deiliskipulags.

Aðalskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1987 m.a.á. var samþykkt af bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann

Aðalskipulag þetta var afgreitt af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra þann

Aðalskipulag þetta var staðfest af umhverfisráðherra þann

10. desember 2008 (breytt 10. júlí 2009)
 Umsjón: Alta ehf.
 Kortagrunnur: Lofmyndir ehf.
 Hnitakerfi: Lambert
 Hnuttásla: ÍSNET 93
 Sýndar eru 5 m hæðarlínur.

ata
 Alta ehf.
 Ármóli 32
 108 Reykjavík
 ata@ata.is
 www.ata.is



FJARÐABYGGÐ

AÐALSKIPULAG FJARÐABYGGÐAR 2007-2027 Þéttbýlisuppdráttur fyrir Fáskrúðsfjörð



- Íbúðarsvæði
- Svæði fyrir þjónustustofnanir
- Miðsvæði
- Verslunar- og þjónustusvæði
- Athafnasvæði
- Iðnaðarsvæði
- Hafnarsvæði
- Opð svæði til sérstakra nota
- Hverfisverndarsvæði
- Svæði undir náttúruvá - ofanflóðavarnir
- Vörn, ár og sjór
- Þjóninjavendarsvæði
- Þéttbýlisörk
- Aðalgata
- Frávella
- Svæði undir náttúruvá - Jafnhættulína svæði A
- Svæði undir náttúruvá - Jafnhættulína svæði B
- Svæði undir náttúruvá - Jafnhættulína svæði C

Skipulagsgögn Aðalskipulags Fjarðabyggðar 2007-2027:
 - Greinargerð dags. 10.12.2008 (breytt 10.7.2009)
 - Sveitarlagisuppdráttur dags. 10.12.2008 (breytt 10.7.2009)
 - Þéttbýlisuppdráttur fyrir Norðfjörð dags. 10.12.2008 (breytt 10.7.2009)
 - Þéttbýlisuppdráttur fyrir Ekaþfjörð dags. 10.12.2008 (breytt 10.7.2009)
 - Þéttbýlisuppdráttur fyrir Reyðarfjörð dags. 10.12.2008 (breytt 10.7.2009)
 - Þéttbýlisuppdráttur fyrir Fáskrúðsfjörð dags. 10.12.2008 (breytt 10.7.2009)
 - Þéttbýlisuppdráttur fyrir Stabvarfjörð dags. 10.12.2008 (breytt 10.7.2009)
 - Þéttbýlisuppdráttur fyrir ísnaðar- og hafnarsvæði við Mjölaveirhnöfn og Hraun við Reyðarfjörð dags. 10.7.2009.

Sjá greinargerð aðalskipulagsins, kafla 9.5, varðandi skýringar og landnotkunarákvaði sem segja við uppdráttinn.

Blönduá landnotkun er aukend með skrástrikun í lit vilkumandi landnotkunarflokki.

Þar sem markværi uppdráttar leyfir ekki að landnotkunarsvæði séu sýnd í kvarða er landnotkun táknuð með hringtákn með lit vilkumandi landnotkunarflokks.

Stofnkerfi veitha innan þéttbýlis eru ekki sýnd á uppdráttinum, nema útrás fráveitu. Sjá 6. kafla í greinargerð aðalskipulagsins.

Öll svæðisafmörkun landnotkunar er skematísk, þ.e. fyrir afmörkun landnotkunarretta í megindráttum. Nákvæm mörk landnotkunarretta skilgreinast í deiliskipulagi eða eftir atvikum í gögnum vegna leyfivestinga, ef framkvæmdir kalla ekki á gerð deiliskipulags.

Aðalskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.þr. var samþykkt af bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann

Aðalskipulag þetta var afgreitt af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra þann

Aðalskipulag þetta var staðfest af umhverfisráðherra þann

10. desember 2008 (breytt 10. júlí 2009)
 Úmágn: Alta ehf.
 Kortagrunnur: Loftmyndir ehf.
 Hnitakerfi: Lambert
 Hreittáttar: ISNET 93
 Sýndar eru 5 m hæðarlínur.

alta
 Alta ehf.
 Armbúi 33
 108 Reykjavík
 alta@alta.is
 www.alt.is



FJARÐABYGGÐ

ADALSKIPULAG FJARÐABYGGÐAR 2007-2027
Þéttbýlisuppráttur fyrir Stöðvarfjörð



- Íbúðarsvæði
- Svæði fyrir þjónustustofnanir
- Miðsvæði
- Athafnasvæði
- Íbúðarsvæði
- Hafnarsvæði
- Opin svæði til sérstakra nota
- Hverfisverndarsvæði
- Vatnsverndarsvæði, brunnsvæði
- Vatnsverndarsvæði, grannsvæði
- Vatnsverndarsvæði, fjarvæði
- Vötn, ár, sjór
- Þéttbýlisörk
- Aðalgata
- Húspennulína
- Vatnsveita
- Fráveita

Skipulagsálgátur Adalskipulags Fjarðabyggðar 2007-2027:
 - Greinargerð dags. 10.12.2008 (breytt 10.7.2009)
 - Svæðisráðsálgátur dags. 10.12.2008 (breytt 10.7.2009)
 - Þéttbýlisuppráttur fyrir Norðfjörð dags. 10.12.2008 (breytt 10.7.2009)
 - Þéttbýlisuppráttur fyrir Suðurfjörð dags. 10.12.2008 (breytt 10.7.2009)
 - Þéttbýlisuppráttur fyrir Reykrafjörð dags. 10.12.2008 (breytt 10.7.2009)
 - Þéttbýlisuppráttur fyrir Faskrudsfjörð dags. 10.12.2008 (breytt 10.7.2009)
 - Þéttbýlisuppráttur fyrir Stöðvarfjörð dags. 10.12.2008 (breytt 10.7.2009)
 - Þéttbýlisuppráttur fyrir íbúðar- og hafnarsvæði við Mjöreyrarhöfn og Hraun við Reykrafjörð dags. 10.7.2009.

Sjá greinargerð aðalskipulagsins, kafla 9.6, varðandi skjningar og landnotunarsvæði sem eiga við uppráttinn.

Þróun landnotkunar er aukend með skrástrukun í lit viðkomandi landnotunarflokka.

Þar sem mælikvarni uppráttur leyfir ekki að landnotunarsvæði séu sýnd í kvarða er landnotkun táknuð með hringtákn með lit viðkomandi landnotunarflokka.

Stofnkerfi veitna innan þéttbýlis eru ekki sýnd á uppráttinum, nema útrás fráveitu. Sjá 6. kafla í greinargerð aðalskipulagsins.

Öll svæðisálgátir landnotkunar er skematísk, þ.e. fyrir afmörkun landnotkunarreitna í meginráttum. Nákvæm mörk landnotkunarreitna skilgreinast í deiliskipulag eða eftir atvikum í gögnum vagna leyfisveitinga, ef framkvæmdir koma ekki á gerð deiliskipulags.

Aðalskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.a.þr. var samþykkt af bæjstjórn Fjarðabyggðar þann

Aðalskipulag þetta var afgreitt af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra þann

Aðalskipulag þetta var staðfest af umhverfisráðherra þann

10. desember 2008 (breytt 10. júlí 2009)

Umsjón: Alta ehf.
 Kortagrunnur: Loftmyndir ehf.
 Hnitakerfi: Lambert
 Hnattstaða: ÍSNET 93
 Sýndar eru 5 m hæðarlínur.

alta
 Alta ehf.
 Ármúli 32
 108 Reykjavík
 alta@alta.is
 www.alta.is



FJARÐABYGGÐ

AÐALSKIPULAG FJARÐABYGGÐAR 2007-2027 Þéttbýlisuppdráttur fyrir iðnaðar- og hafnarsvæðið við Mjóeyrarhöfn og Hraun við Reyðarfjörð

Skipulagsgögn Aðalskipulags Fjarðabyggðar 2007-2027:

- Greinargerð dags. 10.12.2008 (breytt 10.7.09)
- Sveitarfélagsuppdráttur dags. 10.12.2008 (breytt 10.7.09)
- Þéttbýlisuppdráttur fyrir Norðfjörð dags. 10.12.2008 (breytt 10.7.09)
- Þéttbýlisuppdráttur fyrir Eskifjörð dags. 10.12.2008 (breytt 10.7.09)
- Þéttbýlisuppdráttur fyrir Reyðarfjörð dags. 10.12.2008 (breytt 10.7.09)
- Þéttbýlisuppdráttur fyrir Fáskrúðsfjörð dags. 10.12.2008 (breytt 10.7.09)
- Þéttbýlisuppdráttur fyrir Stöðvarfjörð dags. 10.12.2008 (breytt 10.7.09)
- Þéttbýlisuppdráttur fyrir iðnaðar- og hafnarsvæðið við Mjóeyrarhöfn og Hraun við Reyðarfjörð dags. 10.07.2009

Sjá greinargerð aðalskipulagsins, kafa 9.7, varðandi skýringar og landnotunarákvæði sem eiga við uppdráttinn.

Svæðið er allt innan þýningarsvæðis loftmengunar vegna rekstrar álvers Alcoa Fjarðaáls. Sjá nánar í kafla 9.1.20 og á sveitarfélagsuppdrætti.

Blönduð landnotkun er auðkennd með skástríkun í lit viðkomandi landnotkunarflokka.

Þar sem mælikvarði uppdráttar leyfir ekki að landnotkunarsvæði séu sýnd í kvarða er landnotkun táknuð með hringtákn með lit viðkomandi landnotkunarflokks.

Stofnkerfi veitna innan þéttbýlis eru ekki sýnd á uppdrættinum, nema útrás fráveitu. Sjá 6. kafla í greinargerð aðalskipulagsins.

Þekktar fornleifar eru tilgreindar í viðauka 4 með greinargerð aðalskipulagsins, sbr. einnig kafla 9.1.16.

Öll svæðisafmörkun landnotkunar er skematísk, þ.e. lýsir afmörkun landnotkunarreita í megindráttum. Nákvæm mörk landnotkunarreita skilgreinast í deiliskipulagi eða eftir atvikum í gögnum vegna leyfisveitinga, ef framkvæmdir kalla ekki á gerð deiliskipulags.

Aðalskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. var samþykkt af bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann

Aðalskipulag þetta var afgreitt af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra þann

Aðalskipulag þetta var staðfest af umhverfisráðherra þann



	Iðnaðarsvæði		Aðalgata
	Hafnarsvæði		Háspennulína
	Vötn, ár og sjór		Rafstrengur
	Þéttbýlismörk		Fráveita

10. júlí 2009
Umsjón: Alta ehf.
Kortagrunnur: Loftmyndir ehf.
Hnitakerfi: Lambert
Hnattstaða: ÍSNET 93
Sýndar eru 5 m hæðarlínur.

ATA
Alta ehf.
Ármúli 32
108 Reykjavík
alta@alta.is
www.alta.is

VIÐAUKI 2 BREYTINGAR FRÁ FYRRA AÐALSKIPULAGI

Í töflunum eru tilgreindar megin breytingar á landnotkun einstakra svæða sem nýtt aðalskipulag felur í sér frá eldra skipulagi. Listunum er ekki ætlað að vera tæmandi yfir allar breytingar á landnotkun einstakra lóða sem nýtt aðalskipulag felur í sér frá eldra aðalskipulagi.

Landnotkun skv. Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027, sveitarfélagsuppráttur	Landnotkun skv. Aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1988-2008 m.s.br.
F4, frístundabyggðarsvæði	Landbúnaðarsvæði
O13, opið svæði til sérstakra nota (akstursípróttir)	Óbyggt svæði
O12 og O14, opin svæði til sérstakra nota (almenn útvistarsvæði)	Óbyggð svæði
Landbúnaðarsvæði	Ýmist skilgreind sem landbúnaðarsvæði eða óbyggð svæði
Ný lega þjóðvegur í fjarðarbotni	
Hv4, stöðuvötn, vottlendi og birkiskógar/birkikjarr, hverfisverndarsvæði	Án verndarákvæða
Svæði undir náttúruvá – snjóflóðavarnir	Án svigrúms fyrir fyrirhuguð varnarvirki

Landnotkun skv. Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027, þéttbýlisuppráttur fyrir Norðfjörð	Landnotkun skv. Aðalskipulagi Neskaupstaðar 1979-1999 m.s.br.
Í4, íbúðarsvæði	Svæði fyrir verslanir og miðbæ
Í6/S2, blönduð byggð íbúða og þjónustustofnana	Svæði fyrir iðnað, opinberar stofnanir og íbúðir
V2/Í3, blönduð byggð íbúða og verslunar og þjónustu	Svæði fyrir verslanir og miðbæ, fyrir utan tvær lóðir fyrir opinberar stofnanir
V3/A5, blönduð byggð verslunar og þjónustu og athafnastarfsemi	Svæði fyrir verslanir og miðbæ, íbúðir, opinberar stofnanir og iðnað
I1, iðnaðarsvæði (afmarkað þrengra en í eldra skipulagi vegna snjóflóðahættu)	Svæði fyrir iðnað
O1, opið svæði til sérstakra nota (kirkjugarður)	Svæði skilgreint sem önnur opin svæði
Hv1-Hv7, hverfisverndarsvæði	Án verndarákvæða
Svæði undir náttúruvá – snjóflóðavarnir	Án svigrúms fyrir möguleg og fyrirhuguð varnarvirki

Landnotkun skv. Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027, þéttbýlisuppráttur fyrir Eskifjörð	Landnotkun skv. Aðalskipulagi Eskifjarðar 1988-2008 m.s.br.
Í1, íbúðarsvæði (afmarkað þrengra en í eldra skipulagi vegna ofanflóðahættu)	Íbúðarsvæði
Í9/A6, blönduð byggð íbúða og athafnastarfsemi	Iðnaðar- og hafnarsvæði
S8/A7, blönduð byggð þjónustustofnana og athafnastarfsemi	Svæði fyrir opinberar stofnanir og iðnaðar- og hafnarsvæði
V1/A1, blönduð byggð verslunar og þjónustu og athafnastarfsemi	Iðnaðar- og hafnarsvæði, nema ein lóð fyrir verslun og viðskipti
V3, verslunar- og þjónustusvæði	Svæði fyrir opinberar stofnanir, verslun og viðskipti og íbúðarsvæði
V3/A3, blönduð byggð verslunar og þjónustu og athafnastarfsemi	Iðnaðar- og hafnarsvæði, utan ein lóð fyrir verslun og viðskipti
H2, hafnarsvæði	Iðnaðar- og hafnarsvæði og lóðir fyrir verslun og viðskipti
Aðalgata, ný lega Norðfjarðarvegur vestan byggðar	
Hv1-Hv5, hverfisverndarsvæði	Að hluta án verndarákvæða
Svæði undir náttúruvá – ofanflóðavarnir	Án svigrúms fyrir mögulegar aðgerðir vegna aur-, krapa- og vatnsflóða

Landnotkun skv. Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027, þéttbýlisuppráttur fyrir Reyðarfjörð	Landnotkun skv. Aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1988-2008 m.s.br.
Í5, íbúðarsvæði	Íbúðarsvæði, opinberar stofnanir, verslun og þjónusta
Í6, íbúðarsvæði	Iðnaðar- og hafnarsvæði og íbúðarsvæði
S1, svæði fyrir þjónustustofnanir (klaustur)	Landbúnaður
M1 miðsvæði	Verslun og þjónusta, opinberar stofnanir, iðnaðar- og hafnarsvæði
A1, athafnasvæði og I1, iðnaðarsvæði	Iðnaðar- og hafnarsvæði (nær yfir mun stærra svæði en í nýju aðalskipulagi)
A2, athafnasvæði	Iðnaðar- og hafnarsvæði
A3/V3 blönduð byggð verslunar og þjónustu og athafnastarfsemi	Iðnaðar- og hafnarsvæði
O1 opið svæði til sérstakra nota (svæði fyrir golfvöll)	Landbúnaður
O2 opið svæði til sérstakra nota (hesthúsasvæði og almennt útivistarsvæði)	Opið svæði til sérstakra nota (hesthúsasvæði), önnur opin svæði, iðnaðar- og hafnarsvæði
Hv1-Hv5, hverfisverndarsvæði	Án verndarákvæða

Landnotkun skv. Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027, þéttbýlisuppráttur fyrir Fáskrúðsfjörð	Landnotkun skv. Aðalskipulagi Búðahrepps 2002-2022 m.s.br.
Í1, íbúðarsvæði	Íbúðarsvæði með afmörkuðum reitum fyrir svæði fyrir þjónustustofnanir
Í2, íbúðarsvæði	Íbúðarsvæði með stökum lóðum fyrir þjónustustofnanir og verslun og þjónustu
A1, athafnasvæði	Iðnaðarsvæði
A3, athafnasvæði	Verslunar og þjónustusvæði og hafnarsvæði
H2/V1, blönduð byggð hafnsækinnar starfsemi og verslunar- og þjónustu	Hafnarsvæði, utan ein lóð fyrir íbúðir, verslun og þjónustu.
Suðurfjarðavegur og aðkomuvegur inn í bæinn, ný lega, fallið frá fyrri áformum um landfyllingar	Gert ráð fyrir nýrri legu þjóðvegur og aðkomuvegur inn í bæinn á nýjum landfyllingum
Hv2, hverfisverndarsvæði	Án verndarákvæða
Svæði undir náttúruvá – ofanflóðavarnir	Án svigrúms fyrir mögulegar aðgerðir vegna aur-, krpa- og vatnsflóða
Fallið er frá hugmyndum um landfyllingar	Gert ráð fyrir verslunar- og þjónustusvæði og iðnaðarsvæðum á nýjum landfyllingum
Mörk þéttbýlis til vesturs eru skilgreind þrengra (austar)	Gert ráð fyrir nýjum byggingarsvæðum – íbúðarsvæði, athafnasvæði, frístundabyggð og golfvelli Einnig gert ráð fyrir flugvelli.

Landnotkun skv. Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027, þéttbýlisuppráttur fyrir Stöðvarfjörð	Landnotkun skv. Aðalskipulagi Stöðvarfjarðar 1983-2003 m.s.br.
Í1, íbúðarsvæði	Íbúðarsvæði, opið svæði til sérstakra nota og lóð fyrir opinbera stofnun
Í2, íbúðarsvæði	Íbúðarsvæði, verslun og þjónusta og opinberar stofnanir
A1, athafnasvæði	Iðnaðar- og hafnarsvæði, og lóð fyrir verslun og þjónustu
O2, opið svæði til sérstakra nota (ferðaþjónustusvæði)	Iðnaðar- og hafnarsvæði
Hv1, hverfisverndarsvæði	Án verndarákvæða

Landnotkun skv. Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027, þéttbýlisuppráttur fyrir iðnaðar- og hafnarsvæðið við Mjóeyrarhöfn og Hraun við Reyðarfjörð	Landnotkun skv. Aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1988-2008 m.s.br.
H1/I2, hafnar- og iðnaðarsvæði	Iðnaðar- og hafnarsvæði, óbyggt svæði

VIÐAUKI 3 UMhverfismat AÐalskipulagsins

1. Inngangur

Hér er sett fram umhverfismat aðalskipulags Fjarðabyggðar í samræmi við kröfur laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Samkvæmt lögum umhverfismat áætlana skal eftirfarandi koma fram í umhverfismati aðalskipulags:

Í Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027 og umhverfismati þess er fjallað um þessi atriði með eftirfarandi hætti:

<ul style="list-style-type: none"> ▪ Yfirlit yfir efni og helstu stefnumið aðalskipulagsins. 	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Sjá kafla 1.1, kafla 2.1 og box í köflum 3-8 í greinargerð aðalskipulagsins.
<ul style="list-style-type: none"> ▪ Yfirlit yfir tengsl aðalskipulagsins við aðra áætlanagerð. 	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Sjá kafla 1.3 og, 1.6 í greinargerð aðalskipulagsins og heimildaskrá þar sem sjá má hvaða áætlunum öðrum byggt hefur verið á við gerð aðalskipulagsins.
<ul style="list-style-type: none"> ▪ Lýsing á þeim þáttum í umhverfinu sem skipta máli varðandi efni og landfræðilegt umfang aðalskipulagsins. 	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Sjá kafla 1.2 og forsenduumfjöllun í köflum 3-8 í greinargerð aðalskipulagsins.
<ul style="list-style-type: none"> ▪ Umfjöllun um líklega þróun umhverfisins án framfylgdar aðalskipulagsins. 	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Sjá kafla 4 og 5 í þessum viðauka. Þar er fjallað um áhrif skipulagsákvæða aðalskipulagsins almennt í dreifbýli og þéttbýli, en úr því mati má lesa samanburð við þróun umhverfisins án framfylgdar aðalskipulagsins.
<ul style="list-style-type: none"> ▪ Lýsing á þeim umhverfisþáttum sem líklegt er að verði fyrir verulegum áhrifum af framkvæmd aðalskipulagsins. 	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Sjá kafla 2 í þessum viðauka.
<ul style="list-style-type: none"> ▪ Lýsing á umhverfisvandamálum sem varða aðalskipulagið, sérstaklega sem varða svæði sem hafa sérstakt náttúruverndargildi. 	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Sjá 3. kafla og kafla 9.1.18 í greinargerð aðalskipulagsins.
<ul style="list-style-type: none"> ▪ Upplýsingar um umhverfisverndarmarkmið sem stjórnvöld hafa samþykkt og varða aðalskipulagið. 	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Sjá kafla 2 í þessum viðauka.
<ul style="list-style-type: none"> ▪ Umfjöllun um hvernig tekið hefur verið tillit til umhverfisverndarmarkmiða stjórnvalda og annarra umhverfissjónarmiða við gerð aðalskipulagsins. 	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Sjá kafla 3-5 í þessum viðauka.
<ul style="list-style-type: none"> ▪ Skilgreining, lýsing og mat á líklegum verulegum umhverfisáhrifum af framkvæmd aðalskipulagsins. 	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Sjá kafla 3-5 í þessum viðauka.
<ul style="list-style-type: none"> ▪ Skilgreining, lýsing og mat á líklegum verulegum umhverfisáhrifum raunhæfra valkosta við aðalskipulagið. 	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Sjá kafla 6 í þessum viðauka.
<ul style="list-style-type: none"> ▪ Upplýsingar um aðgerðir sem eru fyrirhugaðar til að koma í veg fyrir, draga úr eða vega upp á móti verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum af framkvæmd aðalskipulagsins. 	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Sjá kafla 7 í þessum viðauka.
<ul style="list-style-type: none"> ▪ Yfirlit yfir ástæður þess að kostirnir, sem um er að ræða, voru valdir. 	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Sjá kafla 6 í þessum viðauka.
<ul style="list-style-type: none"> ▪ Lýsing á því hvernig matið fór fram. 	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Sjá kafla 8 í þessum viðauka.
<ul style="list-style-type: none"> ▪ Upplýsingar um hvernig hagað skuli vöktun vegna líklegra verulegra umhverfisáhrifa af framkvæmd aðalskipulagsins. 	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Sjá kafla 7 í þessum viðauka.
<ul style="list-style-type: none"> ▪ Samantekt. 	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Sjá kaflana #.#.3 Umhverfismat í köflum 3-8 í greinargerð aðalskipulagsins.

2. Umhverfispættir og umhverfisverndarmarkmið

Eftir nokkra skoðun mismunandi nálgana að umhverfismatinu m.t.t. skilgreiningar umhverfispáttá og umhverfisviðmiða (umhverfisverndarmarkmiða), varð niðurstaðan sú að meta umhverfisáhrif aðalskipulagsins gagnvart stefnu stjórnvalda á landsvísi um sjálfbæra þróun eins og hún hefur verið sett fram í stefnu ríkisstjórnarinnar „Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi.“

Í töflunni sem birtist hér á næstu bls. sést hvernig umhverfisverndarmarkmið sem sett eru fram í „Velferð til framtíðar“ skiptast í fjóra höfuðflokka: „Heilnæmt og öruggt umhverfi“, „Verndun náttúru Íslands“, „Sjálfbær nýting auðlinda“ og „Hnattræn viðfangsefni“. Þessir fjórir flokkar og undirflokkar þeirra (sjá töflu á næstu bls.) eru þeir umhverfispættir sem unnið er með í umhverfismati aðalskipulagsins.

Markmið stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun (Umhverfisráðuneytið, 2002 & 2007: Velferð til framtíðar Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi.)

Flokkur	Undirflokkur	Umhverfisviðmið / umhverfisverndarmarkmið
Heilnæmt og öruggt umhverfi	Heilnæmt andrúmsloft	<ul style="list-style-type: none"> Íbúar landsins búi við heilnæmt andrúmsloft þar sem mengun verði undir ströngustu mörkum á Evrópska efnahagssvæðinu. Loftmengun af völdum umferðar, iðnaðar og annarrar starfsemi verði haldið í lágmarki eftir því sem kostur er. Dregið verði úr loftmengun á höfuðborgarsvæðinu þannig að hún verði umtalsvert lægri innan nokkurra ára en í dag.
	Hreint og heilnæmt ferskvatn	<ul style="list-style-type: none"> Allir íbúar landsins eigi kost á nægu heilnæmu vatni, sem er ómengað af efnum og örverum, til neyslu og annarra nytja. Tilvik þar sem neysluvatn mengast heyri til undantekninga. Mengun í ám og stöðuvötnum verði engin eða svo lítil að hún hafi ekki áhrif á vistkerfi ferskvatns, fiskgengd eða útivistargildi.
	Örugg matvæli	<ul style="list-style-type: none"> Neytendur geti ávallt treyst því að á boðstólum séu eingöngu matvæli sem eru örugg til neyslu. Merkingar á matvælum veiti fullnægjandi upplýsingar um innihald vörunnar. Ísland verði ávallt virt sem framleiðandi heilnæmra og öruggra matvæla úr hágæða hráefnum í ómengduðum umhverfi.
	Umhverfi án hættulegra efna	<ul style="list-style-type: none"> Notkun efna og efnavöru ögni ekki heilsu manna og umhverfi. Neytendur fái fullnægjandi upplýsingar um hvernig beri að nota vöru og um hugsanlega áhættu sem stafað getur af efnum í vörunni. Dregið verði úr notkun sæfi- og varnarefna. Losun efna sem eru hættuleg heilbrigði og umhverfi verði takmörkuð eins og mögulegt er og verði hætt innan aldarfjórðungs.
	Útivist í sátt við náttúruna	<ul style="list-style-type: none"> Réttur almennings að frjálsum aðgengi að náttúru landsins (almannaréttur) verði ekki skertur nema þegar brýna nauðsyn ber til vegna náttúruverndarsjónarmiða. Tekið verði tillit til útivistargildis svæða við skipulag og ákvarðanir um landnýtingu. Vöxtur verði í ferðaþjónustu á Íslandi og honum verði mætt með aðgerðum sem komi í veg fyrir skaða á náttúrunni vegna aukinnar umferðar.
	Varnir gegn náttúruvá	<ul style="list-style-type: none"> Allir íbúar landsins búi við ásættanlegt öryggi með tilliti til náttúruvá. Landnýtingu verði hagað með tilliti til náttúruvá.
Verndun náttúru Íslands	Vernd lífríkis Íslands	<ul style="list-style-type: none"> Viðhaldið verði fjölbreytileika tegunda og vistgerða. Forðast verði eftir eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands. Unnið verði að endurheimt votlendis og annarra mikilvægra vistkerfa þar sem slíkt er talið mögulegt.
	Vernd sérstæðra jarðmyndana	<ul style="list-style-type: none"> Fjölbreytni jarðmyndana verði varðveitt með því að vernda þær sem eru sérstakar eða einstakar á svæðis-, lands- eða heimsvísu. Gengið verði frá skipulegu yfirliti yfir jarðmyndanir á Íslandi sem verði grunnur að markvissri verndun þeirra.
	Vernd víðerna	<ul style="list-style-type: none"> Tryggt verði að stór samfelld víðerni verði áfram að finna í óbyggðum Íslands. Reynt verði að byggja mannvirki utan skilgreindra víðerna en þar sem slíkt er ekki mögulegt verði þess gætt að þau valdi sem minnstu raski og sjónmengun.
Sjálfbær nýting auðlinda	Sjálfbær nýting lifandi auðlinda hafsins	<ul style="list-style-type: none"> Nýting fiskistofna og annarra lifandi auðlinda hafsins verði ávallt sjálfbær og byggj á bestu tiltækum vísindalegum niðurstöðum. Veði úr stofnum, þar sem sýnt hefur verið fram á með vísindalegum rökum að takmarka þarf sókn, skal lúta veiðistjórnun þar sem beitt verði varúðarsjónarm. til að ná fram hámarksafrakstri stofna til langs tíma. Þróuð verði langtímastefna fyrir nýtingu einstakra stofna, m.a. með þróun aflareglna og beitingu fjölstofnanálgunar þar sem því verður við komið. Aðferðir og stjórnun nýtingar á lifandi auðlindum sjávar taki mið af fjölbættu samspili í lífríki sjávar og miði að því að lágmarka neikvæð áhrif nýtingar á aðra lífríkisþætti.
	Sjálfbær gróðurmyting og endurheimt landgæða	<ul style="list-style-type: none"> Þær auðlindir landsins sem felast í jarðvegi og gróðri, þar með töldum skógi, verði nýttar á sjálfbæran hátt samkvæmt bestu vísindalegri vitneskju. Beit verði stjórnað með tilliti til nýtingarþols og hættu á jarðvegseyðingu. Unnið verði skipulega að landgræðslu á eyddum og rofskemmdum svæðum, í samr. við markmið landnýt. og náttúruverndar á hverju sv. Hraðfara jarðvegseyðing verði stöðvuð, sérstaklega í byggð og á láglandi. Uppbygging nytjaskóga verði til að efla byggð og atvinnu í dreifbýli og falli sem best að landslagi og vistkerfi landsins.
	Aukin nýting endurnýjanlegra orkugjafa	<ul style="list-style-type: none"> Endurnýjanlegar orkulindir landsins verði nýttar með hagkvæmni- og umhverfissjónarmið að leiðarljósi. Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í orkunotkun þjóðarinnar verði aukið og að því stefnt að notkun jarðefnaeldsneytis verði óveruleg innan fárra áratuga. Stefnt verði að því að farartæki nýti orku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum eins fjótt og kostur er og hagkvæmt þykir. Skipulag raforku- og hitaveitumála verði með þeim hætti að skilvirkni, öryggi og heildarhagkvæmni þess verði sem best tryggð. Stuðlað verði að aukinni orkunýtni.
	Minnkun og bætt meðhöndlun úrgangs	<ul style="list-style-type: none"> Dregið verði úr myndun úrgangs eftir því sem kostur er og hann meðhöndlaður þannig að hann valdi sem minnstum neikvæðum áhrifum á umhverfið. Tryggja þarf að spilliefni berist ekki út í umhverfið. Náð verði tölulegum markmiðum um aukna endurnýtingu úrgangs, s.s. umbúðaúrgangs, lífræns úrgangs, rafeindabúnaðar og raftækja. Við verðmyndun vöru verði gert ráð fyrir förgunarkostnaði.
Hnattrean viðfangsefni	Hreint haf	<ul style="list-style-type: none"> Styrkur manngerðra mengunarefna í sjávarfangi úr hafinu umhverfis Ísland sé ávallt undir ströngustu viðmiðunarmörkum innlendra sem erlendra heilbrigðisyrivalda. Losun skaðlegra efna í hafði frá skipum og landi hverfi með öllu, ekki síst losun þrávirkra lífrænna efna, geislavirkra efna og þungmálma. Ísland verði áfram leiðandi í alþjóðlegu samstarfi og aðgerðum gegn mengun hafsins.
	Takmörkun loftslagsbreytinga af mannavöldum	<ul style="list-style-type: none"> Ísland taki virkan þátt í alþjóðl. samstarfi sem miðar að því að koma í veg fyrir hættul. röskun á veðrakerfum jarðarinnar af mannavöldum m.þ.a. draga úr útstreymi og auka bindingu gróðurhúsaloftteg. hér á landi. Dregið verði úr notkun jarðefnaeldsneytis. Íslenski sérþekkingu á nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa verði miðlað til þróunarríkjanna.
	Vernd ósonlagsins	<ul style="list-style-type: none"> Ísland verði áfram í hópi þeirra ríkja heims sem fremst eru í takmörkunum á notkun og losun ósoneyðandi efna. Stefnt verði að því að notkun ósoneyðandi efna verði hætt á Íslandi árið 2010.
	Vernd líffræðilegrar fjölbreytni	<ul style="list-style-type: none"> Tryggt verði að líffræðileg fjölbreytni vistgerða og vistkerfa á Íslandi verði viðhaldið með því að vernda tegundir dýra, plantna og annarra lífvera, erfðaauðlindirnar sem þær búa yfir og búsvæði þeirra. Öll nýting hinnar lifandi náttúru fari fram á sjálfbæran hátt. Við framkvæmdir sem raska eða breyta lifandi náttúru verði beitt varúðarsjónarmiði og vistkerfisnálgun þannig að neikvæðum áhrifum á vistkerfi verði haldið í lágmarki.

3. Umhverfismat stefnu í meginmálaflokkum

Í töflunum hér á eftir er sett fram umhverfismat stefnu aðalskipulagsins í meginmálaflokkum (um náttúru, samfélag, atvinnu, grunnkerfi, búsetu og byggðamynstur). Samantekt úr matinu er að finna í köflum #.#.3 Umhverfismat í köflum 3-8 í greinargerð aðalskipulagsins.

Umhverfismatið er sett fram þannig að í töflunum hér á eftir er stefna aðalskipulagsins í hverjum málaflokki vegin á móti þeim umhverfisverndarmarkmiðum sem sett eru fram í stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun, „Velferð til framtíðar“. Gefin er einkunn og textaskýring, sbr. eftirfarandi:

- +** Stefna aðalskipulagsins styður eða er í samræmi við þá stefnu sem sett er fram í „Velferð til framtíðar“.
- 0** Stefna aðalskipulagsins hefur óveruleg eða engin áhrif á þá þætti sem fjallað er um í stefnu „Velferðar til framtíðar“.
- ?** Óvissa er um hvort stefna aðalskipulagsins styður eða gengur gegn þeirri stefnu sem sett er fram í „Velferð til framtíðar“. Getur m.a. verið háð því hvernig stefna aðalskipulagsins verður síðar útfærð í deiliskipulagi eða einstökum framkvæmdum.
- Stefna aðalskipulagsins gengur gegn eða er í ósamræmi við þá stefnu sem sett er fram í „Velferð til framtíðar“.

		Markmið stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun, „Velferð til framtíðar“			
		Heilnæmt og öruggt umhverfi	Verndun náttúru Íslands	Sjálfbær nýting auðlinda	Hnattræn viðfangsefni
Stefna Aðalskipulags Fjarðabyggðar 2007-2027 um náttúru sbr. 3. kafla aðal- skipulagsins	Veðurfar	0 Á ekki við.	0 Á ekki við.	0 Á ekki við.	0 Á ekki við.
	Landslag og náttúrufar	0 Á ekki við.	+ Stefna aðalskipulagsins um landslag og náttúruvernd styður markmið „Velferðar til framtíðar“ um fjölbreytileika tegunda og vistgerða og endurheimt votlendis. Stefna aðalskipulagsins um hverfisvernd náttúruminjaskrársvæða styður markmið „Velferðar til framtíðar“ um verndun fjölbreyttra jarðmyndana.	0 Á ekki við.	+ Stefna aðalskipulagsins um hverfisvernd náttúruminjaskrársvæða og verndarákvæði um birki, votlendi o.fl. styður markmið „Velferðar til framtíðar“ um líffræðilega fjölbreytni.
	Náttúruvá	+ Stefna aðalskipulagsins um náttúruvá fellur vel að markmiðum „Velferðar til framtíðar“ um að allir íbúar landsins búi við ásættanlegt öryggi með tilliti til náttúruvár og að landnýtingu skuli hagað með tilliti til náttúruvár.	0 Á ekki við.	0 Á ekki við.	0 Á ekki við.

		Markmið stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun, „Velferð til framtíðar“			
		Heilnæmt og öruggt umhverfi	Verndun náttúru Íslands	Sjálfbær nýting auðlinda	Hnattræn viðfangsefni
Stefna Aðalskipulags Fjarðabyggðar 2007-2027 um samfélag sbr. 4. kafla aðal- skipulagsins	Nám og menntun	0 Á ekki við.	0 Á ekki við.	0 Á ekki við.	0 Á ekki við.
	Íþróttir	0 Á ekki við.	0 Á ekki við.	0 Á ekki við.	0 Á ekki við.
	Útivist	+ Stefna aðalskipulagsins um útivist fellur vel að markmiðum „Velferðar til framtíðar“ um að allir íbúar landsins búi við ásættanlegt öryggi með tilliti til náttúruvæðis og að landnýtingu skuli hagað með tilliti til náttúruvæðis.	0 Á ekki við.	0 Á ekki við.	0 Á ekki við.
	Stjórnsýsla	+ Yfirlýsing aðalskipulagsins um að rekstur sveitarfélagsins og stofnana þess skuli vera í fararbroddi í sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda og umhverfismálum, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi, styður almennt við flest markmið „Velferðar til framtíðar“.	+ Yfirlýsing aðalskipulagsins um að rekstur sveitarfélagsins og stofnana þess skuli vera í fararbroddi í sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda og umhverfismálum, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi, styður almennt við flest markmið „Velferðar til framtíðar“.	+ Yfirlýsing aðalskipulagsins um að rekstur sveitarfélagsins og stofnana þess skuli vera í fararbroddi í sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda og umhverfismálum, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi, styður almennt við flest markmið „Velferðar til framtíðar“.	+ Yfirlýsing aðalskipulagsins um að rekstur sveitarfélagsins og stofnana þess skuli vera í fararbroddi í sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda og umhverfismálum, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi, styður almennt við flest markmið „Velferðar til framtíðar“.
	Menning	0 Á ekki við.	0 Á ekki við.	0 Á ekki við.	0 Á ekki við.
	Menningar- og búsetuminjar	+ Stefna aðalskipulagsins um verndun sögu- og byggingarminja og að gera þær aðgengilegar almenningi fellur vel að markmiðum „Velferðar til framtíðar“ um vöxt í ferðaþjónustu og útivist í sátt við náttúruna.	0 Á ekki við.	0 Á ekki við.	0 Á ekki við.
	Heilsa og öryggi	+ Stefna aðalskipulagsins um heilsueflingu/lýðheilsu fellur vel að markmiðum „Velferðar til framtíðar“ um örugg matvæli og umhverfi án hættulegra efna.	0 Á ekki við.	0 Á ekki við.	0 Á ekki við.

		Markmið stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun, „Velferð til framtíðar“			
		Heilnæmt og öruggt umhverfi	Verndun náttúru Íslands	Sjálfbær nýtingar auðlinda	Hnattræn viðfangsefni
Stefna Aðalskipulags Fjarðabyggðar 2007-2027 um atvinnu sbr. 5. kafli aðal- skipulagsins	Sjávarútvegur	+ Stefna aðalskipulagsins um öflugan sjávarútveg styður óbeint við markmið „Velferðar til framtíðar“ um örugg matvæli.	0 Á ekki við.	0 Stefna aðalskipulagsins um að atvinnulíf og sjávarútvegur skuli miða að sjálfbærri nýtingu og sátt við náttúru og samfélag fellur vel að markmiðum „Velferðar til framtíðar“ um sjálfbæra nýtingu auðlinda.	0 Stefna aðalskipulagsins um að atvinnulíf og sjávarútvegur skuli miða að sjálfbærri nýtingu og sátt við náttúru og samfélag fellur vel að markmiðum „Velferðar til framtíðar“ um hnattræn viðfangsefni.
	Iðnaður	+ Stefna aðalskipulagsins um eflingu matvælaíðnaðar tengdum náttúru og auðlindum svæðisins fellur að stefnu „Velferðar til framtíðar“ um örugg matvæli.	0 Á ekki við.	0 Á ekki við.	0 Á ekki við.
	Flutningar	0 Á ekki við.	0 Á ekki við.	? Stefna aðalskipulagsins um flutninga getur leitt til aukinnar umferðar flutningaskipa og flutningabifreiða. Því er mikilvægt að unnið sé að því að bæta orkunýtingu og finna nýja orkugjafa fyrir skip og bifreiðar, til að draga úr áhrifum flutninga á loftslagsbreytingar.	? Stefna aðalskipulagsins um flutninga getur leitt til aukinnar umferðar flutningaskipa og flutningabifreiða. Því er mikilvægt að unnið sé að því að bæta orkunýtingu og finna nýja orkugjafa fyrir skip og bifreiðar, til að draga úr áhrifum flutninga á loftslagsbreytingar.
	Landbúnaður	+ Stefna aðalskipulagsins um varðveislu góðs landbúnaðarlands fellur vel að stefnu „Velferðar til framtíðar“ um örugg matvæli.	+ Stefna aðalskipulagsins um landbúnað og reglur aðalskipulagsins um deiliskipulagsgerð og leyfisveitingar á landbúnaðarlandi styður beint markmið „Velferðar til framtíðar“ um vernd lífríkis Íslands.	+ Stefna aðalskipulagsins um landbúnað styður beint markmið „Velferðar til framtíðar“ um sjálfbæra gróðurþýtingu og endurheimt landgæða.	+ Stefna aðalskipulagsins um landbúnað er í samræmi við markmið „Velferðar til framtíðar“ um vernd líffræðilegrar fjölbreytni.
	Efnistaka og -vinnsla	+ Reglum aðalskipulagsins um efnistöku er ætlað að styðja við þau markmið sem sett eru fram í „Velferð til framtíðar“ um heilnæmt og öruggt umhverfi.	+ Reglum aðalskipulagsins um efnistöku er ætlað að styðja við þau markmið sem sett eru fram í „Velferðar til framtíðar“ um verndun náttúru Íslands.	0 Á ekki við.	+ Reglum aðalskipulagsins um efnistöku er ætlað að styðja við þau markmið sem sett eru fram í „Velferðar til framtíðar“ um verndun líffræðilegrar fjölbreytni.
	Verslun og þjónusta	+ Stefna aðalskipulagsins um verslun og þjónustu varðar óverulega markmið „Vt“ nema helst hvað varðar samræmi í stefnu um ferðaþjónustu byggðri á náttúru og menningu svæðisins.	0 Á ekki við.	0 Á ekki við.	0 Á ekki við.
	Atvinnuhúsnæði	0 Á ekki við.	0 Á ekki við.	+ Stefna aðalskipulagsins um atvinnuhúsnæði styður óbeint við markmið „Vt“ um sjálfbæra nýtingu auðlinda, með ákvæðum um gæði og sveigjanleika húsnæðis.	0 Á ekki við.

		Markmið stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun, „Velferð til framtíðar“			
		Heilnæmt og öruggt umhverfi	Verndun náttúru Íslands	Sjálfbær nýting auðlinda	Hnattræn viðfangsefni
Stefna Aðalskipulags Fjarðabyggðar 2007-2027 um grunnkerfi sbr. 6. kafla aðal- skipulagsins	Samgöngur	<p>+ Erfitt er um að vik að draga verulega úr bílaumferð í viðfeðmu fjölkjarna sveitarfélagi eins og Fjarðabyggð þar sem verkaskipting og samspil milli byggðakjarna og samskipti við önnur sveitarfélög eru mikil. Í stefnu aðalskipulagsins er þó kappkostað að draga úr neikvæðum áhrifum umferðar, auka hlut annarra ferðamáta en einkabílsins og tryggja umferðaröryggi. Því er stefna aðalskipulagsins í samhljómi við markmið „Velferðar til framtíðar“ um heilnæmt og öruggt umhverfi.</p>	<p>+ Aðalskipulagið felur í sér stefnu um að gæta að umhverfisáhrifum af samgöngumannvirkjum og umferð og að hvetja skuli til umhverfisvænna samgöngumáta. Aðalskipulagið er því talið falla að markmiðum „Velferðar til framtíðar“ um verndun náttúru Íslands.</p>	<p>+ Aðalskipulagið felur í sér stefnu um að gæta að umhverfisáhrifum af samgöngumannvirkjum og umferð og að hvetja skuli til umhverfisvænna samgöngumáta. Aðalskipulagið er því talið falla að markmiðum „Velferðar til framtíðar“ um sjálfbæra nýtingu auðlinda.</p>	<p>+ Aðalskipulagið felur í sér stefnu um að gæta að umhverfisáhrifum af samgöngumannvirkjum og umferð og að hvetja skuli til umhverfisvænna samgöngumáta. Aðalskipulagið er því talið falla að markmiðum „Velferðar til framtíðar“ um hnattræn viðfangsefni.</p>
	Veitur	<p>+ Stefna aðalskipulagsins um veitur og sorpförgun miðar að því að nýta náttúrugæði svæðisins, en fara jafnframt vel með náttúruauðlindir svæðisins og vanda til fráveitu og sorpförgunar. Stefnan telst því samrýmast markmiðum „Velferðar til framtíðar“.</p>	<p>+ Stefna aðalskipulagsins um veitur og sorpförgun miðar að því að nýta náttúrugæði svæðisins, en fara jafnframt vel með náttúruauðlindir svæðisins og vanda til fráveitu og sorpförgunar. Stefnan telst því samrýmast markmiðum „Velferðar til framtíðar“.</p>	<p>+ Stefna aðalskipulagsins um veitur og sorpförgun miðar að því að nýta náttúrugæði svæðisins, en fara jafnframt vel með náttúruauðlindir svæðisins og vanda til fráveitu og sorpförgunar. Stefnan telst því samrýmast markmiðum „Velferðar til framtíðar“.</p>	<p>+ Stefna aðalskipulagsins um veitur og sorpförgun miðar að því að nýta náttúrugæði svæðisins, en fara jafnframt vel með náttúruauðlindir svæðisins og vanda til fráveitu og sorpförgunar. Stefnan telst því samrýmast markmiðum „Velferðar til framtíðar“.</p>

		Markmið stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun, „Velferð til framtíðar“			
		Heilnæmt og öruggt umhverfi	Verndun náttúru Íslands	Sjálfbær nýting auðlinda	Hnattræn viðfangsefni
Stefna Aðalskipulags Fjarðabyggðar 2007-2027 um búsetu sbr. 7. kafla aðal- skipulagsins	Íbúapróun	+ Framfylgd stefnu aðalskipulagsins um íbúapróun er háð því að landnotkun í Fjarðabyggð þróist í samræmi við markmið „Velferðar til framtíðar“ um heilnæmt og öruggt umhverfi.	+ Framfylgd stefnu aðalskipulagsins um íbúapróun er háð því að landnotkun í Fjarðabyggð þróist í samræmi við markmið „Velferðar til framtíðar“ um verndun náttúru Íslands.	+ Framfylgd stefnu aðalskipulagsins um íbúapróun er háð því að landnotkun í Fjarðabyggð þróist í samræmi við markmið „Velferðar til framtíðar“ um sjálfbæra nýtingu auðlinda.	+ Framfylgd stefnu aðalskipulagsins um íbúapróun er háð því að landnotkun í Fjarðabyggð þróist í samræmi við markmið „Velferðar til framtíðar“ um hnattræn viðfangsefni.
	Íbúðarhúsnæði	0 Á ekki við.	0 Á ekki við.	0 Á ekki við.	0 Á ekki við.

		Markmið stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun, „Velferð til framtíðar“			
		Heilnæmt og öruggt umhverfi	Verndun náttúru Íslands	Sjálfbær nýting auðlinda	Hnattræn viðfangsefni
Stefna Aðalskipulags Fjarðabyggðar 2007-2027 um byggðamynstur sbr. 8. kafla aðal- skipulagsins	Byggðamynstur og búsetulandslag í dreifbýli	+ Stefna aðalskipulagsins um byggðamynstur varðar óbeint markmið „Velferðar til framtíðar“, en samræmist þeim að svo miklu leyti sem hún varðar efni þeirra.	+ Stefna aðalskipulagsins um byggðamynstur varðar óbeint markmið „Velferðar til framtíðar“, en samræmist þeim að svo miklu leyti sem hún varðar efni þeirra.	+ Stefna aðalskipulagsins um byggðamynstur varðar óbeint markmið „Velferðar til framtíðar“, en samræmist þeim að svo miklu leyti sem hún varðar efni þeirra.	+ Stefna aðalskipulagsins um byggðamynstur varðar óbeint markmið „Velferðar til framtíðar“, en samræmist þeim að svo miklu leyti sem hún varðar efni þeirra.
	Byggðamynstur og bæjarmynd í þéttbýli	+ Stefna aðalskipulagsins um byggðamynstur varðar óbeint markmið „Velferðar til framtíðar“, en samræmist þeim að svo miklu leyti sem hún varðar efni þeirra.	+ Stefna aðalskipulagsins um byggðamynstur varðar óbeint markmið „Velferðar til framtíðar“, en samræmist þeim að svo miklu leyti sem hún varðar efni þeirra.	+ Stefna aðalskipulagsins um byggðamynstur varðar óbeint markmið „Velferðar til framtíðar“, en samræmist þeim að svo miklu leyti sem hún varðar efni þeirra.	+ Stefna aðalskipulagsins um byggðamynstur varðar óbeint markmið „Velferðar til framtíðar“, en samræmist þeim að svo miklu leyti sem hún varðar efni þeirra.

4. Umhverfismat skipulagsákvæða í dreifbýli og iðnaðar- og hafnarsvæði við Mjóeyrarhöfn og Hraun

Í töflunni hér á eftir er sett fram umhverfismat aðalskipulagsins hvað varðar skipulagsákvæði í dreifbýli og á iðnaðar- og hafnarsvæðinu við Mjóeyrarhöfn og Hraun við Reyðarfjörð, þ.e. sem sett er fram á sveitarfélagsupprætti aðalskipulagsins, þéttbýlisupprætti fyrir iðnaðar- og hafnarsvæðið og í köflum 9.1 og 9.7 í greinargerð aðalskipulagsins.

Um framsetningu umhverfismatsins vísast til 3. kafla hér að framan í viðaukanum.

	Markmið stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun, „Velferð til framtíðar“			
	Heilnæmt og öruggt umhverfi	Verndun náttúru Íslands	Sjálfbær nýting auðlinda	Hnattræn viðfangsefni
<p>Skipulagsákvæði Aðalskipulags Fjarðabyggðar 2007-2027 um dreifbýli og iðnaðar- og hafnarsvæði við Mjóeyrarhöfn og Hraun sbr. skipulagsupprætti og kafla 9.1 og 9.7.</p>	<p>+</p> <p>Skipulagsákvæði aðalskipulagsins um landnotkun í dreifbýli miða að því að loftmengun verði í lágmarki.</p> <p>Fyrir utan rekstur álvers í Reyðarfirði, er almennt ekki að vænta starfsemi utan þéttbýlis sem hefur veruleg áhrif á loftgæði. Um rekstur álversins gilda skilyrði starfsleyfis og skilgreint þynn.-svæði hvað varðar takmörk. á loftmengun.</p> <p>Gnægð er af hreinu og heilnæmu vatni í Fjarðabyggð. Skilgreind hafa verið vatnsverndarsvæði um vatnsból þéttbýlisstaðanna sem stuðla eiga að því að ávallt sé neysuvatn hreint og heilnæmt.</p> <p>Vegna framkvæmda við Norðfjarðargöng þarf að yfirfara skilgrein. vatnsverndarsv. í Norðfirði og Eskifirði, en þess verður gætt að fullnægjandi lausn fái á vatnsbólum og vatnsverndarsv. til framtíðar.</p> <p>Stefna aðalskip. um landbúnaðarsvæði miðar að því að í Fjarðabyggð sé landrými og aðstæður til að framleiða örugg og heilnæm matvæli í heimabyggð.</p> <p>Ákvæði aðalskip. um landnotkun í dreifbýli miða almennt að því að tryggja rétt almenn. til frjáls aðgengis að náttúru og að undirstrika útvistargildi svæðisins.</p> <p>Ákvæði aðalskipulagsins um snjóflóðavarnir miða að því að tryggja ásættanlegt öryggi íbúa gagnv. náttúruvá.</p>	<p>+</p> <p>Ákvæði aðalskipulagsins um óbyggð svæði, landbúnaðarsvæði, opin svæði til sérstakra nota og hverfisverndarsvæði miða öll að því, beint og óbeint, að tryggja varðveislu lykilsterkerfa, jarðmyndana og víðerna í Fjarðabyggð.</p>	<p>+</p> <p>Settar hafa verið reglur um beitarhólf og beitarfriðun í því skyni að tryggja sjálfbæra gróðurnýtingu og endurheimt landgæða. Að sama skapi er í aðalskipulaginu kveðið á um endurheimt votlendis og varðveislutlendissvæða og birkiskóga.</p>	<p>-</p> <p>Fyrir utan rekstur álvers í Reyðarfirði, er ekki að vænta starfsemi utan þéttbýlis sem hefur veruleg áhrif á hnattræn viðfangsefni.</p> <p>Landnotkun í dreifbýli eins og hún er ákveðin í aðalskipulaginu miðar almennt að landnýtingu í sátt við náttúru svæðisins.</p>

5. Umhverfismat skipulagsákvæða í þéttbýli

Í töflunni hér á eftir er sett fram umhverfismat aðalskipulagsins hvað varðar skipulagsákvæði í þéttbýli, þ.e. sem sett er fram á þéttbýlisuppráttum aðalskipulagsins (öðrum en fyrir iðnaðar- og hafnarsvæðið við Mjóeyrarhöfn og Hraun) og í köflum 9.2-9.6 í greinargerð aðalskipulagsins.

Um framsetningu umhverfismatsins vísast til 3. kafla hér að framan í viðaukanum.

	Markmið stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun, „Velferð til framtíðar“			
	Heilnæmt og öruggt umhverfi	Verndun náttúru Íslands	Sjálfbær nýting auðlinda	Hnattræn viðfangsefni
Skipulagsákvæði Aðalskipulags Fjarðabyggðar 2007-2027 um þéttbýli sbr. þéttbýlis-upprætti og kafla 9.2-9.6.	<p>+</p> <p>Skipulagsákvæði aðalskipulagsins um landnotkun í þéttbýli miða að því að takmarka útpenslu byggðarinnar og byggja frekar inn á við með hóflegri þéttingu byggðar og uppbyggingu á breytingasvæðum innan byggðarinnar. Það ásamt ákvæðum aðalskipulagsins um almannarými og gönguleiðir á að virka hvetjandi til að draga úr bílaumferð innan bæjar.</p> <p>Í skipulagi þéttbýlisstaðanna er einnig sérstaklega fjallað um varðveislu grænna geira í gegnum byggðina og aðgengi að náttúru, bæði til fjalls og fjöru.</p> <p>Ákvæði aðalskipulagsins um snjóflóðavarnir miða að því að tryggja ásættanlegt öryggi íbúa gagnvart náttúruvá.</p>	<p>0</p> <p>Á ekki við.</p>	<p>0</p> <p>Á ekki við</p>	<p>+</p> <p>Sjá um áhrif á „heilnæmt og öruggt umhverfi“.</p> <p>Auk þess miða áform um úrbætur í fráveitumálum þéttbýlisstaðanna að því að draga úr mengun hafs frá byggðinni.</p>

6. Umhverfismat aðalskipulagsins m.t.t. annarra kosta

Við umhverfismat aðalskipulagsins hefur ekki verið lagt formlegt mat á mismunandi kosti, en við þróun tillagna hefur þó verið velt upp ýmsum kostum og þeim stillt upp til samanburðar m.t.t. umhverfisáhrifa, bæði í starfi ráðgjafa og á íbúafundum. Þá hefur verið haft samráð við Vegagerðina við vinnslu aðalskipulagsins, en Vegagerðin hefur samhlíða unnið að mati á umhverfisáhrifum Norðfjarðarganga, þar sem nokkrir mismunandi framkvæmdakostir hafa komið til álita.

Hér á eftir er greint stuttlega frá þeim helstu kostum sem ræddir hafa verið og greindir við þróun stefnu og skipulagsákvæða aðalskipulagsins:

- **Norðfjarðargöng.** Skoðaðir hafa verið mismunandi kostir á legu ganga og aðkomuvega bæði Norðfjarðarmegin og Eskifjarðarmegin. Af þeim kostum sem taldir hafa verið tæknilega fýsilegir m.t.t. jarðfræði og lengdar ganga, er talið að langæskilegast sé með tilliti til áhrifa á umhverfi og samfélag að göngin opnast eins neðarlega og austarlega í Fannardal (Norðfjarðarmegin) og kostur er. Jafnframt er talið æskilegra að vegurinn liggja að meiru leyti sunnan megin en norðan megin í dalnum, eftir því sem það er talið vegtæknilega fýsilegt. Þeir umhverfisþættir sem ráða þessari niðurstöðu eru atriði á borð við áhrif á landslag og náttúru Fannardals, tengsl við byggð og sýn til Neskaupstaðar, áhrif á vatnsverndarsvæði Norðfirðinga og veðurfar og náttúruvá. Eskifjarðarmegin hefur helst komið til álita að staðsetja gangamunna annarsvegar nærri Eskifjarðarbylínu innan við þéttbýlið eða við Bleiksána í beinu framhaldi af núverandi aðkomu Þjóðveggarinn inn í þéttbýlið. Af þessum kostum hefur sá fyrrnefndi þótt mun æskilegri þegar horft til þátta eins og innra skipulags þéttbýlisins á Eskifirði og umhverfis og ásýndar Bleiksárinnar. Þó kallar lagning og útfærsla vegarinnar vestan með mörkum þéttbýlisins á nýja staðsetningu hesthúsasvæðis, endurskoðun vatnsverndarsvæðis og að tillit sé tekið til golfvallar við nánari útfærslu veglínunnar.
- **Þjóðvegur í botni Fáskrúðsfjarðar.** Fyrir liggur að endurnýja þarf þjóðveginn í botni Fáskrúðsfjarðar. Í Aðalskipulagi Búðahrepps 2002-2022 er gert ráð fyrir flutningi vegarinnar til austur, þar sem hann liggja að miklu leyti á nýjum landfyllingum út í fjörðinn, austan flugbrautarinnar sem hefur verið aflögð. Vegna landslags og vatnsverndarákvæða er erfitt um vik að finna æskilega veglínu austan flugbrautarinnar. Því hefur lega skv. aðalskipulagi Búðahrepps og núverandi lega þjóðveggarinn verið skoðuð í samanburði við nýja legu þjóðveggarinn sem færi eins nærri núverandi legu og unnt er, en myndi þó óhjákvæmilega skerða hina aflögðu flugbraut. Með þessari síðastnefndu legu er miðað að því að finna vegtæknilega æskilega veglínu sem jafnframt veldur lágmarksraski á landslagi, náttúrufari og landnýtingu. Varðandi skerðingu á flugbraut, þá eru þau áhrif ekki talin vega þungt, enda hefur flugbrautin þegar verið aflögð og stutt er í aðra flugvelli, sem auk þess færast nær, ef svo má segja, með tilkomu Fáskrúðsfjarðarganga og Norðfjarðarganga.
- **Mjóeyrarhöfn.** Af rekstri Mjóeyrarhafnar í Reyðarfirði fyrstu mánuðina og misserin eftir að hún opnaði er ljóst að til framtíðar er þörf á því að stækka höfnina, svo hún geti annað þeim umsvifum og rekstri sem æskilegt er að staðsetja við hana og fyrirsjáanlegt er að sækist eftir aðstöðu þar. Þegar er unnið að fyrsta áfanga stækkunar, sem þó rúmast enn innan þess svæðis sem höfninni var gefið í Aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1990-2010. Í aðalskipulagsvinnunni hefur verið fjallað um mismunandi stækkunarkosti, bæði til vesturs og austur fyrir álverslóðina. Niðurstaða þeirrar skoðunar er sú að ástæða sé til að gera ráð fyrir stækkun hafnarsvæðisins vestur að Björgum. Með því fæst möguleiki á talsverðri stækkun hafnarkanta og upplands sem gefi rými fyrir ýmsa starfsemi á næstu árum og áratugum. Er þá m.a. horft til mögulegs vaxtar í flutningastarfsemi og möguleika á að staðsetja olíubirgðastöð sem nú er staðsett við ófullnægjandi aðstæður við miðbæ Reyðarfjarðar og mjög nærri aðalumerðaræði í gegnum bæinn. Ekki er talið að umhverfisáhrif þessarar stækkunar eigi að verða veruleg, enda yrði þessi stækkun í beinu framhaldi af núverandi hafnar- og iðnaðarsvæði og fæli í sér óverulega viðbót þegar horft er til alls þess víðfeðma svæðis sem höfn og álverslóð ná nú yfir. Jafnframt væri þess gætt að stækkunin væri öll austan Bjarga, en við þau eru landfræðileg skil, sem m.a. hindra sýn að svæðinu frá þéttbýlinu á Reyðarfirði. Við umfjöllun um stækkunarkosti Mjóeyrarhafnar hefur einnig komið til álita enn frekari stækkun austur fyrir álverslóðina, en m.v. þær forsendur sem gefnar eru um vöxt hafnarstarfseminnar nú, þykir ekki tilefni til að skoða þann kost frekar í aðalskipulagi á þessu stigi, enda væri þar um mun stærri framkvæmd að ræða heldur en þá stækkun til vesturs sem rædd er að framan.
- **Ýmis útivist.** Þau atriði sem hafa komið helst til álita hvað varðar mat og samanburð kosta á staðsetningu nýrra útivistarsvæða er staðsetning nýs hesthúsasvæðis á Eskifirði, nýting Kollaleirulandsins á Reyðarfirði m.t.t. óska golf- og hestamanna og leit að æskilegu svæði fyrir akstursþróttir. Nýju hesthúsasvæði á Eskifirði hefur verið valinn staður á Símonartúni austan þéttbýlisins. Þykir það henta vel til þeirra nota m.a. þar sem það sé nærri þéttbýlinu og liggja vel við reiðleiðum. Ítarleg skoðun hefur farið fram á nýtingu Kollaleirulandsins m.t.t. þarfa og óska

golfmanna og hestamanna. Skoðaðir hafa verið kostir á staðsetningu golfvallar ofan og neðan Þjóðvegur og sama varðandi hesthúsasvæði og horft til áhrifa á þætti eins og landslag, náttúru, efnisleg verðmæti, umferðaröryggi og landnotkun. Varðandi svæði fyrir akstursíþróttir þá hafa þó nokkuð mörg svæði komið til álita innan Fjarðabyggðar. Val milli kosta hefur ekki síst snert nágrannahagsmuni vegna ónæðis. Eftir skoðun ýmissa svæða í sveitarfélaginu er niðurstaðan að æskileg staðsetning fyrir nýtt akstursíþróttasvæði sé austan þéttbýlisins á Reyðarfirði.

- **Austfjarðagöng.** Lega Austfjarðaganga, þ.e. jarðgangatengingar milli Fjarðabyggðar, Seyðisfjarðar og Héraðs, er ekki ákveðin í aðalskipulaginu, en mörkuð stefna um að skoðaðir verði kostir og lagt mat á möguleika á bættum samgöngum milli Fjarða og Héraðs með jarðgöngum, í því skyni að tryggja greiðar og örugga vegsamgöngur á svæðinu sem stuðli að jafnrétti til leiks, starfs, náms og aðgengis að þjónustu.
- **Norður-Íshafssiglingar.** Í aðalskipulaginu er ekki skilgreint nýtt hafnar­svæði þar sem byggst geti upp aðstaða til að sinna Norður-Íshafssiglingum í miklum mæli, en mörkuð stefna um að skoðaðir verði kostir á staðsetningu stórrar alþjóðlegrar umskipunarhafnar í Fjarðabyggð, þar sem laggt verði mat á mögulegar staðsetningar innan sveitarfélagsins, kosti og galla þeirra og áhrif á efnahag, umhverfi og samfélag.

7. Mót­vægisaðgerðir og vöktun

Í ljósi niðurstaðna í 4.-6. kafla hér að framan er ekki gert ráð fyrir sérstökum mót­vægisaðgerðum vegna umhverfisáhrifa aðalskipulagsins. Ekki er heldur talin þörf á sérstakri vöktun vegna umhverfisáhrifa aðalskipulagsins annarri en þeirri sem annarsvegur er stunduð tengt rekstri einstakra fyrirtækja í samræmi við starfsleyfi fyrir viðkomandi rekstur og hinsvegar það yfirlit lyk­ilbreyta um þróun samfélagsins sem skoðað er við endurskoðun aðalskipulags, s.s. um íbú­aþróun, þróun byggðar og þróun og samsetningu atvinnulífs. Við endurskoðun aðalskipulagsins er þó einnig æskilegt að sérstaklega verði skoðað ástand og þróun birkiskóga og votlendis sem kortlagt hefur verið í aðalskipulaginu nú og sett fram stefna um.

8. Vinnsla umhverfismatsins

Eftir að matsáætlun var kynnt í desember 2007 hefur verið unnið áfram að því að þróa og útfæra nálgun umhverfismatsins og hefur það leitt til ákveðinna breytinga hvað varðar skilgreiningu umhverfisþátta, umhverfisviðmiða og valkosta.

Umhverfismatið hefur verið unnið sem óaðskiljanlegur hluti aðalskipulagsvinnunnar af þeim ráðgjöfum sem sinnt hafa skipulagsráðgjöf fyrir Fjarðabyggð. Það samráð sem efnt hefur verið til með hugarflugi og þankahríð bæjaryfirvalda og íbúa Fjarðabyggðar við gerð aðalskipulagsins hefur verið markvisst nýtt til að afla upplýsinga og afstöðu til mismunandi þróunarkosta og áhrifa þeirra á umhverfi og samfélag. Þá hefur sérstaklega verið haft samráð við Vegagerðina, sem unnið hefur að mati á umhverfisáhrifum Norðfjarðarganga samhliða því sem Fjarðabyggð hefur haft aðalskipulagið í vinnslu.

Varðandi upplýsingar sem byggt hefur verið á vísast til heimildarskrár aðalskipulagsins.

Nánari um vinnsluferlið vísast til kafla 1.7 í greinargerð aðalskipulagsins þar sem greint er frá helstu skrefum í aðalskipulagsferlinu.

9. Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda

Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 mæla fyrir um hverskonar framkvæmdir skulu ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum eða tilkynntar til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar hverju sinni um það hvort þær skuli háðar mati. Í viðaukum við lögin eru taldar upp þær tegundir framkvæmda sem eru matsskyldar og tilkynningarskyldar. Þegar þessir listar eru bornir saman við þá stefnu og landnotkunarákvæði sem falin eru í Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027 má helst vænta að eftirtaldar tegundir framkvæmda kunni að verða matsskyldar eða tilkynningarskyldar á grundvelli aðalskipulagsins:

- Vegaframkvæmdir, s.s. Norðfjarðargöng og breytingar á legu þjóðvega í botni Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar.
- Efnistökuframkvæmdir, þ.e. einstakar efnistökuframkvæmdir kunna að verða yfir stærðarviðmiðum um tilkynningarskyldu og jafnvel matsskyldu.
- Hafnarframkvæmdir, s.s. stækkun Mjóeyrarhafnar.
- Snjóflóðavarnir, s.s. uppbygging frekari varna ofan byggðar á Norðfirði.
- Fiskeldi, þ.e. ef lagt verður í undirbúning frekara fiskeldis yfir stærðarmörkum um tilkynningarskyldu.
- Smávirkjanir, þ.e. ef lagt verður í undirbúning slíkra framkvæmda yfir stærðarmörkum um tilkynningarskyldu.
- Sjóvarnir.
- Skógrækt, þ.e. ef lagt verður í undirbúning slíkra framkvæmda yfir stærðarmörkum um tilkynningarskyldu.
- Hitaveita, þ.e. ef lagt verður í undirbúning slíkra framkvæmda yfir stærðarmörkum um tilkynningarskyldu.

VIÐAUKI 4 FORNLEIFASKRÁR

Í töflunum eru tilgreindar þekktar fornleifar skv. fyrirleggjandi fornleifaskráningum (sjá heimildaskrá, kafla 4.5, 9. kafla og skipulagsupprætti).

Auðkenni	Nr. skv. fornleifaskrá sjá heimildaskrá	Helstu tegundir minja á jörðinni.
pv1	Fjörður. Mjóafirði.	
	Friðlýstar fornminjar sbr. skjal þinglýst 26.01.1931.	Forn kirkjugarður, kringlóttur, í túninu, skammt austur frá bænum.
pv2	Skógar. Mjóafirði.	
	Friðlýstar fornminjar sbr. skjal þinglýst 11.02.1965.	Fjárborg á Skógarnesi.
pv3	Nes. Norðfirði.	
	SM85-001	Bæjarstæði.
pv4	Ormsstaðir. Norðfirði.	
	SM88	Mylla, hesthús, rétt, kvíar, dys, svarðargrafir, bæjarstæði.
pv5	Hof. Norðfirði.	
	SM90	Bæjarstæði, mylla, stekkir, garðar, kuml, útihús.
pv6	Skorrastaður. Norðfirði.	
	SM93	Bæjarstæði, kirkja, stekkur, mylla, sauðaborg, útihús, sundlaug, matjurtagarður, sjóbúð, naust, heytóftir, aðrar tóftir.
pv7	Efri og Neðri Miðbær. Norðfirði.	
	SM91	Kuml, bæjarstæði, útihús.
pv8	Skálateigur. Norðfirði.	
	SM97	Stekkur, hús, kvíar, svarðargrafir, bæjarstæði, garðlag, mylla.

pv9	Kirkjuból. Norðfirði.	
	SM99	Útihús, rétt, hjallur, álfasteinn, stekkur, fjárborg, garður, vegur, bæjarstæði.
pv10	Hólar. Norðfirði.	
	SM100	Bæjarstæði, útihús, stekkir, garðar, matjurtagarðar, rétt, hellir.
pv11	Fannardalur. Norðfirði.	
	SM96	Bæjarstæði, útihús, völvuleiði, mylla, garðar, rétt, heystæði, sortudý, dys, ræðustóll.
pv12	Tandrastaðir. Norðfirði.	
	SM101	Bæjarstæði, matjurtagaður, kvíar, smalakofi, hús.
pv13	Seldalur. Norðfirði.	
	SM94	Bæjarstæði, útihús, mylla, tún, matjurtagarður, rétt, kvíar, stekkir, brú, garðar, heytóftir, mógrafir, brýr, rétt.
pv14	Skuggahlíð. Norðfirði.	
	SM95	Brunnur, bæjarstæði, útihús, mylla, stekkir, réttir, sundlaug, tófugildra, kolagrafir, svarðargrafir, mundlaugarsteinn.
pv15	Grænanes. Norðfirði.	
	SM102	Skemma, réttir, völvuleiði, brunnar, útihús, mylla, stekkir, túngarður, bátanaust, heytóftir.
pv16	Borgir / Búlandsborg. Norðfirði.	
	SM93h	Bæjarstæði, útihús, túngarður, matjurtagarðar, garðar, heytóftir, mylla, sjóbúðir, naust.
pv17	Heillisjarðarsel. Hellisfirði.	
	SM105	Bæjarstæði, útihús, matjurtagarður, sáðgarður, rétt, smalakofi, uppspretta.
pv18	Hellisfjörður. Hellisfirði	
	SM104, SM104b	Bæjarstæði, útihús, kirkja, matjurtagarður, brunnur, grafreitir, túngarður, varnargarður, rétt, kvíar, naust, verstöð, stekkir.

Þv19	Sveinsstaðir. Hellisfirði.	
	SM103, SM103b	Bæjarstæði, útihús, vegur, verstöð, hvalveiðistöð, stekkur, sjóhústöftir, naust, festikengjur, spil.
Þv20	Viðfjörður. Viðfirði.	
	SM106, SM106b, SM106c, SM106d	Bæjarstæði, útihús, súrmatssteinn, naust, sel, tófugildra, dys, sögustaður.
Þv21	Suðlar. Viðfirði.	
	SM107, SM107b, SM107c	Bæjarstæði, útihús, matjurtagarður, mylla, fornhaugur, naust, verðstöð, völvuleiði, svarðargrafir, heystæði.
Þv22	Barðsnes, Gerði, Gerðisstekkur. Viðfirði.	
	SM108, SM109, SM109b	Bæjarstæði, útihús, sjóhús, frosthús, reykkofi, þangskershús, bænhús, mylla, réttir, stekkir, kvíar, svarðargrafir.
Þv23	Sandvík.	
	SM110, SM110b, SM110c, SM110d, SM110e, SM110f, SM110g, SM111, SM112, SM113	Bæjarstæði, útihús, garðar, grjótgarðar, túngarðar, matjurtagarðar, götur, brú, kvíar, mylla, svarðargrafir, sjóhús, verðbúðir, rétt, heystæði, áveita, brunnur, álfasteinn, hákarlagrafir.
Þv24	Vaðlar/Vöðlar	
	155977 114	Bæjarstæði, kirkjugarður, túngarður, matjurtagarður, mylla, varða, lending, dys, líkhellir, vegir, leiðir.
Þv25	Karlsstaðir.	
	155964 119	Bæjarstæði, útihús, garður, túngarður, matjurtagarður, kuml, mótekja, landamerki, vegur.
Þv26	Ímastaðir.	
	182057 116	Bæjarstæði, garður, túngarður, matjurtagarður, mótekja, útræði, hellir.

Þv27	Kirkjuból.	
	155965 117	Bæjarstæði, bænahús, kirkja, grafreitir, útihús, garður, rétt, lending, mótekja, sel, útræði, hellir.
Þv28	Krossanes.	
	155966 118	Bæjarstæði, útihús, túngarður, matjurtagarður, brunnhús, mótekja, tún, garður, lending, uppsátur, sjóbúð, fiskiðnaður.
Þv29	Karlsskáli.	
	155963 119	Bæjarstæði, útihús, varnargarður, túngarður, brú, sjóbúð, réttir, smiðja, rafstöð, reigötur, íshús, uppsátur, fiskbyrgi, lending, hjallar, mógröf, varða, grettistak, sel, vegir.
Þv30	Litla-Breiðuvík.	
	155967 120	Bæjarstæði, útihús, mylla, túngarður, matjurtagarðar, naust, lending, íshús, grjótgarður.
Þv31	Stóra-Breiðuvík.	
	155972 121	Bæjarstæði, mylla, kálgarður, matjurtagarður, brú, steinn, sel, vegur.
Þv32	Stóra-Breiðuvíkurhjáleiga.	
	155977 122	Bæjarstæði, útihús, garðar, sel, mótekja, síldarútgerð, fiskbyrgi, hjallur, vað, kvíar.
Þv33	Stekkur/Útstekkur/Breiðavíkurstekkur.	
	182060 123-1	Bæjarhóll, útihús, naust, kirkja, verslun, garður, mylla, sögn, leiði, sjóbúð, matjurtagarðar, reiðgata, kvíar, reykhus, sláturkofi, hákarlahjallur, íshús, varða, vegir, torfskurður.
Þv34	Helgustaðir.	
	155956 124	Bæjarhóll, útihús, túngarðar, matjurtagarðar, kuml, hjallur, mylla, rétt, stekkir, sel, vað, torfskurður, útræði, rétt, silfurbergsnáma, námuvinnsla.
Þv35	Sigmundarhús.	
	155970 125	Bæjarhóll, garðar, holræsi, túngarður, matjurtagarður, útræði, beitarhús.

pv36	Sellátrar.	
	155969 126	Bæjarstæði, útihús, rétt, túngarðar, matjurtagarðar, myllur, brunnur, bryggja, sjóbúð, selveiði, íshús, kvíar, mótekja, reiðgata, vegir.
pv37	Högnastaðir.	
	155960 127	Bæjarstæði, útihús, kirkja, garður, túngarður, garðrækt, landamerki, vegur.
pv38	Svínaskáli. Eskifirði.	
	155974 128	Bæjarstæði, útihús, kvíar, saltfiskpurrkun, verslun, mylla, íshús, slóggrafir, matjurtagarðar, stekkur, réttir, hvalstöð, leiði götur.
pv39	Svínaskálastekkur/Innstekkur	
	155975 129	Bæjarstæði, útihús, túngarðar, matjurtagarðar, lokræsi, girðing, grjóthleðsla, nátthagi, torfskurður, vörður, vegir, reiðgötur, götur.
pv40	Eskifjörður. Eskifirði.	
	155959 130	Bæjarhóll, útihús, garður, mylla, kvíar, stekkir, matjurtagarðar, réttir, grafreitir, leiðir, vegir.
pv41	Eskifjarðarsel. Eskifirði.	
	155955 131	Bæjarstæði, útihús, matjurtagarður, rétt, smalakofi, nátthagi, mylla, álagablettur, stekkur, surtrarbrandsnáma.
pv42	Borgir. Eskifirði.	
	155953 133	Bæjarstæði, útihús, garðlag.
pv43	Hólmar.	
	SM-134	Bæjarhóll, útihús, kirkjugarður, völvuleiði, þjóðsögustaðir, lending, salthúsklökk, þingstaður, garðlag, sel, huldufólksbústaður, verstöð.
pv44	Sómastaðir.	
	SM136	Bæjarhóll, útihús, kirkja, varða, mylla, herminjar, refagildra, garðlag, sel, gata, hleðsla.
pv45	Sómastaðagerði.	
	SM137	Bæjarhóll, hleðsla, tóftir.

pv46	Seljateigur.	
	158203 141	Bæjarstæði, útihús, matjurtagarður, garðar, tún, kálgarður, varða, stríðsminjar, stekkir, sel, mylla, réttir, gröf, vegur.
pv47	Seljateigshjáleiga.	
	158202 142	Bæjarstæði, matjurtagarður.
pv48	Teigagerði. Reyðarfirði.	
	158210 138	Bæjarstæði, útihús, traðir, kálgarðar, túngarður, garðlag, lending, fiskhjallur, kvíar, stekkur, sel, leiðir, áfangastaður.
pv49	Áreyjar. Reyðarfirði.	
	158192 143	Bæjarhóll, útihús, stekkur, matjurtagarðar, smalakofi, vegir, varða.
pv50	Stuðlar	
	177195 144	Bæjarstæði, útihús, garðar, skemma, mylla, áveituskudrur, flóðvarnargarður, gata, sel, rétt, landamerki.
pv51	Slétta. Reyðarfirði.	
	158204 145	Bæjarhóll, útihús, réttir, garðar, matjurtagarður, garðlag, túngarðar, stekkur, sjóbúðir, verbúð, sjóhús, verslun, uppsátur, naust, mógröf, gata, varða, námur.
pv52	Borgargerði. Reyðarfirði.	
	182064 146	Bæjarhóll, útihús, matjurtagarður.
pv53	Berunes. Reyðarfirði.	
	Friðlýstar fornleifar sbr. skjal þinglýst 20.06.1976.	Forn bæjarrúst innarlega í landareigninni, upp af svonefndum Blettum, fast neðan við þjóðveginn.
pv54	Kappeyri. Fáskrúðsfirði.	
	158502 160	Fiskhjallar, uppsátur, naust, hleðsla, grafreitir.
pv55	Kirkjuból. Fáskrúðsfirði	
	158528 158	Bæjarstæði, útihús, garðlög, túngarður, matjurtagarðar, mópurkun, mótekja, ullarvinnsla, stekkur, gerði, leikvöllur, fiskasteinn, mylla, brú, gata, brunnur, brú, gata,

Auðkenni á þéttbýlis-upprætti	Nr. skv. fornleifaskrá	Helstu tegundir minja á jörðinni.
Nes. Norðfirði		
N1	7100-85-1	Fjánhús.
N2	7100-85-2	Fjánhús.
N3	7100-85-3	Fjánhús.
N4	7100-85-4	Fjánhús og hlaða.
N5	7100-85-5	Tóft. Gerði eða kofi.
N6	7100-85-6	Kartöflugeymsla.
N7	7100-85-7	Leikvöllur.
N8	7100-85-8	Skurður.
N9	7100-85-9	Kartöflugeymsla.
N10	7100-85-10	Kartöflugeymsla.
N11	7100-85-11	Fjánhús.
N12	7100-85-12	Fjánhús.
N13	7100-85-13	Brunnur.
N14	7100-85-14	Reykkofi.
N15	7100-85-15	Útihús.
N16	7100-85-16	Tóft.
N17	7100-85-17	Kofi.
N18	7100-85-18	Kartöflugeymsla.
N19	7100-85-19	Kartöflugeymsla.
N20	7100-85-20	Hundahreinsunarkofi.
N21	7100-85-21	Fjánhús.
N22	7100-85-22	Fjánhús.
N23	7100-85-23	Tóft.
N24	7100-85-24	Álfasteinn. Úlfheiðarsteinn.
N25	7100-85-25	Matjurtagarðar.
N26	SM85c-006	Sundlaug.

Nes. Neskaupstaður. Bakki. Naustahvammur. Norðfirði.		
N27	SM86-001	Bakki. Bæjarstæði.
N28	SM85-001	Nes. Bæjarstæði.
N29	SM85-012	Rétt.
N30	SM85c-015	Kvíaból. Kvíar.
N31	SM85c-021	Kvíaból. Grafreitir.
N32	SM85c-016	Kirkjugarður.
N33	SM85c-013	Stekkanes. Stekkur.
N34	SM85c-011	Mangatættur. Fjánhús.
N35	SM85c-009	Brú.
N36	SM85c-014	Franksimelur. Grafreitir.
N37	SM-85c-020	Föensgrunnar. Hvalveiðistöð.
N38	SM87-003	Bæjarstæði.
N39	SM87-001	Naustahvammur. Bæjarstæði.
N40	SM-87-002	Bæjarstæði.
Svínaskáli. Eskifirði		
128-30	155974-128-30	Leiði.
128-32	155974-128-32	Býli. Hlíðarendi.
Eskifjörður. Eskifirði		
130-1	155959-130-1	Bæjarhóll.
130-7	155959-130-7	Útihús.
130-9	155959-130-9	Gyðugarðar. Matjurtagarður.
130-17	155959-130-17	Gil. Bústaður.
130-18	155959-130-18	Tóft.
130-19	155959-130-19	Bakki. Bústaður.
130-20	155959-130-20	Eyjólfsblettur. Bústaður.

130-21	155959-130-21	Bleiksá. Bústaður.
130-24	155959-130-24	Rétt. Hleðsla.
Lambeyri. Eskifirði		
132-1	182061-132-1	Lambeyri. Bústaður.
132-3	182061-132-3	Hóll. Bústaður.
132-7	182061-132-7	Heimahestastaurinn. Hestfjötur.
132-8	182061-132-8	Hestastaur. Hestfjötur.
132-12	182061-132-12	Útkaupstaðabrunnur. Brunnur.
132-13	182061-132-13	Springspeli. Landfestar.
132-26	182061-132-26	Útkaupstaðarreitir. Fiskverkun.
Bakkagerði. Reyðarfirði		
139-17	182063-139-17	Fjósmelur. Fjós.
139-31	182063-139-31	Rétt.
139-33	182063-139-33	Rétt.
139-34	182063-139-34	Tóft.
139-35	182063-139-35	Vörður. Skotbyrgi.
139-36	182063-139-36	Kartöflugarður.
139-38	182063-139-38	Hlaða.
139-39	182063-139-39	Svarðargrafir.
139-42	182063-139-42	Fjárhús.
139-44	182063-139-44	Húsgrunnur. Stríðsminjar.
139-45	182063-139-45	Skotbyrgi. Stríðsminjar.

Kollaleira. Reyðarfirði		
140-17	158200-140-17	Skotbyrgi. Stríðsminjar.
140-18	158200-140-18	Útihús.
140-20	158200-140-20	Hesthús. Tóft.
140-21	158200-140-21	Tóft.
140-22	158200-140-22	Tóft.
Kirkjuból. Fáskrúðsfirði		
K40	158528-158-40	Grund. Bæjarstæði.
K41	158528-158-41	Einarsstaðir. Bæjarstæði.
K42	158528-158-42	Gata. Bæjarstæði.
K50	158528-158-50	Bakkakofi. Bæjarstæði.
K52	158528-158-52	Bakki. Bæjarstæði.
Búðir. Fáskrúðsfirði		
B1	158526-159-1	Búðir (Innri). Bæjarstæði.
B2	158526-159-2	Stekkur. Tóft.
B3	158526-159-3	Hermannskofi. Bæjarstæði.
B4	158526-159-4	Hesthústún. Hesthús.
B5	158526-159-5	Smiðjuhóll. Smiðja.
B6	158526-159-6	Naust/Búðanaust.
B7	158526-159-7	Brunnur.
B8	158526-159-8	Álfamelur. Álagablettur.
B9	158526-159-9	Tóft.
B10	158526-159-10	Fjárhús og hlaða.
B11	158526-159-11	Rétt (gripheldi).

B12	158526-159-12	Rétt.
B13	158526-159-13	Fjánhús.
B14	158526-159-14	Fjánhús.
B15	158526-159-15	Stekkur/kvíar.
B16	158526-159-16	Matjurtagarðar. Garðlag.
B17	158526-159-17	Matjurtagarður. Garðlag.
B18	158526-159-18	Matjurtagarður. Garðlag.
B19	158526-159-19	Matjurtagarður. Garðlag.
B20	158526-159-20	Matjurtagarður. Garðlag.
B21	158526-159-21	Varnargarður. Garðlag.
B22	158526-159-22	Fjánhús.
B23	158526-159-23	Tóft.
B24	158526-159-24	Tóft.
B25	158526-159-25	Rétt.
B26	158526-159-26	Verslunarstaður.
B27	158526-159-27	Hleðsla.
B28	158526-159-28	Naust.
Kappeyri. Fáskrúðsfirði		
Ke12	158502-160-12	Kirkjugarður.

VIÐAUKI 5 UMSAGNIR OG ATHUGASEMDIR

Aðalskipulagstillaga á vinnslustigi

Drög að tillögu að Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027, þar sem sett voru fram drög að framtíðarsýn og megin stefnu, ásamt forsendum og matslýsingu vegna umhverfismats, voru send eftirfarandi aðilum til kynningar og umsagnar í desember 2007: Fornleifavernd ríkisins, Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirliti Austurlands, Siglingastofnun, Landbúnaðarráðuneytinu, Vegagerðinni, Flugmálastjórn Íslands, Kirkjugarðaráði, Húsafriðunarnefnd ríkisins, Landsneti, RARIK, Skógrækt ríkisins, Veðurstofu Íslands, Landbúnaðarstofnun, embætti veiðimálastjóra, Byggðastofnun, Náttúrustofu Austurlands, Heilbrigðisstofnun Austurlands, Seyðisfjarðarkaupstað, Fljótshéraði og Breiðdalshreppi. Umsagnir bárust frá Landsneti, Fljótshéraði, Skipulagsstofnun, Vegagerðinni, Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, Veðurstofu Íslands og Húsafriðunarnefnd ríkisins.

Við vinnslu aðalskipulagsins var haft frekara samráð við ýmsa aðila, sérstaklega Heilbrigðiseftirlit Austurlands, Vegagerðina og Landsnet.

Vorið og sumarið 2008 voru endanleg drög að aðalskipulagi kynnt eftirtöldum aðilum: Vegagerðinni, Veðurstofu Íslands, Umhverfisstofnun, Skógrækt ríkisins, Siglingastofnun, Iðnaðarráðuneyti, Matvælastofnun, Kirkjugarðaráði, RARIK, Mílu, Landsneti, Landgræðslu ríkisins, Landbúnaðarráðuneyti, Húsafriðunarnefnd ríkisins, Héraðs- og Austurlandsskógum, Heilbrigðiseftirliti Austurlands, Fornleifavernd ríkisins, Flugmálastjórn Íslands, Byggðastofnun, Seyðisfjarðarkaupstað, Fljótshéraði og Breiðdalshreppi. Umsagnir bárust frá Iðnaðarráðuneytinu, Flugmálastjórn, Landsneti og Fljótshéraði (bréf dags. 4.9.2008, afgreitt með athugasemdum sem bárust á auglýsingatíma).

Við endanlegan frágang aðalskipulagstillögunnar til auglýsingar voru allar framkomnar umsagnir, athugasemdir og ábendingar yfirfarnar og tillögunni e.atv. breytt vegna þeirra.

Aðalskipulagstillaga til auglýsingar og lokaafgreiðslu

Tillaga að aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027 var auglýst til kynningar 2.10.2008 með athugasemdafresti til 14.10.2008. Á kynningartímanum bárust athugasemdir og umsagnir frá eftirtöldum aðilum:

- Benedikt Sigurjónssyni, dags. 13.11.2008
- Fljótshéraði, dags. 4.9.2008
- Hafnarstjórn Fjarðabyggðar, dags. 12.11.2008
- Hákon Björnssyni, dags. 11.11.2008
- Jóni Bjarnasyni, dags. 9.11.2008
- Umhverfisstofnun, dags. 13.11.2008
- Þórhalli Pálssyni f.h. Guðröðar Hákonarsonar, dags. 12.11.2008

Athugasemdir og umsagnir vörðuðu eftirfarandi atriði:

- **Landnotkun innan þéttbýlis á Norðfirði:** Tillögur um breytta afmörkun reits S1. Ábendingar um framsetningu upplýsinga og ákvarðana tengdum ofanflóðavörnum.
- **Efnistaka og vinnsla, efnistökusvæði:** Ábendingar um kröfur náttúruverndarlaga og skipulagsreglugerðar til aðalskipulags hvað varðar stefnu um efnistökusvæði og málsmæðferð efnistökuframkvæmda.
- **Útlendar plöntutegundir:** Ábending um ákvæði reglugerðar um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda.
- **Norðfjarðarvegur, Norðfjarðargöng:** Athugasemdir við fyrirhugaða legu nýs Norðfjarðarvegur/Norðfjarðarganga vegna áhrifa á náttúru, landslag, útivist og landnýtingu. Athugasemdir við skort á samráði af hálfu Vegagerðarinnar. Ósk um að fleiri valkostir séu skoðaðir.
- **Vatnsverndarsvæði:** Athugasemdir við afmörkun brunn- og grannsvæðis vatnsverndar í Fannardal í Norðfirði.

- **Frístundabyggð:** Tillaga um breytingar á ákvæðum um frístundabyggðarsvæði F1 í Fannardal, Norðfirði.
- **Þéttbýli:** Tillaga um að iðnaðar- og hafnarsvæði við Mjóeyrarhöfn, á Hrauni, Reyðarfirði hafi sömu stöðu og annað þéttbýli í sveitarfélaginu.
- **Sveitarfélagamörk:** Ábending um að fara þurfi nánar yfir sveitarfélagamörk á aðalskipulagsupprætti.

Við lokaafgreiðslu aðalskipulagsins í desember 2008 voru gerðar eftirfarandi breytingar frá auglýstri tillögu:

- **Landnotkun innan þéttbýlis á Norðfirði:** Afmörkun reits S1 breytt þannig að lóð Nesgötu 13 sé innan reitsins.
- **Útlendar plöntutegundir:** Bætt við eftirfarandi texta í kafla 9.1 þar sem fjallað er um „óbyggð svæði“, „náttúruverndarsvæði“ og „hverfisverndarsvæði“: „Samkvæmt reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er óheimilt að rækta útlendar plöntutegundir á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum sem njóta verndar og ofan 500 m h.y.s.“
- **Vatnsverndarsvæði:**

Endurskoðuð mörk vatnsverndarsvæða í Fannardal í Norðfirði þannig að brunnsvæði minnkar og mörk milli grunn- og fjarsvæðis að norðanverðu færast lítillega til suðurs.

Endurskoðuð og skilgreind ný vatnsverndarsvæði á Stöðvarfirði, en í auglýstri aðalskipulagstillögu sagði í kafla 6.11.4 að unnið væri að skilgreiningu vatnsverndarsvæðis á Stöðvarfirði.
- **Frístundabyggð:** Ákvæðum um frístundabyggðarsvæði F1 í Fannardal, Norðfirði breytt á þann veg að heimilt verður að hafa 5 frístundahús á svæðinu.
- **Þéttbýli:** Ákvæðum um iðnaðar- og hafnarsvæðið við Mjóeyrarhöfn og Hraun breytt þannig að svæðið falli undir skilgreiningu „þéttbýlis“ í aðalskipulaginu, þótt landnotkun á svæðinu sé sýnd á sveitarfélagsupprætti aðalskipulagsins.

- **Veitur:** Lagfærðar upplýsingar um rafveitu á sveitarfélagsupprætti og um forsendur stefnu um rafveitu í kafla 6.9.4.

Eftir afgreiðslu aðalskipulagsins til staðfestingar gerði Skipulagsstofnun athugasemdir við efnistökuumfjöllun aðalskipulagsins, sem og framsetningu iðnaðar- og hafnarsvæðisins við Mjóeyrarhöfn og Hraun, auk þess sem stofnunin lagði til smávægilegar lagfæringar á framsetningu greinargerðar.

Við lokafrágang aðalskipulagsins sumarið 2009 voru gerðar breytingar á framsetningu iðnaðar- og hafnarsvæðisins við Mjóeyrarhöfn og Hraun og annað sem Skipulagsstofnun hafði bent á varðandi lagfæringar á greinargerð. Haft var frekara samráð við Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun um efnistökuumfjöllun og ákvæði aðalskipulagsins. Að ábendingu Skipulagsstofnunar leitaði Fjarðabyggð í júní 2009 eftir undanþágu umhverfisráðuneytis frá gr. 4.9.2 í skipulagsreglugerð sem fjallar um efnistökusvæði. Umhverfisráðuneytið veitti undanþáguna með bréfi dags. 1. júlí 2009, þar sem segir „... fellst ráðuneytið hér með á að veita Fjarðabyggð undanþágu frá gr. 4.9.2 skipulagsreglugerðar nr. 400/1998 með þeim skilyrðum annars vegar að svæði þau sem efnistaka verður heimiluð í árfarvegum og sjó verði nafngreind í greinargerð og hins vegar að umsóknir um efnistöku í árfarvegum og sjó verði alltaf kynntar forsvarsaðilum aðliggjandi landa, veiðifélagi, Umhverfisstofnun og lax- og silungsveiðisviði Fiskistofu eða öðrum þeim aðilum sem telja má að hagsmuna eigi að gæta vegna slíkra umsókna. Skal undanþágan gilda þar til næstu endurskoðun aðalskipulags Fjarðabyggðar 2007-2027 telst lokið.“ Gerðar hafa verið breytingar á kafla 5.5.2 til samræmis við þetta.